

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/469****2023/EES/68/22****frá 14. febrúar 2020****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 923/2012, reglugerð (ESB) nr. 139/2014 og reglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur um rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, hönnun loftrýmisskipulags og gæði gagna, öryggi á flugbrautum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 73/2010 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 36. gr. (c- og g-lið 1. mgr.), 43 gr. (a- og f-lið 1. mgr.) og 44. gr. (1. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ⁽²⁾ er mælt fyrir um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu sem gilda fyrir almenna flugumferð (svokallaðar „flugreglur“).
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 ⁽³⁾ er mælt fyrir um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli, þ.m.t. stjórnun, rekstur og vottun flugvalla sem og eftirlit með þeim.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu („ATM-/ANS-þjónusta“) og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar að því er varðar almenna flugumferð og eftirlit með þeim.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 104, 3.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjtið. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).

- 4) Í því skyni að tryggja öryggi á háu stigi í almenningssflugi í Sambandinu ætti að krefjast þess að flugleiðar tilkynni flugumferðarþjónustudeildum um það ef hemlunarskilyrði flugbrautar eru ekki eins góð og þeim hefur verið gefið til kynna. Þessa tilkynningaskyldu ætti að setja fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012.
- 5) Hinn 31. mars 2016 samþykkti Alþjóðaflugmálastofnunin breytingu 77-A á 3. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningssflug, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944 („Chicago-samningurinn“), sem miðar að því að bæta miðlun upplýsinga um hættuleg veðurskilyrði, bæta staðsetningarvitund og stuðla að skilvirkari flugleiðum, þ.m.t. með því að forðast hættuleg veðurskilyrði. Þessi breyting kom til framkvæmda í samningsríkjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar frá og með 10. nóvember 2016 og ætti að endurspeglast í reglugerð (ESB) 2017/373, einkum í ákvæðunum um veðurþjónustu (V. viðauka — MET-hluta).
- 6) Reglugerð (ESB) 2017/373 ætti að endurspeglar nýjustu tæknina sem völ er á í flugöryggi, þ.m.t. bestu starfsvenjur og vísinda- og tækniframfarir innan upplýsingaþjónustu flugmála (AIS). Þar af leiðandi ættu breytingar á reglugerð (ESB) 2017/373 að byggjast á gildandi kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, einkum 16. útgáfu af 15. viðauka við Chicago-samninginn varðandi upplýsingaþjónustu flugmála, og jafnframt að byggjast á reynslu Sambandsins af því að veita upplýsingaþjónustu flugmála í Sambandinu og að tryggja að meðalhófs sé gætt í samræmi við umfang, gerð og flækjustig starfsemi veitanda upplýsingaþjónustu flugmála (AISP).
- 7) Hinn 31. mars 2016 samþykkti Alþjóðaflugmálastofnunin einnig breytingu 77-B á 3. viðauka við Chicago-samninginn sem miðar að því að fækka flugatvikum og slysum í tengslum við það að farið er út fyrir flugbraut. Þessi breyting 77-B á 3. viðauka mun gilda í samningsríkjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar frá og með 5. nóvember 2020. Þessi breyting ætti einnig að endurspeglast í reglugerð (ESB) 2017/373, einkum í kröfunum sem mælt er fyrir um í V. viðauka að því er varðar veitingu veðurþjónustu og í VI. viðauka að því er varðar veitingu upplýsingaþjónustu flugmála.
- 8) Ef flugbraut er tímabundið óaðgengileg vegna vinnu við vegamerkingar skal tilkynna flugmönnum þar um með tilkynningu til flugmanna (NOTAM-tilkynningu). Til að auka öryggi á flugbrautum ættu flugmenn, sem ætla að nota sérstaklega undirbúna vetrarflugbraut eða flugbraut sem er hál vegna bleytu, að fá viðeigandi upplýsingar. Ekki ætti að miðla mælingum á núningsviðnámi til flugmanna þar sem slíkar mælingar tengjast ekki afkastagetu flugvélar.
- 9) Í reglugerð (ESB) 2017/373 ætti að fastsetja sameiginlegar tæknireglur fyrir hönnun loftrýmisskipulags sem og sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu í tengslum við hönnun verklags í flugi (FPD) til að tryggja fullnægjandi hönnun, kortlagningu og fullgildingu á loftrýmisskipulagi og verklagi í flugi áður en það er lagt fram og tekið í notkun í loftförum.
- 10) Verklag í flugi og allar breytingar þar á geta haft áhrif á flugöryggi á flugvellinum. Af þessum sökum ætti að koma á skýrri tengingu á milli nógildandi reglugerðar (ESB) nr. 139/2014 og reglugerðar (ESB) 2017/373.
- 11) Með samþykkt 7. útgáfu af 10. viðauka við Chicago-samninginn varðandi flugfjarskipti (II. bindi), sem var birt í júlí 2016, 15. útgáfu af 11. viðauka við Chicago-samninginn varðandi flugumferðarþjónustu og 16. útgáfu af skjali nr. 4444, Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Rekstrarstjórnun flugumferðar (PANS-ATM) samþykkti Alþjóðaflugmálastofnunin nýjar kröfur og ráðlagðar starfsvenjur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugöryggi í tengslum við veitingu flugumferðarþjónustu (ATS).
- 12) Af þessum sökum og til að tryggja samræmda framkvæmd og fylgni við þær grunnkröfur sem settar eru fram í lið 2.3 í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/373 til samræmis við það.
- 13) Í reglugerð (ESB) nr. 923/2012 og reglugerð (ESB) 2017/373 ætti einnig að vera ítarleg ákvæði að því er varðar aðgengi að og skilyrði fyrir notkun VHF-neyðartíðninnar.

- 14) Að teknu tilliti til áhrifa ATM-/ANS-þjónustu á aðgerðir flugmanna og rekstur flugvalla ættu þessar nýju ráðstafanir einnig að endurspeglast í viðeigandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 923/2012.
- 15) Þessar nýju ráðstafanir innihalda einnig ítarleg ákvæði um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga og því ætti að fella reglugerð (ESB) nr. 73/2010 ⁽⁵⁾ úr gildi.
- 16) Iðnaðurinn og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna ættu að fá nægan tíma til að aðlaga sig að ráðstöfununum sem eru innleiddar með þessari reglugerð.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álit Flögryggisstofnunar Evrópu 02/2018, 03/2018 og 03/2019 í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 923/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 57. liðar kemur eftirfarandi:

„57) „flugvöllur með flugturni“ (e. *controlled aerodrome*): flugvöllur þar sem flugvallarumferð er veitt flugumferðarstjórnarþjónusta.“

- b) Eftirfarandi 144. og 145. lið er bætt við:

„144) „gátvæði“ (e. *critical area*): svæði af skilgreindri stærð sem nær umhverfis búnað á jörðu niðri, sem notaður er fyrir nákvæmnisblindaðflug, þar sem viðvera ökutækja eða loftfara mun valda óviðunandi truflun á leiðsagnarmerkjunum,

145) „viðkvæmt svæði“ (e. *sensitive area*) svæði sem nær út fyrir gátvæðið þar sem lagning og/eða hreyfing loftfara eða ökutækja mun hafa áhrif á leiðsagnarmerkið að því marki að það gæti valdið óviðunandi truflun fyrir loftfarið sem notar merkið.“

- 2) Eftirfarandi 4. gr. a er bætt við:

„4. gr. a

VHF-neyðartíðni

1. Án þess að hafa áhrif á 2. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að VHF-neyðartíðnin (121,500 MHz) sé einungis notuð í þeim neyðartilvikum sem tilgreind eru í d-lið SERA.14095 í viðaukanum.

2. Í sérstökum undantekningartilvikum geta aðildarríkin leyft notkun VHF-neyðartíðninnar, sem um getur í 1. mgr., í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í d-lið SERA.14095 í viðaukanum, ef tilgangurinn er takmarkaður við það sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum og til að draga úr áhrifum á loftför í nauð og starfrækslu flugumferðarþjónustudeilda.“

- 3) Viðaukanum er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 73/2010 frá 26. janúar 2010 um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtið. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 6).

3. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sameiginlegar kröfur:

- a) um veitingu þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu („ATM-/ANS-þjónustu“) fyrir almenna flugumferð, einkum fyrir þá lögaðila eða einstaklinga sem veita þessa þjónustu og starfsemi,
- b) fyrir lögþær yfirvöld, og hæfa aðila sem koma fram fyrir þeirra hönd, sem sinna verkefnum sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd að því er varðar þá þjónustu sem um getur í a-lið,
- c) um reglur og verklagsreglur varðandi hönnun loftrýmisskipulags.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) „veitandi ATM-/ANS-þjónustu“: lögaðili eða einstaklingur sem veitir rekstrarstjórnun flugumferðar eða flugleiðsöguþjónustu (ATM-/ANS-þjónustu), eins og hún er skilgreind í 5. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, annaðhvort eina og sér eða samsetta, fyrir almenna flugumferð.“

b) Eftirfarandi 6., 7. og 8. lið er bætt við:

„6) „hönnun loftrýmisskipulags“: ferli sem tryggir fullnægjandi hönnun, kortlagningu og fullgildingu á loftrýmisskipulagi áður það er lagt fram og tekið í notkun í loftförum,

7) „árekstrarvarakerfi í flugi“ (ACAS): kerfi loftfars sem byggist á kögunarratsjársværmerkjum, sem starfar óháð búnaði á jörðu niðri og veitir flugmanni ráðleggingar um hugsanlega aðsteðjandi umferð loftfara sem eru búin ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá,

8) „eining sem stofnar til flugmálagagna og flugmálaupplýsinga“: opinber eða einkarekin eining sem ber ábyrgð á að stofna til flugmálagagna og flugmálaupplýsinga sem eru notaðar sem heimild fyrir afurðir flugmálaupplýsinga og upplýsingaþjónustu flugmála. Veitendur ATM-/ANS-þjónustu, sem um getur í 2. lið 2. gr. í þessari reglugerð, og flugvellir, sem skilgreindir eru í e-lið 1. liðar 2. gr. í reglugerð (ESB) 2018/1139, teljast ekki slíkir einingar.“

3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Veiting ATM-/ANS-þjónustu og hönnun loftrýmisskipulags“.

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að viðeigandi ATM-/ANS-þjónusta sé veitt og að loftrýmisskipulag sé hannað í samræmi við þessa reglugerð og á þann hátt að það greiði fyrir almennri flugumferð, að teknu tilliti til öryggis-sjónarmiða, flutningaþarfar og umhverfisáhrifa.“

c) Eftirfarandi 5., 6., 7., 8. og 9. mgr. er bætt við:

„5. Aðildarríkin skulu tryggja:

a) að einingar sem stofna til flugmálagagna eða flugmálaupplýsinga uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um:

i. í lið ATM/ANS.OR.A.085 í III. viðauka, nema þær sem um getur í c- og d-lið, 1. lið f-liðar og i-lið,

ii. í lið ATM/ANS.OR.A.090 í III. viðauka,

- b) að starfsfólk, sem stofnar til, vinnur úr og sendir áfram flugmálagögn og flugmálaupplýsingar, hafi hlotið fullnægjandi þjálfun, sé hæft og hafi hlotið viðurkenningu.

Ef flugmálagögn eða flugmálaupplýsingar eru ætlaðar til notkunar í blindflugi eða sérlegu sjónflugi skulu kröfurnar, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, gilda um allar einingar sem stofna til slíkra gagna og upplýsinga.

6. Þegar ákvarðað er að veita eigi flugumferðarþjónustu í tilteknum hlutum loftrýmisins eða á tilteknum flugvöllum skulu aðildarríkin sjá til þess að þessir hlutar loftrýmisins eða viðkomandi flugvellir séu tilgreindir með tilliti til flugumferðarþjónustunnar sem veita skal.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir milli viðkomandi veitenda ATM-/ANS-þjónustu og flugrekenda fyrir viðunandi samræmingu aðgerða og þjónustu sem veitt er sem og fyrir miðlun viðkomandi gagna og upplýsinga.

8. Aðildarríkin skulu tilgreina þá einstaklinga eða fyrirtæki sem bera ábyrgð á hönnun loftrýmisskipulags og tryggja að þessir einstaklingar eða fyrirtæki beiti þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti við XI. viðauka (FPD-hluta).

9. Aðildarríkin skulu tryggja að það fari fram viðhald og reglubundin rýni á verklagi í flugi fyrir flugvelli og loftrými, sem lúta yfirvaldi þeirra. Í þeim tilgangi skulu aðildarríkin tilgreina þá einstaklinga eða fyrirtæki sem bera ábyrgð á þessum verkefnum og sjá til þess að viðkomandi einstaklingar eða fyrirtæki uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og k-lið 6. gr.“

- 4) Eftirfarandi 3. gr. a, 3. gr. b, 3. gr. c og 3. gr. d er bætt við:

„3. gr. a

Ákvörðun á þörf á veitingu flugumferðarþjónustu

1. Aðildarríkin skulu ákvarða þörf á veitingu flugumferðarþjónustu með því að taka tillit til allra eftirfarandi þátta:

- tegund flugumferðar sem um ræðir,
- þéttleika flugumferðar,
- veðurskilyrða,
- annarra þátta sem skipta máli í tengslum við þau markmið flugumferðarþjónustu sem skilgreind eru í ATS.TR.100 í IV. viðauka.

2. Við ákvörðun á þörf á veitingu flugumferðarþjónustu skulu aðildarríkin ekki taka tillit til þess hvort loftför hafi árekstrarvarakerfi í flugi.

3. gr. b

Samræming milli herdeilda og veitenda flugumferðarþjónustu

Án þess að hafa áhrif á 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2150/2005 skulu aðildarríkin innleiða sérstakar verklagsreglur til að tryggja:

- að veitendum flugumferðarþjónustu sé gert viðvart ef herdeild tekur eftir því að loftfar, sem er eða gæti verið almenningsloftfar, nálgast eða er komið inn á svæði þar sem einelti gæti reynst nauðsynlegt,
- að veitandi flugumferðarþjónustu staðfesti auðkenni loftfarsins, í nánú samstarfi við herdeildina, og veiti því þá leiðsöguaðstoð sem nauðsynleg er til að koma í veg fyrir þörfina á einelti.

3. gr. c

Samræming flugrekstrar sem gæti verið hættulegur almenningsflugi

1. Aðildarríkin skulu tryggja að flugrekstur, sem gæti verið hættulegur almenningsflugi yfir yfirráðasvæði þeirra, sé samræmdur, þ.m.t. yfir úthöfum, ef lögbært yfirvald, samkvæmt samningi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um svæðisbundna flugleiðsögu, hefur axlað ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu innan viðkomandi loftrýmis. Samræmingin skal gerð nógu snemma til að hægt sé að dreifa upplýsingum um þessar aðgerðir tímanlega.

2. Aðildarríkin skulu koma á fyrirkomulagi um dreifingu upplýsinga að því er varðar aðgerðirnar sem um getur í 1. mgr.

3. gr. d

VHF-neyðartíðni

1. Án þess að hafa áhrif á 2. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að VHF-neyðartíðnin (121,500 MHz) sé einungis notuð í raunverulegum neyðartilvikum, eins og tilgreint er í a-lið ATS.OR.405 í IV. viðauka.

2. Í sérstökum undantekningartilvikum geta aðildarríkin leyft notkun VHF-neyðartíðninnar, sem um getur í 1. mgr., í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í a-lið ATS.OR.405 í IV. viðauka, ef tilgangurinn er takmarkaður við það sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum og til að draga úr áhrifum á loftför í nauð og starfrækslu flugumferðarþjónustudeilda.“

5) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) fyrir veitendur flugumferðarþjónustu: til viðbótar við kröfurnar í a- og c-lið, kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka (ATS-hluta) og kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 923/2012,“.

b) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) fyrir veitendur þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi: til viðbótar við kröfurnar í a- og b-lið, kröfurnar sem mælt er fyrir um í XI. viðauka (FPD-hluta),“.

6) Ákvæðum I., II., III., IV., V., VI. og XI. viðauka er breytt til samræmis við III. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 73/2010 er felld úr gildi frá og með 27. janúar 2022.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. janúar 2022.

Eftirfarandi liðir þessarar reglugerðar skulu koma til framkvæmda frá og með 5. nóvember 2020:

— í I. viðauka: b-liður 10. liðar,

— í III. viðauka:

— 5. liður,

— í 6. lið: 3. viðbætur „SNOWTAM-SNIÐMÁT“.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012

Viðaukanum er breytt sem hér segir:

1) Í stað A- og B-liðar í ii. lið 4. liðar d-liðar SERA.3210 kemur eftirfarandi:

„A) skal takmarka fjölda einstaklinga og ökutækja á umferðarsvæði flugvallar við það sem telst algjörlega nauðsynlegt og skal sérstakt tillit tekið til krafna sem miða að því að vernda gátsvæði og viðkvæm svæði fyrir leiðsöguvirki,

B) með fyrirvara um ákvæðin í iii. lið, skal aðferðin eða aðferðirnar sem notaðar eru til að aðskilja ökutæki og loftför í akstri vera eins og veitandi flugleiðsöguþjónustu tilgreinir og lögbæra yfirvaldið samþykkir, að teknu tilliti til tiltækra hjálpartækja,“.

2) Í stað A-liðar í iv. lið 4. liðar d-liðar SERA.3210 kemur eftirfarandi:

„A) ökutæki og ökutæki sem draga loftför skulu víkja fyrir loftfari í lendingu, flugtaki eða akstri,“.

3) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á SERA.8005:

a) Í stað 3. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) gefa út eitt eða fleira af eftirfarandi: heimildir, fyrirmæli eða upplýsingar í þeim tilgangi að hindra árekstur milli loftfara undir hennar stjórn og til að flýta fyrir og viðhalda skipulegu flæði flugumferðar,“.

b) Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Að undanskilinni starfrækslu á samsíða flugbrautum eða nær-samsíða flugbrautum, eins og í ATS.TR.255 í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 (*), eða þar sem minnka má lágmarksaðskilnað í nágrenni flugvalla, skal flugumferðarstjórnardeild tryggja aðskilnað með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjtið. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).“

b) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1) hæðaraðskilnaði (e. *vertical separation*), með því að ákveða mismunandi fluglag hvers loftfars í samræmi við töfluna yfir farfluglög í 3. viðbæti, að því undanskildu að sú samræming lags við ferli sem í töflunni greinir gildir ekki þegar annað er tiltekið í viðeigandi Flugmálahandbók eða í flugheimildum. Lágmarkshæðaraðskilnaður skal vera 300 m (1000 fet) í fluglagi 410 og neðar og 600 m (2000 fet) fyrir ofan það fluglag; ekki skal nota rúmfræðilegar hæðarupplýsingar til að koma á hæðaraðskilnaði,“.

4) Í stað SERA.8012 kemur eftirfarandi:

„a) Flugumferðarstjórnardeildir skulu nota lágmarksaðskilnað vegna flugratar fyrir öll loftför við aðflug og brottflug við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

1) loftfari er flogið beint fyrir aftan annað loftfar í sömu flughæð eða innan við 300 m (1000 fetum) fyrir neðan það,

2) bæði loftförin notast við sömu flugbraut eða samsíða flugbrautir, sem liggja innan við 760 m (2500 fetum) frá hvor annari,

3) loftfari er flogið þvert á flugstefnu aftan við annað loftfar í sömu flughæð eða innan við 300 m (1000 fetum) fyrir neðan það.

- b) Ákvæði a-liðar gilda ekki um komuflug í sjónflugi og komuflug í blindflugi, sem fer fram með sjónaðflugi, ef loftfarið hefur tilkynnt um undanfarandi loftfar sem er í sjónmáli og fengið þau fyrirmæli að elta og viðhalda aðskilnaði frá viðkomandi loftfari. Í þeim tilvikum skal flugumferðarstjórnardeildin gefa út viðvörðun um flugröst.“
- 5) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á SERA.8015:
- a) Eftirfarandi 6. lið er bætt við í b-lið:
- „6) Þegar flugumferðarstjóri, sem veitir kögunarþjónustu flugumferðarþjónustu, veitir flugmanni ratsjárstefningu eða úthlutar honum beinni flugleið sem er ekki í flugáætluninni, sem veldur því að loftfar í blindflugi fer út af útgefni flugþjónustuleið eða útgefni blindflugsverklagi, skal hann gefa út heimildir þannig að hindranabilið, sem mælt er fyrir um, sé ávallt til staðar þar til flugmaðurinn fer aftur á flugleið eða fer inn á útgefna flugþjónustuleið eða útgefni blindflugsverklag.“
- b) Í stað 5. liðar í d-lið kemur eftirfarandi:
- „5) Öll nauðsynleg fyrirmæli eða upplýsingar er lúta að öðrum þáttum, t.d. afgreiðslutíma brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar, ef við á, vegna flugbragðs við aðflug eða brottflug, fjarskipta eða vegna takmarkana á gildistíma flugheimildarinnar.“
- c) Í stað fyrirsagnarinnar í e-lið kemur eftirfarandi:
- „Endurlestur á flugheimildum, fyrirmælum og öryggistengdum upplýsingum“.
- d) Ákvæðum eb-liðar er breytt sem hér segir:
- i. Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:
- „3) Nema þegar vitað er að loftfarið hafi þegar fengið upplýsingarnar í sendingu sem beint var að því skal QNH-hæðarmælisstilling fylgja:
- i. heimild til lækkunar þegar fyrsta heimildin er veitt við flughæð undir skiptilagi,
 - ii. aðflugsheimild eða heimild til að koma í umferðarhring,
 - iii. aksturheimild fyrir loftför í brottflugi.“
- ii. Í stað inngangsorðanna í 5. lið kemur eftirfarandi:
- „Þegar loftfar hefur heimild til landingar, eða þegar loftfar hefur fengið tilkynningu um að flugbrautin sé tiltæk til landingar á flugvöllum þar sem veitt er flugupplýsingaþjónusta (AFIS-flugvöllum), og þetta loftfar er að ljúka aðflugi með notkun QFE-hæðarmælisstillingar skal lóðrétt staða loftfarsins gefin upp sem hæð yfir landhæð flugvallar í þeim hluta flugsins þar sem nota má QFE-stillinguna, en staðan skal gefin upp sem hæð yfir þröskuldi flugbrautar.“
- 6) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á SERA.9005:
- a) Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:
- i. Eftirfarandi 7. og 8. lið er bætt við:
- „7) upplýsingum um óeðlilegan flugham og ástand loftfars,
- 8) og öllum öðrum upplýsingum sem líklegar eru til að hafa áhrif á öryggi.“
- ii. Önnur málsgrein fellur brott.
- b) Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:
- i. Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:
- „3) fyrir flug yfir hafi eða vatni, eftir því sem unnt er og þegar flugmaður óskar eftir því: allar tiltækar upplýsingar, t.d. fjarskiptakallmerki, staðsetning, réttur ferill, hraði o.s.frv., frá skipum og bátum á svæðinu og“.
- ii. Eftirfarandi 4. lið er bætt við:
- „4) skilaboð, þ.m.t. heimildir, sem berast frá öðrum flugumferðarþjónustudeildum til að senda áfram til loftfara.“

- c) Eftirfarandi d-lið er bætt við:
- „d) Til viðbótar við það sem talið er upp í a- og b-lið skal flugupplýsingaþjónusta flugvalla (AFIS-þjónusta), sem veitt er flugi, fela í sér veitingu upplýsinga um:
- 1) hættu á árekstri við loftför, ökutæki og einstaklinga sem eru á umferðarsvæðinu,
 - 2) flugbraut í notkun.“
- 7) Í stað 4. liðar a-liðar SERA.9010 kemur eftirfarandi:
- „4) Ef loftfar staðfestir móttöku ATIS-skilaboða, sem eru ekki lengur í gildi, skal flugumferðarþjónustudeildin án tafar grípa til annarrar hvorrar eftirfarandi aðgerða:
- i. miðla til loftfarsins allar upplýsingar sem þarf að uppfæra,
 - ii. gefa loftfarinu fyrirmæli um að taka á móti gildandi ATIS-upplýsingum.“
- 8) Í stað b-liðar í SERA.13010 kemur eftirfarandi:
- „b) Nema lögbært yfirvald kveði á um annað skulu birtar upplýsingar um fluglag miðað við málþrýstingshæð staðfestar a.m.k. einu sinni hjá hverri flugumferðarþjónustudeild með réttan búnað, við fyrsta samband við viðkomandi loftfar eða, ef það er ekki gerlegt, svo fljótt sem verða má.“
- 9) Eftirfarandi d-lið er bætt við SERA.14095:
- „d) Eins og mælt er fyrir um í 4. gr. a skal nota VHF-neyðartíðnina (121,500 MHz) í raunverulegum neyðartilvikum, þ.m.t. við eitthvað af eftirtöldu:
- 1) til að koma á tiltækri rás milli loftfars í nauð og jarðstöðvar þegar hefðbundnar rásir eru notaðar fyrir önnur loftför,
 - 2) til að koma á VHF-fjarskiptarás, sem er venjulega ekki notuð í alþjóðlegri flugþjónustu, milli loftfara og flugvalla ef neyðaraðstæður koma upp,
 - 3) til að koma á sameiginlegri VHF-fjarskiptarás milli loftfara, sem geta verið annaðhvort almenningsloftför eða herloftför, og á milli slíkra loftfara og þjónustu á jörðu niðri, sem taka þátt í sameiginlegum leitar- og björgunaraðgerðum, áður en þau skipta yfir á viðeigandi tíðni þegar nauðsynlegt er,
 - 4) til að koma á fjarskiptum milli loftfars og jarðstöðvar ef bilun í tækjabúnaði flugvélar kemur í veg fyrir að hægt sé að nota hefðbundnu rásirnar,
 - 5) til að koma á rás fyrir starfrækslu neyðarsenda og fyrir fjarskipti á milli björgunarfara og loftfara sem taka þátt í leitar- og björgunaraðgerðum,
 - 6) til að koma á sameiginlegri VHF-rás til fjarskipta á milli almenningsloftfara og eineltisloftfara eða eineltis-stjórnstöðva og á milli almennings- eða eineltisloftfara og flugumferðarþjónustudeilda ef um er að ræða einelti almenningsloftfars.“
- 10) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið SERA.12005:
- a) Í stað 8. liðar kemur eftirfarandi:
- „8) eldvirkni sem er fyrirboði eldgoss eða eldgos eða“.
- b) Eftirfarandi 9. lið er bætt við:
- „9) hemlunarskilyrði flugbrautar eru ekki jafn góð og tilkynnt var um.“

*II. VIÐAUKI***Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 139/2014**

Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað ii. liðar 2. liðar b-liðar í ADR.OR.B.015 kemur eftirfarandi:

„ii. tegund starfrækslu á flugvælinum og tilheyrandi loftrými og“.

b) Í stað iii. liðar 1. liðar a-liðar í ADR.OR.B.025 kemur eftirfarandi:

„iii. að verklag í flugi á flugvælinum, og tilheyrandi breytingar þar á, hafi verið ákvarðað í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 (*).“

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjtíð. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).“

III. VIÐAUKI

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373

Ákvæðum I., II., III., IV., V., VI. og XI. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi efnisyfirliti er bætt við á undan fyrirsögninni „SKILGREININGAR Á HUGTÖKUM SEM NOTUÐ ERU Í II.-XIII. VIÐAUKA“:

„EFNISYFIRLIT

I. VIÐAUKI	SKILGREININGAR Á HUGTÖKUM SEM NOTUÐ ERU Í II.-XIII. VIÐAUKA (SKILGREININGARHLUTI)
II. VIÐAUKI	KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL LÖGBÆRRA YFIRVALDA — EFTIRLIT MEÐ ÞJÓNUSTU OG STARFSEMI NETA FYRIR REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR (ATM/ANS.AR-hluti)
A-KAFLI –	ALMENNAR KRÖFUR (ATM/ANS.AR.A)
B-KAFLI –	STJÓRNUN (ATM/ANS.AR.B)
C-KAFLI –	EFTIRLIT, VOTTUN OG FRAMFYLGD (ATM/ANS.AR.C)
1. viðbætur –	STARFSLEYFI FYRIR ÞJÓNUSTUVEITANDA
III. VIÐAUKI	SAMEIGINLEGAR KRÖFUR SEM GILDA UM ÞJÓNUSTUVEITENDUR (ATM/ANS.OR-hluti)
A-KAFLI –	ALMENNAR KRÖFUR (ATM/ANS.OR.A)
B-KAFLI –	STJÓRNUN (ATM/ANS.OR.B)
C-KAFLI –	SÉRTÆKAR KRÖFUR UM STJÓRNSKIPULAG FYRIR ÞJÓNUSTUVEITENDUR, AÐRA EN VEITENDUR FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU (ATM/ANS.OR.C)
D-KAFLI –	SÉRTÆKAR KRÖFUR UM STJÓRNSKIPULAG FYRIR VEITENDUR FLUGLEIÐSÖGUBJÓNUSTU OG VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI FLÆÐISSTJÓRNUNAR FLUGUMFERÐAR SEM OG NETSTJÓRNANDA (ATM/ANS.OR.D)
1. viðbætur –	FLUGMÁLAGAGNASKRÁ (e. <i>aeronautical data catalogue</i>)
IV. VIÐAUKI –	SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU (ATS-hluti)
A-KAFLI –	VIÐBÓTARKRÖFUR UM STJÓRNSKIPULAG FYRIR VEITENDUR FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU (ATS.OR)
1. ÞÁTTUR –	ALMENNAR KRÖFUR
2. ÞÁTTUR –	ÖRYGGI ÞJÓNUSTU
3. ÞÁTTUR –	SÉRTÆKAR MANNÞÁTTAFRÆÐILEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR FLUGUMFERÐARSTJÓRNARÞJÓNUSTU
4. ÞÁTTUR –	KRÖFUR VARÐANDI FJARSKIPTI
5. ÞÁTTUR –	KRÖFUR VARÐANDI UPPLÝSINGAR
B-KAFLI –	TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU (ATS.TR)
1. ÞÁTTUR –	ALMENNAR KRÖFUR
2. ÞÁTTUR –	FLUGUMFERÐARSTJÓRNARÞJÓNUSTA

3. ÞÁTTUR – FLUGUPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

4. ÞÁTTUR – VIÐBÚNAÐARÞJÓNUSTA

V. VIÐAUKI SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR VEÐURÞJÓNUSTU (MET-hluti)

A-KAFLI – VIÐBÓTARKRÖFUR UM STJÓRNSKIPULAG FYRIR VEITENDUR VEÐURÞJÓNUSTU (MET.OR)

1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR

2. ÞÁTTUR – SÉRTÆKAR KRÖFUR

1. kafli – Kröfur fyrir flugveðurstöðvar

2. kafli – Kröfur fyrir veðurstofur á flugvelli

3. kafli – Kröfur fyrir aðalveðurstofur

4. kafli – Kröfur sem eiga við um ráðgjafarmiðstöðvar um gjóskudreifingu (VAAC)

5. kafli – Kröfur sem eiga við um ráðgjafarmiðstöðvar um hitabeltislægðir (TCAC)

6. kafli – Kröfur sem eiga við um hnattrænar spámiðstöðvar (W AFC)

B-KAFLI – TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR VEÐURÞJÓNUSTU (MET.TR)

1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR

2. ÞÁTTUR – SÉRTÆKAR KRÖFUR

1. kafli – Tæknilegar kröfur fyrir flugveðurstöðvar

2. kafli – Tæknilegar kröfur fyrir veðurstofur á flugvelli

3. kafli – Tæknilegar kröfur fyrir aðalveðurstofur

4. kafli – Tæknilegar kröfur sem eiga við um ráðgjafarmiðstöðvar um gjóskudreifingu (VAAC)

5. kafli – Tæknilegar kröfur sem eiga við um ráðgjafarmiðstöðvar um hitabeltislægðir (TCAC)

6. kafli – Tæknilegar kröfur sem eiga við um hnattrænar spámiðstöðvar (W AFC)

1. viðbætur – Sniðmát fyrir METAR

2. viðbætur – Kort af gildissvæðunum sem spár frá hnattrænu spákerfi ná til

3. viðbætur – Sniðmát fyrir TAF

4. viðbætur – Sniðmát fyrir vindhvarfaviðvaranir

5. viðbætur A – Sniðmát fyrir SIGMET- og AIRMET-skeyti

5. viðbætur B – Sniðmát fyrir sérstakar tilkynningar frá loftfari (útgrein)

- 6. viðbætur – Sniðmát fyrir upplýsingaskeyti í tengslum við gosösku
- 7. viðbætur – Sniðmát fyrir upplýsingaskeyti fyrir hitabeltislægðir
- 8. viðbætur – Svið og upplausn fyrir tölulega þætti, sem fram koma í upplýsingaskeytum fyrir gosösku og hitabeltislægðir, SIGMET-skeytum, AIRMET-skeytum, veðurviðvörðunum fyrir flugvöll og vindhvarfviðvörðunum

VI. VIÐAUKI SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU FLUGMÁLA (AIS-hluti)

A-KAFLI – VIÐBÓTARKRÖFUR UM STJÓRNSKIPULAG FYRIR VEITENDUR UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU FLUGMÁLA (AIS.OR)

- 1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
- 2. ÞÁTTUR – GÆÐASTJÓRNUN GAGNA
- 3. ÞÁTTUR – AFURÐIR FLUGMÁLAUPPLÝSINGA
 - 1. kafli – Flugmálaupplýsingar á stöðluðu formi
 - 2. kafli – Stafræn gagnamengi
- 4. ÞÁTTUR – DREIFINGARÞJÓNUSTA OG FYRIRFLUGSUPPLÝSINGAÞJÓNUSTA
- 5. ÞÁTTUR – UPPFÆRSLA AFURÐA FLUGMÁLAUPPLÝSINGA
- 6. ÞÁTTUR – KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL STARFSFÓLKS

B-KAFLI – TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU FLUGMÁLA (AIS.TR)

- 1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
- 2. ÞÁTTUR – GÆÐASTJÓRNUN GAGNA
- 3. ÞÁTTUR – AFURÐIR FLUGMÁLAUPPLÝSINGA
 - 1. kafli – Flugmálaupplýsingar á stöðluðu formi
 - 2. kafli – Stafræn gagnamengi
- 4. ÞÁTTUR – DREIFINGARÞJÓNUSTA OG FYRIRFLUGSUPPLÝSINGAÞJÓNUSTA
- 5. ÞÁTTUR – UPPFÆRSLA AFURÐA FLUGMÁLAUPPLÝSINGA
- 1. viðbætur – INNIHALD FLUGMÁLAHANDBÓKARINNAR (AIP)
- 2. viðbætur – NOTAM-SNIÐMÁT
- 3. viðbætur – SNOWTAM-SNIÐMÁT
- 4. viðbætur – ASHTAM-SNIÐMÁT

VII. VIÐAUKI – SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR GAGNAÞJÓNUSTU (DAT-hluti)

A-KAFLI – VIÐBÓTARKRÖFUR UM STJÓRNSKIPULAG FYRIR VEITENDUR GAGNAÞJÓNUSTU (DAT.OR)

- 1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
- 2. ÞÁTTUR – SÉRTÆKAR KRÖFUR

- B-KAFLI – TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR GAGNAÞJÓNUSTU (DAT.TR)
1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
- VIII. VIÐAUKI – SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR FJARSKIPTA-, LEIÐSÖGU- EÐA KÖGUNARÞJÓNUSTU (CNS-hluti)
- A-KAFLI – VIÐBÓTARKRÖFUR UM STJÓRNSKIPULAG FYRIR VEITENDUR FJARSKIPTA-, LEIÐSÖGU- EÐA KÖGUNARÞJÓNUSTU (CNS.OR)
1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
- B-KAFLI – TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR FJARSKIPTA-, LEIÐSÖGU- EÐA KÖGUNARÞJÓNUSTU (CNS.TR)
1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
- IX. VIÐAUKI – SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI FLÆÐISSTJÓRNUNAR FLUGUMFERÐAR (ATFM-hluti)
- TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI FLÆÐISSTJÓRNUNAR FLUGUMFERÐAR (ATFM.TR)
- X. VIÐAUKI – SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI STJÓRNUNAR LOFTRÝMIS (ASM-hluti)
- TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI STJÓRNUNAR LOFTRÝMIS (ASM.TR)
1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
- XI. VIÐAUKI – SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI HÖNNUNAR VERKLAGS Í FLUGI (FPD-hluti)
- A-KAFLI – VIÐBÓTARKRÖFUR UM STJÓRNSKIPULAG FYRIR VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI HÖNNUNAR VERKLAGS Í FLUGI (FPD.OR)
1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
- B-KAFLI – TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI HÖNNUNAR VERKLAGS Í FLUGI (FPD.TR)
1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
1. viðbætur – KRÖFUR VARÐANDI LOFTRÝMISSKIPULAG OG TILHEYRANDI VERKLAG
- XII. VIÐAUKI – SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR NETSTJÓRNANDA (NM-hluti)
- TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR NETSTJÓRNANDA (NM.TR)
1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
- XIII. VIÐAUKI – KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL ÞJÓNUSTUVEITENDA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÞJÁLFUN STARFSFÓLKS OG HÆFNISMAT (PERS-hluti)
- A-KAFLI – TÆKNIFÓLK SEM SINNIR ÖRYGGISTENGDUM VERKEFNUM
1. ÞÁTTUR – ALMENNAR KRÖFUR
2. ÞÁTTUR – ÞJÁLFUNARKRÖFUR
3. ÞÁTTUR – KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ HÆFNISMAT
4. ÞÁTTUR – KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL LEIÐBEINENDA OG MATSMANNA
1. viðbætur – Undirstöðupjálfun — Sameiginleg
2. viðbætur – Undirstöðupjálfun — Sértæk
3. viðbætur – Færniþjálfun — Sameiginleg
4. viðbætur – Færniþjálfun — Sértæk“.

b) Í stað 6. liðar kemur eftirfarandi:

„6) „flugupplýsingaþjónusta flugvalla“ (AFIS-þjónusta): flugupplýsingaþjónusta fyrir flugvallarumferð, sem tilnefndur veitandi flugumferðarþjónustu veitir,“.

c) Í stað 19. liðar kemur eftirfarandi:

„19) „AIRMET-skeyti“: upplýsingar sem aðalveðurstofa gefur út um tilvist eða væntanlega tilvist tiltekinna veðurfyrirbæra á flugleið, og þróun þessara fyrirbæra í tíma og rúmi, sem geta haft áhrif á öryggi loftfara í lægri flughæðum og voru ekki fyrir hendi í veðurspá fyrir flug í lægri flughæðum innan viðkomandi flugupplýsingasvæðis eða undirsvæðis þess,“.

d) Í stað 71. liðar kemur eftirfarandi:

„71) „aðalveðurstofa“ (MWO): veðurstofa sem hefur það hlutverk að vakta veðurskilyrði sem hafa áhrif á flug og veita upplýsingar um tilvist eða væntanlega tilvist tiltekinna veðurfyrirbæra á flugleið og annarra fyrirbæra í andrúmsloftinu sem gætu ógnað öryggi loftfara innan tiltekins ábyrgðarsvæðis,“.

e) Ákvæði 91. liðar falla brott.

f) Í stað 93. liðar kemur eftirfarandi:

„93) „SIGMET-skeyti“: upplýsingar sem aðalveðurstofa gefur út um tilvist eða væntanlega tilvist tiltekinna veðurfyrirbæra á flugleið og annarra fyrirbæra í andrúmsloftinu sem gætu ógnað öryggi loftfara sem og um þróun þessara fyrirbæra í tíma og rúmi,“.

g) Ákvæði 94. liðar falla brott.

h) Í stað 99. liðar kemur eftirfarandi:

„99) „varaflugvöllur fyrir flugtak“: varaflugvöllur þar sem loftfar gæti lent, ef nauðsyn krefur, skömmu eftir flugtak og ekki er gerlegt að nota brottfararflugvöllinn,“.

i) Í stað 108. liðar kemur eftirfarandi:

„108) „hnattræn spámiðstöð“ (e. *World Area Forecast Center (WAFC)*): veðurmiðstöð sem tekur saman og lætur aðildarríkjum í té hnattrænar veðurspár á stafrænu formi um markvert veður (SIGWX) og háloftaspár sem hluta af nettengdri faststöðvaþjónustu fyrir flug,“.

j) Eftirfarandi 110.–259. lið er bætt við:

„110) „flugturn“: deild sem veitir flugvallarumferð flugumferðarstjórnarþjónustu,

111) „flugvallarumferð“: öll umferð á umferðarsvæði flugvallar og öll loftför á flugi í nánd við flugvöll; loftfar í nánd við flugvöll tekur til en takmarkast þó ekki við loftfar sem kemur t.d. inn í umferðarhring eða er að fara út úr honum,

112) „umferðarhringur“: tilgreindur ferill sem loftfar á að fljúga eftir í nágrenni flugvallar,

113) „fastastöð“: fjarskiptastöð sem veitir faststöðvaþjónustu fyrir flug,

114) „flugleiðsöguljós á jörðu“ (e. *aeronautical ground light*): ljós, önnur en ljós sem eru á loftfari, sem eru sérstaklega ætluð til aðstoðar í tengslum við flugleiðsögu,

115) „upplýsingabréf flugmála“ (e. *Aeronautical Information Circular (AIC)*): tilkynning með upplýsingum sem varða flugöryggi, flugleiðsögu eða tæknileg, stjórnsýsluleg eða lagaleg mál, sem eiga hvorki heima í flugmálahandbókinni né henta til útgáfu sem tilkynning til flugmanna (NOTAM-tilkynning),

- 116) „stjórnun flugmálaupplýsinga“ (AIM): virk, samþætt stjórnun flugmálaupplýsinga í gegnum miðlun og skipti á gæðatryggðum, stafrænum flugmálagögnum í samstarfi við alla aðila,
- 117) „afurð flugmálaupplýsinga“ (e. *aircraft information product*): flugmálagögn eða flugmálaupplýsingar sem eru annaðhvort veittar sem stafræn gagnamengi eða á stöðluðu formi á pappír eða rafrænt. Afurðir flugmálaupplýsinga eru m.a.:
- flugmálahandbók, þ.m.t. breytingar og viðbætur,
 - upplýsingabréf flugmála,
 - flugkort,
 - NOTAM-tilkynningar,
 - stafræn gagnamengi,
- 118) „flugmálahandbók“ (AIP): handbók sem ríki gefur út eða sem gefin er út í umboði ríkis og inniheldur varanlegar flugmálaupplýsingar sem nauðsynlegar eru við flugleiðsögu,
- 119) „breyting á flugmálahandbók“ (e. *AIP amendment*): varanleg breyting á upplýsingunum í flugmálahandbókinni,
- 120) „viðbót við flugmálahandbók“ (e. *AIP supplement*): tímabundin breyting á upplýsingunum í flugmálahandbókinni, sem er birt á sérstökum síðum,
- 121) „fyrirvaradreifing“ (AIRAC): kerfi fyrir fyrirframtilkynningar, sem byggt er á sameiginlegum gildistöku-dögum, fyrir aðstæður sem krefjast verulegra breytinga á starfsháttum,
- 122) „farstöðvaþjónusta fyrir flug“: farstöðvaþjónusta á milli landstöðva fyrir flugfjarskipti og flugfarstöðva eða milli flugfarstöðva þar sem björgunarfarstöðvar geta tekið þátt; einnig getur neyðarbauja tekið þátt í þessari þjónustu á tilnefndum neyðartíðnum,
- 123) „landstöð fyrir flugfjarskipti“ (e. *air station*): landstöð sem veitir farstöðvaþjónustu fyrir flug; í sérstökum tilvikum getur landstöð fyrir flugfjarskipti t.d. verið um borð í skipi eða á palli út á sjó,
- 124) „flugfjarskiptastöð“ (e. *air telecommunication station*): stöð sem veitir flugfjarskiptaþjónustu,
- 125) „flugvöllur þar sem veitt er flugupplýsingaþjónusta“ (AFIS-flugvöllur): flugvöllur þar sem AFIS-þjónusta er veitt innan loftrýmisins sem tengist flugvöllinum,
- 126) „flugupplýsingaþjónustudeild flugvalla“ (AFIS-deild): deild sem er komið á fót til að veita flugupplýsingaþjónustu flugvalla og viðbúnaðarþjónustu,
- 127) „auðkenning loftfars“: röð bókstafa, tölustafa eða samsetning þeirra sem er annaðhvort eins og, eða kóðað, kallmerki loftfarsins sem nota á í fjarskiptum milli loftfara og jarðstöðva og til að auðkenna loftfarið í fjarskiptum flugumferðarþjónustu á jörðu niðri,
- 128) „fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva“: tviátta fjarskipti milli loftfara og stöðva eða staða á yfirborði jarðar,
- 129) „ráðgjafarþjónusta fyrir flugumferð“ (e. *air traffic advisory service*): þjónusta sem er veitt innan loftrýmis af skilgreindri stærð eða fyrir afmarkaða leið (ráðgjafarrými) til að tryggja aðskilnað, eins og við verður komið, milli loftfara sem fljúga samkvæmt blindflugsáætlunum,
- 130) „flugheimild“: heimild veitt loftfari til að halda áfram samkvæmt skilyrðum sem flugumferðarstjórnardeild tilgreinir,

- 131) „fyrirmæli flugumferðarstjórnar“: fyrirmæli frá flugumferðarstjórn í því skyni að fá flugmann til að grípa til tiltekinna aðgerða,
- 132) „flugumferðarstjórnardeild“ (e. *air traffic control unit*): almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórnardeild eða flugturn,
- 133) „ALERFA“: kóði sem er notaður um viðbúnaðarástand,
- 134) „viðbúnaðarþjónusta“: þjónusta sem veitt er til að tilkynna viðeigandi stofnunum um loftför sem þarfnast leitar- og björgunaraðstoðar og til að aðstoða slíkar stofnanir eftir þörfum,
- 135) „viðbúnaðarástand“ (e. *alert phase*): ástand þegar óttast er um öryggi loftfars og farþega þess,
- 136) „aðflugsstjórnardeild“: deild sem var stofnuð til að veita flugi, sem er undir stjórn, flugumferðarstjórnarþjónustu í að- og brottflugi til eða frá einum eða fleiri flugvöllum,
- 137) „flugleið svæðisleiðsögu“ (e. *area navigation route*): flugþjónustuleið fyrir loftför sem geta notað svæðisleiðsögu,
- 138) „smölun“: vinnsla við að sameina gögn frá mörgum heimildum í gagnagrunn og ákvarða grunnlínu fyrir frekari vinnslu,
- 139) „flugþjónustuleið“: tiltekin flugleið sem hönnuð er til að beina umferðarflæðinu í ákveðinn farveg eins og nauðsynlegt þykir þegar flugumferðarþjónusta er veitt,
- 140) „kögunarþjónusta flugumferðarþjónustu“: þjónusta sem er veitt milliliðalaust með kögunarkerfi flugumferðarþjónustu,
- 141) „kögunarkerfi flugumferðarþjónustu“: almennt heiti sem notað er um ADS-útvörpun (ADS-B), frumratsjá (PSR), kögunarsvartarsjá (SSR) eða hvað annað sambærilegt jarðkerfi sem leyfir auðkenningu loftfara,
- 142) „kögun háð leiðsögubúnaði – útvörpun (ADS-útvörpun (ADS-B))“ (e. *automatic dependent surveillance – broadcast*): búnaður sem gerir loftförum, flugvallarökutækjum og öðrum tækjum kleift að senda og/eða taka sjálfvirkt við gögnum, s.s. kallmerki, staðsetningu og fleiri gögnum, eins og við á, með útvörpun um gagnatengingu,
- 143) „kögun háð leiðsögubúnaði – samningur (ADS-samningur (ADS-C))“ (e. *automatic dependent surveillance – contract*): búnaður sem leyfir að jarðkerfi og loftfar skiptist á skilmálum ADS-C-samkomulags og tekið er fram við hvaða skilyrði ADS-C-tilkynningar myndu hefjast og hvaða gögn myndu vera í tilkynningunum,
- 144) „sjálfvirkt flugvallarútvörp“ (ATIS): sjálfvirk upplýsingaþjónusta sem veitir uppfærðar, hefðbundnar upplýsingar til loftfara í aðflugi og brottflugi allan sólarhringinn eða tilgreindan hluta hans,
- 145) „sjálfvirkt flugvallarútvörp um gagnatengingu“ (D-ATIS): veiting ATIS-þjónustu í gegnum gagnatengingu,
- 146) „sjálfvirkt flugvallarútvörp með tali“ (e. *Voice-ATIS*): veiting ATIS-þjónustu með samfelldri og endurtekinni útvörpun á tali,
- 147) „útvörpun“: sending upplýsinga varðandi flugleiðsögu sem beinst ekki að sérstakri stöð eða stöðvum,
- 148) „skýjahula“: hæð frá yfirborði jarðar eða frá vatnsyfirborði upp að neðra borði lægsta skýjalags, undir 6000 m (20 000 fetum), sem þekur meira en helming himinhvolfsins,

- 149) „flugheimildarmörk“: sá staður, sem loftfar fær flugheimild til,
- 150) „neðra borð skýs“ (e. *cloud base*): hæð lægstu skýjabotna sem eru sýnilegir eða skýjamyndanir sem spáð er fyrir um í nágrenni flugvallar eða starfsstöðvar eða innan sérstaks flugsvæðis og er venjulega mæld frá landhæð flugvallar en þegar um er að ræða starfrækslu á hafi úti er hún mæld frá meðalsjávarmáli,
- 151) „heildstæði“: í tengslum við gögn, mælikvarði á tiltrú þess að öll gögn, sem nauðsynleg eru til að styðja fyrirhugaða notkun, séu veitt,
- 152) „öryggisstig“: líkurnar á því að sanngildi breytu sé innan ákveðins bils í kringum mat á gildi þess,
- 153) „fjarfundarbúnaður“ (e. *conference communications*): fjarskiptabúnaður þar sem beint talsamband getur farið fram milli þriggja eða fleiri mismunandi staða á sama tíma,
- 154) „flugstjórnarsvið“: flugstjórnarrými sem nær frá jörðu upp að tilteknum efri mörkum,
- 155) „flugvöllur með flugturni“: flugvöllur þar sem flugvallarumferð er veitt flugumferðarstjórnarþjónusta,
- 156) „flugstjórnarrými“ (e. *controlled airspace*): tiltekið loftrými þar sem flugumferðarstjórnarþjónusta er veitt samkvæmt skipun loftrýmis í flokka,
- 157) „flug undir stjórn“ (e. *controlled flight*): sérhvert flug sem er háð flugheimildum,
- 158) „fjarskipti milli flugumferðarstjóra og flugmanns um gagnatengingu“ (CPDLC): fjarskiptaaðferð milli flugumferðarstjóra og flugmanna þegar notuð er gagnatenging fyrir fjarskipti við flugumferðarstjórn,
- 159) „gátsvæði“ (e. *critical area*): svæði af skilgreindri stærð sem nær umhverfis búnað á jörðu niðri, sem notaður er fyrir nákvæmnisblindaðflug, þar sem viðvera ökutækja eða loftfara mun valda óviðunandi truflun á leiðsagnarmerkjunum,
- 160) „farflugslag“: lag sem haldið er óbreyttu á verulegum hluta flugs,
- 161) „lotubundin viðaukaprófun“ (CRC): stærðfræðilegt algrím sem beitt er á gögn á stafrænu formi og veitir ákveðna tryggingu gegn tapi eða breytingu gagna,
- 162) „hættusvæði“: loftrými af skilgreindri stærð þar sem starfsemi, sem er hættuleg flugi loftfars, getur átt sér stað á tilteknum tíma,
- 163) „nákvæmni gagna“: samræmið á milli áætlaðs eða mælds gildis og sanngildis,
- 164) „söfnunarflötur gagna“: skilgreint yfirborð ætlað til að safna saman hindrana- eða landslagsgögnum,
- 165) „heilleiki gagna“: ákveðin trygging fyrir því að fluggögn og gildi þeirra hafi ekki týnst eða verið breytt frá því að gögnin voru stofnuð eða breyting þeirra var heimiluð,
- 166) „gagnaatriði“: stök eigind úr fullfrágengnu gagnamengi, sem fær úthlutað gildi, sem skilgreinir núverandi stöðu hennar,
- 167) „fjarskipti um gagnatengingu“ (e. *data link communications*): fjarskiptaháttur sem ætlaður er fyrir skeytasendingar um gagnatengingu,
- 168) „VOLMET um gagnatengingu“ (D-VOLMET): veiting gildandi reglubundinna veðurskeyta fyrir flugvöll (METAR), sérstakra veðurskeyta fyrir flugvöll (SPECI), flugvallarspáa (TAF), SIGMET-skeyta, sérstakra tilkynninga frá loftfari sem falla ekki undir SIGMET-skeyti og, ef það liggur fyrir, AIRMET-skeyti í gegnum gagnatengingu,

- 169) „stofnun gagna“ (e. *data origination*): stofnun nýs gagnaatriðis með tengdu gildi þess, með breytingu á gildi fyrirbyggjandi gagnaatriðis eða með að eyða fyrirbyggjandi gagnaatriði,
- 170) „forskrift fyrir gagnaafurð“: nákvæm lýsing á gagnamengi eða safni gagnamengja ásamt viðbótarupplýsingum sem munu gera öðrum aðila kleift að búa til, útvega og nota gagnamengið eða safn gagnamengja,
- 171) „gagnamengi“: greinanlegt samansafn gagna,
- 172) „viðmið“ (e. *datum*): stærð eða mengi stærða sem getur þjónað sem viðmið eða grundvöllur fyrir útreikningum á öðrum stærðum,
- 173) „DETRESFA“: kóði sem er notaður um neyðarástand,
- 174) „neyðarástand“: ástand þegar víst þykir að alvarleg og yfirvofandi hættu steðjar að loftfari og farþegum þess eða það þarfnast aðstoðar án tafar,
- 175) „fráliggjandi flugheimild“ (e. *downstream clearance*): flugheimild veitt loftfari af flugumferðarstjórnardeild sem ekki fer með stjórnunarabyrgð þessa loftfars,
- 176) „mikilvæg umferð“ (e. *essential traffic*): stýrð umferð þar sem flugumferðarstjórnarþjónusta tryggir aðskilnað en sem er ekki, eða verður ekki, aðskilin frá annarri stýrðri umferð með viðeigandi lágmarksaðskilnaði í tengslum við ákveðið flug undir stjórn,
- 177) „mikilvæg svæðisbundin umferð“: öll loftför, ökutæki eða starfsfólk á eða við umferðarsvæðið eða umferð á flugtaks- og fráklifurssvæðinu eða lokaadflugssvæðinu, sem gæti stofnað viðkomandi loftfari í hættu,
- 178) „áætlaður komutími“:
- fyrir blindflug: sá tími sem áætlað er að loftfar komi yfir tiltekinn stað, sem er skilgreindur með vísan í leiðsöguvirki, og áætlað er að blindaðflugsverklag hefjist frá, eða, sé ekkert leiðsöguvirki við flugvöllinn, áætlaður komutími loftfarsins yfir flugvöllinn,
 - fyrir sjónflug: áætlaður komutími loftfarsins yfir flugvöllinn,
- 179) „fitja“: óhlutstæð birting raunfyrirbrigða,
- 180) „fitjueigind“: einkenni fitju sem hefur heiti, gagnatag og gildamengi sem tengist henni,
- 181) „fitjutegund“: flokkur raunfyrirbrigða með sameiginlega eiginleika sem mynda grunnstig flokkunar í fitjuskrá,
- 182) „lokaaðflug“: sá hluti blindaðflugsverklags sem:
- hefst við tilgreint mið eða stað, eða, ef slíkt mið eða staður er ekki tilgreindur, á öðrum hvorum eftirfarandi staða:
 - við lok síðustu krókbeygju, þverleggsbeygju eða við innbeygju í skeiðvallarferli, ef það er tilgreint,
 - við komu inn á lokaferilinn sem tilgreindur er í aðflugsverklaginu,
 - lýkur á stað í nágrenni flugvallarins þaðan sem hægt er að lenda eða hefja fráflugsverklag,
- 183) „flugupplýsingasvið“ (e. *flight information zone*): loftrými af skilgreindri stærð þar sem veitt er flugupplýsingaþjónusta flugvalla og viðbúnaðarþjónusta fyrir flugvallarumferð,

- 184) „þjónusta á sviði hönnunar verklags í flugi“ (e. *flight procedure design services*): þjónusta vegna hönnunar, skráningar, fullgildingar, viðhalds og reglubundinnar rýni á verklagi í flugi, sem er nauðsynlegt fyrir öryggi, reglufestu og skilvirkni í flugleiðsögu,
- 185) „hönnuður verklags í flugi“ (e. *flight procedure designer*): aðili með tilskilin réttindi sem innir af hendi hönnun, skráningu, fullgildingu, samfellt viðhald og reglubundna rýni á verklagi í flugi,
- 186) „verklag í flugi“ (e. *flight procedure*): röð fyrirfram ákveðinna flugbragða, sem flugmanni ber að fylgja, og sem birt eru á prentuðu og/eða stafrænu formi; verklag í flugi er annaðhvort framkvæmt í samræmi við blindflugsreglur (IFR) eða sjónflugsreglur (VFR),
- 187) „flugáætlun“: tiltekna upplýsingar um fyrirhugað flug loftfars eða hluta þess sem látnar eru flugumferðar-þjónustudeildum í té,
- 188) „flugskyggni“: skyggni fram á við úr stjórnklefa loftfars á flugi,
- 189) „snið“: í tengslum við gögn, skipan gagnaatriða, skráa og skjala sem er skipulagt til að uppfylla kröfur um staðla, forskriftir eða gæði gagna,
- 190) „jarðsporvala“: jafnmættisflötur í þyngdarsviði jarðar sem fellur saman við ótruflað meðalsjávarmál (MSL) og samfellda framlengingu þess gegnum meginlöndin,
- 191) „bylgjulögun jarðsporvölu“: fjarlægð jarðsporvölu yfir (pósítíf) eða undir (negatíf) stærðfræðilegri viðmiðunarsporvölu,
- 192) „lokaaðflugsleið“ (e. *glide path*): lækunarsnið sem er ákvarðað fyrir leiðsögn í lóðréttum fleti í lokaaðflugi,
- 193) „vallarskyggni“: skyggni á flugvelli tilkynnt af viðurkenndum athuganda eða af sjálfvirkum kerfum,
- 194) „stefna“ (e. *heading*): sú stefna sem langás loftfars vísar í, venjulega tilgreind í gráðum frá norðri (réttstefna, segulstefna, kompásstefna eða netstefna),
- 195) „þyrluvöllur“: flugvöllur eða afmarkað svæði á mannvirki sem er eingöngu eða að hluta til ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar þyrlna á jörðu niðri,
- 196) „heilleikaflokkun“: í tengslum við flugmálagögn, flokkun sem byggð er á mögulegri áhættu sem stafar af notkun á spilltum gögnum, sem ákvarðar hefðbundin gögn, mikilvæg gögn og áhættugögn,
- 197) „alþjóðleg NOTAM-skrifstofa“ (NOF): skrifstofa sem aðildarríki tilnefna fyrir alþjóðleg skipti á NOTAM-tilkynningum,
- 198) „biðstöðumið“: landfræðileg staðsetning sem gegnir hlutverki tilvísunar fyrir biðflugsverklag,
- 199) „biðflugsverklag“: fyrirframákveðin flugbrögð sem halda loftfari innan ákveðins loftrýmis meðan beðið er frekari flugheimildar,
- 200) „auðkenning“: ástand þar sem staðsetningarvísibending tiltekins loftfars er sýnilegt á flugstöðuskjá og er sanngreint með óyggjandi hætti,
- 201) „blindflugsreglur“: reglur sem gera loftfari, sem er búíð viðeigandi leiðsögutækjum fyrir áætlaða flugleið, kleift að fljúga í samræmi við gildandi kröfur vegna flugrekstrar,
- 202) „INCERFA“: kóði sem er notaður um óvissuástand,
- 203) „blindaðflug“: aðflug og landing með stjórnækjum fyrir leiðsögu sem byggist á blindaðflugsverklagi. Unnt er að framkvæma blindaðflug á tvo eftirfarandi vegu:
- a) með tvívíddarblindaðflugi þar sem eingöngu er notuð leiðsaga í láréttum fleti,
 - b) með þrívíddarblindaðflugi þar sem bæði er notuð leiðsaga í láréttum og lóðréttum fleti,

- 204) „blindaðflugsverklag“ (IAP): röð fyrirfram ákveðinna flugbragða út frá flugmælum með tiltekinni vörn gegn hindrunum frá upphafi frumaðflugsmiðs eða, eftir atvikum, frá upphafi skilgreindrar komuleiðar að þeim punkti þegar hægt er að ljúka landingu og, ef landingu er ekki lokið, að staðsetningu þar sem biðflug eða viðmiðanir um hindranabil á flugleiðinni eiga við. Blindaðflug er flokkað sem hér segir:
- a) „grunnaðflugsverklag“ (NPA): blindaðflugsverklag fyrir tvívíddarblindaðflug af tegund A,
 - b) „aðflug með leiðsögn í lóðréttum fleti“ (APV): blindaðflugsverklag sem byggist á hæfisbundinni leiðsögu fyrir þrívíddarblindaðflug af tegund A,
 - c) „nákvæmnisaðflugsverklag“ (PA): blindaðflugsverklag sem byggist á leiðsögukerfum (blindlendingarkerfi (ILS), örbylgjulendingarkerfi (MLS), landingarkerfi með gervihnattaleiðsögukerfi (GLS) og leiðréttingarkerfi um gervihnött (SBAS) skv. I. flokki) fyrir þrívíddarblindaðflug af tegund A eða B,
- 205) „blindflugsskilyrði“ (IMC): veðurskilyrði neðan við lágmark sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahulu,
- 206) „starfræksla í lélegu skyggni“ (LVO): starfræksla í aðflugi eða flugtaki á flugbraut, þar sem flugbrautarskyggni er undir 550 m, eða akstur á flugvelli þar sem flugbrautarskyggni er undir 550 m,
- 207) „umferðarsvæði“ (e. *manoeuvring area*): sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök, landingar og akstur loftfara, þó ekki hlöð,
- 208) „lýsigögn“: gögn um gögn,
- 209) „athafnasvæði“: sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök, landingar og akstur loftfara, þ.e. umferðarsvæði og hlað,
- 210) „leiðsöguvirki“: búnaður eða kerfi utan á loftfarinu sem gefur frá sér rafsegulmerki, sem leiðsögukerfi í loftförum nota til staðarákvörðunar eða leiðsagnar á flugslóð,
- 211) „starfsháttur kögunarsvarratsjár“ (SSR): hefðbundið auðkenni í tengslum við sérstaka starfsemi fyrirspurnarmerkja sem spyrjandi kögunarsvarratsjár sendir; fjórir starfshættir eru tilgreindir í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar: A, C, S og samþættur,
- 212) „nær-samsíða flugbrautir“ (e. *near-parallel runways*): flugbrautir sem ekki skerast en framlengdar miðlínur þeirra nálgast/fjarlægjast með minna en 15° horni,
- 213) „flugstjóri“: flugmaður sem flugrekandinn eða, ef um almannaflyg er að ræða, eigandinn tilnefnið sem flugstjóra og sem hefur það hlutverk að tryggja öruggt flug,
- 214) „staðsetning“: í landfræðilegu samhengi, hnitamengi (breiddar- og lengdargráða) með tilvísun í stærðfræðilega viðmiðssporvölu, sem skilgreinir staðsetningu punkts á yfirborði jarðar,
- 215) „staðsetningarvísibending“: sjónrænt merki, á ótáknrænu og/eða táknrænu formi, á flugstöðuskjá af staðsetningu loftfars, flugvallarökutækis eða annars hlutar,
- 216) „málþrýstingshæð“: loftþrýstingur, sýndur sem hæð yfir sjávarmáli, sem samsvarar þeim þrýstingi sem er í mállofti,
- 217) „frumratsjá“: ratsjárkerfi sem notar þráðlaus merki sem er endurvarpað,
- 218) „prentuð fjarskipti“: fjarskipti sem sjálfkrafa gera varanlegt útprent, á hverjum endabúnaði rásar, af öllum tilkynningum sem berast í gegnum slíka rás,
- 219) „bannsvæði“: loftrými af skilgreindri stærð yfir landsvæði eða landhelgi aðildarríkis þar sem flug loftfars er bannað,

- 220) „fjarleiðsöguþjónusta“ (e. *radio navigation service*): þjónusta, sem styðst við eitt eða fleiri leiðsöguvirki, sem lætur í té upplýsingar um leiðsögu eða gögn um stöðu fyrir skilvirka og örugga starfrækslu loftfara,
- 221) „þráðlaus talfjarskipti“: tegund þráðlausra fjarskipta, einkum ætluð til upplýsingaskipta í formi tals,
- 222) „forskrift varðandi tilskilda getu í fjarskiptum“ eða „RCP-forskrift“: röð krafna varðandi veitingu flugumferðarþjónustu og tilheyrandi búnað á jörðu niðri, afkastagetu loftfars og starfrækslu, sem nauðsynleg er til að styðja hæfisbundin fjarskipti,
- 223) „forskrift varðandi tilskilda kögunargetu“ eða „RSP-forskrift“: röð krafna varðandi veitingu flugumferðarþjónustu og tengds búnaðar á jörðu niðri, afkastagetu loftfars og starfrækslu sem nauðsynleg er til að styðja hæfisbundna kögun,
- 224) „upplausn“ (e. *resolution*): í tengslum við gögn, fjöldi eininga eða tölustafa sem mælt eða reiknað gildi er birt með og notað,
- 225) „haftasvæði“: loftrými af skilgreindri stærð yfir landsvæði eða landhelgi aðildarríkis þar sem flug loftfara takmarkast við tilgreindar aðstæður,
- 226) „leiðaráfangi“: leið eða hluti af leið sem er flogin án millilendinga,
- 227) „flugbraut í notkun“: flugbraut eða flugbrautir sem flugumferðarþjónustudeildin telur, á tilteknum tímapunkti, vera hentugastar til notkunar af þeim tegundum loftfara sem gert er ráð fyrir að lendi eða taki á loft frá flugvællum; aðskildar eða margar flugbrautir geta verið tilnefndar sem flugbraut í notkun fyrir loftför í aðflugi og brottflugi,
- 228) „svarratsjá“: ratsjárkerfi þar sem þráðlaust merki, sem sent er frá ratsjárstöðinni, kemur af stað sendingu þráðlauss merkis frá annarri stöð,
- 229) „kögunarsvarratsjá“ (SSR): kögunarratsjárkerfi sem notar senda og móttökubúnað (spyrjendur) og ratsjársvara,
- 230) „viðkvæmt svæði“: svæði sem nær út fyrir gátsvæðið þar sem lagning eða hreyfing loftfara eða ökutækja mun hafa áhrif á leiðsagnamerkið að því marki að það gæti valdið óviðunandi truflun fyrir loftfarið sem notar merkið,
- 231) „SNOWTAM“ (snjótilkynning): sérstök tegund tilkynninga til flugmanna (NOTAM) með stöðluðu sniðmáti sem inniheldur skýrslu um ástand yfirborðs flugbrautar þar sem tilkynnt er um hættulegar aðstæður, sem eru til staðar eða sem ráðin hefur verið bót á, af völdum snjós, íss, kraps, hríms eða vatns sem tengist snjó, krapi, ís eða hrími á athafnasvæðinu,
- 232) „leiðarmið“ (e. *significant point*): ákveðin landfræðileg staðsetning notuð til að marka flugþjónustuleið eða flugslóð loftfars eða í öðrum tilgangi tengdum leiðsögu og flugumferðarþjónustu,
- 233) „flugstöðuskjár“: rafeindaskjár sem sýnir staðsetningu og hreyfingar loftfars og aðrar upplýsingar sem krafist er,
- 234) „stöðluð blindaðflugsleið“ (STAR): tilgreind blindaðflugsleið sem tengir leiðarmið, oftast á flugþjónustuleið, við stað þar sem hægt er að hefja útgefið blindaðflugsverklag,
- 235) „stöðluð blindbrottflygsleið“ (SID): tilgreind blindbrottflygsleið sem tengir flugvöll eða tiltekna flugbraut flugvallarins við ákveðið leiðarmið, oftast á flugþjónustuleið, þar sem leiðarhluti flygs hefst,

- 236) „sérlegt sjónflug“: sjónflug, sem flugumferðarstjórn heimilar í flugstjórnaviði við veðurskilyrði sem eru verri en sjónflugsskilyrði,
- 237) „akstur“: hreyfingar loftfara fyrir eigin afli um flugvöll eða starfrækslusvæði, þó ekki flugtök og landingar,
- 238) „akbraut“: tiltekin braut á flugvelli á landi, gerð fyrir akstur loftfara og ætluð til tengingar milli mismunandi hluta flugvallar,
- 239) „aðflugsstjórnavæði“ (TMA): flugstjórnavæði sem venjulega er komið fyrir þar sem flugþjónustuleiðir mætast í námunda við einn eða fleiri aðalflugvelli,
- 240) „tímanleiki“: í tengslum við gögn, mælikvarði á tiltrú þess að gögnin gildi á því tímabili sem fyrirhugað er að nota þau,
- 241) „rekjanleiki“: í tengslum við gögn, að hve miklu leyti kerfi eða gagnaafurð inniheldur skrá yfir breytingarnar, sem gerðar eru á vörinni, sem þar af leiðandi gerir það mögulegt að fylgja skoðunarskrá frá endanlegum notanda til þess aðila sem stofnaði til gagnanna,
- 242) „ferill“ (e. *track*): leið loftfars miðuð við yfirborð jarðar, stefnan er venjulega tilgreind í gráðum frá norðri (réttstefna, segulstefna eða netstefna),
- 243) „flugumferðarupplýsingar“: upplýsingar, sem flugumferðarþjónustudeild veitir flugmanni til að vara hann við annarri flugumferð, sem tekið er eftir eða vitað er um og kann að vera í námunda við hann eða fyrirhugaða flugleið, og aðstoða hann við að forðast árekstur,
- 244) „afhendingarstaður flugumferðarstjórnar“ (e. *transfer of control point*): skilgreindur staður á flugslóð loftfars þar sem ábyrgð á veitingu flugumferðarstjórnarþjónustu við loftfarið flyst frá einni flugumferðarstjórnardeild, eða stjórnstöð, til þeirrar næstu,
- 245) „afhendingardeild“ (e. *transferring unit*): flugumferðarstjórnardeild sem er við það að færa ábyrgðina á því að veita loftfari flugumferðarstjórnarþjónustu yfir á næstu flugumferðarstjórnardeild eða flugumferðarstjóra á flugleiðinni,
- 246) „skiptihæð“ (e. *transition altitude*): í eða undir skiptihæð skal miða lóðréttu stöðu loftfars við flughæð,
- 247) „skiptibil“ (e. *transition layer*): loftrýmið á milli skiptihæðar og skiptilags,
- 248) „skiptilag“ (e. *transition level*): lægsta fluglag sem nota má yfir skiptihæð,
- 249) „fullgilding“ (e. *validation*): í tengslum við gögn, ferlið við að tryggja að gögn uppfylli kröfur vegna tilgreindrar beitingar eða fyrirhugaðrar notkunar,
- 250) „sannprófun“: í tengslum við gögn, mat á niðurstöðum úr frálagsferli flugmálagagna til að tryggja að þau séu rétt og samrýmist þeim ílagsgögnum og viðeigandi gagnastöðlum, -reglum og -venjum sem notast var við í þessu ferli,
- 251) „óvissuástand“: ástand þegar óvissa er um öryggi loftfars og farþega þess,
- 252) „mannlaus, laus loftbelgur“ (e. *unmanned free balloon*): mannlaust loftfar sem er ekki vélknúið og er léttara en andrúmsloftið,
- 253) „ratsjárstefning“ (e. *vectoring*): veiting leiðsöguþjónustu til loftfara með því að gefa upp ákveðna nefstefnu, byggða á kögunarkerfi flugumferðarþjónustu,
- 254) „sjónflug“: flug samkvæmt sjónflugsreglum,
- 255) „sjónaðflug“: aðflug samkvæmt blindflugi þar sem blindaðflug eða hluta af því er ekki lokið samkvæmt verklagi og aðflug fer fram með hliðsjón af kennileitum á jörðu niðri,

- 256) „sjónflugsskilyrði“ (VMC): veðurskilyrði sem eru tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahulu og eru jafngóð eða betri en tilgreind lágmarksskilyrði,
- 257) „VOLMET“: veðurupplýsingar fyrir loftför á flugi,
- 258) „VOLMET-útvörpun“: samfelld og endurtekin útvörpun á gildandi METAR-, SPECI-, TAF- og SIGMET-skeytum, eftir því sem við á,
- 259) „varða“ (e. *waypoint*): tilgreind landfræðileg staðsetning notuð til að skilgreina flugleið svæðisleiðsögu eða flugslóð loftfars sem notar svæðisleiðsögu. Vörður eru annaðhvort:
- a) „hjáflugsvarða“ (e. *fly-by-waypoint*): varða sem krefst þess að beygt sé áður en komið er að vörðunni til að tryggja viðeigandi snertiflöt við næsta hluta flugleiðar eða verklags eða
- b) „yfirflugsvarða“ (e. *fly-over-waypoint*): varða sem markar upphaf beygju sem gerð er í því skyni að hefja næsta hluta flugleiðar eða verklags.“

2) Ákvæðum 1. viðbætur í II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað töflunnar um „Upplýsingaþjónusta flugmála (AIS)“ kemur eftirfarandi:

„Þjónusta/starfsemi	Tegund þjónustu/starfsemi	Umfang þjónustu/starfsemi	Takmarkanir (*)
Upplýsingaþjónusta flugmála (AIS)	Afurðir flugmálaupplýsinga (þ.m.t. dreifingarþjónusta)	Flugmálaláttabók (AIP)	
		Upplýsingabréf flugmála (AIC)	
		NOTAM-tilkynningar	
		Gagnamengi flugmálaláttabókar	
		Gagnamengi um hindranir	
		Gagnamengi um kortlagningu flugvalla	
		Gagnamengi um blindflugsverklag	
Fyrirflugsupplýsingaþjónusta	Á ekki við		
Skilyrði (**)			

(*) Samkvæmt því sem lögbært yfirvald mælir fyrir um.

(**) Ef nauðsyn krefur.“

b) Eftirfarandi töflu er bætt við á undan töflunni um „Starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar“:

„Þjónusta/starfsemi	Tegund þjónustu/starfsemi	Umfang þjónustu/starfsemi	Takmarkanir (1)
Hönnun verklags í flugi (FPD)	Hönnun, skráning og fullgilding á verklagi í flugi (3)	Á ekki við	
Skilyrði (2)			

(1) Samkvæmt því sem lögbært yfirvald mælir fyrir um.

(2) Ef nauðsyn krefur.

(3) Hönnun, skráning og fullgilding á verklagi í flugi felur í sér viðhald og reglubundna rýni.“

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðum ATM/ANS.OR.A.080, ATM/ANS.OR.A.085 og ATM/ANS.OR.A.090 er bætt við:

„ATM/ANS.OR.A.080 Veiting flugmálagagna

a) Þjónustuveitandi skal tryggja að flugmálagögn sem tengjast þjónustu hans séu veitt veitanda upplýsingaþjónustu flugmála tímanlega.

b) Þegar flugmálagögn, sem tengjast þjónustu þjónustuveitanda, eru birt skal hann:

1) vakta gögnin,

2) tilkynna veitanda upplýsingaþjónustu flugmála um allar breytingar sem gera þarf til að tryggja að gögnin séu rétt og heildstæð,

3) tilkynna veitanda upplýsingaþjónustu flugmála þegar gögnin eru ekki rétt eða eiga ekki við.

ATM/ANS.OR.A.085 Gæðastjórnun flugmálagagna

Við stofnun, vinnslu eða flutning gagna til veitanda upplýsingaþjónusta flugmála skal þjónustuveitandinn:

a) tryggja að flugmálagögnin, sem um getur í 1. viðbæti, séu í samræmi við forskriftirnar í flugmálagagnaskránni,

b) tryggja að eftirfarandi kröfur um gæði gagna séu uppfylltar:

1) að nákvæmni flugmálagagna sé eins og tilgreint er í flugmálagagnaskránni,

2) að heilleika flugmálagagna sé viðhaldið,

3) á grundvelli heilleikaflokkunarinnar sem er tilgreind í flugmálagagnaskránni er komið á verklagi til að:

i. forðast að hefðbundin gögn spillist meðan á vinnslu þeirra stendur,

ii. mikilvæg gögn spillist ekki á einhverju stigi ferlisins og að komið sé á viðbótarferlum, eftir þörfum, til að bregðast við mögulegri áhættu í kerfishöguninni í heild til að tryggja heilleika gagna enn frekar á þessu stigi,

iii. áhættugögn spillist ekki á einhverju stigi ferlisins og að komið sé á viðbótarferlum til að tryggja heilleika til að draga að fullu úr áhrifum bilana, sem koma í ljós við ítarlega greiningu á kerfishöguninni í heild, sem gætu mögulega stefnt heilleika gagna í hættu,

4) að upplausn flugmálagagna samsvari raunverulegri nákvæmni gagna,

5) að rekjanleiki flugmálagagna sé tryggður,

6) að tímanleiki flugmálagagna sé tryggður, þ.m.t. hugsanlegar takmarkanir á gildistíma gagnanna,

7) að heildstæði flugmálagagna sé tryggð,

8) að afhent gögn uppfylli tilgreindar kröfur um snið,

c) að því er varðar stofnun gagna, koma á fót sérstöku formlegu fyrirkomulagi við aðilann sem stofnar til gagnanna, sem inniheldur fyrirmæli varðandi stofnun, breytingu eða eyðingu gagna og sem felur a.m.k. í sér eftirfarandi:

1) ótvíræða lýsingu á flugmálagögnunum sem á að skapa, breyta eða eyða,

2) hvaða eining á að fá flugmálagögnin,

3) dagsetningu og tíma sem veita ber flugmálagögnin fyrir,

4) sniðið sem á að nota fyrir skýrsluna um stofnun gagna,

5) sniðið fyrir flugmálagögnin sem á að senda,

6) kröfu um að tilgreina hvers kyns takmarkanir á notkun gagnanna,

- d) tryggja að notast sé við starfsaðferðir við sannprófun og fullgildingu gagna til að tryggja að flugmálagögn uppfylli tengdar kröfur um gæði gagna og auk þess gildir eftirfarandi:
- 1) sannprófunin skal tryggja að flugmálagögnin berist óspillt og að þau spillist ekki á einhverju stigi ferlisins,
 - 2) flugmálagögn og flugmálaupplýsingar, sem eru færð inn handvirkt, falla undir óháða sannprófun þannig að hægt sé að greina aðrar villur sem í þeim kunna að vera,
 - 3) ef flugmálagögn eru notuð til að leiða fram eða reikna út ný flugmálagögn skal fullgilda og sannprófa upphaflegu gögnin, nema ef þau koma frá áreiðanlegri heimild,
- e) senda flugmálagögn með rafrænum hætti,
- f) koma á formlegu fyrirkomulagi við:
- 1) alla aðila sem senda honum gögn,
 - 2) aðra þjónustuveitendur eða rekstraraðila flugvalla í tengslum við skipti á flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum,
- g) tryggja að upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í a-lið AIS.OR.505, séu veittar veitanda upplýsingaþjónustu flugmála tímanlega,
- h) safna og senda lýsigögn sem innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
- 1) auðkenni þeirra stofnana eða aðila sem eiga einhvern þátt í því í að stofna, senda eða breyta flugmálagögnum,
 - 2) hvaða aðgerð er framkvæmd,
 - 3) dagsetningu og tíma þegar aðgerðin var framkvæmd,
- i) tryggja að tæki og hugbúnaður, sem notast er við til að styðja við vinnslu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga eða til að gera vinnsluna sjálfvirka, framkvæmi aðgerðir sínar án þess að þær hafi neikvæð áhrif á gæði flugmálagagnanna og flugmálaupplýsinganna,
- j) tryggja að notaðar séu stafrænar aðferðir til að greina gagnavillur þegar flugmálagögn eru send eða geymd, eða hvort tveggja, til að styðja við viðeigandi heilleikastig gagnanna,
- k) tryggja að flutningur flugmálagagna fari í gegnum viðeigandi vottunarferli þannig að viðtakendur geti fengið það staðfest að gögnin hafi verið flutt frá viðurkenndri heimild,
- l) tryggja að villur, sem uppgötvast við stofnun gagna og eftir móttöku gagna, séu meðhöndlaðar, leiðréttar eða leyst úr þeim og að meðhöndlun villna í áhættugögnum og mikilvægum flugmálagögnum njóti forgangs.

ATM/ANS.OR.A.090 Sameiginleg viðmiðunarkerfi fyrir flugleiðsögu

Við veitingu flugleiðsögu skulu þjónustuveitendur nota:

- a) Alþjóðalandmælingakerfið frá 1984 (e. *World Geodetic System*, WGS-84) sem hnitakerfi,
- b) viðmið meðalsjávarmáls (MSL) sem hæðarkerfi,
- c) gregoríanska tímatalið og alheimstíma (UTC) sem tímakvarði.“

b) Eftirfarandi 1. viðbætur bætist við:

„1. viðbætur

FLUGMÁLAGAGNASKRÁ

Inngangur

a) Flugmálagagnaskrá inniheldur tilvísun í viðfangsefni, eiginleika og undireiginleika flugmálagagnanna sem eru flokkuð í:

- 1) flugvallargögn,
- 2) gögn um loftrými,
- 3) gögn um flugþjónustuleiðir og aðrar flugleiðir,
- 4) gögn fyrir blindflugsverklag,
- 5) gögn um leiðsöguvirki/fjarleiðsögukerfi,
- 6) hindranagögn,
- 7) gögn um landfræðilega legu.

b) Tölflurnar í flugmálagagnaskránni samanstanda af eftirfarandi dálkum:

- 1) viðfangsefni, sem safna má gögnum um,
- 2) eiginleiki: auðgreinanlegt einkenni viðfangsefnis sem skilgreina má nánar í undireiginleika,
- 3) eins og í 2. lið,
- 4) gerð: gögnin eru flokkuð í mismunandi gerðir,
- 5) lýsing: lýsing á gagnaatriðinu,
- 6) athugasemdir: inniheldur viðbótarupplýsingar eða skilyrði fyrir veitingu gagnanna,
- 7) nákvæmni: kröfur um að flugmálagögn séu byggð á 95% öryggisstigi,
- 8) heilleikaflokkun,
- 9) uppruni gagna (e. *origination type*): gögn eru flokkuð sem mæld, útreiknuð eða tilgreind,
- 10) útgáfuupplausn (e. *publication resolution*),
- 11) kortaupplausn (e. *chart resolution*).

Athugasemd við 2. og 3. lið b-liðar: flokkun þátta skrárinnar í viðfangsefni, eiginleika eða undireiginleika er ekki bundin við notkun tiltekins gagnalíkans.

Athugasemd við 7. lið b-liðar: fyrir mið og staði sem þjóna tvenns konar tilgangi, t.d. biðstaður og fráflugsstaður, gildir sá staður sem er með meiri nákvæmni. Kröfurnar um nákvæmni fyrir hindrana- og landslagsgögn eru byggðar á 90% öryggisstigi.

Athugasemd við 10. lið b-liðar: útgáfuupplausnir fyrir gögn um landfræðilega legu (breiddar- og lengdargráðu) gilda fyrir hnit sem gefin eru upp í gráðum, mínútum og sekúndum. Þegar annað snið er notað (t.d. gráður með tugastöfum fyrir stafræn gagnamengi) eða ef staðsetningin er töluvert lengra til norðurs/suðurs, þarf útgáfuupplausn að vera í réttu hlutfalli við kröfurnar um nákvæmni.

1. Flugvallargögn

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni (e. orig. type)	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
Flugvöllur/ þyrluvöllur				Tilgreint svæði á láði eða legi (að meðtöldum byggingum og búnaði) sem ætlað er að nokkru leyti eða að öllu leyti til afnota við komu og brottför loftfara og hreyfingar þeirra á jörðu niðri.						
	Kennimerki			Kennimerki flugvallar/þyrluvallar						
		Staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar	Texti	Fjögurra stafa staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugvöllinn/þyrluvöllinn, eins og skráð er í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7910 „Staðarauðkenni“	Ef við á					
		Kennimerki Alþjóðasambands flugfélaga (IATA)	Texti	Auðkennið sem er úthlutað stað í samræmi við reglur Alþjóðasambands flugfélaga (ályktun nr. 767)	Ef við á					
		Annar	Texti	Staðbundið auðkenni flugvallar, ef það er annað en staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar						
	Heiti		Texti	Opinbert aðalheiti flugvallar samkvæmt lögbæru yfirvaldi						
	Borg þar sem þjónustan er veitt		Texti	Fullt heiti (frjáls texti) borgarinnar eða bæjarins sem flugvöllurinn/þyrluvöllurinn þjónustar						
	Tegund umferðar sem er leyfð									
		Millilandaflug/innanlandsflug	Kóðaskrá	Upplýsingar um hvort millilandaflug og/eða innanlandsflug sé leyft á flugvöllum/þyrluvöllum						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni (e. orig. type)	Útgáfuupp- lausn	Kortaupplausn
		Blindflugs- reglur (IFR)/ Sjónflugs- reglur (VFR)	Kóðaskrá	Upplýsingar um hvort blindflug og/eða sjónflug sé leyft á flugvælinum/þyrluvælinum						
		Áætlunar- flug/óreglu- bundið flug	Kóðaskrá	Upplýsingar um hvort áætlunarflug og/eða óreglubundið flug sé leyft á flugvælinum/þyrluvælinum						
		Almennings- flug/herflug	Kóðaskrá	Upplýsingar um hvort almenningsflug í ábata- skyni og/eða almannaflug og/eða herflug sé leyft á flugvælinum/þyrluvælinum						
		Takmörkuð notkun	Texti	Upplýsingar um hvort flugvöllur eða þyrluvöllur sé lokaður almenningi (aðeins ætlaður til notkunar fyrir eigendur)						
	Tegund þyrluvallar		Texti	Tegund þyrluvallar (á jörðu niðri, upp- hækkaður, á skipi eða þyrluþilfar)						
	Tegund stjórnar		Texti	Upplýsingar um hvort flugvöllur sé undir borgaralegri stjórn, herstjórn eða sameiginlegri stjórn						
	Vottun		Texti	Upplýsingar um hvort flugvöllur sé/ sé ekki vottaður í samræmi við reglur Alþjóðaflug- málastofnunarinnar eða reglugerð (ESB) nr. 139/2014						
	Dagsetning vottunar		Dagsetning	Dagsetningin sem lögbært yfirvald gaf út flug- vallarskrteinið						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni (e. orig. type)	Útgáfuupp- lausn	Kortaupplausn
	Dagsetning þegar skírteini rennur út		Dagsetning	Dagsetningin þegar flugvallarskírteinið fellur úr gildi						
	Landhæð flugvallar									
		Landhæð	Landhæð	Lóðrétt fjarlægð yfir meðalsjávarhæð frá hæsta punkti á landingarsvæði		0,5 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m eða 1 fet
		Bylgjulögun jarðsporvölu	Hæð	Bylgjulögun jarðsporvölu í hæðarviðmiðunarpunkti flugvallar/þyrilvallar	Þar sem það á við	0,5 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m eða 1 fet
	Viðmiðunarhitastig		Gildi	Mánaðarmeðaltal hámarkshita dagsins fyrir heitasta mánuð ársins á flugvelli; þetta hitastig verður að reikna sem meðaltal yfir nokkurra ára tímabil.						
	Meðaltal lægsta hitastigs		Gildi	Meðaltalið fyrir lægsta hitastig kaldasta mánaðar ársins, reiknað út frá gögnum síðustu fimm ára við landhæð flugvallar		5 gráður				
	Misvísun			Hornið milli hánorðurs og segulnorðurs						
		Horn	Horn	Hornagildið fyrir misvísunina		1 gráða	Mikilvæg gögn	Mæld	1 gráða	1 gráða
		Dagsetning	Dagsetning	Dagsetningin þar sem misvísunin sýndi samsvarendi gildi						
		Árleg breyting	Gildi	Árleg breyting á misvísuninni						
	Viðmiðunarpunktur			Tiltekin landfræðileg staðsetning flugvallar						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni (e. orig. type)	Útgáfuupp- lausn	Kortaupplausn
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning viðmiðunarpunkts flugvallar		30 m	Venjubundin gögn	Mæld/ útreiknuð	1 sek.	1 sek.
		Staður	Texti	Staðsetning viðmiðunarpunkts flugvallar						
		Stefna	Texti	Stefna viðmiðunarpunkts flugvallar frá miðju borgarinnar eða bæjarins sem flugvöllurinn þjónustar						
		Fjarlægð	Fjarlægð	Fjarlægð viðmiðunarpunkts flugvallar frá miðju borgarinnar eða bæjarins sem flugvöllurinn þjónustar						
Lendingar- vísir				Búnaður sem gefur sjónrænt til kynna þá stefnu sem er tilgreind fyrir landingu og flugtak á hverjum tíma.						
	Staðsetning		Texti	Staðsetning landingarvísis						
	Ljós		Texti	Ljós landingarvísis	Ef við á					
Vararafmagn										
	Eiginleikar		Texti	Lýsing á vararafmagni						
	Skiptitími		Gildi	Skiptitími vararafmagns						
Vindmælir				Búnaður sem er notaður til að mæla vindhraða						
	Staðsetning		Texti	Staðsetning vindmælis						
	Ljós		Texti	Ljós vindmælis	Ef við á					

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni (e. orig. type)	Útgáfuupp- lausn	Kortaupplausn
Flugvallarviti (ABN)/kenni- ljósviti (IBN)				Flugvallarviti/kenniljósviti sem er notaður til að gefa til kynna staðsetningu flugvallar úr lofti						
	Staðsetning		Texti	Staðsetning flugvallarvita/kenniljósvita	Ef við á					
	Eiginleikar		Texti	Lýsing á flugvallarvita/kenniljósvita						
	Rekstrar- tímar		Áætlun	Rekstrartímar flugvallarvita/kenniljósvita						
Vindáttar- mælir										
	Staðsetning		Texti	Staðsetning vindáttarmælis						
	Ljós		Texti	Ljós vindáttarmælis						
Athugunar- staður fyrir flugbrautar- skyggni				Athugunarstaður fyrir flugbrautarskyggni.						
	Staðsetning		Punktur	Landfræðileg staðsetning athugunarstaða fyrir flugbrautarskyggni						
Tíðnisvæði				Tiltekinn hluti athafnasvæðis þar sem flugumferðarstjórn eða grundarstjórn (e. <i>ground control</i>) krefst ákveðinnar tíðni.						
	Stöð		Texti	Heiti stöðvarinnar sem veitir þjónustuna						
	Tíðni		Gildi	Tíðni stöðvarinnar sem veitir þjónustuna						
	Mörk		Marghyrmt svæði (e. <i>polygon</i>)	Svæðamörk tíðnisvæðisins						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni (e. orig. type)	Útgáfuupp- lausn	Kortaupplausn
Varasamt svæði (e. hot spot)				Staðsetning á athafnasvæði flugvallar með sögu um eða þar sem möguleg hættu er á árekstri eða brautarátroðningi og þar sem nauðsynlegt er að flugmenn/ökumenn sýni aukna árvekni.						
	Auðkenni		Texti	Auðkenni varasama svæðisins						
	Skýring		Texti	Viðbótarupplýsingar um varasama svæðið						
	Rúmfræði		Marghyrnt svæði	Landsvæði varasama svæðisins						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupp- lausn	Kortaupplausn
Flugbraut (RWY)				Afmarkað, rétthyrnt svæði á flugvelli á landi sem er gert fyrir landingu og flugtak loftfara						
	Kennimerki		Texti	Fullt textakennimerki flugbrautarinnar, sem notað er til að auðkenna flugbrautina á einkvæman hátt á flugvelli/þyriluvelli (t.d. 09/27, 02R/20L, RWY 1)						
	Nafnlengd		Fjarlægð	Uppgefið umfang flugbrautarinnar á lengdina fyrir útreikninga á rekstrarframmistöðu.		1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m
	Nafnbreidd		Fjarlægð	Uppgefið umfang flugbrautarinnar á breiddina fyrir útreikninga á rekstrarframmistöðu.		1 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m
	Rúmfræði		Marghyrnt svæði	Rúmfræði flugbrautarhlutans, hliðrunarsvæði flugbrautar og brautarmót						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Miðlínupunktur									
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning miðlínu flugbrautar við hvern flugbrautarenda, við öryggisbrautina og við upphaf hvers svæðis fyrir flugtaksflugslóð, sem og við hverja verulega breytingu á halla flugbrautar og öryggisbrautar	Skilgreining úr lið 3.8.4.2 í 4. viðauka	1 m	Áhættugögn	Mæld		
		Landhæð	Landhæð	Landhæð samsvarandi miðlínupunkts. Við grunnaðflug skulu allir umtalsvert hærri eða lægri punktar á flugbrautinni mældir með hálfsmetra eða fets nákvæmni,		0,25 m	Áhættugögn	Mæld		
		Bylgjulögun jarðsporvölu	Hæð	Bylgjulögun jarðsporvölu á samsvarandi miðlínupunkti						
	Útaksturslína flugbrautar									
		Leiðsagnarlína við útakstur	Lína	Landfræðileg staðsetning útaksturslínu flugbrautar		0,5 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1/100 sek.	1 sek.
		Litur	Texti	Litur útaksturslínu flugbrautar						
		Lögun	Texti	Lögun útaksturslínu flugbrautar						
		Stefna	Kóðaskrá	Stefna útaksturslínu flugbrautar (einstefna eða tvístefna)						
	Yfirborðsgerð		Texti	Yfirborðsgerð flugbrautar						
	Styrkleiki									
		Flokkunarnúmer slitlags (PCN)	Texti	Flokkunarnúmer slitlags						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
		Tegund slitlags	Texti	Tegund slitlags til ákvörðunar á flokkunarnúmeri loftfars – flokkunarnúmeri slitlags (ACN-PCN)						
		Flokkur undirlags	Texti	Styrkleikaflokkur undirlags á flugbrautinni						
		Leyfilegur þrýstingur	Texti	Flokkur leyfilegs hámarkshjólbarðaprýstings eða gildi leyfilegs hámarkshjólbarðaprýstings						
		Matsaðferð	Texti	Matsaðferðin sem var notuð						
	Flugöryggissvæði (e. <i>strip</i>)			Tilgreint svæði, þ.m.t. flugbraut og öryggisbraut, ef hún er fyrir hendi: a) til að draga úr hættu á tjóni á loftförum sem renna út fyrir flugbraut og b) til að vernda loftför sem fljúga yfir flugbrautina við flugtak eða landingu						
		Lengd	Fjarlægð	Umfang flugbrautaröryggissvæðisins á lengdina						
		Breidd	Fjarlægð	Umfang flugbrautaröryggissvæðisins á breiddina						
		Yfirborðsgerð	Texti	Yfirborðsgerð flugbrautaröryggissvæðis						
	Brautarjaðar (e. <i>shoulder</i>)			Svæði við brún slitlags sem er útbúið til að tengja slitlagið við aðliggjandi flöt						
		Rúmfræði	Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning flugbrautarjaðra						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
		Yfirborðsgerð	Texti	Yfirborðsgerð flugbrautarjaðars						
		Breidd	Fjarlægð	Breidd flugbrautarjaðars		1 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	
	Blástursvarnarsvæði (e. <i>blast pad</i>)			Sérstaklega undirbúið yfirborð við enda flugbrautar til að draga úr veðrunaráhrifum sökum mikils vinds sem kemur frá flugvélum við upphaf flugtaksbruns						
		Rúmfræði	Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning blástursvarnarsvæðisins						
	Hindrana-laust svæði		Texti	Hindrana-laust svæði fyrir flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug í flokki I	Ef við á					
	Flugbrautarmerking									
		Gerð	Texti	Tegund flugbrautarmerkingar						
		Lýsing	Texti	Lýsing á flugbrautarmerkingum						
		Rúmfræði	Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning flugbrautarmerkingar						
	Miðlínuljós flugbrautar									
		Lengd	Fjarlægð	Umfang miðlínuljósa á flugbraut á lengdina						
		Bil	Fjarlægð	Bil á milli miðlínuljósa á flugbraut						
		Litur	Texti	Litur miðlínuljósa á flugbraut						
		Ljósstyrkur	Texti	Ljósstyrkur miðlínuljósa á flugbraut						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning hvers einstaks ljóss í miðlínuljósum á flugbraut						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupp- lausn	Kortaupplausn
	Hliðarljós á flugbraut									
		Lengd	Fjarlægð	Umfang hliðarljósa á flugbraut á lengdina						
		Bil	Fjarlægð	Bil á milli hliðarljósa á flugbraut						
		Litur	Texti	Litur hliðarljósa á flugbraut						
		Ljósstyrkur	Texti	Ljósstyrkur hliðarljósa á flugbraut						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning hvers einstaks ljóss í hliðarljósum á flugbraut						
	Viðmiðunar- kóði			Tilgangur viðmiðunarkóðans er að búa til einfalda aðferð til að tengja innbyrðis hinar mörgu forskriftir er varða einkenni flugvalla til að bjóða upp á röð flugvallarvirkja sem hæfa þeim flugvélum sem ætlað er að nota flugvöllinn.						
		Tala	Kóðaskrá	Tala sem byggð er á viðmiðunarflugtaks- vegalengd fyrir flugvél						
		Bókstafur	Kóðaskrá	Bókstafur sem byggður er á vænghafi flug- vélarinnar og hjólhafi milli ytri lendarhjóla						
	Takmarkanir		Texti	Lýsing á takmörkunum sem settar eru á flugbrautina						
Stefna flugbrauta										
	Kennimerki		Texti	Fullt textakennimerki lendar- og flugtaksstefnu, t.d.: 27, 35L, 01R						
	Réttvísandi miðun		Miðun	Réttvísandi miðun flugbrautarinnar		1/100 gráða	Venjubundin gögn	Mæld	1/100 gráða	1 gráða

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Gerð		Texti	Tegund flugbrautar: nákvæmnisaðflug (í flokki I, II, III)/grunnaðflug/sjónflug						
	Þröskuldur			Upphaf þess hluta flugbrautarinnar sem unnt er að nota til landingar						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning þröskuldar flugbrautar		1 m	Áhættugögn	Mæld	1/100 sek.	1 sek.
		Landhæð	Landhæð	Landhæð þröskuldar flugbrautar		Sjá athugasemd 1				
		Bylgjulögun jarðsporvölu	Hæð	Bylgjulögun jarðsporvölu samkvæmt WGS-84 fyrir staðsetningu þröskuldar á flugbraut		Sjá athugasemd 2				
	Gerð		Texti	Upplýsingar um hvort þröskuldinum hafi verið hliðrað eða ekki; hliðraður þröskuldur er ekki staðsettur við enda flugbrautarinnar						
		Hliðrun	Fjarlægð	Fjarlægð hliðraða þröskuldarins	Ef þröskuldinum hefur verið hliðrað	1 m	Venjubundin gögn	Mæld		
	Brautarendi			Brautarendi (stillipunktur flugferils (e. <i>flight path alignment point</i>))						
		Staðsetning	Punktur	Staðsetning brautarendans í brottflugsstefnu		1 m	Áhættugögn	Mæld	1/100 sek.	1 sek.
		Landhæð	Landhæð	Landhæð brautarendans		Sjá miðlínupunkta flugbrautarinnar				
	Brottflygsendi flugbrautar (e. <i>departure end of RWY (DER)</i>)			Endi svæðisins sem er lýst hentugt fyrir flugtak (þ.e. við brautarendann eða, ef hindrunarlaust klífursvæði er til staðar, við enda hindrunarlausu klífursvæðisins)	Upphaf brottflygsverklags					
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning brottflygsenda flugbrautar						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
		Landhæð	Landhæð	Landhæð brottflugsenda flugbrautarinnar er landhæð brautarendans eða hindrunarlausa klifursvæðisins, hvort sem er hærra.						
	Snertisvæði			Sá hluti flugbrautarinnar, eftir þröskuld, þar sem fyrirhugað er að flugvélar í landingu snerti flugbrautina fyrst						
		Landhæð	Landhæð	Hæsta landhæð snertisvæðis flugbrautar fyrir nákvæmnisaðflug	Flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug	0,25 m eða 0,25 fet				
		Halli	Gildi	Halli snertisvæðis flugbrautar						
	Halli		Gildi	Halli flugbrautar						
	Lending og stöðvun á flugbraut (LAHSO)			Lending og stöðvun á flugbraut						
		Rúmfræði	Lína	Landfræðileg staðsetning fyrir landingar og stöðvanir á flugbraut (LAHSO)						
		Verndaður hluti	Texti	Heiti flugbrautarinnar eða akbrautarinnar sem er vernduð						
	Hliðrunarsvæði			Sá hluti flugbrautar sem er á milli fyrsta hluta flugbrautarinnar og hliðraða þröskuldans						
		Rúmfræði	Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning hliðrunarsvæðisins						
		Flokkunarnúmer slitlags	Texti	Flokkunarnúmer slitlags fyrir hliðrunarsvæðið						
		Yfirborðsgerð	Texti	Yfirborðsgerð hliðrunarsvæðis						
		Takmarkanir fyrir loftför	Texti	Notkunartakmörkun fyrir ákveðna tegund loftfars						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Öryggisbraut (SWY)			Skilgreint, rétthyrnt svæði á jörðu niðri við enda tiltækrar flugtaksbrautar sem er útbúið þannig að þar er hægt að stöðva loftfar ef hætt er við flugtak						
		Lengd	Fjarlægð	Umfang öryggisbrautarinnar á lengdina	Ef við á	1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m
		Breidd	Fjarlægð	Breidd öryggisbrautarinnar		1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m
		Rúmfræði	Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning öryggisbrautarinnar						
		Halli	Gildi	Halli öryggisbrautarinnar						
		Yfirborðsgerð	Texti	Yfirborðsgerð öryggisbrautar						
	Hindrunarlaust klifur-svæði			Skilgreint rétthyrnt svæði á láði eða legi undir stjórn viðkomandi yfirvalda, valið eða undirbúið sem svæði þar sem hluti af frumklifri flugvélar í tiltekna hæð getur farið fram						
		Lengd	Fjarlægð	Umfang hindrunarlausu klifursvæðisins á lengdina		1 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	
		Breidd	Fjarlægð	Umfang hindrunarlausu klifursvæðisins á breiddina		1 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	
		Jarðsnið		Lóðrétt snið (eða halli) hindrunarlausu klifursvæðisins	Ef við á					

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Öryggis- svæði við enda flug- brautar (RESA)			Samhverft svæði utan um framlengda miðlínu flugbrautarinnar og að enda flugbrautaröryggissvæðisins, einkum ætlað að draga úr hættu á tjóni á flugvél sem skammlendir eða rennur út af brautarenda						
		Lengd	Fjarlægð	Umfang öryggissvæðis við enda flugbrautar á lengdina						
		Breidd	Fjarlægð	Umfang öryggissvæðis við enda flugbrautar á breiddina						
		Lengdarhalli	Gildi	Lengdarhalli öryggissvæðis við enda flugbrautar						
		Þverhalli	Gildi	Þverhalli öryggissvæðis við enda flugbrautar						
	Tilgreindar viðmiðunar- vegalengdir									
		Tiltækt flugtaksbrun (TORA)	Fjarlægð	Sú lengd flugbrautar sem er tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki		1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m
		Tiltæk flugtaksveg- alengd (TODA)	Fjarlægð	Lengd tiltæks flugtaksbruns að viðbættri lengd hindrunarlauss klifursvæðis, ef slíkt er fyrir hendi		1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m
		Tiltæk hemlunar- vegalengd við flugtak (ASDA)	Fjarlægð	Lengd tiltæks flugtaksbruns að viðbættri lengd öryggisbrautar, ef slíkt er fyrir hendi		1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m
		Tiltæk landingar- vegalengd (LDA)	Fjarlægð	Lengd flugbrautar sem er tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í landingu.		1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
		Athugasemdir	Texti	Athugasemdir, þ.m.t. innflugs- eða upphafspunktur flugbrautarinnar, ef aðrar styttri vegalengdir hafa verið tilgreindar						
	Brautarendaljós									
		Litur	Texti	Litur brautarendaljósa						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning hvers einstaks brautarendaljóss						
	Öryggisbrautarljós									
		Lengd	Fjarlægð	Umfang öryggisbrautarljósa á lengdina						
		Litur	Texti	Litur öryggisbrautarljósa						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning hvers einstaks öryggisbrautarljóss						
	Aðflugsljósakerfi									
		Gerð	Texti	Flokkun aðflugsljósakerfis, þar sem reglugerð (ESB) nr. 139/2014 og vottunarforskriftir fyrir flugvelli (CS-ADR), einkum liðir CS ADR-DSN.M.625 og CS ADR-DSN.M.626, eru notaðar sem viðmiðun.						
		Lengd	Fjarlægð	Umfang aðflugsljósakerfis á lengdina.						
		Ljósstyrkur	Texti	Kóði sem segir til um hlutfallslegan ljósstyrk aðflugsljósakerfisins.						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning hvers einstaks ljóss í aðflugsljósakerfinu						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Þröskuldarljós flugbrautar									
		Litur	Texti	Litur þröskuldarljósa á flugbraut						
		Litur vængslár	Texti	Litur vængsláa við flugbrautarþröskuld						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning hvers einstaks þröskuldarljóss og vængsláa						
	Snertisvæðisljós									
		Lengd	Fjarlægð	Umfang snertisvæðisljósa flugbrautarinnar á lengdina						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning hvers einstaks snertisvæðisljóss á flugbrautinni						
	Aðflugshallaljósa-kerfi									
		Lágmarksaugnhæð yfir þröskuldi (MEHT)	Hæð	Lágmarksaugnhæð yfir þröskuldi						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning aðflugshallaljósa-kerfis						
		Horn	Horn	Æskileg(t) aðflugshallahorn						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
		Gerð	Texti	Tegund aðflugshallaljósa (VGSI): VASI-aðflugshallaljós, PAPI-aðflugshallaljós, o.s.frv.						
		Hliðrunarhorn	Horn	Ef ás kerfisins er ekki samsíða miðlínu flugbrautarinnar: hliðrunarhorn og -stefna, þ.e.a.s. til vinstri eða hægri						
		Hliðrunarstefna	Texti	Ef ás kerfisins er ekki samsíða miðlínu flugbrautarinnar: hliðrunarhorn og -stefna, þ.e.a.s. til vinstri eða hægri						
	Fangnet		Lína	Landfræðileg staðsetning fangvírs þvert yfir flugbrautina						
	Fangbúnaður			Háorkugleypandi efni við enda flugbrautar eða öryggisbrautar, sem er hannað til að brotna undan þyngd flugvélar og beita þar með hraðaminnkunarkröftum á landingarbúnað loftfarsins						
		Rúmfræði	Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning fangbúnaðar						
		Færslusvæði (e. setback)	Fjarlægð	Færslusvæði fangbúnaðar						
		Lengd	Fjarlægð	Umfang fangbúnaðar á lengdina						
		Breidd	Fjarlægð	Umfang fangbúnaðar á breiddina						
Svæði ratsjánhæðarmælis										

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Lengd		Fjarlægð	Umfang svæðis ratsjánhæðarmælis á lengdina						
	Breidd		Fjarlægð	Umfang svæðis ratsjánhæðarmælis á breiddina						
	Rúmfræði		Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning svæðis ratsjánhæðarmælis						
			Athugasemd 1	Landhæð þröskuldar flugbrautar fyrir grunnaðflug		0,5 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m eða 1 fet
				Landhæð þröskuldar flugbrautar fyrir nákvæmnisaðflug		0,25 m	Áhættugögn	Mæld	0,1 m eða 0,1 fet	0,5 m eða 1 fet
			Athugasemd 2	Bylgjulögun jarðsporvölu samkvæmt WGS-84 fyrir þröskuld flugbrautar fyrir grunnaðflug		0,5 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m eða 1 fet
				Bylgjulögun jarðsporvölu samkvæmt WGS-84 fyrir þröskuld flugbrautar fyrir nákvæmnisaðflug		0,25 m	Áhættugögn	Mæld	0,1 m eða 0,1 fet	0,5 m eða 1 fet

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
Lokaaðflugs- og flugtaks-svæði (FATO)				Tilgreint svæði þar sem lokahluti aðflugs, áður en vokun eða landing fer fram, lýkur og þaðan sem flugtak hefst; ef þylur í afkastagetuflokki 1 nota lokaaðflugs- og flugtakssvæðið inniheldur tilgreinda svæðið tiltækt svæði fyrir flugtak sem hætt er við.						
	Þröskuldur			Upphaf þess hluta lokaaðflugs- og flugtaks-svæðisins sem unnt er að nota til landingar						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning þröskuldar á lokaaðflugs- og flugtakssvæðinu		1 m	Áhættugögn	Mæld	1/100 sek.	1 sek.

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
		Tiltæk flugtaksvegalengd (TODAH)	Fjarlægð	Lengd lokaaðflugs- og flugtakssvæðis auk lengdar hindrunarlausa klífursvæðis þyrlunnar (ef slíkt er fyrir hendi)	Og, ef við á, aðrar styttri tilgreindar viðmiðunarvegalengdir	1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	
		Tiltæk stöðvunarvegalengd þegar hætt er við flugtak (RTODAH)	Fjarlægð	Lengd lokaaðflugs- og flugtakssvæðis sem lýst hefur verið yfir að sé tiltækt og hentugt fyrir þyrlur í afkastagetuflokki 1, þannig að þær geti lokið flugtaki sem hætt var við		1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	
		Tiltæk landingarvegalengd (LDAH)	Fjarlægð	Lengd lokaaðflugs- og flugtakssvæðis ásamt viðbótarsvæðum sem lýst hafa verið tiltæk og hentug fyrir þyrlur til að ljúka landingu úr tilgreindri hæð		1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	
		Athugasemdir	Texti	Athugasemdir, þ.m.t. innflugs- eða upphafspunktur flugbrautarinnar, ef aðrar styttri vegalengdir hafa verið tilgreindar						
	Merkingar á lokaaðflugs- og flugtaks-svæði									
		Lýsing	Texti	Lýsing á merkingum lokaaðflugs- og flugtaks-svæðis						
	Aðflugs-ljósakerfi									
		Gerð	Texti	Flokkun aðflugsljósakerfis, þar sem reglugerð (ESB) nr. 139/2014 og vottunarforskriftir fyrir flugvelli (CS-ADR), einkum liðir CS ADR-DSN.M.625 og CS ADR-DSN.M.626, eru notaðar sem viðmiðun.						
		Lengd	Fjarlægð	Umfang aðflugsljósakerfis á lengdina.						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
		Ljósstyrkur	Texti	Kóði sem segir til um hlutfallslegan ljósstyrk aðflugsljósakerfisins						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning hvers einstaks ljóss í aðflugsljósakerfinu						
	Svæðisljós									
		Lýsing	Texti	Lýsing á svæðisljósum						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning hvers einstaks ljóss í svæðisljósum						
	Miðunarpunktsljós (e. <i>aiming point lights</i>)									
		Lýsing	Texti	Lýsing á miðunarpunktsljósum						
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning hvers einstaks ljóss í miðunarpunktsljósum						
Snerti- og flugtakssvæði (TLOF)				Svæði sem getur verið snerti- eða flugtakssvæði þyrlu.						
	Kennimerki		Texti	Fullt textakennimerki snerti- og flugtakssvæðis						
	Miðpunktur									
		Staðsetning	Punktur	Landfræðileg staðsetning þröskuldar á snerti- og flugtakssvæðinu		1 m	Áhættugögn	Mæld	1/100 sek.	1 sek.
		Landhæð	Landhæð	Landhæð þröskuldar á snerti- og flugtakssvæðinu		Sjá athugasemd 1				
		Bylgjulögun jarðsporvölu	Hæð	Bylgjulögun jarðsporvölu samkvæmt WGS-84 fyrir miðpunkt snerti- og flugtakssvæðisins		Sjá athugasemd 2				

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Lengd		Fjarlægð	Umfang snerti- og flugtakssvæðis á lengdina		1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m
	Breidd		Fjarlægð	Umfang snerti- og flugtakssvæðis á breiddina		1 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m
	Rúmfræði		Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning snerti- og flugtakssvæðisins						
	Halli		Gildi	Halli snerti- og flugtakssvæðis						
	Yfirborðsgerð		Texti	Yfirborðsgerð snerti- og flugtakssvæðis						
	Burðarþol		Gildi	Burðarþol snerti- og flugtakssvæðis					1 tonn	
	Tegund aðflugshalla-ljósakerfis		Texti	Tegund aðflugshalla-ljósakerfis						
	Merking									
		Lýsing	Texti	Lýsing á merkingum snerti- og flugtakssvæðis						
Öryggissvæði				Tilgreint svæði á þyriluvelli í kringum lokaaðflugs- og flugtakssvæðið, sem er án annarra hindrana en þeirra sem þörf er á fyrir flugleiðsögn, og er ætlað að draga úr hættu á tjóni á þyrlum sem víkja frá lokaaðflugs- og flugtakssvæðinu fyrir slysi.						
	Lengd		Fjarlægð	Umfang öryggissvæðisins á lengdina						
	Breidd		Fjarlægð	Umfang öryggissvæðisins á breiddina						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Yfirborðsgerð		Texti	Yfirborðsgerð öryggissvæðis						
Hindrunarlaust klífursvæði fyrir þyrlur				Tilgreint svæði á láði eða legi, valið og/eða undirbúið sem hentugt svæði þar sem þyrla, sem starfrækt er samkvæmt afkastagetuflokki 1, getur aukið hraðann og náð ákveðinni hæð						
	Lengd		Fjarlægð	Umfang hindrunarlausa klífursvæðis þyrlunnar á lengdina						
	Jarðsnið		Gildi	Lóðrétt snið (eða halli) hindrunarlausa klífursvæðisins fyrir þyrlur						
			Athugasemd 1	Þröskuldur lokaaðflugs- og flugtakssvæðis fyrir þyrluvelli með eða án aðflugs um geimhnit (e. <i>point-in-space approach</i>)		0,5 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	
				Þröskuldur lokaaðflugs- og flugtakssvæðis fyrir þyrluvelli sem fyrirhugað er að nota.		0,25 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet (grunn-aðflug) 0,1 m eða 0,1 fet (nákvæmni-aðflug)	
			Athugasemd 2	Bylgjulögun jarðsporvölu samkvæmt WGS-84 fyrir þröskuld lokaaðflugs- og flugtakssvæðisins og rúmfræðilega miðju snerti- og flugtakssvæðisins, fyrir þyrluvelli með eða án aðflugs um geimhnit		0,5 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	
				Bylgjulögun jarðsporvölu samkvæmt WGS-84 fyrir þröskuld lokaaðflugs- og flugtakssvæðisins og rúmfræðilega miðju snerti- og flugtakssvæðisins, fyrir þyrluvelli sem fyrirhugað er að nota.		0,25 m	Áhættugögn	Mæld	1 m eða 1 fet (grunn-aðflug), 0,1 m eða 0,1 fet (nákvæmni-aðflug)	

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
Hlað				Tilgreint svæði á flugvelli á landi sem er ætlað fyrir loftför til að hleypa farþegum um borð eða frá borði, við hleðslu eða afhleðslu pósts eða farms, til eldsneytisáfyllingar eða viðhalds eða sem stæði fyrir loftför						
	Kennimerki		Texti	Fullt textaheiti eða kennimerki sem notað er til að auðkenna hlað á flugvelli/þyrluvelli						
	Rúmfræði		Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning hlaðsins		1 m	Venjubundin gögn	Mæld	1/10 sek.	1 sek.
	Gerð		Texti	Flokkun á aðalnotkun hlaðsins						
	Takmarkanir fyrir loftför		Texti	Notkunartakmörkun (bann) fyrir ákveðna tegund loftfars						
	Flugbraut þar sem þjónusta er veitt		Texti	Kennimerki flugbrautarinnar þar sem þjónustan er veitt						
	Rekstrareining		Texti	Heiti rekstrareiningar búnaðarins						
	Tegund studdrar starfrækslu		Kóðaskrá	Upplýsingar um tegund starfrækslu sem styðst við ILS/MLS, hnattrænt grunnervihnattaleiðsögukerfi (<i>basic GNSS</i>), SBAS og GBAS						
	Sameiginleg staðsetning		Texti	Upplýsingar um að leiðsöguvirki sé staðsett á sama stað og annað leiðsöguvirki						
	Rekstrartímar		Áætlun	Rekstrartími leiðsöguvirkisins						
	Misvísun			Hornið milli hánorðurs og segulnorðurs						
		Horn	Horn	Misvísun leiðsöguvirkis	ILS/NDB (hringviti)	Sjá athugasemd 1 hér að neðan				
		Dagsetning	Dagsetning	Dagsetningin þar sem misvísunin sýndi samsvarandi gildi						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Misvísun stöðvar		Horn	Misvísunarstilling leiðsöguvirkis milli núllgráðugeislans og hánorðurs, ákvarðað á þeim tíma þegar stöðin er kvörðuð	VOR/ILS/MLS					
	Núllmiðun (e. <i>zero bearing direction</i>)		Texti	Núllmiðunin sem stöðin gefur upp, t.d. segulnorður, hánorður, o.s.frv.	VOR					
	Tíðni		Gildi	Tíðni eða stillitíðni fyrir leiðsöguvirkið						
	Rás		Texti	Rásarnúmer leiðsöguvirkisins	DME eða GBAS					
	Staðsetning		Punktur	Landfræðileg staðsetning leiðsöguvirkisins		Sjá athugasemd 2 hér að neðan				
	Landhæð		Landhæð	Landhæð móttökulofnets fjarlægðarvita (DME) eða landhæð viðmiðunarpunkts leiðréttingarkerfis á jörðu niðri (GBAS)	DME eða GBAS	Sjá athugasemd 3 hér að neðan				
	Sporvöluhæð		Hæð	Sporvöluhæð viðmiðunarpunkts leiðréttingarkerfis á jörðu niðri	GBAS					
	Lega miðlínugeisla									
		Miðun	Miðun	Miðlínugeislinn	Miðlínugeisl i blindlendingarkerfis	1/100 gráða	Mikilvæg gögn	Mæld	1/100 gráða (ef réttvísandi)	1 gráða
		Gerð	Texti	Tegund legu miðlínugeisla, réttvísandi stefna eða segulstefna	Miðlínugeisl i blindlendingarkerfis					

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Stefna áttarhorns við núll		Miðun	Stefna áttarhorns örbylgjulendingarkerfis við núll	MLS	1/100 gráða	Mikilvæg gögn	Mæld	1/100 gráða (ef réttvísandi)	1 gráða
	Horn		Horn	Horn lokaadflugsleiðar frá blindlendingarkerfi eða eðlilegt horn lokaadflugsleiðar frá örbylgjulendingarkerfi	ILS GP/MLS					
	Viðmiðunarhæð (RDH)		Gildi	Gildi fyrir hæð viðmiðunarpunkts blindlendingarkerfis (ILS RDH)	ILS GP	0,5 m	Áhættugögn	Útreiknuð		
	Vegalengd frá loftneti miðlínusendis að brautarenda		Fjarlægð	Vegalengd frá miðlínusendi blindlendingarkerfis að brautarenda/enda lokaadflugs- og flugtakssvæðis	Miðlínugeisl i blindlendingarkerfis	3 m	Venju-bundin gögn	Útreiknuð	1 m eða 1 fet	Eins og er teiknað
	Vegalengd frá loftneti aðflugshalla í blindlendingarkerfi að þröskuldi		Fjarlægð	Vegalengd eftir miðlínunni milli loftnets aðflugshalla í blindlendingarkerfi og þröskuldar	ILS GP	3 m	Venju-bundin gögn	Útreiknuð	1 m eða 1 fet	Eins og er teiknað
	Fjarlægð frá markvita blindlendingarkerfis að þröskuldi		Fjarlægð	Fjarlægð frá markvita blindlendingarkerfis að þröskuldi	ILS	3 m	Mikilvæg gögn	Útreiknuð	1 m eða 1 fet	2/10 km (1/10 sjómíla)
	Vegalengd frá loftneti fjarlægðarvita í blindlendingarkerfi að þröskuldi		Fjarlægð	Vegalengd eftir miðlínunni milli loftnets fjarlægðarvita í blindlendingarkerfi og þröskuldar	ILS	3 m	Mikilvæg gögn	Útreiknuð	1 m eða 1 fet	Eins og er teiknað
	Vegalengd frá loftneti áttarhorns í örbylgjulendingarkerfi að brautarenda		Fjarlægð	Vegalengd frá loftneti áttarhorns í örbylgjulendingarkerfi að brautarenda/enda lokaadflugs- og flugtakssvæðis	MLS	3 m	Venju-bundin gögn	Útreiknuð	1 m eða 1 fet	Eins og er teiknað
	Vegalengd frá loftneti landhæðar í örbylgjulendingarkerfi að þröskuldi		Fjarlægð	Vegalengd eftir miðlínunni milli loftnets landhæðar í örbylgjulendingarkerfi og þröskuldar	MLS	3 m	Venju-bundin gögn	Útreiknuð	1 m eða 1 fet	Eins og er teiknað

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Vegalengd frá loftneti fjarlægðarvita í örbylgjulendingarkerfi að þröskuldi		Fjarlægð	Vegalengd eftir miðlínunni milli loftnets nákvæmnisfjarlægðarvita (DME/P) í örbylgjulendingarkerfi og þröskuldar	MLS	3 m	Mikilvæg gögn	Útreiknuð	1 m eða 1 fet	Eins og er teiknað
	Merkjaskautun (e. <i>signal polarisation</i>)		Kóðaskrá	GBAS-merkjaskautun (GBAS/H eða GBAS/E)	GBAS					
	Úthlutað þjónustusvæði (DOC)		Texti	Úthlutað þjónustusvæði eða staðalþjónusturými (SSV) í formi sviðs eða þjónusturýmisradiuss frá viðmiðunarpunkti leiðsöguvirkisins/GBAS, sem og hæð og undirsvæði, ef þörf krefur						
			Athugasemd 1		Miðlínugeisl i blindlendingarkerfis	1 gráða	Mikilvæg gögn	Mæld	1 gráða	
					Hringviti (NDB)	1 gráða	Venju-bundin gögn	Mæld	1 gráða	
								Mæld		
			Athugasemd 2		Leiðsöguvirki á flugvelli	3 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1/10 sek.	Eins og er teiknað
					GBAS-viðmiðunarpunktur	1 m		Mæld		
					Leiðarflug	100 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 sek.	
								Mæld		
			Athugasemd 3		DME	30 m (100 fet)	Mikilvæg gögn	Mæld	30 m (100 fet)	30 m (100 fet)
					DME/P	3 m	Mikilvæg gögn	Mæld	3 m (10 fet)	
					GBAS-viðmiðunarpunktur	0,25 m	Mikilvæg gögn		1 m eða 1 fet	

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
Hnattrænt gervihnatta-leiðsögukerfi (GNSS)				Alheimskerfi til að ákvarða stöðu og tíma sem nær yfir einn eða fleiri klasa gervihnatta, móttökubúnað um borð í loftfari og heilleikavöktun kerfis, sem er stækkað ef þörf er á til að styðja við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu fyrir fyrirhugaða starfrækslu						
	Heiti		Texti	Heiti GNSS-kerfis (GPS, GBAS, GLONASS, EGNOS, MSAS, WAAS o.s.frv.)						
	Tíðni		Gildi	Tíðni GNSS-kerfis	Eins og við á					
	Þjónustusvæði		Marghyrmt svæði	Landfræðileg staðsetning GNSS-þjónustusvæðisins						
	Útbreiðslusvæði		Marghyrmt svæði	Landfræðileg staðsetning GNSS-útbreiðslusvæðisins						
	Rekstraryfirvald		Texti	Heiti rekstraryfirvalds búnaðarins						
Flugleiðsöguljós á jörðu				Ljós á jörðu niðri og aðrir ljósvitar sem auðkenna landfræðilegar staðsetningar sem aðildarríkið hefur valið sem mikilvægar						
	Gerð		Texti	Tegund ljósvita						
	Kennimerki		Texti	Úthlutaður kóði til að auðkenna vitann með einkvæmum hætti						
	Heiti		Texti	Heiti borgarinnar eða bæjarins eða önnur auðkenning ljósvitans						
	Ljósstyrkur		Gildi	Ljósstyrkur ljósvitans					1000 cd	

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupp- lausn	Kortaupplausn
	Eiginleikar		Texti	Upplýsingar um eiginleika ljósvitans						
	Rekstrartímar		Áætlun	Rekstrartími ljósvitans						
	Staðsetning		Punktur	Landfræðileg staðsetning ljósvitans						
Sjóvitar										
	Staðsetning		Punktur	Landfræðileg staðsetning ljósvitans						
	Sýnileiki		Fjarlægð	Sú fjarlægð sem vitinn sést frá						
	Eiginleikar		Texti	Upplýsingar um eiginleika ljósvitans						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupp- lausn	Kortaupplausn
Sérstakt leiðsögukerfi				Stöðvar sem tengjast sérstökum leiðsögukerfum (DECCA, LORAN o.s.frv.)						
	Gerð		Texti	Tegund tiltækrar þjónustu (merki frá stjórnstöð, merki frá undirstöð, litur)						
	Kennimerki		Texti	Úthlutaður kóði til að auðkenna sérstaka leiðsögukerfið með einkvæmum hætti						
	Heiti		Texti	Heiti í formi texta sem sérstaka leiðsögukerfinu er úthlutað						
	Tíðni		Gildi	Tíðni (rásarnúmer, grunnpúlstíðni, endurtekningartíðni, eftir því sem við á) fyrir sérstaka leiðsögukerfið						
	Rekstrartímar		Áætlun	Rekstrartímar sérstaka leiðsögukerfisins						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Staðsetning		Punktur	Landfræðileg staðsetning sérstaka leiðsögukerfisins		100 m	Mikilvæg gögn	Mæld/ útreiknuð		
	Rekstrareining		Texti	Heiti rekstrareiningar búnaðarins						
	Drægi búnaðar		Texti	Lýsing á drægi sérstaka leiðsögukerfisins						

6. Hindranagögn

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
Hindrun				Allar fastar (hvort heldur til bráðabirgða eða frambúðar) og hreyfanlegar hindranir eða hlutar þeirra						
	Kennimerki fyrir hindrun		Texti	Einkvæmt kennimerki fyrir hindrunina						
	Rekstraraðili/eigandi		Texti	Nafn og samskiptaupplýsingar rekstraraðila eða eiganda hindrunarinnar						
	Tegund rúmfræði		Kóðaskrá	Upplýsingar um hvort hindrunin sé punktur, lína eða marghyrnt svæði						
	Lárétt staða		Punktur, lína eða marghyrnt svæði	Lárétt staða hindrunarinnar		Sjá athugasemd 1 hér að neðan				
	Lárétt umfang		Fjarlægð	Lárétt umfang hindrunarinnar						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Landhæð		Landhæð	Landhæð hæsta punkts hindrunarinnar		Sjá athugasemd 2 hér að neðan				
	Hæð		Hæð	Hæð hindrunarinnar yfir jörðu						
	Gerð		Texti	Tegund hindrunar						
	Dagsetning og tímastimplun		Dagsetning	Dagsetning og tími þegar hindrunin var gerð						
	Aðgerðir		Texti	Fitjuaðgerðir hreyfanlegu hindrananna						
	Skilvirkni		Texti	Skilvirkni tímabundinna tegunda hindrana						
	Ljós									
		Gerð	Texti	Tegund lýsingar						
		Litur	Texti	Litur hindranaljósa						
	Merking		Texti	Tegund hindranamerkingar						
	Efniviður		Texti	Helsta yfirborðsefni hindrunarinnar						
			Athugasemd 1	Hindranir á svæði 1		50 m	Venjubundin gögn	Mæld	1 sek.	Eins og er teiknað
				Hindranir á svæði 2 (þ.m.t. 2a, 2b, 2c, 2d, flugtakssvæðið og hindranafletir)		5 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1/10 sek.	1/10 sek.
				Hindranir á svæði 3		0,5 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1/10 sek.	1/10 sek.
				Hindranir á svæði 4		2,5 m	Mikilvæg gögn	Mæld		

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
			Athugasemd 2	Hindranir á svæði 1		30 m	Venju-bundin gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	3 m (10 fet)
				Hindranir á svæði 2 (þ.m.t. 2a, 2b, 2c, 2d, flugtakssvæðið og hindranafletir)		3 m	Mikilvæg gögn	Mæld	1 m eða 1 fet	1 m eða 1 fet
				Hindranir á svæði 3		0,5 m	Mikilvæg gögn	Mæld	0,1 m eða 0,1 fet eða 0,01 m	1 m eða 1 fet
				Hindranir á svæði 4		1 m	Mikilvæg gögn	Mæld	0,1 m	

7. Landfræðileg gögn

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
Byggingar				Byggingar (sem skipta máli fyrir starfseminna) og önnur eftirtektarverð/ áberandi einkenni (á flugvelli)						
	Heiti		Texti	Nafn byggingarinnar						
	Rúmfræði		Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning byggingarinnar						
Þéttbýli				Svæði með borgum, bæjum og þorpum						
	Heiti		Texti	Heiti þéttbýlisins						
	Rúmfræði		Punktur/marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning þéttbýlisins						
Járnbrautir				Allar járnbrautir sem hægt er að nota sem kennileiti						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Heiti		Texti	Heiti járnbrautarinnar						
	Rúmfræði		Lína	Landfræðileg staðsetning járnbrautanna						
Þjóðvegir og aðrir vegir				Allir þjóðvegir og vegir sem hægt er að nota sem kennileiti						
	Heiti		Texti	Heiti þjóðvega og annarra vega						
	Rúmfræði		Lína	Landfræðileg staðsetning þjóðvega og annarra vega						
Kennileiti				Náttúruleg og menningarleg kennileiti, eins og brýr, áberandi flutningslínur, varanlega uppsettir kláfar, vindhverflar, námumannvirki, virki, rústir, flóðgarðar, leiðslur, grjót, hamrar, klettaveggir, sandöldur, afskekktir vitar og vitaskip, þegar þau eru talin mikilvæg fyrir sjónræna flugleiðsögu						
	Eiginleikar		Texti	Lýsing á kennileitinu						
	Rúmfræði		Lína	Landfræðileg staðsetning járnbrautanna						
Pólitísk landamæri				Alþjóðleg pólitísk landamæri						
	Rúmfræði		Lína	Landfræðileg staðsetning alþjóðlegu pólitísku landamæranna						
Vatnafar				Allar vatnafitjur, t.d. strandlengjur, stöðuvötn, ár og lækir (þ.m.t. vatnasvæði sem eru ekki varanleg), saltvötn, jöklar og jökulhettur						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Heiti		Texti	Heiti vatnaftjunnar						
	Rúmfræði		Lína/ marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning vatnaftjunnar						
Skóglendi				Skóglendi						
	Rúmfræði		Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning skóglendisins						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
Þjónustuvegir				Hluti af flugvallarsvæðinu sem þjónustuökutæki nota						
	Rúmfræði		Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning þjónustuveganna						
	Grunnfitja		Texti	Auðkenning á tegund fitju sem hefur orðið fyrir áhrifum						
	Grunnkenni- merki		Texti	Heiti á undirliggjandi akbraut, loftfarastæði eða hlaði						
Byggingar- svæði				Hluti flugvallarsvæðisins sem er í smíðum						
	Rúmfræði		Marghyrnt svæði	Landfræðileg staðsetning byggingar- svæðisins						
Svæði sem er óhentugt fyrir hreyfingar loftfara				Svæði sem eru óhentug fyrir hreyfingar loftfara						
	Rúmfræði		Marghyrnt svæði	Merkt athafnasvæði sem kemur aldrei til með að henta fyrir loftför og er greinilega tilgreint sem slíkt						
Viðmið- spunktur til mælinga				Merktur viðmiðspunktur til mælinga						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Auðkennisnúmer		Texti	Sérstakt einkvæmt auðkenni sem gagnaveitandinn hefur varanlega úthlutað fitjueintaki						
	Staðsetning		Punktur	Landfræðileg staðsetning viðmiðunarpunkts til mælinga						
	Landhæð		Landhæð	Landhæð viðmiðunarpunkts til mælinga						
Hnútpunktur flugleiðanets á flugvelli (ASRN)				Oddpunktur í línuriti sem ákvarðar flugleiðanet á flugvelli						
	Auðkenni fyrir net		Texti	Rökrétt heiti sem samanstendur af afmarkaðri skrá yfir heiti fyrir eina eða fleiri fitjur sem tengjast ASRN-fitjunni						
	Auðkenni fyrir þröskuld		Texti	Heiti fitjueintaksins						
	Auðkennisnúmer		Texti	Sérstakt einkvæmt auðkenni sem gagnaveitandi hefur varanlega úthlutað fitjueintaki						
	Tilvísun í flugstöðvarbyggingu (e. term ref)		Texti	Flugstöðvarbygging sem tengist fitjueintakinu						
	Tegund hnútpunkts		Texti	Tegund hnútpunkts						
	Stöðvunarflokkur		Texti	Flokkur fyrir starfrækslu í lélegu skyggni á biðstað						
	Staðsetning		Punktur	Landfræðileg staðsetning ASRN-hnútpunkts						
ASRN-jaðar				Tenging á milli hnútpunkta í línuriti sem ákvarðar flugleiðanet á flugvelli						

Viðfangsefni	Eiginleiki	Undireiginleiki	Gerð	Lýsing	Athugasemd	Nákvæmni	Heilleiki	Uppruni	Útgáfuupplausn	Kortaupplausn
	Auðkenni fyrir net		Texti	Rökrétt heiti sem samanstendur af afmarkaðri skrá yfir heiti fyrir eina eða fleiri fitjur sem tengjast ASRN-fitjunn						
	Stefna		Texti	Ein- eða tviátta stefna fyrir samsvarandi fitjueintak						
	Tilvísun í hnútpunkt 1		Texti	Auðkennisnúmer ASRN-hnútpunkts sem samsvarar upphafspunkti rúmfræði jaðarsins						
	Tilvísun í hnútpunkt 2		Texti	Auðkennisnúmer ASRN-hnútpunkts sem samsvarar endapunkti rúmfræði jaðarsins						
	Tegund jaðars		Texti	Tegund jaðars						
	Afleiðsla jaðars		Texti	Afleiðsluáferð að því er varðar rúmfræði jaðarsins						
	Rúmfræði		Lína	Landfræðileg staðsetning ASRN-jaðarsins						

Gagnatög, sem um getur í 4. dálki „Tegund“

Gerð	Lýsing	Gagnaatriði
Punktur	Hnitamengi (breiddar- og lengdargráða) með tilvísun í stærðfræðilega sporvölu, sem skilgreina stöðu punkts á yfirborði jarðar	Breiddargráða Lengdargráða Hnitakerfi Mælieiningar Lárétt nákvæmni sem er náð
Lína	Röð punkta sem ákvarðar línulegan hlut	Röð punkta
Marghyrnt svæði	Röð punkta sem afmarka útlínur marghyrnda svæðisins; fyrsti og síðasti punkturinn eru nákvæmlega eins	Lokuð röð punkta
Hæð	Lóðrétt fjarlægð lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá tilteknu viðmiði	Tölugildi Hæðarkerfi Mælieiningar Lóðrétt nákvæmni sem er náð
Flughæð	Lóðrétt fjarlægð lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli	Tölugildi Hæðarkerfi Mælieiningar Lóðrétt nákvæmni sem er náð
Landhæð	Lóðrétt fjarlægð punkts eða lags á yfirborði jarðar eða sem tengist yfirborði jarðar, mæld frá meðalsjávarmáli	Tölugildi Hæðarkerfi Mælieiningar Lóðrétt nákvæmni sem er náð
Fjarlægð	Horngildi	Tölugildi Mælieiningar Nákvæmni sem er náð
Horn/miðun	Horngildi	Tölugildi Mælieiningar Nákvæmni sem er náð
Gildi	Sérhvert mælt, yfirlýst eða afleitt gildi sem er ekki tilgreint hér að framan	Tölugildi Mælieiningar Nákvæmni sem er náð
Dagsetning	Almanaksdagur sem vísar í tiltekinn dag eða mánuð	Texti
Áætlun	Endurtekið tímabil, sem samanstendur af einu eða fleiri tímabilum eða sérstökum dögum (t.d. frídögum) sem eiga sér stað endurtekið	Texti
Kóðaskrá	Röð af fyrirframskilgreindum textabútum eða gildum	Texti
Texti	Frjáls texti	Runa rittákna án takmarkana“.

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum A-kafla er breytt sem hér segir:

i. Í 1. þætti bætast við eftirfarandi liðir ATS.OR.110–ATS.OR.150:

„ATS.OR.110 Samræming milli rekstraraðila flugvallar og veitenda flugumferðarþjónustu

Veitandi flugumferðarþjónustu skal koma á fót fyrirkomulagi við rekstraraðila flugvallarins þar sem hann veitir flugumferðarþjónustu til að tryggja fullnægjandi samræmingu aðgerða og þjónustu sem veitt er, auk miðlunar á viðeigandi gögnum og upplýsingum.

ATS.OR.115 Samræming milli herdeilda og veitenda flugumferðarþjónustu

Án þess að hafa áhrif á ákvæði 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2150/2005 skal veitandi flugumferðarþjónustu tryggja að flugumferðarþjónustudeildir hans veiti viðkomandi herdeildum, annaðhvort reglubundið eða samkvæmt beiðni, í samræmi við ferli sem eru samþykkt á svæðinu, viðeigandi flugáætlun og aðrar upplýsingar sem varða flug almenningsloftfara til að auðvelda auðkenningu þeirra.

ATS.OR.120 Samræming milli veitenda veðurþjónustu og veitenda flugumferðarþjónustu

a) Til að tryggja að loftför fái nýjustu veðurupplýsingarnar fyrir starfrækslu loftfara skal veitandi flugumferðarþjónustu gera ráðstafanir við viðkomandi veitanda veðurþjónustu um að starfsfólk flugumferðarþjónustu:

- 1) noti ekki bara mælitæki til að tilkynna um veðurþætti heldur tilkynni einnig, samkvæmt samkomulagi, um aðra veðurþætti sem starfsfólk flugumferðarþjónustu verður vart við eða sem loftför tilkynna um,
- 2) tilkynni eins fljótt og auðið er um veðurfyrirbæri sem skipta máli fyrir starfræksluna, ef starfsfólk flugumferðarþjónustu verður vart við slíkt eða ef loftför tilkynna um slíkt, sem hafa ekki verið tiltekin í veðurskeytinu frá flugvellinum,
- 3) tilkynni eins fljótt og auðið er um mikilvægar upplýsingar um eldvirkni sem er fyrirboði eldgoss, eldgos og upplýsingar um gosöskuský. Þar að auki skulu flugstjórnarmiðstöðvar og flugupplýsingamiðstöðvar miðla upplýsingunum til viðkomandi aðalveðurstofu og ráðgjafamiðstöðva um gjóskudreifingu (VAAC).

b) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að náð samstarf sé á milli flugstjórnarmiðstöðva, flugupplýsingamiðstöðva og viðkomandi aðalveðurstofa svo að samræmi sé á milli upplýsinga um gosöskuský í NOTAM- og SIGMET-skeytum.

ATS.OR.125 Samræming milli upplýsingaþjónustu flugmála og veitenda flugumferðarþjónustu

a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal láta viðeigandi veitanda upplýsingaþjónustu flugmála í té þær flugmálaupplýsingar sem á að birta eftir því sem nauðsynlegt er til að hægt sé að nota slíka flugumferðarþjónustu.

b) Til að tryggja að veitendur upplýsingaþjónustu flugmála fái upplýsingar sem gera þeim kleift að veita dagréttar upplýsingar fyrir flug og uppfylla þörf fyrir upplýsingar meðan á flugi stendur skal veitandi flugumferðarþjónustu og veitandi upplýsingaþjónustu flugmála gera ráðstafanir til að tilkynna ábyrgum veitanda upplýsingaþjónustu flugmála eins fljótt og hægt er um eftirfarandi:

- 1) upplýsingar um ástand flugvallar,
- 2) starfhæfi tilheyrandi aðstöðu, þjónustu og leiðsöguvirkja sem falla undir þeirra ábyrgðarsvæði,
- 3) eldvirkni sem starfsfólk flugumferðarþjónustu verður vart við eða loftfar tilkynnir um,
- 4) allar aðrar upplýsingar sem teljast mikilvægar starfrækslunni.

- c) Áður en veitandi flugumferðarþjónustu gerir breytingar á flugleiðsögukerfunum, sem falla undir hans ábyrgð, skal hann:
- 1) tryggja náð samstarf við viðkomandi veitanda eða veitendur upplýsingaþjónustu flugmála,
 - 2) taka tilhlýðilegt tillit til þess tíma sem veitandi upplýsingaþjónustu flugmála þarf til undirbúnings, gerðar og útgáfu viðeigandi efnis til dreifingar,
 - 3) veita viðkomandi veitanda upplýsingaþjónustu flugmála upplýsingarnar tímanlega.
- d) Veitandi flugumferðarþjónustu skal virða fyrirframákveðna, alþjóðlega samþykta gildistökdaga fyrirvara-dreifingarinnar (AIRAC) að viðbættum 14 daga póstsendingartíma þegar hann afhendir veitendum flugmála-upplýsinga frumupplýsingar eða frumgögn, eða hvort tveggja, með fyrirvara um AIRAC-lotuna.

ATS.OR.130 Tími frá flugumferðarþjónustunni

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugumferðarþjónustudeildirnar séu búnar klukkum sem sýna tímamann í klukkustundum, mínútum og sekúndum og sem sjást greinilega frá hverri vinnustöð í viðkomandi deild.
- b) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að klukkan og önnur tímaskráningartæki flugumferðarþjónustudeilda séu athuguð eftir þörfum til að tryggja réttan tíma innan við ± 30 sekúndur frá alheimstíma. Þegar flugumferðarþjónustudeildir nota fjarskipti um gagnatengingu skal athuga klukkan og önnur tíma-skráningartæki eftir þörfum til að tryggja réttan tíma innan við einni sekúndu frá alheimstíma.
- c) Réttur tími skal fenginn frá stöð með staðaltíma eða, ef það er ekki hægt, frá annarri deild sem hefur fengið réttan tíma frá slíkri stöð.

ATS.OR.135 Viðbragðsráðstafanir

Veitandi flugumferðarþjónustu skal þróa viðbragðsáætlanir, eins og krafist er í lið ATM/ANS.OR.A.070 í III. viðauka, í nánu samstarfi við þá veitendur flugumferðarþjónustu sem bera ábyrgð á veitingu þjónustu í aðliggjandi hlutum loftrymis og, eins og við á, við viðkomandi loftrýmisnotendur.

ATS.OR.140 Bilanir og frávik í kerfum og búnaði

Veitandi flugumferðarþjónustu skal koma á fót viðeigandi ráðstöfunum svo að flugumferðarþjónustudeildir tilkynni tafarlaust um allar bilanir eða frávik í fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarkerfum eða í öðrum kerfum eða búnaði sem skiptir máli fyrir öryggi, sem gætu haft áhrif á öryggi eða skilvirkni flugs eða veitingu flugumferðarþjónustu eða hvort tveggja.

ATS.OR.145 Rekstur flugumferðarstjórnarþjónustu

Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að upplýsingar um hreyfingar loftfara, ásamt gögnum yfir flugheimildir sem veittar eru líkum loftförum, séu sýndar þannig að hægt sé að gera greiningu án tafar í þeim tilgangi að viðhalda skilvirkri flæði flugumferðar með nægilegum aðskilnaði á milli loftfara.

ATS.OR.150 Framsal ábyrgðar á flugumferðarstjórn og flutningur fjarskipta

Veitandi flugumferðarþjónustu skal koma á fót viðeigandi verklagsreglum um samræmingu fyrir framsal ábyrgðar á flugumferðarstjórn, þ.m.t. fyrir flutning fjarskipta og afhendingarstaði flugumferðarstjórnar, í samstarfs-samningum og flugrekstrarhandbókum, eins og við á.

ii. Eftirfarandi 4. og 5. þætti er bætt við:

„4. ÞÁTTUR

KRÖFUR VARÐANDI FJARSKIPTI

ATS.OR.400 Farstöðvabjónusta fyrir flug (fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva) — almennt

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal nota talsamband og/eða gagnatengingu í fjarskiptum milli loftfara og jarðstöðva í tengslum við flugumferðarþjónustu.
- b) Þegar bein tviátta fjarskipti með talsambandi eða gagnatengingu á milli flugmanns og flugumferðarstjóra eru notuð til að veita flugumferðarstjórnarþjónustu skal veitandi flugumferðarþjónustu koma upp skráningarbúnaði á öllum slíkum fjarskiptarásum milli loftfara og jarðstöðva.
- c) Þegar bein tviátta fjarskipti með talsambandi eða gagnatengingu eru notuð til að veita flugupplýsingaþjónustu, þ.m.t. AFIS-þjónustu, skal veitandi flugumferðarþjónustu koma upp skráningarbúnaði á öllum slíkum fjarskiptarásum milli loftfara og jarðstöðva nema lögbært yfirvald kveði á um annað.

ATS.OR.405 Notkun og tiltækileiki VHF-neyðartíðninnar

- a) Eins og mælt er fyrir um í 3. gr. d skal nota VHF-neyðartíðnina (121,500 MHz) í raunverulegum neyðartilvikum, þ.m.t. við eitthvað af eftirtöldu:
 - 1) til að koma á tiltækri rás milli loftfars í nauð og jarðstöðvar þegar hefðbundnar rásir eru notaðar fyrir önnur loftför,
 - 2) til að koma á VHF-fjarskiptarás, sem er venjulega ekki notuð í alþjóðlegri flugþjónustu, milli loftfara og flugvalla ef neyðaraðstæður koma upp,
 - 3) til að koma á sameiginlegri VHF-fjarskiptarás milli loftfara, sem geta verið annaðhvort almenningsloftför eða herloftför, og á milli slíkra loftfara og þjónustu á jörðu niðri, sem taka þátt í sameiginlegum leitar- og björgunaraðgerðum, áður en þau skipta yfir á viðeigandi tíðni þegar nauðsynlegt er,
 - 4) til að koma á fjarskiptum milli loftfara og jarðstöðva ef bilun í tækjabúnaði flugvélar kemur í veg fyrir að hægt sé að nota hefðbundnu rásirnar,
 - 5) til að koma á rás fyrir starfrækslu neyðarsenda og fyrir fjarskipti á milli björgunarfara og loftfara sem taka þátt í leitar- og björgunaraðgerðum,
 - 6) til að koma á sameiginlegri VHF-rás til fjarskipta á milli almenningsloftfara og eineltisloftfara eða eineltisstjómstöðva og á milli almennings- eða eineltisloftfara og flugumferðarþjónustudeilda ef um er að ræða einelti almenningsloftfars.
- b) Veitandi flugumferðarþjónustu skal gera tíðnina 121,500 Mhz tiltæka fyrir:
 - 1) allar flugstjórnarmiðstöðvar og flugupplýsingamiðstöðvar,
 - 2) flugturna og aðflugsstjórnardeildir sem sinna alþjóðlegum flugvöllum og alþjóðlegum varaflugvöllum,
 - 3) alla aðra staði, sem lögbært yfirvald tilnefmir, ef tiltækileiki þessarar tíðni er talinn nauðsynlegur til að tryggja tafarlausa viðtöku neyðarkalls eða til að þjóna þeim tilgangi sem tilgreindur er í a-lið.

ATS.OR.410 Farstöðvaþjónusta fyrir flug (fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva) — flugupplýsingaþjónusta

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja, að því marki sem unnt er og lögbært yfirvald hefur samþykkt, að búnaður fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva geri flugupplýsingamiðstöðvum og loftförum með réttan búnað kleift að eiga tviátta fjarskipti, óháð því hvar loftfarið flýgur innan flugupplýsingasvæðisins.
- b) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að búnaður fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva geri AFIS-deild og loftfari með réttan búnað kleift að eiga bein, hröð og stöðug tviátta fjarskipti án fjarskiptatruflana þegar loftfarið flýgur innan loftrýmisins sem um getur í 3. lið a-liðar ATS.TR.110.

ATS.OR.415 Farstöðvaþjónusta fyrir flug (fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva) — flugstjórnarsvæðisþjónusta

Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að búnaður fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva geri deild, sem veitir flugstjórnarsvæðisþjónustu, og loftfari með réttan búnað kleift að eiga tviátta fjarskipti, óháð því hvar loftfarið flýgur innan flugstjórnarsvæðisins eða -svæðanna.

ATS.OR.420 Farstöðvaþjónusta fyrir flug (fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva) — aðflugsstjórnarþjónusta

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að búnaður fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva geri deild, sem veitir aðflugsstjórnarþjónustu, og loftfari, sem er með réttan búnað og er undir stjórn deildarinnar, kleift að eiga bein, hröð og stöðug tviátta fjarskipti án fjarskiptatruflana.
- b) Ef deildin, sem veitir aðflugsstjórnarþjónustu, er sérdeild skulu fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva fara fram í gegnum fjarskiptarásir sem deildin hefur einkaaðgang að.

ATS.OR.425 Farstöðvaþjónusta fyrir flug (fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva) — flugturnsþjónusta

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að búnaður fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva geri flugturni og loftfari með réttan búnað kleift að eiga bein, hröð og stöðug tviátta fjarskipti án fjarskiptatruflana, þegar loftfarið flýgur innan 45 km (25 sjómílna) radiuss frá viðkomandi flugvelli.
- b) Ef aðstæður gefa tilefni til skal veitandi flugumferðarþjónustu gera aðskildar fjarskiptarásir tiltækar til að stjórna umferð á umferðarsvæðinu.

ATS.OR.430 Faststöðvaþjónusta fyrir flug (fjarskipti milli jarðstöðva) — almennt

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að notuð séu bein talfjarskipti eða fjarskipti um gagnatengingu, eða hvort tveggja, við fjarskipti milli jarðstöðva í tengslum við flugumferðarþjónustu.
- b) Þegar fjarskipti vegna samræmingar á flugumferðarstjórn byggja á sjálfvirkni skal veitandi flugumferðarþjónustu tryggja að bilun í slíkri sjálfvirkri samræmingu sé skýrt tilkynnt þeim flugumferðarstjóra eða -stjórum sem bera ábyrgð á því að samræma flug við afhendingardeild.

ATS.OR.435 Faststöðvaþjónusta fyrir flug (fjarskipti milli jarðstöðva) — fjarskipti innan flugupplýsingasvæðis

- a) Fjarskipti milli flugumferðarþjónustudeilda
 - 1) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugupplýsingamiðstöð hafi búnað til að eiga fjarskipti við eftirfarandi deildir sem veita þjónustu á ábyrgðarsvæði hvers og eins:
 - i. flugstjórnarmiðstöðina,

- ii. aðflugsstjórnardeildir,
 - iii. flugturna,
 - iv. AFIS-deildir.
- 2) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugstjórnarmiðstöð, til viðbótar því að vera tengd flugupplýsingamiðstöðinni eins og mælt er fyrir um í 1. lið, hafi búnað til að eiga fjarskipti við eftirfarandi deildir sem veita þjónustu á ábyrgðarsvæði hvers og eins:
- i. aðflugsstjórnardeildir,
 - ii. flugturna,
 - iii. AFIS-deildir,
 - iv. flugvarðstofur, ef þeim er komið á fót með aðskildum hætti.
- 3) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að aðflugsstjórnardeild, til viðbótar því að vera tengd flugupplýsingamiðstöðinni og flugstjórnarmiðstöðinni eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. lið, hafi búnað til að eiga fjarskipti við:
- i. tilheyrandi flugturn eða flugturna,
 - ii. viðkomandi AFIS-deild eða -deildir,
 - iii. tilheyrandi flugvarðstofu eða flugvarðstofur, ef þeim er komið á fót með aðskildum hætti.
- 4) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugturn eða AFIS-deild, til viðbótar því að vera tengd flugupplýsingamiðstöðinni, flugstjórnarmiðstöðinni og aðflugsstjórnardeildinni, eins og mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. lið, hafi búnað til að eiga fjarskipti við tilheyrandi flugvarðstofu, ef henni er komið á fót með aðskildum hætti.
- b) Fjarskipti milli flugumferðarþjónustudeilda og annarra deilda
- 1) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugupplýsingamiðstöð og flugstjórnarmiðstöð hafi búnað til að eiga fjarskipti við eftirfarandi deildir sem veita þjónustu á ábyrgðarsvæði hvers og eins:
- i. viðeigandi herdeildir,
 - ii. veitanda eða veitendur veðurþjónustu sem sinna miðstöðinni,
 - iii. flugfjarskiptastöðina sem sinnir miðstöðinni,
 - iv. skrifstofur viðeigandi flugrekenda,
 - v. björgunarmiðstöðina eða, ef slík stöð er ekki til staðar, aðra viðeigandi neyðarþjónustu,
 - vi. alþjóðlegu NOTAM-skrifstofuna sem sinnir miðstöðinni.
- 2) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að aðflugsstjórnardeild, flugturn og AFIS-deild hafi búnað til að eiga fjarskipti við eftirfarandi deildir sem veita þjónustu á ábyrgðarsvæði hvers og eins:
- i. viðeigandi herdeildir,
 - ii. björgunar- og neyðarþjónustu (þ.m.t. sjúkraflytningar, slökkvistörf o.s.frv.),
 - iii. veitanda veðurþjónustu sem sinnir viðkomandi deild,
 - iv. flugfjarskiptastöðina sem sinnir viðkomandi deild,
 - v. deildina sem veitir hlaðstjórnunarþjónustu, ef henni er komið á fót með aðskildum hætti.
- 3) Búnaðurinn fyrir fjarskipti, sem krafist er skv. i. lið 1. liðar b-liðar og i. lið 2. liðar b-liðar, skal gera kleift að eiga hröð og áreiðanleg fjarskipti milli viðkomandi flugumferðarþjónustudeild og herdeildarinnar eða -deildanna sem bera ábyrgð á eftirliti með eineltisaðgerðum innan ábyrgðarsvæðis flugumferðarþjónustudeildarinnar, til að uppfylla þær skyldur sem settar eru fram í 11. þætti í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012.

- c) Lýsing á fjarskiptabúnaði
- 1) Fjarskiptabúnaðurinn, sem krafist er skv. a-lið, i. lið 1. liðar b-liðar og i. lið 2. liðar b-liðar, ii. lið 2. liðar b-liðar og iii. lið 2. liðar b-liðar, skal fela í sér eftirfarandi möguleika:
 - i. fjarskipti eingöngu með beinu talsambandi eða í bland við fjarskipti um gagnatengingu, þar sem fjarskiptum er komið á samstundis í þeim tilgangi að flytja flugumferðarstjórn með notkun ratsjár eða ADS-B og alla jafna innan 15 sekúndna í öðrum tilgangi,
 - ii. prentuð fjarskipti, þegar skriflegrar útgáfu er krafist; flutningstími skilaboða fyrir slík fjarskipti er að hámarki fimm mínútur.
 - 2) Í öllum tilvikum sem falla ekki undir 1. lið c-liðar skal fjarskiptabúnaðurinn fela í sér eftirfarandi möguleika:
 - i. fjarskipti eingöngu með beinu talsambandi eða í bland við fjarskipti um gagnatengingu, þar sem fjarskiptum er alla jafna komið á innan 15 sekúndna,
 - ii. prentuð fjarskipti, þegar skriflegrar útgáfu er krafist; flutningstími skilaboða fyrir slík fjarskipti er að hámarki fimm mínútur.
 - 3) Í öllum tilvikum þar sem krafist er sjálfvirks flutnings gagna til eða frá tölvum flugumferðarþjónustu, eða í báðar áttir, skal viðeigandi búnaður fyrir sjálfvirka skráningu vera til staðar.
 - 4) Fjarskiptabúnaðurinn, sem krafist er skv. i., ii., og iii. lið 2. liðar í b-lið, skal fela í sér möguleika á beinu talsambandi, sem komið er á með fjarfundarþúnaði, þar sem fjarskiptum er alla jafna komið á innan 15 sekúndna.
 - 5) Allur búnaður fyrir bein tal fjarskipti eða fjarskipti um gagnatengingu milli flugumferðarþjónustudeilda og milli flugumferðarþjónustudeilda og annarra deilda, sem lýst er í 1. og 2. lið b-liðar, skal vera með sjálfvirkri skráningu.

ATS.OR.440 Faststöðvaþjónusta fyrir flug (fjarskipti milli jarðstöðva) — fjarskipti milli flugupplýsinga-svæða

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugupplýsingamiðstöðvar og flugstjórnarmiðstöðvar hafi búnað til að eiga fjarskipti við allar aðliggjandi flugupplýsingamiðstöðvar og flugstjórnarmiðstöðvar. Þessi fjarskiptabúnaður skal í öllum tilvikum fela í sér möguleikann á að skilaboð séu veitt á því formi sem hentar til varanlegrar skráningar og að þau séu send í samræmi við þá flutningstíma sem tilgreindir eru í samningi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um svæðisbundna flugleiðsögu.
- b) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að búnaður fyrir fjarskipti milli flugstjórnarmiðstöðva sem sinna aðliggjandi flugstjórnarsvæðum feli auk þess í sér möguleikann á beinu talsambandi og, þar sem við á, fjarskiptum um gagnatengingu, með sjálfvirkri skráningu, þar sem fjarskiptum er komið á samstundis í þeim tilgangi að flytja flugumferðarstjórn með notkun kögunargagna flugumferðarþjónustu og alla jafna innan 15 sekúndna í öðrum tilgangi.
- c) Þegar þess er krafist samkvæmt samningi milli hlutaðeigandi ríkja til að útrýma eða draga úr nauðsyn á einelti, ef um er að ræða frábrigði frá úthlutuðum ferli, skal veitandi flugumferðarþjónustu tryggja að búnaður fyrir fjarskipti milli aðliggjandi flugupplýsingamiðstöðva eða flugstjórnarmiðstöðva annarra en þeirra sem um getur í b-lið:
 - 1) feli í sér möguleika á fjarskiptum eingöngu með beinu talsambandi eða í bland við fjarskipti um gagnatengingu,
 - 2) geri að jafnaði kleift að koma á fjarskiptum innan 15 sekúndna,
 - 3) sé búinn sjálfvirkri skráningu.

- d) Viðkomandi veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að aðliggjandi flugumferðarþjónustudeildir séu tengdar í öllum tilvikum þar sem sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.
- e) Þegar staðbundin skilyrði eru þannig að nauðsynlegt er að veita loftfari heimild til að fara inn í flugstjórnarrými fyrir brottflug skal viðkomandi veitandi eða veitendur flugumferðarþjónustu tryggja að flugumferðarþjónustudeildirnar, sem veita loftfarinu flugheimild, séu tengdar flugumferðarstjórnardeildinni sem sinnir aðliggjandi flugstjórnarrými.
- f) Fjarskiptabúnaðurinn, sem notaður er til að koma á þeim tengingum sem um getur í d- og e-lið, skal fela í sér möguleikann á fjarskiptum eingöngu með beinu talsambandi eða í bland við fjarskipti um gagnatengingu með sjálfvirkri skráningu, þar sem fjarskiptum er komið á samstundis í þeim tilgangi að flytja flugumferðarstjórn með notkun kögunarþjónustu flugumferðarstjórnar og alla jafna innan 15 sekúndna í öðrum tilgangi.
- g) Veitandi flugumferðarþjónustu skal sjá til þess að viðeigandi búnaður sé fyrir hendi í öllum tilvikum þar sem sjálfvirkra gagnaskipta milli tölva flugumferðarþjónustu er krafist.

ATS.OR.445 Fjarskipti að því er varðar eftirlit eða stjórnun ökutækja annarra en loftfara á umferðarsvæðum flugvalla

- a) Nema fjarskipti með notkun sjónmerkjakerfis teljast nægileg skal veitandi flugumferðarþjónustu tryggja búnað fyrir tviátta þráðlaus talfjarskipti fyrir aðra hvora eftirfarandi þjónustu:
 - 1) flugturnsþjónustu til að hafa eftirlit með ökutækjum á umferðarsvæðinu,
 - 2) AFIS-þjónustu fyrir stjórnun ökutækja á umferðarsvæðinu, ef slík þjónusta er veitt í samræmi við f-lið ATS.TR.305.
- b) Þörfin á að hafa aðskildar fjarskiptarásir fyrir eftirlit eða stjórnun ökutækja á umferðarsvæðinu skal ákvörðuð á grundvelli öryggismats.
- c) Koma skal upp búnaði fyrir sjálfvirka skráningu á öllum rásum sem um getur í b-lið.

ATS.OR.450 Sjálfvirk skráning kögunargagna

Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að kögunargögn frá frumratsjárnúnaði og svarratsjárnúnaði eða öðrum kerfum (t.d. ADS-B, ADS-C), sem eru notuð til að styðja við flugumferðarþjónustu, séu skráð sjálfkrafa til að nota við rannsóknir á slysum og atvikum, leitar- og björgunaraðgerðir og flugumferðarþjónustu sem og við mat á og þjálfun í kögunarkerfum.

ATS.OR.455 Varðveisla skráðra upplýsinga og gagna

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal varðveita eftirfarandi í a.m.k. 30 daga:
 - 1) skráningar af fjarskiptarásum, eins og tilgreint er í b- og c-lið ATS.OR.400,
 - 2) skráningar á gögnum og fjarskiptum, eins og tilgreint er í 3. og 5. lið c-liðar ATS.OR.435,
 - 3) sjálfvirkar skráningar, eins og tilgreint er í ATS.OR.440,
 - 4) skráningar á fjarskiptum, eins og tilgreint er í ATS.OR.445,
 - 5) skráningar á gögnum, eins og tilgreint er í ATS.OR.450,
 - 6) flugstjórnarræmur úr pappír, rafræn gögn varðandi framvindu flugs og samræmingu.
- b) Þegar skráningar og leiðarbækur, sem um getur í a-lið, varða rannsóknir á slysum og atvikum skal varðveita þær lengur, þar til ljóst er að ekki sé lengur þörf á þeim.

ATS.OR.460 Skráning bakgrunnsfjarskipta og allra hljóða

- a) Nema lögbært yfirvald kveði á um annað skulu flugumferðarþjónustudeildir búnar búnaði sem skráir bakgrunnsfjarskipti og öll hljóð á vinnustöðvum flugumferðarstjóra, starfsmanna flugupplýsingaþjónustu eða starfsmanna AFIS-þjónustu, eftir því sem við á, og sem getur varðveitt upplýsingarnar sem eru skráðar a.m.k. síðustu 24 tíma starfrækslunnar.
- b) Einungis skal nota slíkar skráningar vegna rannsókna á slysum og atvikum sem skylt er að tilkynna um.

*5. ÞÁTTUR***KRÖFUR VARÐANDI UPPLÝSINGAR****ATS.OR.500 Veðurupplýsingar — almennt**

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að dagréttar upplýsingar um ríkjandi veðurskilyrði og veðurspár séu gerðar aðgengilegar viðeigandi flugumferðarþjónustudeildum eins og nauðsynlegt er til að þær geti sinnt störfum sínum.
- b) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að fyrirbyggjandi ítarlegar upplýsingar um veðurfyrirbæri, þ.m. t. staðsetningu þeirra, lóðréttu útbreiðslu, stefnu og hreyfihraða, í grennd við flugvöllinn, og einkum á aðflugs- og fráklífursvæðunum, sem gætu verið hættuleg starfrækslu loftfara, séu láttnar í té viðeigandi flugumferðarþjónustudeildum.
- c) Upplýsingarnar í a- og b-lið skulu veittar á forni sem krefst lágmarkstúlkunar af hendi starfsfólks flugumferðarþjónustu og með tíðni sem uppfyllir kröfur viðkomandi flugumferðarþjónustudeilda.

ATS.OR.505 Veðurupplýsingar fyrir flugupplýsingamiðstöðvar og flugstjórnarmiðstöðvar

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugupplýsingamiðstöðvum og flugstjórnarmiðstöðvum séu veittar veðurupplýsingar, sem mælt er fyrir um í f-lið MET.OR.245 í V. viðauka, þar sem lögð er sérstök áhersla á veðurskilyrði sem fara versnandi eða er spáð að fari versnandi, um leið og hægt er að ákvarða slíkt. Þessi veðurskeyti og veðurspár skulu ná yfir flugupplýsingasvæðið eða flugstjórnarsvæðið og önnur slík svæði, ef lögbært yfirvald kveður á um það.
- b) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugupplýsingamiðstöðvar og flugstjórnarmiðstöðvar fái, með viðeigandi millibili, nýjustu gögnin um loftþrýsting til að stilla hæðarmæla, fyrir staðsetningar sem viðkomandi flugupplýsingamiðstöð eða flugstjórnarmiðstöð tilgreinir.

ATS.OR.510 Veðurupplýsingar fyrir deildir sem veita aðflugsstjórnarþjónustu

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að deildir sem veita aðflugsstjórnarþjónustu fái veðurupplýsingar fyrir loftrýmið og flugvellina sem eru á ábyrgð þeirra, eins og mælt er fyrir um í b-lið MET.OR.242 í V. viðauka.
- b) Ef margir vindmælar eru notaðir skal veitandi flugumferðarþjónustu tryggja að skjáirnir sem þeir eru tengdir við séu skilmerkilega merktir til að auðkenna flugbrautina og þann hluta flugbrautarinnar sem hver vindmælir vaktar.
- c) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að deildir sem veita aðflugsstjórnarþjónustu fái nýjustu gögnin um loftþrýsting til að stilla hæðarmæla, fyrir staðsetningar sem deildin sem veitir aðflugsstjórnarþjónustuna tilgreinir.

- d) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að deildir sem veita aðflugsstjórnarþjónustu fyrir lokaaðflug, landingu og flugtak séu búnar skjá eða skjám sem sýna mælingar á yfirborðsvindi. Skjárinn eða skjáirnir skulu tengdir sama athugunarstað eða -stöðum og sýna mælingar frá sama skynjara eða skynjurum og samsvarandi skjár eða skjáir í flugturninum og/eða hjá AFIS-deildinni og í flugveðurstöðinni, ef slík stöð er til staðar.
- e) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að deildir sem veita aðflugsstjórnarþjónustu fyrir lokaaðflug, landingu og flugtak á flugvöllum, þar sem gildi fyrir flugbrautarskyggni eru metin með aðstoð mælitækja, séu búnar einum eða fleiri skjám sem gerir aflestur á nýjustu gildunum fyrir flugbrautarskyggni kleifan. Skjárinn eða skjáirnir skulu tengdir sama athugunarstað eða -stöðum og sýna mælingar frá sama skynjara eða skynjurum og samsvarandi skjár eða skjáir í flugturninum og/eða hjá AFIS-deildinni og í flugveðurstöðinni, ef slík stöð er til staðar.
- f) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að deildir sem veita aðflugsstjórnarþjónustu fyrir lokaaðflug, landingu og flugtak á flugvöllum, þar sem hæð neðra borðs skýja er metið með aðstoð mælitækja, séu búnar einum eða fleiri skjám sem gerir aflestur á nýjustu gildunum fyrir hæð neðra borðs skýja kleifan. Skjáirnir skulu tengdir sama athugunarstað eða -stöðum og sýna mælingar frá sama skynjara eða skynjurum og samsvarandi skjár eða skjáir í flugturninum og/eða hjá AFIS-deildinni og í flugveðurstöðinni, ef slík stöð er til staðar.
- g) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að deildir sem veita aðflugsstjórnarþjónustu fyrir lokaaðflug, landingu og flugtak fái fyrirbyggjandi upplýsingar um vindhvörf sem gætu haft skaðleg áhrif á loftför á landingar- eða flugtaksslóðum eða meðan á hringaðflugi stendur.

ATS.OR.515 Veðurupplýsingar fyrir flugturna og AFIS-deildir

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugturnar og, nema lögbært yfirvald kveði á um annað, AFIS-deildir fái veðurupplýsingar fyrir þann flugvöll sem er á ábyrgð þeirra, eins og mælt er fyrir um í a-lið MET.OR.242 í V. viðauka.
- b) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugturnar og AFIS-deildir fái nýjustu gögnin um loftþrýsting til að stilla hæðarmæla fyrir viðkomandi flugvöll.
- c) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugturnar og AFIS-deildir séu búnar einum eða fleiri skjám sem sýna mælingar á yfirborðsvindi. Skjárinn eða skjáirnir skulu tengdir sama athugunarstað eða -stöðum og sýna mælingar frá sama skynjara eða skynjurum og samsvarandi skjár eða skjáir í flugveðurstöðinni, ef slík stöð er til staðar. Ef margir skynjarar eru notaðir skulu skjáirnir, sem þeir eru tengdir við, vera skilmerkilega merktir til að auðkenna flugbrautina og þann hluta flugbrautarinnar sem hver skynjari vaktar.
- d) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að á flugvöllum þar sem gildi fyrir flugbrautarskyggni er mælt með aðstoð mælitækja séu flugturnar og AFIS-deildir búnar einum eða fleiri skjám sem gerir aflestur á nýjustu gildunum fyrir flugbrautarskyggni kleifan. Skjárinn eða skjáirnir skulu tengdir sama athugunarstað eða -stöðum og sýna mælingar frá sama skynjara eða skynjurum og samsvarandi skjár eða skjáir í flugveðurstöðinni, ef slík stöð er til staðar.
- e) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að á flugvöllum þar sem hæð neðra borðs skýja er metið með aðstoð mælitækja séu flugturnar og AFIS-deildir búnar einum eða fleiri skjám sem gerir aflestur á nýjustu gildunum fyrir hæð neðra borðs skýja kleifan. Skjáirnir skulu tengdir sama athugunarstað eða -stöðum og sýna mælingar frá sama skynjara eða skynjurum og samsvarandi skjár eða skjáir í flugturninum og hjá AFIS-deildum og í flugveðurstöðinni ef slík stöð er til staðar.
- f) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugturn og AFIS-deildir fái fyrirbyggjandi upplýsingar um vindhvörf sem gætu haft skaðleg áhrif á loftför á landingar- eða flugtaksslóðum eða meðan á hringaðflugi stendur, og á loftför á flugbraut í landingar- eða flugtaksbruni.
- g) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugturnar, AFIS-deildir og/eða aðrar viðeigandi deildir fái veðurviðvaranir fyrir flugvöll, í samræmi við b-lið MET.OR.215 í V. viðauka.

ATS.OR.520 Upplýsingar um ástand flugvallar og starfhæfi tilheyrandi aðstöðu

Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugturnar, AFIS-deildir og deildir sem veita aðflugsstjórnarþjónustu fái dagréttar upplýsingar um ástand á athafnasvæðinu sem er mikilvægt fyrir starfræksluna, þ.m.t. tilvist tímabundinna hættu, og starfhæfi fyrir alla tilheyrandi aðstöðu á þeim flugvelli eða flugvöllum sem eru á ábyrgð þeirra, eins og rekstraraðili flugvallar tilgreinir.

ATS.OR.525 Upplýsingar um starfhæfi leiðsöguþjónustu

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að flugumferðarþjónustudeildir fái dagréttar og tímanlegar upplýsingar um starfhæfi fjarleiðsöguþjónustu og sjónrænna leiðsögutækja sem skipta sköpum fyrir flugtak, brottflug, aðflug og landingar innan þeirra ábyrgðarsvæðis og um fjarleiðsöguþjónustu og sjónræn leiðsögutæki sem skipta sköpum fyrir hreyfingar á jörðu niðri.
- b) Veitandi flugumferðarþjónustu skal gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við f-lið ATM/ANS.OR.B.005 í III. viðauka til að tryggja að upplýsingarnar í a-lið þessa liðar, að því er varðar GNSS-þjónustu, séu veittar.“

ATS.OR.530 Áframsending upplýsinga um bremsuskilyrði

Ef veitandi flugumferðarþjónustu fær, í gegnum talfjarskipti, sérstaka tilkynningu frá loftfari varðandi bremsuskilyrði, sem eru ekki í samræmi við það sem var tilkynnt, skal láta viðeigandi rekstraraðila flugvallar vita af því án tafar.“

- b) Ákvæðum B-kafla er breytt sem hér segir:

- i. Ákvæðum 1. þáttar er breytt sem hér segir:

— Í stað ATS.TR.100 kemur eftirfarandi:

„ATS.TR.100 Markmið flugumferðarþjónustu

Markmið flugumferðarþjónustu er:

- a) að koma í veg fyrir árekstur milli loftfara,
- b) að koma í veg fyrir árekstur milli loftfara á umferðarsvæðinu og hindrana á því svæði,
- c) að flýta fyrir og viðhalda skipulögðu flæði flugumferðar,
- d) að veita ráð og upplýsingar sem nýtast fyrir örugga og skilvirka framkvæmd flugs,
- e) að tilkynna viðeigandi aðilum um loftför sem þarfnast leitar- og björgunaraðstoðar og að aðstoða slíka aðila eftir þörfum.“

— Eftirfarandi ATS.TR.105 til ATS.TR.160 er bætt við:

„ATS.TR.105 Skipting flugumferðarþjónustu

Flugumferðarþjónustan skal ná yfir eftirfarandi þjónustu:

- a) flugumferðarstjórnarþjónustu, í því skyni að ná þeim markmiðum sem um getur í a-, b- og c-lið í ATS.TR.100, en þessari þjónustu er skipt í þrjá hluta sem hér segir:
 - 1) flugstjórnarsvæðisþjónustu: veiting flugumferðarstjórnarþjónustu fyrir flug undir stjórn, að undanskildum þeim hlutum slíks flugs sem lýst er í 2. og 3. lið þessa liðar, til að ná þeim markmiðum sem um getur í a- og c-lið í ATS.TR.100,
 - 2) aðflugsstjórnarþjónustu: veiting flugumferðarstjórnarþjónustu fyrir þá hluta flugs undir stjórn sem tengjast komu eða brottför, til að ná markmiðunum í a- og c-lið í ATS.TR.100 og

- 3) flugturnsþjónustu: veiting flugumferðarstjórnarþjónustu fyrir flugvallarumferð, að undanskildum þeim hlutum flugs sem lýst er í 2. lið þessa liðar, til að ná þeim markmiðum sem um getur í a-, b- og c-lið í ATS.TR.100.
- b) flugupplýsingaþjónustu og/eða ráðgjafarþjónustu fyrir flugumferð til að ná þeim markmiðum sem um getur í d-lið í ATS.TR.100,
- c) viðbúnaðarþjónustu, til að ná þeim markmiðum sem um getur í e-lið í ATS.TR.100.

ATS.TR.110 Stofnun deildanna sem veita flugumferðarþjónustu

- a) Flugumferðarþjónustan skal veitt af hálfu deilda, sem komið er á fót sem hér segir:
 - 1) flugupplýsingamiðstöðvum skal komið á fót til að veita flugupplýsingaþjónustu og viðbúnaðarþjónustu innan flugupplýsingasvæða nema ábyrgðin á að veita slíka þjónustu innan flugupplýsingasvæðis sé falin flugumferðarstjórnardeild, sem hefur viðunandi aðstöðu til að inna slík verkefni af hendi,
 - 2) flugumferðarstjórnardeildum skal komið á fót til að veita flugumferðarstjórnarþjónustu, flugupplýsingaþjónustu og viðbúnaðarþjónustu innan flugstjórnarsvæða, flugstjórnarsviða og á flugvöllum með flugturnum,
 - 3) AFIS-deildum skal komið á fót til að veita flugupplýsingaþjónustu og viðbúnaðarþjónustu á flugvöllum með flugupplýsingaþjónustu flugvalla og innan loftrýmisins sem tengist slíkum flugvöllum.
- b) Koma skal á fót flugvarðstofu eða flugvarðstofum eða öðru fyrirkomulagi til að taka við tilkynningum um flugumferðarþjónustu og flugáætlunum fyrir brottför.

ATS.TR.115 Auðkenning flugumferðarþjónustudeilda

- a) Flugumferðarþjónustudeildir skulu bera ótvíræð auðkenni sem hér segir:
 - 1) flugstjórnarmiðstöð eða flugupplýsingamiðstöð skal venjulega auðkennd með heiti nálægrar borgar, landfitju eða landsvæðis,
 - 2) flugturn eða aðflugsstjórnardeild skal venjulega auðkennd með heiti flugvallarins þar sem hún veitir þjónustu eða með heiti nálægrar borgar, landfitju eða landsvæðis,
 - 3) AFIS-deild skal venjulega auðkennd með heiti flugvallarins þar sem hún veitir þjónustu eða með heiti nálægrar borgar, landfitju eða landsvæðis.
- b) Bæta skal einu af eftirfarandi viðskeytum við heiti flugumferðarþjónustudeilda og flugumferðarþjónustu, eins og við á:
 - 1) flugstjórnarmiðstöð — CONTROL (STJÓRN),
 - 2) aðflugsstjórn — APPROACH (AÐFLUG),
 - 3) komur með aðflugsratsjá — ARRIVAL (KOMA),
 - 4) brottfarir með aðflugsratsjá — DEPARTURE (BROTTFÖR),
 - 5) flugumferðarstjórnardeild (almennt) þegar hún veitir kögunarþjónustu flugumferðarþjónustu — RADAR (RATSJÁ),
 - 6) flugturn — TOWER (TURN),
 - 7) stjórnun umferðar á jörðu niðri — GROUND (Á JÖRÐU),
 - 8) afgreiðsla flugheimilda — DELIVERY (AFGREIÐSLA),
 - 9) flugupplýsingamiðstöð — INFORMATION (UPPLÝSINGAR),
 - 10) AFIS-deild — INFORMATION (UPPLÝSINGAR).

ATS.TR.120 Tungumál sem notað er í fjarskiptum milli flugumferðarþjónustudeilda

Nema þegar fjarskipti milli flugumferðarþjónustudeilda fara fram á tungumáli sem er samþykkt með gagnkvæmum hætti skal nota ensku í slíkum fjarskiptum.

ATS.TR.125 Upplýsingar um lóðrétt stöðu loftfars

- a) Að því er varðar flug á svæðum þar sem skiptihæð er ákveðin skal lóðrétt staða loftfarsins, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í b-lið, gefin upp sem flughæð við flug í eða undir skiptihæð og sem fluglag við flug við eða fyrir ofan skiptilag. Meðan flogið er gegnum skiptibilið skal lóðrétt staða gefin upp sem fluglag við klifur en sem flughæð við lækku flugs.
- b) Þegar loftfar, sem hefur fengið heimild til landingar eða fengið tilkynningu um að flugbraut sé tiltæk til landingar á AFIS-flugvelli, er að ljúka aðflugi með notkun QFE-hæðarmælisstillingar skal lóðrétt staða loftfarsins gefin upp sem hæð yfir landhæð flugvallar í þeim hluta flugsins þar sem nota má QFE-stillinguna, en staðan skal gefin upp sem hæð yfir þröskuldi flugbrautar:

- 1) fyrir blindflugsbrautir, ef þröskuldurinn er 2 metrar (7 fet) eða meira undir landhæð flugvallar,
- 2) fyrir flugbrautir fyrir nákvæmnisaðflug.

ATS.TR.130 Ákvörðun á skiptilagi

- a) Hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild skal ákvarða skiptilagið sem á að nota á svæðum þar sem skiptihæð er ákveðin, fyrir viðeigandi tímabil á grundvelli QNH-skeyta (hæðarmælisstilling til að fá upplýsingar um landhæð á jörðu niðri) sem og spáa um þrýsting við meðalsjávarmál, ef þess er krafist.
- b) Skiptilagið skal vera fyrir ofan skiptihæð þannig að lágmarkshæðaraðskilnaður sem nemur a.m.k. 300 m (1000 fetum) sé tryggður á milli loftfara sem fljúga samtímis í skiptihæð og skiptilagi.

ATS.TR.135 Lágmarksfarflugslag fyrir blindflug

- a) Flugumferðarstjórnardeildir skulu ekki úthluta farflugslögum sem eru undir þeim lágmarksflughæðum sem aðildarríkin hafa ákvarðað nema þegar lögbært yfirvald hefur heimilað það sérstaklega.
- b) Flugumferðarstjórnardeildir skulu:
 - 1) ákvarða lágsta nothæfa fluglagið eða lágstu nothæfu fluglögin fyrir allt eða hluta af því flugstjórnarsvæði sem þær bera ábyrgð á,
 - 2) úthluta fluglögum við eða yfir slíku lagi eða lögum,
 - 3) upplýsa flugmenn um lágsta eða lágstu nothæfu fluglögin samkvæmt beiðni.

ATS.TR.140 Veiting upplýsinga varðandi hæðarmælisstillingu

- a) Hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildir skulu sjá til þess að upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að ákvarða lágsta fluglagið, sem mun tryggja fullnægjandi hindranabil á flugleiðum eða leiðarleggjum þar sem þessara upplýsinga er krafist, séu ávallt tiltækar svo unnt sé að senda þær til loftfara á flugi, samkvæmt beiðni.
- b) Flugupplýsingamiðstöðvar og flugstjórnarmiðstöðvar skulu sjá til þess að viðunandi fjöldi QNH-skeyta eða spáa um þrýsting fyrir flugupplýsingasvæðin og flugstjórnarsvæðin sem þær bera ábyrgð á, sem og fyrir aðliggjandi svæði, séu tiltækar svo unnt sé að senda þær til loftfara samkvæmt beiðni.
- c) Flugliðar skulu fá upplýsingar um skiptilagið í tæka tíð, áður en því er náð við lækku flugs.

- d) Nema þegar vitað er að loftfarið hafi þegar fengið upplýsingarnar í sendingu sem beint var að því skal QNH-hæðarmælisstilling fylgja:
 - 1) heimild til lækkunar þegar fyrsta heimildin er veitt við flughæð undir skiptilagi,
 - 2) aðflugsheimildum eða heimildum til að koma í umferðarhring,
 - 3) akstursheimildum fyrir loftför í brottflugi.
- e) Loftfari skal gefin upp QFE-hæðarmælisstilling, eins og lýst er í b-lið ATS.TR.125, samkvæmt beiðni eða með reglulegum hætti í samræmi við svæðisbundna tilhögun.
- f) Hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildir skulu námunda hæðarmælisstillinguna, sem loftfari er gefin upp, niður að næsta heila hPa sem er lægra.

ATS.TR.145 Frestun sjónflugs á flugvelli og í nágrenni hans

- a) Sjónflugi á flugvelli og í nágrenni hans kann að vera frestað í heild sinni eða að hluta til, hvenær sem þess er krafist öryggisins vegna, af einhverjum af eftirfarandi deildum, einstaklingum eða yfirvöldum:
 - 1) aðflugsstjórnardeildinni eða hlutaðeigandi flugstjórnarmiðstöð,
 - 2) flugturninum,
 - 3) lögbæra yfirvaldinu.
- b) Ef sjónflugi á flugvelli og í nágrenni hans hefur verið frestað í heild sinni eða að hluta til skal flugturninn fylgja eftirfarandi verklagsreglum:
 - 1) stöðva allt brottflug samkvæmt sjónflugsreglum,
 - 2) afturkalla allt staðbundið flug sem flogið er samkvæmt sjónflugsreglum eða fá heimild fyrir sérstöku sjónflugi,
 - 3) tilkynna aðflugsstjórnardeildinni eða flugstjórnarmiðstöðinni, eins og við á, um aðgerðina sem gripið var til,
 - 4) tilkynna öllum flugrekendum eða tilnefndum fulltrúum þeirra um ástæður þess að gripið var til slíkrar aðgerðar, ef nauðsyn krefur eða sé þess óskað.

ATS.TR.150 Flugleiðsöguljós á jörðu

Veitandi flugumferðarþjónustu skal koma á verklagsreglum fyrir starfrækslu flugleiðsöguljósá á jörðu, óháð því hvort þau eru á flugvelli eða í nágrenni hans.

ATS.TR.155 Kögunarþjónusta flugumferðarþjónustu

- a) Veitandi flugumferðarþjónustu getur notað kögunarkerfi flugumferðarþjónustu þegar flugumferðarþjónusta er veitt. Í slíku tilviki skal veitandi flugumferðarþjónustu tilgreina í hvaða tilgangi kögunarupplýsingar flugumferðarþjónustu eru notaðar.
- b) Þegar veitandi flugumferðarþjónustu veitir kögunarþjónustu flugumferðarþjónustu skal hann:
 - 1) tryggja að það eða þau kögunarkerfi flugumferðarþjónustunnar sem eru notuð veiti stöðugt uppfærða framsetningu kögunarupplýsinga, þ.m.t. staðsetningarvísingardata,
 - 2) þegar flugumferðarstjórnarþjónusta er veitt:
 - i. ákvarða fjölda loftfara sem fá kögunarþjónustu flugumferðarþjónustu á sama tíma og sem hægt er að afgreiða á öruggan hátt við ríkjandi aðstæður,
 - ii. ávallt veita flugumferðarstjórum tæmandi og uppfærðar upplýsingar varðandi:
 - A. lágmarksflughæðir sem hafa verið ákvarðaðar innan ábyrgðarsvæðisins,
 - B. lægsta nothæfa fluglagið eða fluglögin sem hafa verið ákveðin í samræmi við ATS.TR.130 og ATS.TR.135,

- C. Lágmarksflughæðir sem hafa verið ákvarðaðar sem gilda fyrir verklagsreglur sem eru byggðar á lausnamiðaðri ratsjárstefningu og úthlutun beinna flugleiða, þ.m.t. nauðsynlega hitastigsleiðréttingu eða aðferð til að leiðrétta áhrif lágs hitastigs á lágmarksflughæðir.
- c) Í samræmi við þær aðgerðir sem kögunarupplýsingar eru notaðar fyrir við veitingu flugumferðarþjónustu skal veitandi flugumferðarþjónustu koma á verklagsreglum:
- 1) til að ákvarða auðkenningu loftfara,
 - 2) til að veita loftförum upplýsingar um staðsetningu,
 - 3) fyrir ratsjárstefningu loftfara,
 - 4) til að veita loftförum aðstoð við leiðsögu,
 - 5) til að veita upplýsingar að því er varðar slæm veðurskilyrði, ef við á,
 - 6) til að afhenda flugumferðarstjórn loftfara,
 - 7) fyrir bilun í kögunarkerfi eða -kerfum flugumferðarþjónustunnar,
 - 8) fyrir bilun í ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá, í samræmi við ákvæði 13. þáttar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012,
 - 9) fyrir öryggistengd váköll og viðvaranir sem byggja á kögun flugumferðarþjónustunnar, þegar þeim er beitt,
 - 10) fyrir truflun eða stöðvun á kögunarþjónustu flugumferðarþjónustu.
- d) Áður en kögunarþjónusta flugumferðarþjónustu er veitt loftfari skal auðkenning fara fram og flugmaðurinn upplýstur þar um. Því næst skal viðhalda auðkenningunni þar til kögunarþjónusta flugumferðarþjónustu lýkur. Ef auðkenningin glatast eftir það skal tilkynna flugmanninum um það og, ef við á, gefa út viðeigandi fyrirmæli.
- e) Þegar tekið er eftir því að auðkennt flug, sem er undir stjórn, er á flugslóð sem stangast á við flugslóð óþekkt loftfars, svo að hætta er á árekstri, skal flugmaður flugs sem er undir stjórn, þegar því verður við komið:
- 1) upplýstur um óþekkt loftfarið, og ef flugmaðurinn óskar eftir því, eða ef aðstæður gefa tilefni til þess að áliti flugumferðarstjóra, skal flugumferðarstjórinn leggja til flugbragð til að forðast árekstur, og
 - 2) upplýstur þegar hætta á árekstri er liðin hjá.
- f) Nema lögbært yfirvald kveði á um annað skulu birtar upplýsingar um fluglag miðað við málþrýstingshæð staðfestar a.m.k. einu sinni hjá hverri flugumferðarþjónustudeild með réttan búnað, við fyrsta samband við viðkomandi loftfar eða, ef það er ekki gerlegt, svo fljótt sem verða má.
- g) Aðeins skal nota staðfestar upplýsingar um fluglag miðað við málþrýstingshæð til að ákvarða að loftfarið hafi framkvæmt eina af eftirfarandi aðgerðum:
- 1) viðhaldið fluglagi,
 - 2) yfirgefið fluglag,
 - 3) farið yfir fluglag í tengslum við klifur eða lækkun flugs,
 - 4) náð fluglagi.

ATS.TR.160 Veiting flugumferðarþjónustu fyrir flugprófánir

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að tilgreina skilyrði og verklagsreglur, sem koma til viðbótar eða í stað þeirra sem um getur í B-kafla, sem flugumferðarþjónustudeildir skulu beita fyrir veitingu flugumferðarþjónustu í tengslum við flugprófánir.“

- ii. Eftirfarandi 2., 3. og 4. þætti er bætt við:

„2. ÞÁTTUR

FLUGUMFERÐARSTJÓRNARÞJÓNUSTA

ATS.TR.200 Beiting

Veita skal flugumferðarstjórnarþjónustu:

- a) öllum loftförum í blindflugi í loftrýmisflokkum A, B, C, D og E,
- b) öllum loftförum í sjónflugi í loftrýmisflokkum B, C, og D,
- c) öllum loftförum í sérlegu sjónflugi,
- d) allri flugvallarumferð á flugvöllum með flugturni.

ATS.TR.205 Veiting flugumferðarstjórnarþjónustu

Þeir hlutar flugumferðarstjórnarþjónustunnar sem lýst er í a-lið ATS.TR.105 skulu vera í höndum mismunandi deilda sem hér segir:

- a) flugstjórnarsvæðisþjónusta, veitt af annarri hvorri eftirfarandi deilda:
 - 1) flugstjórnarmiðstöð,
 - 2) deildinni sem veitir aðflugsstjórnarþjónustu á flugstjórnarsviði eða flugstjórnarsvæði að takmörkuðu leyti, sem er eingöngu ætluð til að veita aðflugsstjórnarþjónustu og þar sem engin flugstjórnarmiðstöð er til staðar,
- b) aðflugsstjórnarþjónusta, veitt af annarri hvorri eftirfarandi deilda:
 - 1) aðflugsstjórnardeild þegar það er nauðsynlegt eða æskilegt að koma á fót sérdeild,
 - 2) flugturni eða flugstjórnarmiðstöð þegar það er nauðsynlegt eða æskilegt að sameina hlutverk aðflugsþjónustunnar við hlutverk flugturnsþjónustunnar eða flugstjórnarsvæðisþjónustunnar undir ábyrgð einnar deildar,
- c) flugturnsþjónusta, veitt af flugturni.

ATS.TR.210 Rekstur flugumferðarstjórnarþjónustu

- a) Til þess að veita flugumferðarstjórnarþjónustu skal flugumferðarstjórnardeild:
 - 1) fá upplýsingar um fyrirhugaðar hreyfingar allra loftfara, breytingar á þeim og uppfærðar upplýsingar um raunverulega staðsetningu hvers loftfars,
 - 2) ákvarða, út frá þeim upplýsingum sem hún fær, stöðu hvers þekkts loftfars með tilliti til annarra loftfara,
 - 3) gefa út heimildir, fyrirmæli eða upplýsingar, eða allt framangreint, í þeim tilgangi að hindra árekstur milli loftfara undir þeirra stjórn og flýta fyrir og viðhalda skipulegri flugumferð,
 - 4) samræma heimildir eins og nauðsyn krefur við aðrar deildir:
 - i. þegar loftfari gæti stafað hættu af umferð undir stjórn annarra deilda,
 - ii. áður en flugumferðarstjórn loftfars er afhent öðrum slíkum deildum.
- b) Heimildir sem flugumferðarstjórnardeildir gefa út skulu tryggja aðskilnað:
 - 1) á milli allra loftfara í loftrýmisflokkum A og B,
 - 2) á milli loftfara í blindflugi í loftrýmisflokkum C, D og E,
 - 3) á milli loftfara í blindflugi og sjónflugi í loftrýmisflokki C,

- 4) á milli loftfara í blindflugi og sérlegu sjónflugi,
- 5) á milli loftfara í sérlegu sjónflugi nema lögbært yfirvald kveði á um annað.

Þegar flugmaður loftfars óskar eftir því og flugmaður hins loftfarsins samþykkir það og ef lögbært yfirvald mælir svo fyrir um, í þeim tilvikum sem talin eru upp í 2. lið fyrstu undirgreinar í loftrýmisflokkum D og E, má veita loftfari flugheimild að því tilskildu að loftfarið viðhaldi aðskilnaði að því er varðar tiltekinn hluta flugferðarinnar undir 3050 m (10 000 fetum) á meðan á klifri eða lökkun flugs stendur, að degi til og við sjónflugsskilyrði.

- c) Að undanskildum þeim tilvikum þar sem starfræksla flugs á sér stað á samsíða eða nær-samsíða flugbrautum, sem um getur í ATS.TR.255, eða þar sem minnka má lágmarksaðskilnað í nágrenni flugvalla skal flugumferðarstjórnardeild tryggja aðskilnað með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:
 - 1) hæðaraðskilnaði, með því að ákveða mismunandi fluglag hvers loftfars í samræmi við töflu yfir farflugslög í 3. viðbæti í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, að því undanskildu að sú samræming lags við ferli sem í töflunni greinir gildir ekki þegar annað er tiltekið í viðeigandi Flugmálaláttabók eða í flugheimildum. Lágmarkshæðaraðskilnaður skal vera 300 m (1000 fet) í fluglagi 410 og neðar og 600 m (2000 fet) fyrir ofan það fluglag; ekki skal nota rúmfræðilegar hæðarupplýsingar til að koma á hæðaraðskilnaði,
 - 2) láréttum aðskilnaði, með því að veita annaðhvort:
 - i. lengdaraðskilnað milli loftfara á sömu ferlum, andstæðum ferlum eða ferlum sem skerast í sama punkti, mælt í tíma eða fjarlægð eða
 - ii. hliðaraðskilnað með því að halda loftförum á aðgreindum flugleiðum eða með landfræðilegri aðgreiningu.
- d) Þegar flugumferðarstjóra verður kunnugt um að ekki sé hægt að viðhalda aðskilnaði eða lágmarksaðskilnaði, sem notaður er til að aðskilja tvö loftför, skal flugumferðarstjórinn koma á öðrum aðskilnaði eða lágmarksaðskilnaði áður en núverandi lágmarksaðskilnaður verður rofinn.

ATS.TR.215 Val og tilkynning um lágmarksaðskilnað fyrir beitingu c-liðar ATS.TR.210

- a) Val á lágmarksaðskilnaði sem nota skal innan tiltekins hluta loftrýmis skal vera í höndum þess veitanda flugumferðarþjónustu sem ber ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu og samþykkt af hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi.
- b) Hvað varðar umferð sem mun fara frá einu aðliggjandi loftrými til þess næsta og hvað varðar flugleiðir sem eru nær sameiginlegum svæðamörkum aðliggjandi loftrýma en sá lágmarksaðskilnaður sem nota skal við þessar aðstæður, skal val á lágmarksaðskilnaði fara fram í samráði við þá veitendur flugumferðarþjónustu sem bera ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu í aðliggjandi loftrýmum.
- c) Upplýsingar um valinn lágmarksaðskilnað og hvar honum er beitt skulu gefnar:
 - 1) viðkomandi flugumferðarþjónustudeildum,
 - 2) flugmönnum og flugrekendum í gegnum flugmálaláttabækur, þar eð aðskilnaður byggist á notkun loftfars á tilgreindum leiðsöguvirkjum eða tilgreindum leiðsöguaðferðum.

ATS.TR.220 Beiting aðskilnaðar vegna flugrastar

- a) Flugumferðarstjórnardeildir skulu nota lágmarksaðskilnað vegna flugrastar fyrir öll loftför við aðflug og brottflug við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:
 - 1) loftfari er flogið beint fyrir aftan annað loftfar í sömu flughæð eða innan við 300 m (1000 fetum) fyrir neðan það,

- 2) bæði loftförin notast við sömu flugbraut eða samsíða flugbrautir, sem liggja innan við 760 m (2500 fetum) frá hvor annarri,
 - 3) loftfari er flogið þvert á flugstefnu aftan við annað loftfar í sömu flughæð eða innan við 300 m (1000 fetum) fyrir neðan það.
- b) Ákvæði a-liðar gilda ekki um komuflug í sjónflugi og komuflug í blindflugi, sem fer fram með sjónaðflugi, ef loftfarið hefur tilkynnt um undanfarandi loftfar sem er í sjónmáli og fengið þau fyrirmæli að elta og viðhalda aðskilnaði frá viðkomandi loftfari. Í þeim tilvikum skal flugumferðarstjórnardeildin gefa út viðvörðun um flugröst.

ATS.TR.225 Ábyrgð á flugumferðarstjórn

- a) flug, sem er undir stjórn, getur aðeins lotið stjórn einnar flugumferðarstjórnardeildar hverju sinni.
- b) ábyrgð á flugumferðarstjórn allra loftfara, sem eru á flugi í ákveðnu loftrýmisumdæmi, hvílir á einni flugumferðarstjórnardeild. Hins vegar er hægt að fela öðrum flugumferðarstjórnardeildum flugumferðarstjórn loftfars eða hóps loftfara að því tilskildu að samræming milli allra hlutaðeigandi flugumferðarstjórnardeilda sé tryggð.

ATS.TR.230 Framsal ábyrgðar á flugumferðarstjórn

- a) Staður eða tími afhendingar

Framsal ábyrgðar á flugumferðarstjórn, sem loftfari er veitt, frá einni flugumferðarstjórnardeild til annarrar skal fara fram sem hér segir:

- 1) Milli tveggja deilda sem veita flugstjórnarsvæðisþjónustu

Ábyrgðin á flugumferðarstjórn, sem loftfari er veitt, skal flutt frá deild sem veitir flugstjórnarsvæðisþjónustu á flugstjórnarsvæði og afhent þeirri deild sem veitir flugstjórnarsvæðisþjónustu á aðliggjandi flugstjórnarsvæði á þeim tímapunkti þegar farið er yfir sameiginleg svæðamörk flugstjórnarsvæðis, eins og metið er af flugstjórnarmiðstöðinni sem fer með flugumferðarstjórn loftfarsins eða á öðrum stað eða tímapunkti sem deildirnar tvær hafa komið sér saman um.

- 2) Milli deildar sem veitir flugstjórnarsvæðisþjónustu og deildar sem veitir aðflugsstjórnarþjónustu eða milli tveggja deilda sem veita aðflugsstjórnarþjónustu

Ábyrgðin á flugumferðarstjórn loftfars skal færð frá einni deild til annarrar, og öfugt, á stað eða tímapunkti sem deildirnar tvær hafa komið sér saman um.

- 3) Milli deildar sem veitir aðflugsstjórnarþjónustu og flugturns

i. Loftför í aðflugi: ábyrgðin á flugumferðarstjórn loftfars í aðflugi skal færð, eins og tilgreint er í staðfestingu á samkomulagi og flugrekstrarhandbókum, eins og við á, frá deildinni sem veitir aðflugsstjórnarþjónustu og afhent flugturni þegar loftfarið er í einhverjum af eftirfarandi aðstæðum:

A) það er í nágrenni flugvallarins og:

- a) talið er að aðflug og landing muni fara fram með hliðsjón af kennileitum á jörðu niðri eða
- b) það hefur náð stöðugum sjónflugsskilyrðum,

B) það er á ákveðnum stað eða í ákveðnu fluglagi,

C) það hefur lent.

ii. Loftfar í brottflugi: ábyrgðin á flugumferðarstjórn loftfars í brottflugi skal færð, eins og tilgreint er í staðfestingu á samkomulagi og flugrekstrarhandbókum, eins og við á, frá flugturninum og afhent þeirri deild sem veitir aðflugsstjórnarþjónustu:

A) þegar sjónflugsskilyrði eru ríkjandi í nágrenni flugvallarins:

- a) áður en loftfarið yfirgefur nágrenni flugvallarins eða

- b) áður en loftfarið kemur inn í blindflugsskilyrði eða
 - c) á ákveðnum stað eða í ákveðnu fluglagi,
- B) þegar blindflugsskilyrði eru ríkjandi á flugvellinum:
- a) um leið og loftfarið hefur tekið á loft eða
 - b) á ákveðnum stað eða í ákveðnu fluglagi,
- 4) Milli undirsvæða eða stjórnstöðva innan sömu flugumferðarstjórnardeildar

Ábyrgðin á flugumferðarstjórn loftfars skal færð frá einu flugstjórnarundirsvæði eða stjórnstöð og afhent öðru flugstjórnarundirsvæði eða stjórnstöð innan sömu flugumferðarstjórnardeildar á tilteknum stað, fluglagi eða tíma, í samræmi við fyrirmæli flugumferðarþjónustudeildar.

b) Samræming afhendingar

- 1) Ábyrgðin á flugumferðarstjórn loftfars skal ekki færð frá einni flugumferðarstjórnardeild til annarrar án samþykkis viðtökudeildarinnar, sem skal fengið í samræmi við 2., 3., 4. og 5. lið.
- 2) Afhendingardeildin skal tilkynna viðtökudeildinni um viðeigandi hluta gildandi flugáætlunar og allar upplýsingar varðandi stjórnun sem skipta máli fyrir umbeðna afhendingu.
- 3) Ef afhending flugumferðarstjórnar fer fram með aðstoð kögunarkerfa flugumferðarþjónustu skulu flugstjórnarupplýsingar, sem skipta máli fyrir afhendinguna, fela í sér upplýsingar um stöðu loftfarsins og, sé þess óskað, feril og hraða loftfarsins, sem kögunarkerfi hafa greint rétt fyrir afhendingu.
- 4) Ef afhending flugumferðarstjórnar fer fram með aðstoð gagna frá ADS-C skulu flugstjórnarupplýsingar, sem skipta máli fyrir afhendinguna, fela í sér fjórvíða staðsetningu og aðrar upplýsingar sem þörf er á.
- 5) Viðtökudeildin skal:
 - i. gefa til kynna hvort hún sé fær um að taka við flugumferðarstjórn loftfarsins með þeim skilyrðum sem afhendingardeildin tilgreinir, nema undanfarandi samkomulag liggi fyrir milli hlutaðeigandi tveggja deilda þess efnis að ef slík yfirlýsing er ekki gefin sé litið svo á að tilgreind skilyrði séu samþykkt, eða benda á nauðsynlegar breytingar á þeim,
 - ii. tilgreina aðrar upplýsingar eða heimildir fyrir síðari hluta flugsins sem hún krefst að loftfarið hafi á þeim tímapunkti þegar afhending fer fram.
- 6) Nema annað sé tekið fram í samkomulagi á milli hlutaðeigandi tveggja deilda skal viðtökudeildin ekki tilkynna afhendingardeildinni þegar hún hefur komið á tviátta fjarskiptum eða fjarskiptum um gagnatengingu, eða hvort tveggja, við hlutaðeigandi loftfar og tekið við flugumferðarstjórn loftfarsins.
- 7) Notast skal við staðlað orðfæri við samræmingu milli flugumferðarþjónustudeilda eða undirsvæða, eða hvort tveggja. Eingöngu skal nota venjulegt málfar þegar staðlað orðfæri nýtist ekki við tilætlaða sendingu.

ATS.TR.235 Flugheimildir

- a) Flugheimildir skulu eingöngu byggjast á kröfunum fyrir veitingu flugumferðarstjórnarþjónustu.
- 1) Flugheimildir skulu eingöngu gefnar út í þeim tilgangi að flýta fyrir og aðskilja flugumferð og á grundvelli þekktra umferðarskilyrða sem hafa áhrif á öryggi við starfrækslu loftfara. Slík umferðarskilyrði taka ekki aðeins til loftfara í lofti og á umferðarsvæðinu, þar sem flugumferðarstjórn er veitt, heldur einnig til akandi umferðar eða annarra hindrana sem eru ekki varanlega uppsettar á umferðarsvæðinu sem er í notkun.

- 2) Flugumferðarstjórnardeildir skulu veita flugheimildir sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir árekstra og til að flýta fyrir og viðhalda skipulögðu flæði flugumferðar.
 - 3) Flugheimildir skulu veittar nógu snemma til að tryggja að þær berist loftfari nógu tímanlega svo bregðast megi við þeim.
 - 4) Ef flugstjóri loftfars upplýsir flugumferðarstjórnardeild um að flugheimild sé ekki fullnægjandi skal flugumferðarstjórnardeildin gefa út breytta heimild ef unnt er.
 - 5) Þegar flugumferðarstjóri, sem veitir kögunarþjónustu flugumferðarþjónustu, veitir flugmanni ratsjárstefningu eða úthlutar honum beinni flugleið sem er ekki í flugáætluninni, sem veldur því að loftfar í blindflugi fer út af útgefni flugþjónustuleið eða útgefna blindflugsverklagi, skal hann gefa út flugheimildir þannig að hindranabilið, sem mælt er fyrir um, sé ávallt til staðar þar til flugmaðurinn fer aftur á flugleið eða fer inn á útgefna flugþjónustuleið eða útgefni blindflugsverklag.
- b) Innihald flugheimilda
- Í flugheimild skal koma fram:
- 1) auðkenning loftfars eins og hún liggur fyrir í flugáætluninni,
 - 2) flugheimildarmörk,
 - 3) flugleið:
 - i. flugleiðinni skal lýst nákvæmlega í hverri flugheimild þegar það telst nauðsynlegt, og
 - ii. orðasambandið „flugheimild samkvæmt flugáætlun“ (e. *cleared via flight planned route*) skal ekki notað við veitingu endurgerðrar heimildar,
 - 4) flughæð(ir) alla flugleiðina eða á einstökum hlutum hennar ásamt breytingum á hæðum ef þörf krefur,
 - 5) öll nauðsynleg fyrirmæli eða upplýsingar er lúta að öðrum þáttum, t.d. afgreiðslutíma brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar, ef við á, vegna flugbragða við aðflug eða brottflug, fjarskipta eða vegna takmarkana á gildistíma flugheimildarinnar.
- c) Til að greiða fyrir framkvæmd þáttanna í b-lið skal veitandi flugumferðarþjónustu meta nauðsyn þess að koma á stöðluðum brottflugs- og komuleiðum og tengdum verklagsreglum til að greiða fyrir:
- 1) öruggu, skipulegu og hröðu flæði flugumferðar,
 - 2) lýsingu á flugleiðinni og verklaginu í flugheimildum.
- d) Flugheimildir fyrir flug á mörkum hljóðhraða
- 1) Sú flugheimild sem snýr að þeim hluta hljóðfrás flugs þar sem hröðunin upp í og yfir hljóðhraða fer fram skal a.m.k. ná til þess hluta flugsins.
 - 2) Sú flugheimild sem snýr að lækkun og hraðaminnkun loftfars úr farflugi yfir hljóðhraða í flug undir hljóðhraða skal leitast við að stuðla að samfelldri lækkun, að lágmarki meðan á hljóðhraðastiginu stendur.
- e) Breytingar á flugheimild að því er varðar flugleið eða flughæð
- 1) Þegar gefin er út flugheimild sem felur í sér beiðni um breytingu á flugleið eða flughæð skal tilgreina í heimildinni nákvæmlega hvers eðlis breytingin er.
 - 2) Ef ekki er hægt að verða við beiðni um breytingu á flugheimild vegna umferðarskilyrða, skal nota orðasambandið „EKKI HÆGT“ („UNABLE“). Ef aðstæður leyfa það skal leggja fram aðra flugleið eða flughæð.

f) Skilyrtar heimildir

Skilyrt orðasambönd á borð við „fyrir aftan loftfar í landingu“ (e. *behind landing aircraft*) eða „á eftir loftfari í brottflugi“ (e. *after departing aircraft*) skulu ekki notuð yfir akstur sem hefur áhrif á flugbraut(ir) í notkun, nema þegar hlutaðeigandi flugumferðarstjóri og flugmaður sjá viðkomandi loftfar eða farartæki. Loftfarið eða farartækið sem veldur því að útgefin flugheimild er skilyrt skal vera fyrsta loftfarið eða farartækið til að fara fram hjá hinu loftfarinu sem um er að ræða. Í öllum tilvikum skal skilyrt flugheimild veitt í eftirfarandi röð og samanstanda af:

- 1) kallmerkinu,
- 2) skilyrðinu,
- 3) heimildinni,
- 4) stuttri endurtekning á skilyrðinu.

g) Endurlestur á flugheimildum, fyrirmælum og öryggistengdum upplýsingum

- 1) Flugumferðarstjórinn skal hlusta á endurlesturinn varðandi öryggistengda hluta flugheimilda og fyrirmæla, eins og tilgreint er í 1. og 2. lið e-hluta SERA.8015 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, til að fullvissa sig um að flugliðarnir hafi skilið heimildina eða fyrirmælin, eða hvort tveggja, rétt og skal tafarlaust leiðrétta allt misræmi sem endurlesturinn leiðir í ljós.
- 2) Þess er ekki krafist að fjarskiptaboð um gagnatengingu milli flugumferðarstjóra og flugmanns (CPDLC) séu lesin til baka nema að veitandi flugumferðarþjónustu kveði á um annað.

h) Samræming flugheimilda

Flugheimild skal samræmd á milli flugumferðarstjórnardeilda þannig að hún gildi fyrir alla flugleið loftfarsins eða til tiltekins hluta hennar sem hér segir.

- 1) Loftfar skal hljóta heimild fyrir alla flugleiðina til flugvallarins þar sem fyrst var áætlað að lenda við aðrar hvorar eftirfarandi aðstæður:
 - i. ef það hefur verið hægt, fyrir brottför, að samræma flugheimildina milli allra þeirra deilda sem munu hafa loftfarið undir sinni stjórn eða
 - ii. ef nægjanleg víska er fyrir því að samræming náist fyrir fram milli þeirra deilda sem munu í kjölfarið hafa loftfarið undir sinni stjórn.
- 2) Ef samræming skv. 1. lið næst ekki eða hún liggur ekki fyrir skal loftfarið fá flugheimild aðeins til þess staðar á leiðinni þar sem sú samræming hefur verið tryggð með nægjanlegri vissu; áður en eða þegar að þeim stað er komið skal loftfarið fá frekari flugheimild eða fyrirmæli um biðflug, eins og við á.
- 3) Í samræmi við fyrirmæli flugumferðarþjónustudeildarinnar skal loftfar hafa samband við næstu flugumferðarstjórnardeild til að óska eftir fráliggjandi flugheimild áður en komið er að afhendingarstað flugumferðarstjórnar.
 - i. Loftför skulu viðhalda nauðsynlegum tviátta fjarskiptum við núverandi flugumferðarstjórnardeild meðan aflað er fráliggjandi flugheimildar.
 - ii. Flugheimild, sem gefin er út sem fráliggjandi flugheimild, skal vera greinilega auðkennd sem slík fyrir flugmanninum.
 - iii. Nema því aðeins að þær séu samræmdar hafa fráliggjandi flugheimildir ekki áhrif á upphaflegt flugsnið loftfarsins í neinu loftrými öðru en því sem tilheyrir þeirri flugumferðarstjórnardeild sem ber ábyrgð á afhendingu fráliggjandi flugheimildarinnar.
- 4) Þegar loftfar hyggur á brottflug frá flugvelli innan flugstjórnarrýmis og fljúga inn í annað flugstjórnarrými innan þrjátíu mínútna, eða innan tiltekins tíma sem viðkomandi flugstjórnarmiðstöðvar hafa gert samkomulag um, skal samræming hafa náðst við þá flugstjórnarmiðstöð sem tekur við áður en gefin er út brottflugsheimild.

- 5) Þegar loftfar hyggst yfirgefa flugstjórnarsvæði og fljúga utan flugstjórnarrýmis og mun í kjölfarið fljúga aftur inn í sama flugstjórnarsvæði eða annað flugstjórnarsvæði, má gefa út flugheimild sem gildir frá brottflugsstað til flugvallarins þar sem fyrst var áætlað að lenda. Slík flugheimild, eða breyting þar á, gildir aðeins um þá hluta flugsins sem fara fram innan flugstjórnarrýmis.

ATS.TR.240 Eftirlit með einstaklingum og ökutækjum á flugvöllum með flugturni

- a) Hreyfingar einstaklinga eða ökutækja, þ.m.t. loftfara í flugtogi, á umferðarsvæði flugvallar skulu vera undir stjórn flugturns, eftir því sem nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir að þau stofni sjálfum sér eða loftförum, sem eru í landingu, akstri eða flugtaki, í hættu.
- b) Við skilyrði þar sem verklag í lélegu skyggni er í gildi:
 - 1) skal fjöldi einstaklinga og ökutækja, sem starfa á umferðarsvæði flugvallar, takmarkaður við það sem telst algjörlega nauðsynlegt og skal sérstakt tillit tekið til krafna um vernd gátsvæða og viðkvæmra svæða fyrir leiðsöguvirki,
 - 2) skal aðferðin eða aðferðirnar til að aðskilja ökutæki og loftför í akstri vera eins og veitandi flugumferðarþjónustu tilgreinir og lögbæra yfirvaldið samþykkir, að teknu tilliti til tiltækra hjálpartækja, sbr. þó ákvæði c-liðar,
 - 3) þegar II. flokks og III. flokks nákvæmnisblindflug samkvæmt bæði blindlendingarkerfi og örbylgjulendingarkerfi eru að staðaldri starfrækt að sömu flugbraut, skulu strangari gildi fyrir gátsvæði og viðkvæm svæði blindlendingar- eða örbylgjulendingarkerfa gilda.
- c) Ökutæki, sem notuð eru í neyðarþjónustu og eru á leið til aðstoðar loftfari í nauð, skulu njóta forgangs fyrir allri annarri umferð á jörðu niðri.
- d) Með fyrirvara um ákvæði c-liðar skulu ökutæki á umferðarsvæðinu hlíta eftirfarandi reglum:
 - 1) ökutæki og ökutæki sem draga loftför skulu víkja fyrir loftfari í landingu, flugtaki eða akstri,
 - 2) ökutæki skulu víkja fyrir öðrum ökutækjum sem draga loftför,
 - 3) ökutæki skulu víkja fyrir öðrum ökutækjum í samræmi við fyrirmæli flugumferðarþjónustudeildar,
 - 4) þrátt fyrir ákvæði 1., 2., og 3. liðar, skulu ökutæki og ökutæki sem draga loftför fara að fyrirmælum flugturns.

ATS.TR.245 Notkun kögunarbúnaðar fyrir hreyfingar á jörðu niðri á flugvöllum

Flugumferðarþjónustudeildin skal nota leiðsögu- og stjórnkerfi fyrir umferð á jörðu niðri (A-SMGCS) eða annan viðeigandi kögunarbúnað, þegar slíkt er talið nauðsynlegt, í tilvikum þar sem ekki er mögulegt að framkvæma sjónræna athugun á öllu eða hluta af umferðarsvæðinu eða til að bæta við sjónræna athugun, til að:

- a) vakta hreyfingar loftfara og ökutækja á umferðarsvæðinu,
- b) veita flugmönnum og öikumönnum ökutækja upplýsingar um stefnu eftir þörfum,
- c) veita ráðgjöf og aðstoð varðandi öruggar og skilvirkar hreyfingar loftfara og ökutækja á umferðarsvæðinu.

ATS.TR.250 Upplýsingar um mikilvæga umferð og mikilvæga svæðisbundna umferð

- a) Veita skal hlutaðeigandi flugi undir stjórn upplýsingar um mikilvæga umferð þegar þau teljast mikilvæg umferð fyrir hvort annað.
- b) Veita skal hlutaðeigandi loftförum í aðflugi eða brottflugi tafarlaust upplýsingar um mikilvæga, svæðisbundna umferð sem flugumferðarstjóra er kunnugt um.

ATS.TR.255 Starfræksla á samsíða eða nær-samsíða flugbrautum

Þegar óskilyrt eða skilyrt blindaðflug eða -brotflug á sér stað á samsíða eða nær-samsíða flugbrautum skal veitandi flugumferðarþjónustu ákvarða verklag, sem samþykkt er af lögbæru yfirvaldi.

ATS.TR.260 Val á flugbraut í notkun

Flugturninn skal velja flugbrautina sem er í notkun fyrir flugtak og landingu loftfara að teknu tilliti til yfirborðsvindhraða og -áttar auk annarra staðbundinna þátta sem skipta máli, t.d.:

- a) legu flugbrautar,
- b) veðurskilyrða,
- c) blindaðflugsverklags,
- d) tiltækra leiðsögutækja fyrir aðflug og landingu,
- e) umferðarhringa og flugumferðarskilyrða,
- f) lengd flugbrautarinnar eða flugbrautanna,
- g) annarra þátta sem gefnir eru upp í staðbundnum leiðbeiningum.

ATS.TR.265 Stjórnun flugvallarumferðar á jörðu niðri í lélegu skyggni

- a) Ef þess er krafist að umferð verði starfrækt á umferðarsvæðinu við skyggni sem kemur í veg fyrir að flugturninn beiti sjónrænum aðskilnaði milli loftfara, og milli loftfara og ökutækja, gildir eftirfarandi:
 - 1) við akbrautarmót skal loftfari eða ökutæki á akbraut ekki vera heimilt að bíða nær hinni akbrautinni en við biðstaðarmörkin, sem eru afmörkuð af millibiðstöðum, stöðvunarslám eða merkingum fyrir akbrautarmót, í samræmi við viðeigandi hönnunarforskriftir flugvallarins,
 - 2) aðferðin sem nota skal fyrir lengdaraðskilnað á akbrautum skal vera sú sem veitandi flugumferðarþjónustu ákvarðar fyrir hvern flugvöll og skal hún samþykkt af lögbæru yfirvaldi, að teknu tilliti til eiginleika tiltækra hjálpartækja fyrir kögun og stjórnun umferðar á jörðu niðri, flækjustígs flugvallarskipulags og eiginleika loftfaranna sem nota flugvöllinn.
- b) Verklagsreglur fyrir upphaf og áframhaldandi starfrækslu í lélegu skyggni skulu ákvarðaðar í samræmi við ATS.OR.110 og hljóta samþykki lögbæra yfirvaldsins.

ATS.TR.270 Heimild fyrir sérstöku sjónflugi

- a) Heimilt er að leyfa sérlegt sjónflug innan flugstjórnarsviðs, með fyrirvara um flugheimild. Eftirfarandi viðbótarskilyrði gilda nema þegar lögbært yfirvald hefur veitt þyrlum heimild fyrir sérstakar aðstæður t.d., en þó ekki eingöngu, lögreglu- og sjúkraflug, leitar- og björgunaraðgerðir og flug í tengslum við slökkvistarf:
 - 1) sérleg sjónflug af þessu tagi má eingöngu fljúga að degi til, nema lögbæra yfirvaldið heimili annað,
 - 2) fyrir flugmanninn:
 - i. laus við ský og sér til jarðar,
 - ii. flugskyggni er ekki undir 1500 m eða, fyrir þyrlur, ekki undir 800 m,
 - iii. flughraði skal vera að hámarki 140 hnúta sýndur flughraði (IAS) til að nægur tími gefist til að fylgjast með annarri umferð og hindrunum til að afstýra árekstri,
 - 3) flugumferðarstjórnardeild skal ekki veita loftfari heimild til sérlegs sjónflugs til að hefja flug eða lenda á flugvelli innan flugstjórnarsviðs eða koma inn í vallarsvið eða umferðarhring hans þegar tilkynnt veðurskilyrði á flugvöllinum eru undir eftirfarandi lágmarkum:

- i. vallarskyggni er minna en 1500 m eða, fyrir þyrlur, minna en 800 m,
 - ii. skýjahula er lægri en 180 m (600 fet).
- b) Flugumferðarstjórnardeild skal sjá um beiðnir fyrir slíka heimild hverja fyrir sig.

3. ÞÁTTUR

FLUGUPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

ATS.TR.300 Beiting

- a) Viðeigandi flugumferðarþjónustudeildir skulu veita öllum loftförum flugupplýsingaþjónustu sem líklegt er að upplýsingarnar hafi áhrif á og sem eru í einhverjum af eftirfarandi aðstæðum:
- 1) þeim hefur verið veitt flugumferðarstjórnarþjónusta eða
 - 2) hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildir vita af þeim með öðrum hætti.
- b) Þegar flugumferðarþjónustudeildir veita bæði flugupplýsingaþjónustu og flugumferðarstjórnarþjónustu skal veiting flugumferðarstjórnarþjónustu hafa forgang fram yfir veitingu flugupplýsingaþjónustu hvenær sem veiting flugumferðarstjórnarþjónustu krefst þess.
- c) Veitandi flugupplýsingaþjónustu skal koma á fyrirkomulagi fyrir:
- 1) skráningu og sendingu upplýsinga um framvindu flugs,
 - 2) samræmingu og færslu ábyrgðar á veitingu flugupplýsingaþjónustu.

ATS.TR.305 Umfang flugupplýsingaþjónustu

- a) Flugupplýsingaþjónusta skal fela í sér veitingu á nauðsynlegum:
- 1) SIGMET- og AIRMET-upplýsingum,
 - 2) upplýsingum um eldfjallavirkni sem er fyrirboði eldgoss, eldgos og gosöskuský,
 - 3) upplýsingum um losun geislavirkra efna eða eiturefna út í andrúmsloftið,
 - 4) upplýsingum um breytingar á tiltækileika fjarleiðsöguþjónustu,
 - 5) upplýsingum um breytingar á skilyrðum á flugvöllum og tengdri aðstöðu, þ.m.t. upplýsingum um ástand athafnasvæðis flugvallar þegar á þeim er snjór, klaki eða umtalsvert magn af vatni,
 - 6) upplýsingum um mannlausa, lausa loftbelgi,
 - 7) upplýsingum um óeðlilegan flugham og ástand loftfars,
 - 8) öllum öðrum upplýsingum sem líklegar eru til að hafa áhrif á öryggi.
- b) Til viðbótar við það sem er talið upp í a-lið skal flugupplýsingaþjónusta, sem veitt er flugi, fela í sér veitingu upplýsinga um:
- 1) tilkynnt veðurskilyrði eða veðurspár fyrir brottfarar-, ákvörðunar- og varaflugvelli,
 - 2) árekstrarhættu fyrir loftför sem eru starfrækt í loftrýmisflokkum C, D, E, F og G,
 - 3) fyrir flug yfir hafi eða vatni, eftir því sem unnt er og þegar flugmaður óskar eftir því: allar tiltækar upplýsingar, t.d. fjarskiptakallmerki, staðsetning, réttur ferill, hraði o.s.frv., frá skipum og bátum á svæðinu,
 - 4) skilaboð, þ.m.t. heimildir, sem berast frá öðrum flugumferðarþjónustudeildum til að senda þau áfram til loftfara.
- c) Til viðbótar við það sem talið er upp í a- og b-lið skal AFIS-þjónusta, sem veitt er flugi, fela í sér veitingu upplýsinga um:
- 1) hættu á árekstri við loftför, ökutæki og einstaklinga sem eru á umferðarsvæðinu,

- 2) flugbraut í notkun.
- d) Flugumferðarþjónustudeildir skulu senda, svo fljótt sem auðið er, sérstakar og óvenjubundnar tilkynningar frá loftfari til:
 - 1) annarra viðkomandi loftfara,
 - 2) viðkomandi aðalveðurstofu, í samræmi við 5. viðbæti við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012,
 - 3) annarra viðkomandi flugumferðarþjónustudeilda.Útsendingar til loftfara skulu endurtekna með reglulegu millibili og í ákveðinn tíma, sem viðkomandi flugumferðarþjónustudeild ákveður.
- e) Til viðbótar við það sem er talið upp í a-lið skal flugupplýsingaþjónusta, sem veitt er sjónflugi, innihalda tiltækar upplýsingar um umferðar- og veðurskilyrði á flugleiðinni, sem eru líkleg til að gera sjónflug ógerlegt.
- f) Ef lögbært yfirvald mælir fyrir um það skal AFIS-deild stjórna hreyfingum farartækja og einstaklinga á umferðarsvæðinu í samræmi við ákvæði eða undirákveði liðar ATS.TR.240.

ATS.TR.310 Útvörpun með sjálfvirku flugvallarútlvarpi með tali (e. *voice-ATIS*)

- a) Útvörpun með sjálfvirku flugvallarútlvarpi með tali skal vera í boði á flugvöllum þar sem þess er krafist að dregið verði úr álagi á fjarskiptarásir flugumferðarþjónustu fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva á VHF-tíðni. Ef slíkar útsendingar eru í boði skulu þær ná yfir eitt af eftirfarandi:
 - 1) eina útlvarpsendingu fyrir loftför í aðflugi,
 - 2) eina útlvarpsendingu fyrir loftför í brottflugi,
 - 3) eina útlvarpsendingu fyrir bæði loftför í aðflugi og brottflugi,
 - 4) tvær útlvarpsendingar fyrir loftför í aðflugi annars vegar og loftför í brottflugi hins vegar á þeim flugvöllum þar sem lengd útlvarpunar, fyrir bæði loftför í aðflugi og brottflugi, myndi vera óhóflega löng.
- b) Nota skal afmarkaða VHF-tíðni, hvenær sem því verður komið við, fyrir útlvarpsendingar með sjálfvirku flugvallarútlvarpi með tali. Ef afmörkuð tíðni er ekki tiltæk er hægt að hafa sendinguna á talrás(um) leiðsöguvirkis eða leiðsöguvirkja flugstöðvarbyggingarinnar sem henta best, helst fjölstefnuvita, að því gefnu að útbreiðslusvæðið og læsileikinn séu viðunandi og tilgreining leiðsöguvirkisins sé send út samhliða útlvarpsendingunni þannig að hún verði ekki óskýr.
- c) Útlvarpsendingar með sjálfvirku flugvallarútlvarpi með tali skulu ekki sendar gegnum talrás blindlendingarkerfis.
- d) Þegar boðið er upp á sjálfvirkt flugvallarútlvarp með tali skal útlvarpsendingin vera samfelld og endurtekin.
- e) Upplýsingarnar í gildandi útlvarpun skulu tafarlaust sendar áfram til viðkomandi flugumferðarþjónustudeilda eða -deilda, sem veita loftförum upplýsingar í tengslum við aðflug, landingu og flugtak, þegar skilaboðin hafa ekki verið tekin saman af þeirri deild eða þeim deildum.
- f) Útlvarpsendingar með sjálfvirku flugvallarútlvarpi með tali á tilgreindum flugvöllum, sem eru ætlaðar til notkunar fyrir alþjóðlega flugþjónustu, skulu a.m.k. vera tiltækar á ensku.

ATS.TR.315 Sjálfvirkt flugvallarútlvarp um gagnatengingu (D-ATIS)

- a) Ef sjálfvirkt flugvallarútlvarp um gagnatengingu er viðbót við núverandi tiltækileika sjálfvirkis flugvallarútlvarps með tali skulu upplýsingarnar vera eins, með tilliti til innihalds og sniðs, og viðeigandi útlvarpun með sjálfvirku flugvallarútlvarpi með tali. Ef útsendingarnar innihalda veðurupplýsingar í rauntíma, en gögnin eru innan marka viðmiðanna um verulegar breytingar í e- og f-lið í MET.TR.200 í V. viðauka, skal innihaldið, í þeim tilgangi að halda sama kennimerki, vera álitid eins.

- b) Ef sjálfvirkt flugvallarútlit er viðbót við núverandi tiltækileika sjálfvirkis flugvallarútlits með tali og uppfæra þarf sjálfvirka flugvallarútlitið, skal sjálfvirka flugvallarútlitið með tali og sjálfvirka flugvallarútlitið um gagnatengingu uppfært á sama tíma.

ATS.TR.320 Sjálfvirkt flugvallarútlit (með tali og/eða um gagnatengingu)

- a) Þegar boðið er upp á sjálfvirkt flugvallarútlit með tali og/eða um gagnatengingu:
- 1) skulu upplýsingarnar, sem veittar eru, aðeins varða einn flugvöll,
 - 2) skulu upplýsingarnar, sem veittar eru, uppfærðar án tafar þegar veruleg breyting á sér stað,
 - 3) skal undirbúningur og miðlun skilaboða í gegnum sjálfvirka flugvallarútlitið (ATIS-skilaboð) vera á ábyrgð veitanda flugumferðarþjónustunnar,
 - 4) skulu sérhver ATIS-skilaboð auðkennd með kennimerki í formi bókstafs úr hljóðritunarstafrófinu í samræmi við lið SERA.14020 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012; kennimerkin sem veitt eru samfelldum ATIS-skilaboðum skulu vera í stafrófsröð,
 - 5) skal loftfar staðfesta móttöku upplýsinganna þegar samskiptum er komið á við flugumferðarþjónustudeildina, sem veitti aðflugsstjórnunarþjónustuna, flugturninn eða AFIS-deildina, eins og við á,
 - 6) skal viðeigandi flugumferðarþjónustudeild, þegar hún svarar skilaboðunum í 5. lið eða, ef um er að ræða komuloftfar, á öðrum tíma sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um, veita loftfarinu núverandi hæðarmælisstillingu,
 - 7) skulu veðurupplýsingarnar fengnar úr staðbundnu reglubundnu skeyti eða staðbundnu sérstöku skeyti.
- b) Þegar ekki er ráðlagt, vegna síbreytilegra veðurskilyrða, að hafa veðurupplýsingarnar, sem um getur í 7. lið a-liðar, í ATIS-skilaboðunum, skulu ATIS-skilaboðin innihalda athugasemd um að viðeigandi veðurupplýsingar verði gefnar upp við fyrsta samband við hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.
- c) Þegar loftfar hefur staðfest móttöku gildandi ATIS-skilaboða þarf ekki að senda upplýsingarnar, sem þar er að finna, í sendingu sem beint er að loftfarinu, að undanskilinni hæðarmælisstillingu, sem skal veitt í samræmi við a-lið.
- d) Ef loftfar staðfestir móttöku ATIS-skilaboða, sem eru ekki lengur í gildi, skal flugumferðarþjónustudeildin án tafar grípa til annarrar hvorrar eftirfarandi aðgerða:
- 1) miðla til loftfarsins allar upplýsingar sem þarf að uppfæra,
 - 2) gefa loftfarinu fyrirmæli um að taka á móti gildandi ATIS-upplýsingum.“

ATS.TR.325 VOLMET-útlitssendingar og D-VOLMET-útlitssendingar

Þegar lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um það skal veita HF- eða VHF-VOLMET-útlitssendingar eða D-VOLMET-þjónustu, eða allt framangreint, með því að nota staðlað orðfæri í þráðlausum talfarskiptum.

4. ÞÁTTUR

VIÐBÚNAÐARÞJÓNUSTA

ATS.TR.400 Beiting

- a) Flugumferðarþjónustudeildir skulu veita viðbúnaðarþjónustu:
- 1) vegna allra loftfara sem fá veitta flugumferðarstjórnarþjónustu,

- 2) eins og við verður komið, vegna allra annarra loftfara sem hafa lagt inn flugáætlun eða sem vitað er um af viðkomandi flugumferðarþjónustu og
 - 3) vegna allra loftfara sem vitað er eða talið er að sæti ólöglegu athæfi.
- b) Flugupplýsingamiðstöðvar eða flugstjórnarmiðstöðvar skulu gegna hlutverki miðlægs staðar fyrir söfnun allra upplýsinga sem tengjast hættuástandi loftfars, sem starfrækt er innan viðkomandi flugupplýsingasvæðis eða flugstjórnarsvæðis, og senda slíkar upplýsingar til viðeigandi björgunarmiðstöðvar.
- c) Ef loftfar lendir í hættuástandi meðan það er undir stjórn flugturns eða aðflugsstjórnardeildar, eða ef það er í sambandi við AFIS-deild, skal viðkomandi deild þegar í stað senda þeirri flugupplýsingamiðstöð eða flugstjórnarmiðstöð sem ber ábyrgð tilkynningu, sem skal síðan senda björgunarmiðstöðinni tilkynningu, en þó skal ekki senda flugstjórnarmiðstöðinni, flugupplýsingamiðstöðinni eða björgunarmiðstöðinni tilkynningu ef hættuástandið er þess eðlis að slík tilkynning væri óþörf.
- d) Engu að síður skal flugturninn eða aðflugsstjórnardeildin sem ber ábyrgð, eða viðkomandi AFIS-deild, fyrst gefa út viðvörðun og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að virkja allar staðbundnar björgunar- og neyðarstofnanir sem geta veitt þá tafarlausu aðstoð sem þörf er á, í samræmi við staðbundnar leiðbeiningar, ef einhver af eftirfarandi aðstæðum kemur upp:
- 1) flugslys hefur átt sér stað á eða í nágrenni flugvallarins,
 - 2) upplýsingar hafa borist um að öryggi loftfars, sem er eða mun koma undir lögsögu flugturnsins eða AFIS-deildar, gæti hafa verið eða hefur verið ógnað,
 - 3) flugáhöfnin óskar eftir því,
 - 4) þegar slíkt þykir nauðsynlegt eða æskilegt af öðrum ástæðum eða ef brýna nauðsyn ber til.

ATS.TR.405 Tilkynning til björgunarmiðstöðva

- a) Með fyrirvara um aðrar aðstæður þar sem slík tilkynning kann að vera gagnleg skulu flugumferðarþjónustudeildir, nema í þeim tilvikum sem lýst er í a-lið ATS.TR.420, tafarlaust tilkynna björgunarmiðstöðvum um það þegar loftfar er talið vera í hættuástandi í samræmi við eftirfarandi:
- 1) Óvissuástand, ef ein af eftirfarandi aðstæðum á við:
 - i. engin fjarskipti hafa borist frá loftfari innan 30 mínútna frá því að fjarskipti hefðu átt að hafa borist eða frá því að árangurslaus tilraun til að koma á fjarskiptasambandi við slíkt loftfar var fyrst gerð, hvort heldur á fyrr við,
 - ii. loftfar kemur ekki innan 30 mínútna frá áætluðum komutíma sem flugumferðarþjónustudeildum var síðast tilkynnt um eða metinn af þeim, hvort heldur kemur síðar.Óvissuástand á ekki við þegar engin óvissa er um öryggi loftfarsins og farþega þess.
 - 2) Viðbúnaðarástand, ef ein af eftirfarandi aðstæðum á við:
 - i. eftir óvissuástandið hafa síðari tilraunir til að koma á fjarskiptasambandi við loftfarið eða fyrirspurnir til annarra viðeigandi heimilda ekki leitt til neinna nýrra upplýsinga um loftfarið,
 - ii. loftfar hefur fengið heimild til landingar en lendir ekki innan 5 mínútna frá áætluðum komutíma og fjarskiptasambandi við loftfarið hefur ekki verið komið á aftur,
 - iii. á AFIS-flugvöllum, við aðstæður sem lögbært yfirvald mælir fyrir um,

- iv. upplýsingar hafa borist sem gefa til kynna að afkastageta loftfarsins hafi minnkað en ekki að því marki að nauðlending sé líkleg,
- v. talið eða vitað er að loftfar sæti ólöglegu athæfi.

Ákvæði i.–iv. liðar eiga ekki við þegar sönnunargögn liggja fyrir sem draga úr ótta um öryggi loftfarsins og farþega þess.

3) Neyðarástand, ef ein af eftirfarandi aðstæðum á við:

- i. eftir viðbúnaðarástandið benda frekari árangurslausar tilraunir til að koma á fjarskiptasambandi við loftfarið og fleiri árangurslausar fyrirspurnir til þess að líklegt þyki að loftfarið sé í nauð,
- ii. eldsneytið um borð er talið vera á þrotum eða ekki talið vera nægilegt til að loftfarið geti lent á öruggan hátt,
- iii. upplýsingar hafa borist sem gefa til kynna að afkastageta loftfarsins hafi minnkað að því marki að nauðlending sé líkleg,
- iv. upplýsingar hafa borist um að loftfarið sé við það að nauðlenda eða hefur nauðlent, eða gera má ráð fyrir því með nokkurri vissu.

Neyðarástand á ekki við þegar víst þykir að alvarleg og yfirvofandi hættu ástöðvar ekki að loftfari og farþegum þess eða það þarfnast ekki aðstoðar án tafar.

b) Tilkynningin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar, þegar þær liggja fyrir, í þessari röð:

- 1) INCERFA, ALERFA eða DETRESFA, eins og við á fyrir viðkomandi hættuástand,
- 2) stofnunin og einstaklingurinn sem hringir,
- 3) eðli hættuástandsins,
- 4) mikilvægar upplýsingar úr flugáætluninni,
- 5) deildin sem hafði síðast samband, ásamt tímasetningu og fjarskiptaáðferð sem var notuð,
- 6) síðasta stöðutilkynningin og hvernig hún var ákveðin,
- 7) litur og kennimerki loftfarsins,
- 8) hættulegur varningur sem er fluttur sem farmur,
- 9) allar aðgerðir sem tilkynningastöðin grípur til,
- 10) aðrar viðeigandi athugasemdir.

c) Ef einhverjar af þeim upplýsingum sem eru tilgreindar í b-lið, liggja ekki fyrir á þeim tíma sem tilkynningin til björgunarmiðstöðvarinnar er gerð, skal flugumferðarþjónustudeild óska eftir þeim áður en neyðarástandi er lýst yfir, ef tími leyfir og víst þykir að þetta ástand muni eiga sér stað.

d) Auk tilkynningarinnar, sem er tilgreind í a-lið, skulu flugumferðarþjónustudeildir án tafar láta björgunarmiðstöðinni í té annað hvort:

- 1) allar gagnlegar viðbótarupplýsingar, sérstaklega um þróun hættuástandsins á síðari stigum,
- 2) upplýsingar um að hættuástandið sé ekki lengur til staðar.

ATS.TR.410 Notkun fjarskiptabúnaðar

Flugumferðarþjónustudeildir skulu, eins og þörf er á, nota allan tiltækan fjarskiptabúnað í viðleitni sinni við að koma á og halda fjarskiptasambandi við loftfar í hættuástandi og til að óska eftir nýjum upplýsingum um loftfarið.

ATS.TR.415 Kortsetning loftfars í hættuástandi

13	Athugun eða mat á gosöskuskýjum (M)	Lárétt (í gráðum og mínútum) og lóðrétt útbreiðsla á athugunartíma tilgreindra eða metinna gosöskuskýja eða, ef skýjahæð er óþekkt, efsta lag tilgreindra eða metinna gosöskuskýja. Hreyfing tilgreindra eða metinna gosöskuskýja	OBS VA CLD eða EST VA CLD:	TOP FLnnn eða SFC/FLnnn eða FLnnn/nnn [nnKM WID LINE BTN (nnNM WID LINE BTN)] Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] – Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn][– Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] – Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] – Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] MOV N nnKMH (eða KT) eða MOV NE nnKMH (eða KT) eða MOV E nnKMH (eða KT) eða MOV SE nnKMH (eða KT) eða MOV S nnKMH (eða KT) eða MOV SW nnKMH (eða KT) eða MOV W nnKMH (eða KT) eða MOV NW nnKMH (eða KT) eða VA NOT IDENTIFIABLE FM SATELLITE DATA	OBS VA CLD:	FL250/300 N5400 E15930 – N5400 E16100 – N5300 E15945 MOV SE 20KT SFC/FL200 N5130 E16130 – N5130 E16230 – N5230 E16230 – N5230 E16130 MOV SE 15KT TOP FL240 MOV W 40KMH VA NOT IDENTIFIABLE FM SATELLITE DATA WIND FL050/070 180/12MPS

Þáttur		Ítarlegt innihald	Sniðmát		Dæmi	
				WIND FLnnn/nnn nnn/nn[n]MPS (eða KT) (2) eða WIND FLnnn/nnn VRBnnMPS (eða KT) eða WIND SFC/FLnnn nnn/nn[n]MPS (eða KT) eða WIND SFC/FLnnn VRBnnMPS (eða KT)		
14	Spá um hæð og staðsetningu gosöskuskýja (+ 6 HR) (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (6 klukkustundir frá „tímasetningu athugunar (eða mats) á gosöskuskýjum“ sem tilgreind eru 12. röð); spá um hæð og staðsetningu (í gráðum og mínútum) fyrir hvern skýjamassa af gosösku á þessum tiltekna gildistíma	FCST VA CLD +6 HR:	nn/nnnnZ SFC eða FLnnn/[FL]nnn [nnKM WID LINE BTN (nnNM WID LINE BTN)] Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] – Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]– Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] – Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]– Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] (1) eða NO VA EXP eða eða NOT AVBL eða eða NOT PROVIDED	FCST VA CLD +6 HR:	23/0700Z FL250/350 N5130 E16030 – N5130 E16230 – N5330 E16230 – N5330 E16030 SFC/FL180 N4830 E16330 – N4830 E16630 – N5130 E16630 – N5130 E16330 NO VA EXP eða NOT AVBL eða NOT PROVIDED
15	Spá um hæð og staðsetningu gosöskuskýja (+ 12 HR) (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (12 klukkustundir frá „tímasetningu athugunar (eða mats) á gosöskuskýjum“ sem tilgreind eru 12. röð); spá um hæð og staðsetningu (í gráðum og mínútum) fyrir hvern skýjamassa af gosösku á þessum tiltekna gildistíma	FCST VA CLD +12 HR:	nn/nnnnZ SFC eða FLnnn/[FL]nnn [nnKM WID LINE BTN (nnNM WID LINE BTN)] Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]– Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]– Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]– Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]– Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] – Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða	FCST VA CLD +12 HR:	23/1300Z SFC/FL270 N4830 E16130 – N4830 E16600 – N5300 E16600 – N5300 E16130 NO VA EXP eða NOT AVBL eða NOT PROVIDED

Þáttur		Ítarlegt innihald	Sniðmát		Dæmi	
				Ennn[nn] eða NO VA EXP eða eða NOT AVBL eða eða NOT PROVIDED		
16	Spá um hæð og staðsetningu gosöskuskýja (+ 18 HR) (M)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (18 klukkustundir frá „tímasetningu athugunar (eða mats) á gosöskuskýjum“ sem tilgreind eru 12. röð); spá um hæð og staðsetningu (í gráðum og mínútum) fyrir hvern skýjamassa af gosösku á þessum tiltekna gildistíma	FCST VA CLD +18 HR:	nn/nnnnZ SFC eða FLnnn/[FL]nnn [nnKM WID LINE BTN (nnNM WID LINE BTN)] Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] – Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] – Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] – Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] – Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn] eða NO VA EXP eða eða NOT AVBL eða eða NOT PROVIDED	FCST VA CLD +18 HR:	23/1900Z NO VA EXP eða NOT AVBL eða NOT PROVIDED
17	Athugasemdir (M)	Athugasemdir, eftir þörfum	RMK:	Frjáls texti (allt að 256 rittákn) eða NIL	RMK:	LATEST REP FM KVERT (0120Z) INDICATES ERUPTION HAS CEASED. TWO DISPERSING VA CLD ARE EVIDENT ON SATELLITE IMAGERY NIL
18	Næsta upplýsingaskeyti (M)	Ár, mánuður, dagur og tími á alheimstíma	NXT ADVISORY :	nnnnnnnn/nnnnZ eða NO LATER THAN nnnnnnnn/nnnnZ eða NO FURTHER ADVISORIES eða WILL BE ISSUED BY nnnnnnnn/nnnnZ	NXT ADVISORY:	20080923/0730Z NO LATER THAN nnnnnnnn/nnnnZ NO FURTHER ADVISORIES WILL BE ISSUED BY nnnnnnnn/nnnnZ

(1) Allt að fjögur valin lög.

(2) Ef tilkynnt er um gosöskuský (t.d. AIREP) en það er ekki sjáanlegt í gögnum frá gervihnöttum.

7. viðbætur

Sniðmát fyrir upplýsingaskeyti fyrir hitabeltislægðir

Skýringar:

= = tvöföld lína gefur til kynna að setja ætti textann, sem kemur þar á eftir, í næstu línu.

Athugasemd 1: Svið og upplausn fyrir tölulega þætti, sem fram koma í upplýsingaskeytum fyrir hitabeltislægðir, eru sýnd í 8. viðbæti.

Athugasemd 2: Skammstafanirnar eru útskýrðar nánar í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8400 „Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Skammstafanir og kóðar (PANS-ABC)“.

Athugasemd 3: Allir þættirnir eru skyldubundnir.

Athugasemd 4: Setja skal tvípunkt eftir hverja yfirskrift þáttar.

Athugasemd 5: Tölustafirnir 1 til 19 eru einungis settir inn til skýringar og eru ekki hluti af upplýsingaskeytinu, eins og sýnt er í dæminu.

	Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát	Dæmi
1	Auðkenni fyrir tegund skeytis	Tegund skeytis	TC ADVISORY	TC ADVISORY
2	Sendingartími	Ár, mánuður, dagur og tími sendingar, á alheimstíma	DTG: nnnnnnnn/nnnnZ	DTG: 20040925/1600Z
3	Heiti TCAC	Heiti TCAC (staðarauðkenni eða fullt heiti)	TCAC: nnnn eða nnnnnnnnnn	TCAC: YUFO TCAC: MIAMI
4	Heiti hitabeltislægðar	Heiti hitabeltislægðar eða „NN“ fyrir ónefnda hitabeltislægð	TC: nnnnnnnnnnnn eða NN	TC: GLORIA
5	Númer upplýsingaskeytis	(hefst á „01“ fyrir hverja hitabeltislægð)	NR: nn	NR: 01
6	Staðsetning lægðarmiðju	Staðsetning miðju hitabeltislægðar (í gráðum og mínútum)	PSN: Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]	PSN: N2706 W07306

Þáttur	Ítarlegt innihald	Sniðmát	Dæmi	
7	Hreyfingarstefna og -hraði	Hreyfingarstefna og -hraði, gefin upp í sextán kompasstrikum og km/klst. (eða hnútum), eða „hreyfist hægt“ (< 6 km/klst. (3 hnútar)) eða „kyrrstæð“ (< 2 km/klst. (1 hnútur))	MOV: N nnKMH (eða KT) eða NNE nnKMH (eða KT) eða NE nnKMH (eða KT) eða ENE nnKMH (eða KT) eða E nnKMH (eða KT) eða ESE nnKMH (eða KT) eða SE nnKMH (eða KT) eða SSE nnKMH (eða KT) eða S nnKMH (eða KT) eða SSW nnKMH (eða KT) eða SW nnKMH (eða KT) eða WSW nnKMH (eða KT) eða W nnKMH (eða KT) eða WNW nnKMH (eða KT) eða NW nnKMH (eða KT) eða NNW nnKMH (eða KT) eða SLW eða STNR	MOV: NW 20KMH
8	Miðjuþrýstingur	Miðjuþrýstingur (í hPa)	C: nnnHPA	C: 965HPA
9	Hámarksvindur við yfirborð	Hámarksvindur við yfirborð nálægt lægðarmiðjunni (mælt meðaltal yfirborðsvinds á 10 mínútna tímabili, í m/s (eða hnútum))	MAX WIND: nn[n]MPS (eða nn[n]KT)	MAX WIND: 22MPS
10	Spá um staðsetningu lægðarmiðju (+ 6 HR)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (6 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í 2. röð); spád staðsetning (í gráðum og mínútum) á miðju hitabeltislægðar	FCST PSN +6 HR: nn/nnnnZ Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]	FCST PSN 25/2200Z +6 HR: N2748 W07350
11	Spá um hámarksvind við yfirborð (+ 6 klst.)	Spá um hámarksvind við yfirborð (6 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í 2. röð)	FCST MAX WIND +6 HR: nn[n]MPS (eða nn[n]KT)	FCST MAX WIND +6 HR: 22MPS

Þáttur		Ítarlegt innihald	Sniðmát		Dæmi	
12	Spá um staðsetningu lægðarmiðju (+ 12 HR)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (12 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í 2. röð); spáð staðsetning (í gráðum og mínútum) á miðju hitabeltislægðar	FCST PSN +12 HR:	nn/nnnnZ Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]	FCST PSN +12 HR:	26/0400Z N2830 W07430
13	Spá um hámarksvind við yfirborð (+ 12 klst.)	Spá um hámarksvind við yfirborð (12 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í 2. röð)	FCST MAX WIND +12 HR:	nn[η]MPS (eða nn[η]KT)	FCST MAX WIND +12 HR:	22MPS
14	Spá um staðsetningu lægðarmiðju (+ 18 HR)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (18 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í 2. röð); spáð staðsetning (í gráðum og mínútum) á miðju hitabeltislægðar	FCST PSN +18 HR:	nn/nnnnZ Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]	FCST PSN +18 HR:	26/1000Z N2852 W07500
15	Spá um hámarksvind við yfirborð (+ 18 klst.)	Spá um hámarksvind við yfirborð (18 klukkustundir frá „DTG“ sem gefið er upp í 2. röð)	FCST MAX WIND +18 HR:	nn[η]MPS (eða nn[η]KT)	FCST MAX WIND +18 HR:	21MPS
16	Spá um staðsetningu lægðarmiðju (+ 24 HR)	Dagur og tímasetning (á alheimstíma) (24 klukkustundir á dag og sjö daga vikunnar frá „DTG“ sem gefið er upp í 2. röð); spáð staðsetning (í gráðum og mínútum) á miðju hitabeltislægðar	FCST PSN +24 HR:	nn/nnnnZ Nnn[nn] eða Snn[nn] Wnnn[nn] eða Ennn[nn]	FCST PSN +24 HR:	26/1600Z N2912 W07530
17	Spá um hámarksvind við yfirborð (+ 24 klst.)	Spá um hámarksvind við yfirborð (24 klukkustundir á dag og sjö daga vikunnar frá „DTG“ sem gefið er upp í 2. röð)	FCST MAX WIND +24 HR:	nn[η]MPS (eða nn[η]KT)	FCST MAX WIND +24 HR:	20MPS
18	Athugasemdir	Athugasemdir, eftir þörfum	RMK:	Frjáls texti (allt að 256 rittákn) eða NIL	RMK:	NIL
19	Áætlaður útgáfudagur næsta upplýsingaskeytis	Áætlaður útgáfudagur (ár, mánuður, dagur og tími (á alheimstíma)) næsta upplýsingaskeytis	NXT MSG:	[BFR] nnnnnnnn/nnnnZ eða NO MSG EXP	NXT MSG:	20040925/2000Z

8. viðbætur

Svið og upplausn fyrir tölulega þætti, sem fram koma í upplýsingaskeytum fyrir gosösku og hitabeltislægðir, í SIGMET-skeytum, AIRMET-skeytum, veðurviðvörðunum fyrir flugvöll og vindhvarfaviðvörðunum

	Þættir	Svið	Upplausn
Hæð tinds yfir sjávarmáli	M	000-8 100	1
	FT	000-27 000	1
Númer upplýsingaskeytis:	fyrir gosösku (VA) (stuðull) (¹)	000-2 000	1
	fyrir hitabeltislægðir (TC) (stuðull) (¹)	00-99	1
Hámarksvindur við yfirborð:	MPS	00-99	1
	KT	00-199	1
Miðjuþrýstingur:	hPa	850-1 050	1
Yfirborðsvindhraði:	MPS	15-49	1
	KT	30-99	1
Skyggni við yfirborð:	M	0000-0750	50
	M	0800-5 000	100
Ský: hæð neðra borðs skýja:	M	000-300	30
	FT	000-1 000	100
Ský: hæð efra borðs skýja:	M	000-2 970	30
	M	3 000-20 000	300
	FT	000-9 900	100
	FT	10 000-60 000	1000
Breiddargráður:	° (gráður)	00-90	1
	(mínútur)	00-60	1
Lengdargráður:	° (gráður)	000-180	1
	(mínútur)	00-60	1
Fluglög:		000-650	10
Hreyfing:	KMH	0-300	10
	KT	0-150	5

(¹) Viddarlaus.

6) Í stað VI. viðauka kemur eftirfarandi:

„VI. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU FLUGMÁLA

(AIS-hluti)

A-KAFLI — VIÐBÓTARKRÖFUR UM STJÓRNSKIPULAG FYRIR VEITENDUR UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU FLUGMÁLA (AIS.OR)

1. ÞÁTTUR — ALMENNAR KRÖFUR

AIS.OR.100 Stjórnun flugmálaupplýsinga

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal koma á fót tilföngum og ferlum fyrir upplýsingastjórnun sem eru fullnægjandi til að tryggja að söfnun, vinnsla, geymsla, samþætting, skipti og afhending gæðatryggðra flugmálagagna og flugmálaupplýsinga fari fram tímanlega innan kerfisins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

AIS.OR.105 Ábyrgð veitenda upplýsingaþjónustu flugmála

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja veitingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi, reglufestu og skilvirkni í flugleiðsögu.

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal taka á mót, safna eða smala, ritstýra, forsníða, birta, geyma og dreifa flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum sem varða allt yfirráðasvæði aðildarríkis sem og þau svæði yfir úthöfunum þar sem aðildarríkið ber ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu.

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að flugmálagögn og flugmálaupplýsingar séu tiltækar fyrir:

- 1) starfsfólk sem tengist fluginu, þ.m.t. flugliðum, flugáætlunargerð og flughermi,
- 2) veitendur flugumferðarþjónustu sem bera ábyrgð á flugupplýsingaþjónustu og
- 3) þjónustudeildina sem ber ábyrgð á fyrirflugsupplýsingum.

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal veita sólarhringsþjónustu til að stofna til og gefa út NOTAM-tilkynningar innan ábyrgðarsvæðis hans og vegna fyrirflugsupplýsinga sem þörf er á í tengslum við leiðaráfanga sem hefjast á flugvælinum/þyrluvælinum innan ábyrgðarsvæðis hans.

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal veita öðrum veitendum upplýsingaþjónustu flugmála aðgengi að flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum sem þeir þurfa á að halda.

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að verklag sé fyrir hendi til að meta og draga úr öryggisáhættu fyrir flug af völdum villna í gögnum og upplýsingum.

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tilgreina með skýrum hætti að flugmálagögn og flugmálaupplýsingar sem veitt eru fyrir og fyrir hönd aðildarríkis heyri undir yfirvald þess aðildarríkis, án tillits til sniðsins sem þau eru veitt á.

2. ÞÁTTUR — GÆDASTJÓRNUN GAGNA

AIS.OR.200 Almenn

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja:

- a) að flugmálagögn og flugmálaupplýsingar séu veitt í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í flugmálagagnaskránni, sem tilgreind er í 1. viðbæti við III. viðauka (ATM/ANS.OR-hluta),
- b) að gæðum gagna sé viðhaldið og
- c) að notuð sé sjálfvirkni til að gera kleift að vinna úr og skiptast á stafrænum flugmálagögnum.

AIS.OR.205 Formlegt fyrirkomulag

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að formlegu fyrirkomulagi sé komið á við:

- a) alla aðila sem senda honum gögn og
- b) aðra veitendur upplýsingaþjónustu flugmála þegar hann skiptist á flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum við þá.

AIS.OR.210 Skipti á flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja:

- a) að snið flugmálagagna sé byggt á fyrirmynd að flugmálaupplýsingaskiptum, sem er hannað til að vera alþjóðlega rekstrarsamhæft og
- b) að skipti á flugmálagögnum fari fram með rafrænum hætti.

AIS.OR.215 Tæki og hugbúnaður

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að tæki og hugbúnaður, sem notast er við til að styðja við vinnslu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga eða til að gera vinnsluna sjálfvirka, framkvæmi aðgerðir sínar án þess að þær hafi neikvæð áhrif á gæði flugmálagagnanna og flugmálaupplýsinganna.

AIS.OR.220 Fullgilding og sannprófun

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að notast sé við starfsaðferðir við sannprófun og fullgildingu gagna svo að flugmálagögn uppfylli tilheyrandi kröfur um gæði gagna, sem tilgreindar eru í AIS.TR.200.

AIS.OR.225 Lýsigögn

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal safna lýsigögnum og varðveita þau.

AIS.OR.230 Greining gagnavillna og sannvottun

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja:

- a) að notaðar séu stafrænar aðferðir til að greina gagnavillur þegar flugmálagögn eru send og/eða geymd, til að styðja við viðeigandi heilleikastig gagnanna, sem tilgreind eru í c-lið AIS.TR.200, og
- b) að flutningur flugmálagagna fari í gegnum viðeigandi vottunarferli þannig að viðtakendur geti fengið það staðfest að gögnin eða upplýsingarnar hafi verið fluttar frá viðurkenndri heimild.

AIS.OR.235 Villutilkynningar, mælingaskekkjur og aðgerðir til úrbóta

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að fyrirkomulagi um villutilkynningar, mælingaskekkjur og aðgerðir til úrbóta verði komið á og viðhaldið.

AIS.OR.240 Takmörkun gagna

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal auðkenna, í afurðum flugmálaupplýsinga, þó ekki í NOTAM-tilkynningum, þau flugmálagögn og þær flugmálaupplýsingar sem uppfylla ekki kröfurnar um gæði gagna.

AIS.OR.250 Krafa um samræmi

Ef fleiri en eitt aðildarríki gera eftirrit af flugmálagögnum eða flugmálaupplýsingum í flugmálahandbók sinni skulu veitendur upplýsingaþjónustu flugmála, sem bera ábyrgð á þessum flugmálahandbókum, koma á fyrirkomulagi til að tryggja samræmi milli eftirritaðra upplýsinga.

*3. ÞÁTTUR — AFURÐIR FLUGMÁLAUPPLÝSINGA***AIS.OR.300 Almenn — afurðir flugmálaupplýsinga**

Ef flugmálagögn og flugmálaupplýsingar eru veitt á mörgum sniðmátum skal veitandi upplýsingaþjónustu flugmála sjá til þess að ferli séu innleidd til að tryggja að gögn og upplýsingar á ólíku sniðmáti séu samræmd.

*1. kafli — Flugmálaupplýsingar á stöðluðu formi***AIS.OR.305 Flugmálahandbók (AIP)**

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal gefa út flugmálahandbók.

AIS.OR.310 Breytingar á flugmálahandbók

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal:

- a) gefa út varanlegar breytingar á flugmálahandbókinni í formi breytinga á flugmálahandbók og
- b) tryggja að flugmálahandbókinni sé breytt eða hún endurútfærð með reglulegu millibili, eftir því sem nauðsyn krefur, til tryggja að upplýsingarnar séu fullnægjandi og uppfærðar.

AIS.OR.315 Viðbætur við flugmálahandbók

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal:

- a) gefa út, í formi viðbóta við flugmálahandbók, tímabundnar breytingar með langan gildistíma — þrjú mánuði eða lengur — og upplýsingar með stuttan gildistíma, sem innihalda umfangsmikinn texta og/eða myndefni,
- b) reglulega veita gátlista yfir gildandi viðbætur við flugmálahandbók og
- c) birta nýja viðbót við flugmálahandbók í stað þeirrar gömlu ef viðbót við flugmálahandbók inniheldur villu eða ef gildistíma hennar er breytt.

AIS.OR.320 Upplýsingabréf flugmála (AIC)

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal gefa út upplýsingabréf flugmála fyrir eitt eða fleira af eftirfarandi:

- a) langtímaspá um allar viðtækar breytingar á löggjöf, reglugerðum, verklagsreglum eða aðstöðu,
- b) upplýsingar, sem eru eingöngu til útskýringa eða ráðleggjandi, sem geta haft áhrif á flugöryggi,
- c) upplýsingar eða tilkynningar, sem eru til útskýringa eða ráðleggjandi og varða tæknileg eða lagaleg málefni eða eingöngu stjórnsýsluleg málefni.

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal endurskoða a.m.k. einu sinni á ári gildi upplýsingabréfs flugmála sem er í gildi.

AIS.OR.325 Flugkort

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að eftirfarandi flugkort, ef þau hafa verið gerð aðgengileg:

- a) verði hluti af flugmálahandbókinni eða að þau verði afhent viðtakendum flugmálahandbókarinnar sérstaklega:
 - 1) flugvallahindranakort — tegund A,
 - 2) flug-/þyrlluvallakort,
 - 3) flugvallaaksturskort,
 - 4) flugvélastæðiskort,
 - 5) landslagskort fyrir nákvæmnisaðflug,
 - 6) kort yfir lágmarksflughæð fyrir kögun flugumferðarstjórnar,
 - 7) svæðiskort,

- 8) staðlað blindaðflugskort (STAR),
 - 9) staðlað blindbrotflugskort (SID),
 - 10) blindaðflugskort,
 - 11) sjónaflugskort og
 - 12) leiðarkort og
- b) verði veitt sem hluti af afurðum flugmálaupplýsinga:
- 1) flugvallahindranakort — tegund B,
 - 2) heimskort fyrir flug 1:1 000 000,
 - 3) heimskort fyrir flug 1:500 000,
 - 4) flugleiðsögukort — lítill mælikvarði og
 - 5) vinnukort (e. *plotting chart*).

AIS.OR.330 NOTAM

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal:

- a) tafarlaust gefa út NOTAM-tilkynningu ef upplýsingarnar, sem á að dreifa, eru tímabundnar í eðli sínu og með stuttan gildistíma eða þegar mikilvægar, varanlegar breytingar er varða starfrækslu, eða tímabundnar breytingar með langan gildistíma, eru gerðar með stuttum fyrirvara, að undanskildum umfangsmiklum texta og/eða myndefni og
- b) gefa út, í formi NOTAM-tilkynningar, upplýsingar um uppsetningu, ástand eða breytingar á flugtengdri aðstöðu, þjónustu, verklagi eða hættu, þar sem nauðsynlegt er að koma upplýsingum sem fyrst til starfsfólks sem tengist fluginu.

Fylgni við ákvæði AIS.OR.200 skal ekki koma í veg fyrir aðkallandi dreifingu flugmálaupplýsinga sem nauðsynlegar eru til að tryggja flugöryggi.

2. kafli — Stafræn gagnamengi

AIS.OR.335 Almenn — stafræn gagnamengi

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að stafræn gögn, ef þau liggja fyrir, séu í formi eftirfarandi gagnamengja:

- 1) gagnamengi flugmálalandsbókar,
- 2) gagnamengi um landslag,
- 3) gagnamengi um hindranir,
- 4) gagnamengi um kortlagningu flugvalla og
- 5) gagnamengi um blindflugsverklag.

Ef landslagsgögn liggja fyrir skulu þau vera veitt í formi gagnamengja um landslag.

Veita skal reglulega gátlista yfir gildandi gagnamengi.

AIS.OR.340 Kröfur um lýsigögn

Hvert gagnamengi skal fela í sér lágmarkslýsigögn sem veita á næsta notanda.

AIS.OR.345 Gagnamengi flugmálalandsbókar

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að gagnamengi flugmálalandsbókar, ef það liggur fyrir, innihaldi stafrænar, varanlegar flugmálaupplýsingar þ.m.t. varanlegar upplýsingar og tímabundnar breytingar með langan gildistíma.

AIS.OR.350 Landslags- og hindranagögn — almennar kröfur

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að landslags- og hindranagögn, ef þau liggja fyrir, séu veitt í samræmi við AIS.TR.350.

AIS.OR.355 Gagnamengi um landslag

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að landslagsgögn, ef þau liggja fyrir, séu veitt:

- a) fyrir svæði 1, eins og mælt er fyrir um í AIS.TR.350, og
- b) fyrir flugvelli til að ná yfir:
 - 1) svæði 2a eða hluta af því, eins og mælt er fyrir um í 1. lið b-liðar AIS.TR.350,
 - 2) svæði 2b, 2c og 2d eða hluta af þeim, eins og mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. lið b-liðar AIS.TR.350, fyrir landslag:
 - i. sem er innan 10 km frá viðmiðunarpunkti flugvallar (ARP) og
 - ii. sem er meira en 10 km frá viðmiðunarpunkti flugvallar ef landslagið fer inn í láréttan flöt 120 m yfir lægstu landhæð flugbrautar,
 - 3) svæðið fyrir flugtaksflugslóð eða hluta þess,
 - 4) svæði, eða hluta þess, sem er afmarkað af láréttu umfangi hindranaflatar flugvallar,
 - 5) svæði 3, eða hluta þess, eins og mælt er fyrir um í c-lið AIS.TR.350, fyrir landslag sem nær yfir 0,5 m yfir lárétta flötinn, sem gengur í gegnum næsta punkt á athafnasvæði flugvallarins og
 - 6) svæði 4, eða hluta þess, eins og mælt er fyrir um í d-lið AIS.TR.350, fyrir allar flugbrautir þar sem nákvæmnisaðflug í flokki II eða III fer fram og þar sem flugrekendur þurfa að fá ítarlegar upplýsingar um landslag til að meta áhrif landslags á ákvörðunarhæð með notkun ratsjánhæðarmæla.

AIS.OR.360 Gagnamengi um hindranir

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að hindranagögn, ef þau liggja fyrir, séu veitt:

- a) fyrir hindranir á svæði 1 þar sem hæð þeirra er 100 m eða meira yfir jörðu,
- b) að því er varðar flugvelli, fyrir allar hindranir innan svæðis 2 sem teljast skapa hættu fyrir flugleiðsögu, og
- c) að því er varðar flugvelli, til að ná yfir:
 - 1) svæði 2a, eða hluta þess, fyrir þær hindranir sem fara inn í viðkomandi söfnunarflöt gagna um hindranir,
 - 2) hluti á svæðinu fyrir flugtaksflugslóð, eða hluta þess, sem ná yfir yfirborð flatar, sem eru með 1,2% halla og hafa sama upphafsstað og svæðið fyrir flugtaksflugslóð,
 - 3) hluti sem fara inn í hindranaflöt flugvallar eða hluta hans,
 - 4) svæði 2b, 2c og 2d fyrir hindranir sem fara inn í viðeigandi söfnunarflöt gagna um hindranir,
 - 5) svæði 3, eða hluta þess, fyrir hindranir sem fara inn í viðeigandi söfnunarflöt gagna um hindranir og
 - 6) svæði 4, eða hluta þess, fyrir allar flugbrautir þar sem nákvæmnisaðflug í flokki II eða III fer fram.

AIS.OR.365 Gagnamengi um kortlagningu flugvalla

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að gagnamengi um kortlagningu flugvalla, ef þau liggja fyrir, séu veitt í samræmi við AIS.TR.365.

AIS.OR.370 Gagnamengi um blindflugsverklag

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að gagnamengi um blindflugsverklag, ef þau liggja fyrir, séu veitt í samræmi við AIS.TR.370.

4. ÞÁTTUR — DREIFINGARÞJÓNUSTA OG FYRIRFLUGSUPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

AIS.OR.400 Dreifingaráþjónusta

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal:

- a) dreifa tiltækum afurðum flugmálaupplýsinga til þeirra notenda sem óska eftir þeim,
- b) gera flugmálahandbókina, breytingar á flugmálahandbókinni, viðbætur við flugmálahandbókina, NOTAM-tilkynningar og upplýsingabréf flugmála aðgengileg á sem skjóttastan hátt,
- c) tryggja að NOTAM-tilkynningum sé dreift í gegnum faststöðvaþjónustu fyrir flug, hvenær sem því verður komið við,
- d) tryggja að alþjóðleg skipti á NOTAM-tilkynningum fari einungis fram eins og hlutaðeigandi alþjóðlegar NOTAM-skrifstofur og fjölþjóðlegar NOTAM-vinnsludeildir hafa náð gagnkvæmri sátt um og
- e) skipuleggja, ef þess er þörf, útgáfu og móttöku NOTAM-tilkynninga sem komið er áleiðis með fjarskiptum til að uppfylla kröfur um starfrækslu.

AIS.OR.405 Fyrirflugsupplýsingaþjónusta

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja:

- a) fyrir alla flugvelli/þyrluvelli, að flugmálaupplýsingar er varða leiðaráfanga sem hefjast á flugvellinum/þyrluvellinum séu gerðar aðgengilegar starfsfólki sem tengist fluginu, þ.m.t. flugliðum og þjónustuaðilum sem bera ábyrgð á fyrirflugsupplýsingum, og
- b) að flugmálaupplýsingar, sem veittar eru vegna fyrirflugsundirbúnings, innihaldi upplýsingar úr afurðum flugmálaupplýsinga sem eru mikilvægar starfrækslunni.

5. ÞÁTTUR — UPPFÆRSLA AFURÐA FLUGMÁLAUPPLÝSINGA

AIS.OR.500 Almennt — uppfærsla afurða flugmálaupplýsinga

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að flugmálaupplýsingum og flugmálagögnum sé breytt eða þau endurútfærin til halda þeim uppfærðum.

AIS.OR.505 Fyrirvaradreifing (AIRAC)

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að upplýsingum varðandi aðstæðurnar sem tilgreindar eru í a-lið AIS.TR.505 sé dreift samkvæmt fyrirvaradreifingarkerfinu (AIRAC-kerfinu).

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja:

- 1) að upplýsingunum, sem tilkynntar eru samkvæmt AIRAC-kerfinu, sé ekki breytt frekar í a.m.k. 28 daga eftir gildistöku dag fyrirvaradreifingarinnar nema aðstæðurnar, sem tilkynnt er um, séu tímabundnar í eðli sínu og komi ekki til með að vara allt tímabilið,
- 2) að upplýsingunum, sem veittar eru samkvæmt AIRAC-kerfinu, sé dreift/gerðar aðgengilegar svo þær nái til viðtakenda a.m.k. 28 dögum fyrir gildistöku dag fyrirvaradreifingarinnar og
- 3) að gildistöku dagar framkvæmda, að undanskildum gildistöku dögum fyrirvaradreifingarinnar, séu ekki notaðir fyrir fyrirframskipulagðar breytingar sem eru mikilvægar starfrækslunni, sem krefjast kortagerðarvinnu og/eða uppfærslu flugleiðsögugagnabanka.

AIS.OR.510 NOTAM

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal:

- a) tryggja að NOTAM-tilkynningar séu veittar í samræmi við AIS.TR.510 og
- b) gefa út „NOTAM-fortilkynningu“ (e. *trigger NOTAM*), eins og mælt er fyrir um í f-lið AIS.TR.510, þegar breyting á flugmálahandbók eða viðbót við hana er birt í samræmi við verklagsreglur fyrirvaradreifingar.

AIS.OR.515 Uppfærslur gagnamengja

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal:

- a) breyta eða endurútgefa gagnamengi það reglulega að þau haldist uppfærð og
- b) gefa út varanlegar og tímabundnar breytingar með langan gildistíma — þrjá mánuði eða lengur — sem gerðar eru aðgengilegar sem stafræn gögn í formi fullfrágengis gagnamengis og/eða gagnahlutmengis, sem inniheldur aðeins mismuninn frá áður útgefnu fullfrágengnu gagnamengi.

6. ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL STARFSFÓLKS**AIS.OR.600 Almennar kröfur**

Til viðbótar við 6. lið a-liðar ATM/ANS.OR.B.005 í III. viðauka skal veitandi upplýsingaþjónustu flugmála tryggja að starfsfólkið sem ber ábyrgð á veitingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga:

- a) þekki til og beiti eftirfarandi:
 - 1) kröfum um afurðir flugmálaupplýsinga og upplýsingaþjónustu flugmála, eins og tilgreint er í 2.–5. þætti,
 - 2) þeim uppfærslulutum sem eiga við um útgáfu breytinga á flugmálahandbók og viðbótum við hana, að því er varðar svæðin sem það veitir flugmálagögn og flugmálaupplýsingar fyrir,
- b) hafi hlotið fullnægjandi þjálfun, sé hæft og hafi hlotið viðurkenningu til starfsins sem ætlast er til að það inni af hendi.

B-KAFLI — TÆKNILEGAR VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR VEITENDUR UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU FLUGMÁLA (AIS.TR)

2. ÞÁTTUR — GÆDASTJÓRNUN GAGNA**AIS.TR.200 Almennt**

- a) Nákvæmni flugmálagagna skal vera eins og tilgreint er í flugmálagagnaskránni („gagnaskránni“), sem tilgreind er í 1. viðbæti við III. viðauka (ATM/ANS.OR-hluta).
- b) Upplausn flugmálagagna skal samsvara raunverulegri nákvæmni gagna.
- c) Viðhalda skal heilleika flugmálagagna. Á grundvelli heilleikaflokkunarinnar sem er tilgreind í gagnaskránni skal koma á verklagi til að:
 - 1) forðast að hefðbundin gögn spillist meðan á vinnslu þeirra stendur,
 - 2) mikilvæg gögn spillist ekki á einhverju stigi ferlisins og að komið sé á viðbótarferlum, eftir þörfum, til að bregðast við mögulegri áhættu í kerfishöguninni í heild til að tryggja heilleika gagna enn frekar á þessu stigi,
 - 3) áhættugögn spillist ekki á einhverju stigi ferlisins og að komið sé á viðbótarferlum til að tryggja heilleika til að draga að fullu úr áhrifum bilana, sem koma í ljós við ítarlega greiningu á kerfishöguninni í heild, sem gætu mögulega stefnt heilleika gagna í hættu.
- d) Rekjanleiki flugmálagagna skal tryggður.
- e) Tímanleiki flugmálagagna skal tryggður, þ.m.t. hugsanlegar takmarkanir á gildistíma gagna.
- f) Heildstæði flugmálagagna skal tryggt.
- g) Sniðmát afhentra gagna skal vera fullnægjandi til að tryggja að gögnin sé túlkuð á þann hátt sem er í samræmi við ætlaða notkun þeirra.

AIS.TR.210 Skipti á flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum

Að undanskildum landslagsgögnum skal sniðið fyrir skipti á flugmálagögnum:

- a) auðvelda gagnaskipti bæði fyrir einstakar fitjur og fitjusöfn (e. *feature collections*),

- b) auðvelda skipti á grunnupplýsingum í kjölfar varanlegra breytinga,
- c) skipulagt eftir viðfangsefnum og eiginleikum flugmálagagnaskrárinnar og skjalfest með kortlagningu milli gagnaskiptasniðsins og flugmálagagnaskrárinnar.

AIS.TR.220 Sannprófun

- a) Sannprófun skal tryggja:
 - 1) að flugmálagögnin hafi borist óspillt,
 - 2) að gögnin spillist ekki meðan á vinnslu flugmálagagna stendur.
- b) Flugmálagögn og flugmálaupplýsingar, sem eru færð inn handvirkt, falla undir óháða sannprófun þannig að hægt sé að greina aðrar villur sem í þeim kunna að vera.

AIS.TR.225 Lýsigögn

Lýsigögnin, sem á að safna, skulu innihalda að lágmarki:

- a) auðkenni þeirra stofnana eða aðila sem eiga einhvern þátt í því í að stofna, senda eða breyta flugmálagögnum,
- b) hvaða aðgerð er framkvæmd,
- c) dagsetningu og tíma þegar aðgerðin var framkvæmd.

AIS.TR.235 Villutilkynningar, mælingaskekkjur og aðgerðir til úrbóta

Fyrirkomulagið um villutilkynningar, mælingaskekkjur og aðgerðir til úrbóta skal tryggja:

- a) að vandamál, sem koma í ljós við stofnun, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun og vinnslu, eða þau sem notendur greina eftir birtingu, verði skráð,
- b) að veitandi upplýsingaþjónustu flugmála greini öll vandamál sem tilkynnt eru í tengslum við flugmálagögn og flugmálaupplýsingar og grípi til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta,
- c) að leiðrétting allra villna, ósamræmis og frávíka sem uppgötvast í áhættugögnum og mikilvægum flugmálagögnum njóti forgangs,
- d) að hlutaðeigandi notendum sé gert viðvart um villur á eins skilvirkan hátt og unnt er, að teknu tilliti til heilleikastigs flugmálagagnanna og flugmálaupplýsinganna,
- e) að greitt sé fyrir og hvatt til tilkynninga um villur.

AIS.TR.240 Takmörkun gagna

Gögn sem uppfylla ekki kröfur um gæði gagna skulu auðkennd með athugasemd eða með því að gefa upp gæðagildið með skýrum hætti.

3. ÞÁTTUR — AFURÐIR FLUGMÁLAUPPLÝSINGA

AIS.TR.300 Almenn — afurðir flugmálaupplýsinga

- a) Afurðir flugmálaupplýsinga sem ætlaðar eru til dreifingar skulu innihalda enskan texta í þeim hlutum sem eru á venjulegu máli, fyrir utan þær afurðir sem eru ætlaðar aðeins til dreifingar innan aðildarríkis.
- b) Staðarheiti skulu rituð í samræmi við staðbundna notkun og, ef nauðsyn krefur, umrituð samkvæmt latnesku stafrófi Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO).
- c) Þegar það á við skal nota skammstafanir Alþjóðaflygmalastofnunarinnar í afurðum flugmálaupplýsinga.

1. kafli — Flugmálaupplýsingar á stöðluðu formi

AIS.TR.305 Flugmálahandbók (AIP)

- a) Flugmálahandbókin, breytingar á flugmálahandbókinni og viðbætur við hana skulu látnar í té í formi rafrænnar flugmálahandbókar (eAIP). Rafræna flugmálahandbókin skal vera aðgengileg til skoðunar á tölvuskjá og útprentunar á pappír. Þar að auki má láta flugmálahandbókina, breytingar á flugmálahandbókinni og viðbætur við hana í té á pappír.
- b) Flugmálahandbókin skal innihalda eftirfarandi:
 - 1) yfirlýsingu lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á flugleiðsöguvirkjum, flugleiðsöguþjónustu eða verklagsreglum á sviði flugleiðsögu, sem falla undir flugmálahandbókina,
 - 2) almenn skilyrði fyrir notkun þjónustunnar eða aðstöðunnar,
 - 3) skrá yfir mikilvæg frávík milli reglugerða og starfsvenja aðildarríkisins og tengdra krafna og ráðlagðra starfsvenja Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og verklagsreglna hennar,
 - 4) ákvörðun aðildarríkis í hverju mikilvægu tilviki þar sem kveðið er á um aðra aðferð í kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og verklagsreglum hennar.
- c) Flugmálahandbókin skal innihalda upplýsingar sem tengjast og er raðað eftir fyrirsögnum sem tilgreindar eru í 1. viðbæti.
- d) Útgáfuáildarríkið og veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skulu vera tilgreind á skýran hátt.
- e) Þegar tvö eða fleiri aðildarríki gefa út sameiginlega flugmálahandbók skal koma greinilega fram hvaða ríki eiga í hlut.
- f) Hver flugmálahandbók skal vera sjálfstæð og innihalda efnisyfirlit.
- g) Flugmálahandbók skal skipulögð í þrjú hluta (GEN, ENR og AD), kafla og undirkafla, nema ef flugmálahandbókin, eða bindi hennar, er ætluð til að greiða fyrir starfrækslu í flugi, en þá getur nákvæmt snið og fyrirkomulag verið undir aðildarríkinu komið, að því tilskildu að fullnægjandi efnisyfirlit sé til staðar.
- h) Hver flugmálahandbók skal vera dagsett.
- i) Dagsetningin, sem samanstendur af degi, mánuði (nafni mánaðar) og ári, skal vera birtingardagsetningin og/eða gildistöku dagur upplýsinganna samkvæmt fyrirvaradreifingunni.
- j) Þegar tímabilum starfsemi, tiltækileika eða starfrækslu er lýst skal tilgreina viðeigandi daga og tímasetningar.
- k) Í hverri flugmálahandbók, sem er gefin út í prentuðu máli, og á hverri síðu flugmálahandbókar, sem er gefin út í lausblaðaformi, skal tilgreina með skýrum hætti:
 - 1) auðkenni flugmálahandbókarinnar,
 - 2) yfirráðasvæðið sem fellur þar undir og, ef nauðsyn krefur, undirsvæði þess,
 - 3) auðkenni útgáfuáildarríkisins og framleiðslufyrirtækisins (yfirvaldsins) og
 - 4) blaðsíðunúmer/titla korta.
- l) Allar breytingar á prentuðu máli flugmálahandbókarinnar skulu gerðar með notkun stakra blaða sem innihalda endurnýjaðan texta.

AIS.TR.310 Breytingar á flugmálahandbók (e. AIP amendments)

- a) Allar breytingar á flugmálahandbókinni, sem eru mikilvægar starfrækslunni, í samræmi við AIS.OR.505, skulu gefnar út sem fyrirvaradreifing og vera greinilega auðkenndar sem slíkar.
- b) Hverri breytingu á flugmálahandbók skal úthlutað raðnúmeri, sem skal vera í hlaupandi númeraröð.
- c) Þegar breyting á flugmálahandbók er gefin út skal hún innihalda tilvísanir í raðnúmer NOTAM-tilkynningarinnar sem hefur verið felld inn í breytinguna.
- d) Nýjustu uppfærsluloturnar, sem eiga við um breytingar á flugmálahandbók, skulu gerðar aðgengileg öllum.
- e) Halda skal handskráðum breytingum eða athugasemdum í lágmarki og hefðbundna aðferðin vegna breytinga skal felast í því að endurútgefa blaðsíður eða skipta þeim út.

- f) Hver breyting á flugmálahandbók skal:
- 1) fela í sér gátlista með núverandi dagsetningum og númerum á hverri blaðsíðu í lausblaðaformi í flugmálahandbókinni og
 - 2) innihalda samantekt á öllum ófrágengnum handskráðum breytingum.
- g) Nýjar eða endurskoðaðar upplýsingar skulu auðkenndar með athugasemd á spássiunni.
- h) Á hverri blaðsíðu breytinga á flugmálahandbókinni, þ.m.t. forsiðunni, skal koma fram útgáfudagur og, ef við á, gildistökudagur.
- i) Í 1. hluta — almennt (GEN) í flugmálahandbókinni skal tilgreina hversu reglulega á að uppfæra flugmálahandbókina.

AIS.TR.315 Viðbætur við flugmálahandbók

- a) Viðbætur við flugmálahandbókina, sem eru gefnar út á prentuðu formi, skulu veittar á aðgreindum blaðsíðum.
- b) Nýjustu uppfærsluloturnar, sem eiga við um breytingar á flugmálahandbók, skulu gerðar aðgengilegar öllum.
- c) Hverri viðbót við flugmálahandbókina skal úthlutað raðnúmeri, sem skal vera í hlaupandi númeraröð og byggt á almanaksárinu.
- d) Ef viðbót við flugmálahandbók er gefin út í stað NOTAM-tilkynningar skal vísa til númeraraðar og númers NOTAM-tilkynningarinnar.
- e) Gefa skal út gátlista yfir gildandi viðbætur við flugmálahandbók a.m.k. á mánaðarfresti, sem hluta af gátlista yfir NOTAM-tilkynningar og honum dreift með sama hætti og viðkomandi viðbætur við flugmálahandbók.
- f) Hver blaðsíða í viðbót við flugmálahandbók skal hafa útgáfudag. Hver blaðsíða í AIRAC-AIP-viðbót (e. *AIRAC AIP supplement*) skal bæði hafa útgáfudag og gildistökudag.

AIS.TR.320 Upplýsingabréf flugmála (AIC)

- a) Upplýsingabréfið skal veitt í formi rafræns skjals.
- b) Upplýsingabréfið skal gefið út þegar æskilegt er að koma á framfæri:
 - 1) spám að því er varðar mikilvægar breytingar á verklagsreglum á sviði flugleiðsögu, flugleiðsöguþjónustu og flugleiðsöguvirkjum,
 - 2) spám að því er varðar innleiðingu nýrra leiðsögukerfa,
 - 3) mikilvægum upplýsingum úr rannsóknum á slysum eða flugatvikum sem hafa áhrif á flugöryggi,
 - 4) upplýsingum um reglugerðir sem tengjast vernd almenningsflugs gegn ólöglegu athæfi sem stofnar flugvernd í almenningsflugi í hættu,
 - 5) ráðleggingum um læknisfræðileg málefni sem varða flugmenn sérstaklega,
 - 6) viðvörðunum til flugmanna um að forðast líkamlegan háska,
 - 7) upplýsingum um áhrif ákveðinna veðurfyrirbæra á starfrækslu loftfara,
 - 8) upplýsingum um nýjar hættur sem hafa áhrif á aðferðir fyrir meðhöndlun loftfara,
 - 9) upplýsingum um reglugerðir sem tengjast flutningi flugleiðis á varasömum vörum,
 - 10) tilvísunum í kröfur landslöggjafar og löggjafar ESB og í birtingu breytinga á þessari löggjöf,
 - 11) upplýsingum um fyrirkomulag leyfisveitingar til flugliða,
 - 12) upplýsingum um þjálfun starfsfólks í flugi,
 - 13) upplýsingum um framkvæmd krafna í landslöggjöf og löggjöf ESB eða undanþágur frá þeim,
 - 14) ráðleggingum um notkun og viðhald sérstakra tegunda af búnaði,
 - 15) raunverulegt eða fyrirhugað aðgengi að nýjum eða endurskoðuðum útgáfum af flugkortum,
 - 16) upplýsingum um flutning fjarskiptabúnaðar,

- 17) upplýsingum til skýringar í tengslum við hávaðamildun,
 - 18) völdum lofthæfifyrirmælum,
 - 19) upplýsingum um breytingar á NOTAM-röðum eða dreifingu þeirra, nýjar útgáfur af flugmálahandbókum eða meiri háttar breytingar á innihaldi þeirra, umfangi eða sniðmáti,
 - 20) fyrirframupplýsingum um áætluninni um vetrarviðhald og
 - 21) öðrum upplýsingum sem eru svipaðs eðlis.
- c) Ekki skal nota upplýsingabréfið fyrir upplýsingar sem uppfylla kröfur um birtingu í flugmálahandbók eða NOTAM-tilkynningu.
 - d) Með áætluninni um vetrarviðhald, sem er gefin út í samræmi við lið AD 1.2.2 í flugmálahandbókinni, skulu fylgja árstíðabundnar upplýsingar, sem gefnar eru út sem upplýsingabréf, með góðum fyrirvara fyrir upphaf hvers vetrar, a.m.k. einum mánuði áður en vetrarskiilyrði hefjast venjulega.
 - e) Ef upprunaaðildarríkið velur að dreifa upplýsingabréfinu fyrir utan sitt yfirráðasvæði skal dreifa því á sama hátt og flugmálahandbókinni.
 - f) Hverju upplýsingabréfi skal úthlutað raðnúmeri, sem skal vera í hlaupandi númeraröð og byggt á almanaksárinu.
 - g) Ef upplýsingabréf er lagt fram í fleiri númeraröðum en einni skal hver númeraröð auðkennd sérstaklega með bókstaf.
 - h) Gefa skal út gátlista um öll upplýsingabréf sem eru í gildi hverju sinni, a.m.k. einu sinni á ári, sem skal hafa sömu dreifingu og upplýsingabréf.
 - i) NOTAM-gátlistinn skal innihalda gátlista um upplýsingabréf sem eru gefin út utan yfirráðasvæðis aðildarríkis.

AIS.TR.330 NOTAM

- a) Gefa skal út NOTAM-tilkynningu þegar nauðsynlegt er að veita upplýsingar um eftirfarandi:
 - 1) þegar rekstri flugvalla, þyrilvalla eða flugbrauta hefur verið komið á, rekstri hætt eða umtalsverðar breytingar hafa orðið á rekstrinum,
 - 2) þegar flugþjónusta er komið á fót, hún afturkölluð og umtalsverðar breytingar verða á rekstri hennar,
 - 3) þegar fjarleiðsöguþjónusta eða fjarskiptaþjónusta milli loftfara og jarðstöðva er komið á fót, slík þjónusta felld niður eða umtalsverðar breytingar verða á rekstrargetu þjónustunnar,
 - 4) þegar varakerfi og aukakerfi eru ekki tiltæk og slíkt hefur bein rekstrarleg áhrif,
 - 5) þegar sjónrænum leiðsögutækjum er komið fyrir, þau tekin niður eða umtalsverðar breytingar eru gerðar á þeim,
 - 6) þegar truflanir verða á mikilvægum íhlutum ljósakerfis flugvallar eða þeir teknir í notkun aftur,
 - 7) þegar komið er á flugleiðsöguþjónustu, slík þjónusta er felld niður eða umtalsverðar breytingar verða á verklagi hennar,
 - 8) þegar miklar bilanir eða ágallar koma upp á umferðarsvæðinu eða lagfæringar eru gerðar þar á,
 - 9) þegar breytingar eða takmarkanir verða á tiltækileika eldsneytis, olíu og súrefnis,
 - 10) þegar meiri háttar breytingar eru gerðar á tiltækri aðstöðu og þjónustu til leitar og björgunar,
 - 11) þegar hættuvitum, sem auðkenna flugleiðsöguhindranir, er komið fyrir, þeir teknir niður eða þeim komið aftur í notkun,
 - 12) breytingar á gildandi löggjöf í viðkomandi aðildarríki eða aðildarríkjum, sem krefjast tafarlausra aðgerða frá rekstrarlegu sjónarmiði,
 - 13) rekstrarfyrirmæli þar sem krafist er tafarlausra aðgerða eða breytinga á þeim,
 - 14) hættur sem hafa áhrif á flugleiðsögu,
 - 15) áætlaða útgeislun leysigeisla, áætlaðar leysigeislasýningar og notkun leitarljósa, ef líkur eru á að nætursjón flugmanns skerðist,
 - 16) þegar flugleiðsöguhindranir eru settar upp eða fjarlægðar á flugtaks-, fráklifurs-, fráflugs- og aðflugssvæðum og á flugbrautaröryggissvæðinu eða um breytingar sem hafa verið gerðar á þeim,
 - 17) þegar komið er á bann-, hafta- eða hættusvæðum eða þau lögð niður, þ.m.t. virkjun þeirra eða óvirkjun, eftir því sem við á, eða breytingar gerðar á stöðu þeirra,

- 18) þegar svæðum eða flugleiðum, eða hlutum þeirra, er komið á eða þau yfirgefin, þar sem möguleikinn á einelti er til staðar og þar sem þess er krafist að VHF-neyðartíðnin 121,500 MHz sé vöktuð,
 - 19) úthlutun, ógildingu eða breytingu á staðarauðkennum,
 - 20) breytingar á flokki björgunar- og slökkviþjónustu flugvallar/þyrluvallar,
 - 21) hættulegar aðstæður sem eru til staðar eða sem ráðin hefur verið bót á, sökum þess að það er snjór, krap, ís, geislavirk efni, eiturefni, lag af eldfjallaösku eða vatn á athafnasvæðinu, eða umtalsverðar breytingar þar á,
 - 22) uppkoma faraldra, sem kallar á breytingar á tilkynntum kröfum um bólusetningu og sóttkví,
 - 23) spár um geimgeislun frá sólinni, ef þær eru veittar,
 - 24) breytingu, sem er mikilvæg starfrækslunni, að því er varðar eldvirkni, staðsetningu, dagsetningu og tíma eldgoss og/eða lárétta og lóðrétta útbreiðslu gosöskuskýs, þ.m.t. hreyfingarátt, fluglag og flugleiðir eða hluta flugleiða sem gætu orðið fyrir áhrifum,
 - 25) losun geislavirkra efna eða eiturefna út í andrúmsloftið í kjölfar kjarnorku- eða efnaatviks, staðsetningu, dagsetningu og tíma atviksins, fluglag og flugleiðir, eða hluta þeirra, sem gætu orðið fyrir áhrifum, sem og hreyfingarátt,
 - 26) þegar hafin er starfræksla í tengslum við mannúðaraðstoð, og verklagsreglur og/eða takmarkanir sem hafa áhrif á flugleiðsögu,
 - 27) framkvæmd viðbúnaðarráðstafana til skamms tíma við röskun, eða röskun að hluta til, á flugumferðarþjónustu og tengdri stoðþjónustu,
 - 28) sértækt tap á heilleika leiðsögukerfa um gervihnött,
 - 29) þegar flugbraut er ekki tiltæk vegna vinnu við merkingu flugbrautar eða upplýsingar um þann tíma sem þarf til að gera flugbrautina tiltæka ef hægt er að fjarlægja búnaðinn sem notaður er við slíka vinnu.
- b) Það skal ekki gefa út NOTAM-tilkynningu til að veita eftirfarandi upplýsingar:
- 1) reglubundið viðhald á flughlöðum og akbrautum sem hefur ekki áhrif á öryggi í tengslum við hreyfingar loftfara,
 - 2) tímabundnar hindranir í nágrenni flugvalla/þyrluvalla sem hafa ekki áhrif á örugga starfrækslu loftfara,
 - 3) bilun að hluta í ljósabúnaði á flugvelli/þyrluflugvelli ef hún hefur ekki bein áhrif á starfrækslu loftfara,
 - 4) tímabundin bilun að hluta á búnaði fyrir fjarskipti milli loftfara og jarðstöðva ef aðrar hentugar tíðnir eru tiltækar og nothæfar,
 - 5) þegar skortur er á þjónustu vegna stæðisvísunar á hlaði og umferðarlokanir, -takmarkanir og -stjórn,
 - 6) ónothæfi staðsetningar-, ákvörðunarstaðar- eða annarra leiðbeiningarskilta á athafnasvæði flugvallarins,
 - 7) fallhlífastökk, ef það á sér stað í óstjórnuðu loftrými samkvæmt sjónflugsreglum eða á sér stað í flugstjórnarrými á kunngerðum stöðum eða innan hættu- eða bannsvæða,
 - 8) þjálfun sem er framkvæmd af deildum á jörðu niðri,
 - 9) þegar varakerfi og aukakerfi eru ekki tiltæk, ef þau hafa ekki bein rekstrarleg áhrif,
 - 10) þegar takmarkanir eru á aðstöðu á flugvelli eða almennri þjónustu, sem hefur engin rekstrarleg áhrif,
 - 11) landsbundnar reglur sem hafa ekki áhrif á almannaflug,
 - 12) tilkynningar eða viðvaranir um mögulegar/hugsanlegar takmarkanir sem hafa engin rekstrarleg áhrif,
 - 13) almennar áminningar um upplýsingar sem þegar hafa verið birtar,

- 14) tiltækileika búnaðar fyrir deildir á jörðu niðri, án þess að fyrir liggi upplýsingar um rekstrarleg áhrif á loftrýmisnotendur og notendur aðstöðunnar,
 - 15) upplýsingar um útgeislun leysigeisla sem hefur engin rekstrarleg áhrif og um flugelda undir lágmarksflughæð,
 - 16) þegar hluta athafnasvæðisins er lokað í tengslum við staðbundna, samræmda, skipulagða vinnu, sem stendur ekki yfir lengur en eina klukkustund,
 - 17) lokun, breytingar eða skortur á framboði með tilliti til reksturs flugvalla/þyrluvalla utan rekstartíma flugvalla/þyrluvalla og
 - 18) aðrar sambærilegar tímabundnar upplýsingar sem tengjast ekki rekstri.
- c) Nema kveðið sé á um annað í f- og g-lið AIS.TR.330 skal hver NOTAM-tilkynning innihalda upplýsingarnar í þeirri röð sem er sýnd í NOTAM-sniðmátinu í 2. viðbæti.
 - d) Texti NOTAM-tilkynningar skal samanstanda af merkingum/samræmdum skammstöfunum sem notaðar eru í NOTAM-kóðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að viðbættum skammstöfunum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem og auðkennum, kennimerkjum, kóðum, kallmerkjum, tíðnum, tölum og venjulegu máli.
 - e) Allar NOTAM-tilkynningar skulu gefnar út á ensku. Ef þörf krefur, með tilliti til innlendra notenda, má auk þess gefa út NOTAM-tilkynningar á þjóðtungunni.
 - f) Upplýsingar varðandi snjó, krap, ís, hrím, vatnssöfnun eða vatn sem tengist snjó, krap, ís eða hrími á athafnasvæðinu skal miðlað með SNOWTAM-tilkynningu og skulu innihalda upplýsingarnar í þeirri röð sem er sýnd í SNOWTAM-sniðmátinu í 3. viðbæti a.
 - g) Upplýsingar um breytingar á eldvirkni, eldgosi og/eða gosöskuskýi sem hafa mikilvæg áhrif á starfrækslu flugs skulu, ef þær eru gefnar út sem ASHTAM-tilkynning, innihalda upplýsingar í þeirri röð sem fram kemur í ASHTAM-sniðmátinu í 4. viðbæti.
 - h) Ef upp koma villur í NOTAM-tilkynningu skal stofna til nýrrar NOTAM-tilkynningar með nýju númeri, sem kemur í stað röngu tilkynningarinnar, eða afturkalla röngu NOTAM-tilkynninguna og gefa út nýja NOTAM-tilkynningu.
 - i) Ef gefin er út NOTAM-tilkynning sem fellir úr gildi eða kemur í stað áður útgefnar NOTAM-tilkynningar:
 - 1) skal tilgreina númeraröð og númer/ártal fyrri NOTAM-tilkynningar,
 - 2) skal númeraröð, staðarauðkenni og viðfangsefni beggja NOTAM-tilkynninga vera það sama.
 - j) Aðeins má fella úr gildi eða skipta út einni NOTAM-tilkynningu með annarri NOTAM-tilkynningu.
 - k) Hver NOTAM-tilkynning skal varða aðeins einn efnisþátt og eitt efnisástand.
 - l) Hver NOTAM-tilkynning skal vera eins hnitmiðuð og mögulegt er og þannig fram sett að merking hennar sé skýr án þess að vísa þurfi til annars gagns.
 - m) NOTAM-tilkynning, sem inniheldur varanlegar upplýsingar eða tímabundnar upplýsingar með langan gildistíma, skal innihalda viðeigandi tilvísun í flugmálaláshandbókina eða viðbót við flugmálaláshandbókina.
 - n) Staðarauðkenni, sem er að finna í texta NOTAM-tilkynningar, skulu vera þau sömu og er að finna skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7910, „staðarauðkenni“ (e. *Location Indicators*). Ekki skal nota stytta útgáfu af staðarauðkennum. Ef staðnum er ekki úthlutað staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skal skrá nafn staðarins á venjulegu máli.
 - o) Úthluta skal hverri NOTAM-tilkynningu númeraröð sem er auðkennd með bókstaf og fjögurra stafa tölu, þar á eftir kemur skástrik og tveggja stafa tala fyrir árið. Fjögurra stafa talan skal vera hlaupandi og byggð á almanaksárinu.
 - p) Skipta skal öllum NOTAM-tilkynningum upp í númeraraðir samkvæmt viðfangsefni, umferð eða staðsetningu, eða samsetningu af því, með hliðsjón af þörfum endanlegs notanda. NOTAM-tilkynningar fyrir flugvelli, sem leyfa alþjóðlega flugumferð, skulu gefnar út í alþjóðlegum NOTAM-röðum.
 - q) Ef NOTAM-tilkynningar eru bæði gefnar út á ensku og þjóðtungu skulu NOTAM-raðirnar skipulagðar þannig að númeraraðir þjóðtungunnar séu jafngildar röðinni á ensku að því er varðar inntak og úthlutun númera.
 - r) Tilgreina skal í smáatriðum inntak og landfræðilega útbreiðslu hvorrar NOTAM-raðar í kafla GEN 3 í flugmálaláshandbókinni.

- s) Reglulega skal leggja fram gátlista yfir gildandi NOTAM-tilkynningar.
- t) Gefa skal út einn NOTAM-gátlista fyrir hverja númeraröð.
- u) NOTAM-gátlisti skal einnig vísa til nýjustu breytinganna á flugmálahandbókinni, viðbóta við flugmálahandbókina, gagnamengja og a.m.k. til dreifðra upplýsingabréfa flugmála.
- v. NOTAM-gátlista skal dreift á sama hátt og skeytaröðinni sem hann vísar til og skal hann greinilega auðgreindur sem gátlisti.
- w) Vakta skal úthlutun númeraraða og, ef þörf krefur, gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að engar númeraraðir nái hámarksfjölda útgefna NOTAM-tilkynninga fyrir lok almanaksárs.

2. kafli — Stafræn gagnamengi

AIS.TR.335 Almenn — stafræn gagnamengi

- a) Nota skal staðal fyrir landfræðilegar upplýsingar sem viðmiðunarramma.
- b) Leggja skal fram lýsingu á hverju fyrirbyggjandi gagnamengi í formi forskriftar fyrir gagnaafurð.
- c) Gátlisti yfir tiltæk gagnamengi, þ.m.t. gildistökdaga þeirra og útgáfudagsetningar, skal gerður aðgengilegur notendum til að tryggja að nýjustu gögn séu notuð.
- d) Gátlistinn yfir gagnamengi skal gerður aðgengilegur með sama dreifingarfyrrkomulagi og notað er fyrir gagnamengin.

AIS.TR.340 Kröfur um lýsigögn

Lýsigögnin fyrir hvert gagnamengi skulu a.m.k. innihalda:

- a) heiti stofnananna eða aðilanna sem leggja gagnamengin fram,
- b) dagsetninguna og tímann þegar gagnamengið var lagt fram,
- c) réttmæti gagnamengisins og
- d) allar takmarkanir á notkun gagnamengisins.

AIS.TR.345 Gagnamengi flugmálahandbókar

- a) Gagnamengi flugmálahandbókarinnar skal innihalda gögn um eftirfarandi viðfangsefni, þ.m.t. eiginleikana sem tilgreindir eru, ef við á:

Viðfangsefni gagna	Tengdir eiginleikar að lágmarki
Loftrými flugumferðarþjónustu	Tegund, heiti, hliðarmörk, hæðarmörk, flokkur loftrýmis
Loftrými fyrir sérstaka starfsemi	Tegund, heiti, hliðarmörk, hæðarmörk, takmörkun, virkjun
Flugleið	Forskeyti auðkennis, flugreglur, kennimerki
Leiðarleggur	Leiðsöguforskrift, upphafspunktur, endapunktur, ferill, vegalengd, efri mörk, neðri mörk, lágmarksleiðarflughæð (MEA), lágmarkshæð yfir hindrun (MOCA), stefna farflugslags, öflug stefna farflugslags, tilskilin nákvæmni í flugleiðsögu
Varða — á flugleið	Tilkynningarskylda, auðkenning, staðsetning, myndun (e. <i>formation</i>),
Flugvöllur/þyrluvöllur	Staðarauðkenni, heiti, kennimerki Alþjóðasambands flugfélaga (IATA), borg sem þjónustan nær til, dagsetning fyrir útgáfu vottorðs, síðasti gildisdagur vottorðs, ef við á, tegund eftirlits, landhæð flugvallar, viðmiðunarhitastig, misvísun, viðmiðunarpunktur flugvallar

Viðfangsefni gagna	Tengdir eiginleikar að lágmarki
Flugbraut	Kennimerki, nafnlengd, nafnbreidd, yfirborðsgerð, burðarþol
Stefna flugbrautar	Kennimerki, réttvísandi miðun, þröskuldur, tiltækt flugtaksbrun (TORA), tiltæk flugtaksvegalegd (TODA), tiltæk hemlunarvegalegd við flugtak (ASDA), tiltæk landingarvegalegd (LDA), tiltæk stöðvunarvegalegd þegar hætt er við flugtak (RTODAH) (fyrir þyrlur)
Lokaaðflugs- og flugtakssvæði (FATO)	Kennimerki, lengd, breidd, þröskuldur
Snerti- og flugtakssvæði (TLOF)	Kennimerki, miðpunktur, lengd, breidd, yfirborðsgerð
Leiðsöguvirki	Tegundarauðkenni, heiti, flugvöllur sem þjónustan nær til, þjónustutímar, misvísun, tíðni/rás, staða, landhæð, segulmiðun, réttvísandi miðun, núllmiðun

- b) Þegar eiginleiki er ekki skilgreindur fyrir viðfangsefni sem kemur fyrir og skráð er í a-lið skal koma skýrt fram í gagnahlutmengi flugmálhandbókarinnar: „á ekki við“.

AIS.TR.350 Landslags- og hindranagögn — almennar kröfur

Útbreiðslusvæðin fyrir landslags- og hindranagagnamengi skulu skilgreind sem:

- a) svæði 1: allt yfirráðasvæði aðildarríkis,
- b) svæði 2: í nágrenni flugvallar, skipt niður eins og hér segir:
 - 1) svæði 2a: réttthyrnt svæði í kringum flugbraut, sem felur í sér flugbrautaröryggissvæðið auk alls hindrunarlauss klifursvæðis,
 - 2) svæði 2b: svæði sem nær frá enda svæðis 2a í brottflugsátt, sem er 10 km að lengd og með fláa sem er 15% á hvorri hlið,
 - 3) svæði 2c: svæði fyrir utan svæði 2a og 2b, sem er ekki lengra en 10 km frá mörkum svæðis 2a og
 - 4) svæði 2d: svæði fyrir utan svæði 2a, 2b og 2c í allt að 45 km fjarlægð frá viðmiðunarpunkti flugvallar, eða að mörkum aðflugsstjórarsvæðis sem fyrir er, hvort þeirra sem er nær,
- c) svæði 3: svæðið sem liggur að athafnasvæði flugvallar sem nær lárétt frá brún flugbrautar að 90 m frá miðlínu flugbrautarinnar og 50 m frá brún allra annarra hluta athafnasvæðis flugvallarins og
- d) svæði 4: svæðið sem nær 900 m að þröskuldi flugbrautar og 60 m hvoru megin við framlengda miðlínu flugbrautarinnar í aðflugsstefnu á flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug í flokki II eða III.


AIS.TR.355 Gagnamengi um landslag

Ef gagnamengi um landslag eru lögð fram í samræmi við AIS.OR.355:

- a) skulu gagnamengi um landslag innihalda stafræna framsetningu á yfirborði landslags í formi samfelldra landhæðargilda á öllum skurðpunktum á ákveðnu netkorti, sem er byggt á sameiginlegum viðmiðum,
- b) skal landslagsnetkort vera hornmyndað eða línustrikað og vera reglulegt eða óreglulegt að lögun,
- c) skulu gagnamengi um landslag innihalda rúmfræðilega (staðsetning og landhæð), þematengda og tímatengda þætti að því er varðar yfirborð jarðar, s.s. fitjur sem fyrirfinnast á náttúrulegu yfirborði jarðar, að undanskildum hindrunum,
- d) skal aðeins leggja fram eina fitjutegund, þ.e.a.s. landslag,
- e) skal skrá eftirfarandi fitjueigind landslags í gagnamenginu um landslag:
 - 1) útbreiðslusvæði,
 - 2) auðkenningu upphafsaðila gagna,

- 3) auðkenni gagnagjafa,
 - 4) aðferð við öflun,
 - 5) bil milli punkta,
 - 6) hnitakerfi,
 - 7) lárétta möskvastærð,
 - 8) lárétta nákvæmni,
 - 9) lárétt öryggisstig,
 - 10) lárétta stöðu,
 - 11) landhæð,
 - 12) viðmiðun landhæðar,
 - 13) hæðarkerfi,
 - 14) lóðrétta möskvastærð,
 - 15) lóðrétta nákvæmni,
 - 16) lóðrétt öryggisstig,
 - 17) skráð yfirborð,
 - 18) heilleika,
 - 19) dagsetningu og tímastimplun og
 - 20) mælieininguna sem notuð er,
- f) innan 10 km radíuss frá viðmiðunarpunkti flugvallar skulu landslagsgögn uppfylla tölulegar kröfur fyrir svæði 2,
- g) innan svæðisins milli 10 km og marka aðflugsstjórnarsvæðisins eða 45 km radíuss, hvort sem er minna, skulu gögn um landslag, sem fer inn í láréttan flöt 120 m yfir lægstu landhæð flugbrautar, uppfylla tölulegar kröfur fyrir svæði 2,
- h) innan svæðisins milli 10 km og marka aðflugsstjórnarsvæðisins eða 45 km radíuss, hvort sem er minna, skulu gögn um landslag, sem fer ekki inn í láréttan flöt 120 m yfir lægstu landhæð flugbrautar, uppfylla tölulegar kröfur fyrir svæði 1 og
- i) í þeim hlutum af svæði 2 þar sem flugumferð er bönnuð vegna afar mikils hálendis eða annarra staðbundinna takmarkana og/eða reglna, skulu landslagsgögn uppfylla tölulegar kröfur fyrir svæði 1.

Söfnunarflötur gagna um landslag — svæði 1 og 2




AIS.TR.360 Gagnamengi um hindranir

Ef gagnamengi um hindranir eru lögð fram í samræmi við AIS.OR.360:

- a) skal tilgreina gagnaatriði hindrana í gagnamengjunum með punktum, línnum eða marghyrnum svæðum,
- b) skal leggja fram allar skilgreindar tegundir af fitjum hindrana og lýsa hverri þeirra samkvæmt eftirfarandi skrá yfir eigindir:
 - 1) útbreiðslusvæði,
 - 2) auðkenningu upphafsaðila gagna,
 - 3) auðkenni gagnagjafa,
 - 4) auðkenni hindrunar,
 - 5) lárétta nákvæmni,
 - 6) lárétt öryggisstig,
 - 7) lárétta stöðu,
 - 8) lárétta möskvastærð,
 - 9) lárétt umfang,
 - 10) hnitakerfi,
 - 11) landhæð,
 - 12) lóðrétt nákvæmni,
 - 13) lóðrétt öryggisstig,
 - 14) lóðrétt möskvastærð,
 - 15) hæðarkerfi,
 - 16) tegund hindrunar,
 - 17) tegund rúmfræði,
 - 18) heilleika,
 - 19) dagsetningu og tímastimplun,
 - 20) mælieininguna sem notuð er,
 - 21) lýsingu og
 - 22) merkingu,
- c) skal safna saman gögnum um hindranir fyrir svæði 2 og 3 í samræmi við eftirfarandi söfnunarfleti fyrir hindranir:
 - 1) söfnunarflöturinn fyrir hindranir fyrir svæði 2a er 3 m fyrir ofan næstu landhæð flugbrautar, mælt eftir miðlínu flugbrautarinnar, og fyrir þá hluta, sem eru tengdir við hindrunarlaust klifursvæði, ef slíkt er til staðar, við landhæð næsta flugbrautarenda,
 - 2) söfnunarflöturinn fyrir hindranir fyrir svæði 2b er með 1,2% halla, sem nær frá enda svæðis 2a í landhæð flugbrautarenda í brottflugsátt, er 10 km á lengd og með 15% fláa á hvorri hlið; ekki þarf að safna gögnum fyrir hindranir sem eru lægri en 3 m frá jörðu,
 - 3) söfnunarflöturinn fyrir hindranir fyrir svæði 2c er með 1,2% halla, sem nær fyrir utan svæði 2a og 2b, sem er ekki lengra en 10 km frá mörkum svæðis 2a; upphafslandhæð svæðis 2c skal vera landhæð á þeim punkti á svæði 2a þar sem svæði 2c byrjar; ekki þarf að safna gögnum fyrir hindranir sem eru lægri en 15 m frá jörðu,
 - 4) söfnunarflöturinn fyrir hindranir fyrir svæði 2d er 100 m frá jörðu og
 - 5) söfnunarflöturinn fyrir hindranir fyrir svæði 3 nær 0,5 m yfir lárétta flötinn, sem gengur í gegnum næsta punkt á athafnasvæði flugvallarins,

- d) í þeim hlutum á svæði 2 þar sem flugumferð er bönnuð vegna afar mikils hálandis eða annarra staðbundinna hafta og/eða reglna, skal safna saman og skrá hindranagögn í samræmi við tölulegar kröfur fyrir svæði 1,
- e) í forskrift fyrir gagnaafurð fyrir hindranir, sem studd er með landhnitum fyrir hvern flugvöll sem fer í gagnamengið, skal lýsa eftirfarandi svæðum:
- 1) svæðum 2a, 2b, 2c og 2d,
 - 2) svæðinu fyrir flugtaksflugslóð og
 - 3) hindranaflötunum,
- f) skulu gagnamengi hindrana innihalda stafræna framsetningu á lóðréttu og láréttu umfangi hindrananna og
- g) hindranirnar skulu ekki vera innifaldar í gagnamengjum um landslag.

Söfnunarflötur gagna um hindranir — svæði 1 og 2



AIS.TR.365 Gagnamengi um kortlagningu flugvalla

- a) Gagnamengi um kortlagningu flugvalla skulu innihalda stafræna framsetningu á fítjum flugvalla.
- b) Nota skal ISO-staðla fyrir landfræðilegar upplýsingar sem viðmiðunarramma.
- c) Lýsa skal gagnaafurðum um kortlagningu flugvalla samkvæmt viðeigandi staðli fyrir forskrift fyrir gagnaafurð.
- d) Innihald og form gagnamengja um kortlagningu flugvalla skulu ákvörðuð með tilliti til viðfangsgerðarlýsingar og fítjuskráar.

AIS.TR.370 Gagnamengi um blindflugsverklag

- a) Gagnamengi um blindflugsverklag skulu innihalda stafræna framsetningu á blindflugsverklagi.
- b) Gagnamengi um blindflugsverklag skulu innihalda gögn um eftirfarandi viðfangsefni, þ.m.t. alla eiginleika þeirra:
 - 1) verklag,
 - 2) verklagshluta,
 - 3) lokaaðflugshluta,
 - 4) verklagsmið,
 - 5) biðflugsverklag,
 - 6) nákvæma útlitun á verklagi fyrir þyrllu.

*4. ÞÁTTUR — DREIFINGARÞJÓNUSTA OG FYRIRFLUGSUPPLÝSINGAÞJÓNUSTA***AIS.TR.400 Dreifingarþjónusta**

- a) Nota skal fyrirframákveðið dreifikerfi fyrir NOTAM-tilkynningar, sem dreift er um faststöðvaþjónustu fyrir flug, sé þess kostur.
- b) Dreifing annarra NOTAM-raða en þeirra sem dreift er alþjóðlega skal heimiluð sé farið þess á leit.
- c) Undirbúa skal NOTAM-tilkynningar í samræmi við verklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um fjarskipti, sem mælt er fyrir um í II. bindi í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- d) Senda skal hverja NOTAM-tilkynningu sem ein fjarskiptaboð.
- e) Skipti á ASHTAM-tilkynningum út fyrir yfirráðasvæði aðildarríkis og NOTAM-tilkynningum, ef aðildarríkin nota NOTAM-tilkynningar til að dreifa upplýsingum um eldvirkni, skulu ná yfir ráðgjafarmiðstöðvar um gjóskudreifingu og hnattrænar spámiðstöðvar og taka tillit til þeirra krafna er varða starfrækslu langflugs.

AIS.TR.405 Fyrirflugsupplýsingaþjónusta

- a) Nota skal sjálfvirk fyrirflugsupplýsingakerfi til að gera flugmálagögn og -upplýsingar tiltæk fyrir starfsfólk sem tengist fluginu, þ.m.t. flugliðum, fyrir upplýsingaöflun á eigin vegum, gerð flugáætlana og vegna flugupplýsingaþjónustu.
- b) Notendaskil búnaðar fyrir fyrirflugsupplýsingaþjónustu skulu tryggja greiðan aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum/gögnum á skipulagðan máta.
- c) Búnaður fyrir upplýsingaöflun á eigin vegum í sjálfvirku fyrirflugsupplýsingakerfi skal veita aðgang, eftir því sem þörf krefur, að upplýsingaþjónustu flugmála í gegnum síma eða eftir öðrum viðeigandi fjarskiptaleiðum.
- d) Í sjálfvirkum fyrirflugsupplýsingakerfum, sem miðla flugmálagögnum og -upplýsingum fyrir upplýsingaöflun á eigin vegum, gerð flugáætlana og vegna flugupplýsingaþjónustu, skal:
 - 1) koma á samfelldri og tímanlegri uppfærslu á gagnagrunni kerfisins og eftirliti með gildi og gæðum flugmálagagnanna sem geymd eru,
 - 2) veita starfsfólki sem tengist fluginu, þ.m.t. flugliðum, hlutaðeigandi flugmálastarfsfólki og öðrum notendum, aðgang að kerfinu í gegnum viðeigandi fjarskiptaleiðir,
 - 3) tryggja að flugmálagögn og -upplýsingar sem náð hefur verið í séu látnin í té á pappír, eftir því sem þörf krefur,

- 4) nota aðgangs- og fyrirspurnarverklagsreglur sem byggjast á stuttu, skýru máli og staðarauðkennum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem mælt er fyrir um í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7910, eins og við á, eða sem byggjast á valmyndarstýrðu notendaviðmóti eða öðru viðeigandi fyrirkomulagi,
 - 5) svara beiðni notanda um upplýsingar tímanlega.
- e) Allar NOTAM-tilkynningar skulu sjálfkrafa gerðar tiltækar til upplýsingaöflunar og minnkun innihalds skal vera undir notanda komið.

5. ÞÁTTUR — UPPFÆRSLA AFURÐA FLUGMÁLAUPPLÝSINGA

AIS.TR.500 Almenn — uppfærsla afurða flugmálaupplýsinga

Beita skal sömu AIRAC-lotuuppfærslu í tengslum við breytingar á flugmálahandbókinni, viðbætur við flugmála-handbókina, gagnamengi flugmálahandbókarinnar og gagnamengi um blindflugsverklag til að tryggja samræmi í þeim gagnaatriðum sem birtast í mörgum afurðum flugmálaupplýsinga.

AIS.TR.505 Fyrirvaradreifing (AIRAC)

- a) Upplýsingum um eftirfarandi aðstæður skal dreift með AIRAC-kerfinu:
- 1) lárétt mörk og hæðarmörk, reglur og verklagsreglur sem gilda fyrir:
 - i. flugupplýsingasvæði (FIR),
 - ii. flugstjórnarsvæði (CTA),
 - iii. flugstjórnarsvið,
 - iv. ráðgjafarsvæði,
 - v. flugþjónustuleiðir,
 - vi. varanleg hættu-, bann- og haftasvæði (þ.m.t. tegund og virknitími, ef það er vitað) og auðkenningarsvæði loftvarna,
 - vii. varanleg svæði eða flugleiðir, eða hluta þeirra, þar sem möguleiki á einelti er til staðar,
 - viii. talstöðvaskyld svæði (RMZ) og/eða ratsjárvaraskyld svæði (TMZ),
 - 2) staðsetningar, tíðnir, kallmerki, kennimerki, þekkt frávik og viðhaldstímabil leiðsöguvirkja sem og fjarskipta- og eftirlitsbúnaðar,
 - 3) biðflugs- og aðflugsverklag, komu- og brottflugsverklag, verklagsreglur um hávaðamildun og allar aðrar viðeigandi verklagsreglur flugumferðarþjónustu,
 - 4) skiptilög, skiptihæðir og lágmarksflughæðir í geira,
 - 5) búnað fyrir veðurþjónustu (þ.m.t. útvarpssendingar) og verklag,
 - 6) flugbrautir og öryggisbrautir,
 - 7) akbrautir og hlöð,
 - 8) verklagsreglur flugvallar í tengslum við starfrækslu á jörðu niðri (þ.m.t. verklag í lélegu skyggni),
 - 9) aðflugs- og flugbrautarljós og
 - 10) flugvallarlágmörk, ef aðildarríki birtir þau.
- b) Gera skal sérstakar ráðstafanir, ef meiri háttar breytingar eru ráðgerðar og ef fyrirframtilkynningar eru æskilegar og framkvæmanlegar.

- c) Ef upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir dagsetningu fyrirvaradreifingarinnar skal dreifa NIL-tilkynningu með NOTAM-tilkynningu eða öðrum viðeigandi hætti, eigi síðar en einni lotu fyrir gildistökudag viðkomandi fyrirvaradreifingar.

AIS.TR.510 NOTAM-tilkynningar

- a) NOTAM-tilkynningar skulu birtar með góðum fyrirvara til að gera hlutaðeigandi aðilum kleift að grípa til nauðsynlegra aðgerða, nema ef um er að ræða óstarfhæfi, eldvirkni, losun geislavirkra efna og eiturefna eða önnur atvik sem ekki er unnt að sjá fyrir um.
- b) Í NOTAM-tilkynningu um óstarfhæfi flugleiðsöguvirkja, búnaðar eða fjarskiptapjónustu skal tilgreina áætlað tímabil óstarfhæfi eða þann tíma sem búast megi við starfhæfi á ný.
- c) Eigi síðar en þremur mánuðum eftir útgáfu varanlegrar NOTAM-tilkynningar skal vera búið að bæta upplýsingunum, sem þar er að finna, við í viðkomandi afurðir upplýsingapjónustu flugmála.
- d) Eigi síðar en þremur mánuðum frá útgáfu tímabundinnar NOTAM-tilkynningar, sem er með langan gildistíma, skal vera búið að bæta upplýsingunum, sem þar er að finna, við í viðbót við flugmálahandbókina.
- e) Gefa skal út nýjar NOTAM-tilkynningar ef NOTAM-tilkynning, sem er með áætlaðan gildistíma, varir óvænt lengur en þrjú mánuði, nema búist sé við að ástandið muni vara lengur en þrjú mánuði til viðbótar, en í því tilviki skal gefa út viðbót við flugmálahandbókina.
- f) „NOTAM-fortilkynning“ skal innihalda stutta lýsingu á innihaldi, dagsetningu og tíma þegar hún tekur gildi og tilvísunarnúmer breytingarinnar eða viðbótarinnar.
- g) „NOTAM-fortilkynning“ skal öðlast gildi á sama degi og tíma og breyting á flugmálahandbókinni eða viðbót við hana.
- h) Ef um er að ræða breytingu á flugmálahandbókinni skal „NOTAM-fortilkynning“ gilda í 14 daga.
- i) Ef um er að ræða viðbæti við flugmálahandbókina, sem gildir í færri en 14 daga, skal „NOTAM-fortilkynning“ gilda jafnlengi og viðbótin við flugmálahandbókina.
- j) Ef um er að ræða viðbót við flugmálahandbókina, sem gildir í 14 daga eða lengur, skal „NOTAM-fortilkynning“ gilda í a.m.k. 14 daga.

AIS.TR.515 Uppfærslur gagnamengja

- a) Tilgreina skal tímann sem líður á milli uppfærslna á gagnamengi flugmálahandbókar og gagnamengja um blindflugs-verklag í forskriftinni fyrir gagnaafurð.
- b) Uppfæra skal gagnamengi, sem hafa verið gerð aðgengileg fyrir fram samkvæmt AIRAC-lotunni, með breytingunum sem eru utan ramma fyrirvaradreifingar, sem áttu sér stað á milli útgáfudagsins og gildistökudagsins.

1. viðbætur

INNIHALD FLUGMÁLAHANDBÓKARINNAR (AIP)

1. HLUTI — ALMENNT (GEN)

Ef flugmálahandbókin er tekin saman í einu bindi skulu formáli, skrá yfir breytingar á flugmálahandbókinni, skrá yfir viðbætur við flugmálahandbókina, gátlisti yfir blaðsíður flugmálabókarinnar og skrá yfir núverandi handskráðar breytingar aðeins koma fram í 1. hluta — almennt, og setja skal skýringuna „á ekki við“ með hverjum þessara undirkafla í 2. og 3. hluta.

Ef flugmálahandbók er tekin saman og gerð aðgengileg í fleiri en einu bindi, þar sem breytingar og viðbætur eru gerðar sérstaklega fyrir hvert bindi, skal hvert bindi innihalda sérstakan formála, skrá yfir breytingar á flugmálabókinni, skrá yfir viðbætur við flugmálahandbókina, gátlista yfir blaðsíður flugmálahandbókarinnar og skrá yfir núverandi handskráðar breytingar.

GEN 0.1 Formáli

Stutt lýsing á flugmálahandbókinni, þ.m.t.:

1. heiti útgáfufyrirtækisins,
2. viðeigandi skjöl Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,
3. útgáfumiðlar (þ.e.a.s. prentmiðlar, netmiðlar eða aðrir rafrænar miðlar),
4. uppbygging flugmálahandbókarinnar og ákvörðuð útgáfa breytinga á henni með reglulegu millibili,
5. höfundarréttarstefna, ef við á,
6. samskiptaupplýsingar ef villur eða yfirsjónir uppgötvast í flugmálahandbókinni.

GEN 0.2 Skrá yfir breytingar á flugmálahandbók

Skrá yfir breytingar á flugmálahandbókinni og AIRAC-AIP-breytingar (e. *AIRAC AIP amendments*) (útgefnar í samræmi við AIRAC-kerfið) sem inniheldur:

1. númer breytingarinnar,
2. útgáfudag,
3. dagsetningu innsetningar (gildistökdagur AIRAC-AIP-breytingar),
4. upphafsstaði fulltrúans sem setti breytinguna inn.

GEN 0.3 Skrá yfir viðbætur við flugmálahandbók

Skrá yfir útgefnar viðbætur við flugmálahandbókina sem inniheldur:

1. númer viðbótarinnar,
2. viðfangsefni viðbótarinnar,
3. viðeigandi kafla flugmálahandbókarinnar sem viðbæturnar hafa áhrif á,
4. gildistíma,
5. skrá yfir niðurfellingar.

GEN 0.4 Gátlisti flugmálahandbókar

Gátlisti yfir blaðsíður flugmálahandbókarinnar sem inniheldur:

1. blaðsíðunúmer/titla korta,
2. útgáfudag eða gildistökdag (dag, nafn mánaðar og ár) flugmálaupplýsinganna.

GEN 0.5 Skrá yfir handskráðar breytingar á flugmálahandbókinni

Skrá yfir núverandi handskráðar breytingar á flugmálahandbókinni sem inniheldur:

1. blaðsíðu(r) flugmálahandbókarinnar sem breytingarnar hafa áhrif á,
2. breyttan texta og
3. númer breytingarinnar í flugmálahandbókinni þar sem handskráð breyting var innleidd.

GEN 0.6 Efnisyfirlit yfir 1. hluta

Skrá yfir kafla og undirkafla í 1. hluta — almennt (GEN).

GEN 1. LANDSBUNDNAR REGLUR OG KRÖFUR**GEN 1.1 Tilnefnd yfirvöld**

Heimilisföng tilnefndra yfirvalda sem taka þátt í að greiða fyrir alþjóðlegri flugleiðsögu (á sviði almenningsflugs, veðurfræði, tolleftirlits, útlendingaeftirlits, heilbrigðisþjónustu, leiðarflugsgjalda og flugvalla-/þyrluvallagjalda, sóttkvíar í sambandi við landbúnað og rannsókná á flugslysum) sem innihalda, fyrir hvert yfirvald:

1. tilnefnt yfirvald,
2. heiti yfirvaldsins,
3. pósthfang,
4. símanúmer,
5. bréfsímanúmer,
6. tölvupósthfang,
7. heimilisfang faststöðvaþjónustu fyrir flug og
8. veffang, liggi það fyrir.

GEN 1.2 Koma, gegnumferð og brottflug loftfara

Reglur og kröfur um fyrirframtilkynningar og umsóknir um leyfi að því er varðar komu, gegnumferð og brottflug loftfara í millilandaflugi.

GEN 1.3 Koma, gegnumferð og brottflug farþega og áhafna

Reglur (þ.m.t. tolleftirlit, útlendingaeftirlit og sóttkví og kröfur um fyrirframtilkynningar og umsóknir um leyfi) að því er varðar komu, gegnumferð og brottför áhafna og annarra farþega en innflytjenda.

GEN 1.4 Koma, gegnumferð og brottflug vegna farms

Reglur (þ.m.t. tolleftirlit, og kröfur um fyrirframtilkynningar og umsóknir um leyfi) að því er varðar komu, gegnumferð og brottflug vegna farms.

GEN 1.5 Mælitæki, búnaður og flugskjöl loftfara

Stutt lýsing á mælitækjum, búnaði og flugskjöllum loftfara, þ.m.t.:

1. mælitækjum, búnaði (þ.m.t. fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarbúnaði loftfars) og flugskjöllum, sem skulu vera um borð í loftfarinu, þ.m.t. allar sérkröfur til viðbótar við ákvæðin sem tilgreind eru í D-kafla IV. viðauka (CAT-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og
2. neyðarsendum, merkjabúnaði og björgunarbúnaði, í samræmi við CAT.IDE.A.280 í IV. viðauka (CAT-hluta) og NCC.IDE.A.215 í VI. viðauka (NCC-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, þar sem slíkt hefur verið ákvarðað á svæðisleiðsögufundum fyrir flug yfir tilteknum landsvæðum.

GEN 1.6 Samantekt yfir landsbundnar reglugerðir og alþjóðasamninga/-sáttmálar

Skrá yfir titla og tilvísanir og, ef við á, samantekt yfir landsbundnar reglugerðir sem hafa áhrif á flugleiðsögu, ásamt skrá yfir alþjóðasamninga/-sáttmála sem aðildarríki hefur fullgilt.

GEN 1.7 Frávik frá kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og verklagsreglum hennar

Skrá yfir mikilvæg frávik milli landsbundinna reglugerða og starfsvenja aðildarríkisins og tengdra ákvæða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þ.m.t.:

1. ákvæðið sem það hefur áhrif á (viðauki og útgáfunúmer, liður) og
2. frávik í óstyttnum texta.

Öll mikilvæg frávik skulu skráð í þennan undirkafla. Allir viðaukarnir skulu skráðir í númeraröð, jafnvel þótt engin frávik séu frá viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, í þeim tilfellum skal gefa út NIL-tilkynningu. Tilkynna skal um landsbundin frávik, eða að hve miklu leyti svæðisbundnum viðbótarverklagsreglum er ekki beitt, strax á eftir viðaukanum sem viðbótarverklagsreglan tengist.

GEN 2. TÖFLUR OG KÓÐAR

GEN 2.1 Mælikerfi, merkingar loftfara, frídagar

GEN 2.1.1 Mælieiningar

Lýsing á mælieiningum sem notaðar eru, þ.m.t. tafla yfir mælieiningar.

GEN 2.1.2 Tímakvarði

Lýsing á tímakvarðanum sem notaður er (almanaks- og tímakerfi), ásamt upplýsingum um hvort sumartími er notaður og hvernig tímakvarðinn er gefinn upp í flugmálaláhandbókinni.

GEN 2.1.3 Hnitakerfi

Stutt lýsing á hnitakerfinu (landmælingakerfinu) sem notað er, þ.m.t.:

1. heiti/kennimerki viðmiðunarkerfisins,
2. auðkenning og breytur vörpunarinnar,
3. auðkenning sporvölnunnar sem notuð er,
4. auðkenning viðmiðsins sem notað er,
5. svæðið eða svæðin þar sem því er beitt og
6. skýringu, ef við á, á stjörnunni sem notuð er til að auðkenna hnitin sem uppfylla ekki kröfur um nákvæmni í 11. og 14. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

GEN 2.1.4 Hæðakerfi

Stutt lýsing á hæðakerfinu sem notað er, þ.m.t.:

1. heiti/kennimerki viðmiðunarkerfisins,
2. lýsing á jarðsporvölulíkaninu sem notað er, þ.m.t. breytunum sem krafist er til að umbreyta hæð á milli líkansins sem notað er og líkansins af þyngdarsviði jarðar 1996 (e. *Earth Gravitational Model, EGM-96*),
3. skýringu, ef við á, á stjörnunni sem notuð er til að auðkenna landhæð/bylgjulögun jarðsporvölu sem uppfyllir ekki kröfur um nákvæmni í 14. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

GEN 2.1.5 Þjóðernis- og skrásetningarmarki loftfara

Upplýsingar um þjóðernis- og skrásetningarmarki loftfara sem aðildarríkið hefur samþykkt.

GEN 2.1.6 Lögboðnir frídagar

Skrá yfir lögboðna frídaga með upplýsingum um þjónustuna sem þeir hafa áhrif á.

GEN 2.2 Skammstafanir sem notaðar eru í útgefnu efni upplýsingaþjónustu flugmála

Skrá yfir skammstafanir í stafrófsröð og merkingar þeirra, sem aðildarríkið notar í flugmálahandbók sinni og við dreifingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, ásamt viðeigandi skýringum fyrir þær skammstafanir í hverju landi fyrir sig sem eru frábrugðnar þeim sem er að finna í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8400 „Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — skammstafanir og kóðar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (PANS-ABC)“.

GEN 2.3 Kortatákn

Skrá yfir kortatákn sem raðað er í samræmi við kortaraðirnar, ef tákn eru notuð.

GEN 2.4 Staðarauðkenni

Skrá yfir staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í stafrófsröð, sem er úthlutað til staðsetninga faststöðva, og sem skal nota til kóðunar og afkóðunar. Veita skal skýringar á staðsetningum sem tengjast ekki faststöðvaþjónustu fyrir flug.

GEN 2.5 Skrá yfir leiðsöguvirki

Skrá yfir leiðsöguvirki í stafrófsröð sem inniheldur:

1. auðkenni,
2. heiti stöðvarinnar,
3. tegund búnaðar/virkis,
4. upplýsingar um hvort virkið sé ætlað fyrir leiðarflug (E), flugvelli (A) eða hvoru tveggja (AE).

GEN 2.6 Umreikningur á mælieiningum

Umreikningstöflur eða umreikningsformúlur milli:

1. sjómílna og kílómetra og öfugt,
2. feta og metra og öfugt,
3. brot úr bogamínútum og bogasekúndum og öfugt,
4. annarra umreikninga eins og við á.

GEN 2.7 Sólarupprás/sólsetur

Upplýsingar um tíma sólarupprásar og sólseturs, þ.m.t. stutt lýsing á viðmiðunum sem notuð eru til að ákvarða tímann sem gefinn er upp og annaðhvort einföld formúla eða tafla, sem hægt er að nota til að reikna út tíma fyrir alla staði innan yfirráðasvæðis/ábyrgðarsvæðis yfirvaldanna, eða skrá í stafrófsröð yfir staði, þar sem tímarnir eru gefnir upp í töflu með tilvísun í tilsvarandi blaðsíðu í töflunni ásamt töflum yfir sólarupprás/sólsetur fyrir valdar stöðvar/staði, þ.m.t.:

1. heiti stöðvar,
2. staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,
3. landhnit í gráðum og mínútum,

4. dagsetning(ar) sem tímarnir eru gefnir upp fyrir,
5. tímasetninguna fyrir upphaf ljósaskipta að morgni,
6. tímasetninguna fyrir sólarupprás,
7. tímasetninguna fyrir sólsetur og
8. tímasetninguna fyrir lok ljósaskipta að kvöldi.

GEN 3. ÞJÓNUSTA

GEN 3.1 Upplýsingaþjónusta flugmála

GEN 3.1.1 Ábyrg þjónustudeild

Lýsing á upplýsingaþjónustu flugmála sem veitt er og mikilvægum þáttum hennar, þ.m.t.:

1. heiti þjónustunnar/deildarinnar,
2. pósthfang,
3. símanúmer,
4. bréfsímanúmer,
5. tölvupósthfang,
6. heimilisfang faststöðvaþjónustu fyrir flug,
7. vefhfang, liggi það fyrir,
8. yfirlýsing að því er varðar ákvæðin sem þjónustan byggist á og tilvísun í þann stað í flugmálaláshandbókinni þar sem frávik eru tilgreind, ef einhver eru.

GEN 3.1.2 Ábyrgðarsvæði

Ábyrgðarsvæði fyrir upplýsingaþjónustu flugmála.

GEN 3.1.3 Flugmálaláshandbækur

Lýsing á þáttunum í afurðum flugmálaupplýsinga, þ.m.t.:

1. flugmálaláshandbók og tengd breytingaþjónusta,
2. viðbætur við flugmálaláshandbókina,
3. upplýsingabréf flugmála,
4. NOTAM-tilkynningar og fyrirflugsupplýsingablöð (e. *pre-flight information bulletins* (PIB)),
5. gátlistar og skrár yfir gildandi NOTAM-tilkynningar,
6. hvernig þeirra gæti verið aflað.

Þegar upplýsingabréf flugmála er notað til að birta útgáfuverð skal tilgreina það í þessum kafla flugmálaláshandbókarinnar.

GEN 3.1.4 Fyrirvaradreifingarkerfi (AIRAC-kerfi)

Stutt lýsing á fyrirvaradreifingarkerfinu, þ.m.t. töflu yfir núverandi og væntanlegar dagsetningar fyrirvaradreifingarinnar.

GEN 3.1.5 Fyrirflugsupplýsingaþjónusta á flugvöllum/þyrluvöllum

Skrá yfir flugvelli/þyrluvelli þar sem fyrirflugsupplýsingar eru veittar reglulega, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar um:

1. þættina í tiltækum afurðum upplýsingaþjónustu flugmála,

2. tiltæk landabréf og kort,
3. almennt svæði sem slík gögn taka til.

GEN 3.1.6 Stafræn gagnamengi

1. Lýsing á tiltækum gagnamengjum, þ.m.t.:
 - a) titill gagnamengis,
 - b) stutt lýsing,
 - c) meðtalin viðfangsefni gagna,
 - d) landfræðilegt gildissvið,
 - e) ef við á, takmarkanir í tengslum við notkun þeirra.
2. Samskiptaupplýsingar um hvernig hægt sé að afla gagnamengja, sem innihalda:
 - a) heiti þess einstaklings, þjónustudeildar eða stofnunar sem ber ábyrgð,
 - b) heimilisfang og tölvupóstfang þess einstaklings, þjónustudeildar eða stofnunar sem ber ábyrgð,
 - c) bréfsímanúmer þess einstaklings, þjónustudeildar eða stofnunar sem ber ábyrgð,
 - d) símanúmer þess einstaklings, þjónustudeildar eða stofnunar sem ber ábyrgð,
 - e) þjónustutíma (tímabilið, þ.m.t. tímabeltið, þegar hægt er að hafa samband),
 - f) upplýsingar á netinu sem geta verið notaðar til að ná sambandi við hlutaðeigandi einstakling, þjónustudeild eða stofnun og
 - g) viðbótarupplýsingar, ef þörf krefur, um hvernig og hvenær hægt er að ná sambandi við hlutaðeigandi einstakling, þjónustudeild eða stofnun.

GEN 3.2 Flugkort

GEN 3.2.1 Ábyrg eða ábyrgar þjónustudeildir

Lýsing á þjónustudeildinni eða -deildunum sem bera ábyrgð á gerð flugkorta, þ.m.t.:

1. heiti þjónustu,
2. pósthfang,
3. símanúmer,
4. bréfsímanúmer,
5. tölvupóstfang,
6. heimilisfang faststöðvaþjónustu fyrir flug,
7. veffang, liggi það fyrir, og
8. yfirlýsing að því er varðar þau ákvæði sem þjónustan byggist á og tilvísun í þann stað í flugmálaláshandbókinni þar sem frávik frá Alþjóðaflugmálastofnuninni eru tilgreind, ef einhver eru.

GEN 3.2.2 Viðhald korta

Stutt lýsing á því hvernig flugkort eru endurskoðuð og þeim breytt.

GEN 3.2.3 Sala korta

Nánari upplýsingar um hvernig hægt sé að afla korta, sem innihalda:

1. þjónustu-/söluumboðsaðila,
2. pósthfang,
3. símanúmer,

4. bréfsímanúmer,
5. tölvupóstfang,
6. heimilisfang faststöðvaþjónustu fyrir flug,
7. veffang, liggi það fyrir.

GEN 3.2.4 Tiltækar flugkortaraðir

Skrá yfir tiltækar flugkortaraðir ásamt almennri lýsingu á hverri kortaröð og upplýsingar um fyrirhugaða notkun.

GEN 3.2.5 Skrá yfir útgefin flugkort

Skrá yfir útgefin flugkort, þ.m.t.:

1. heiti kortaraðar,
2. mælikvarði kortaraðarinnar,
3. heiti og/eða númer hvers korts eða hvernar blaðsíðu í kortaröð,
4. verð á hverja blaðsíðu,
5. dagsetning síðustu endurskoðunar.

GEN 3.2.6 Skrá yfir heimskort fyrir flug (WAC) — Alþjóðaflugmálastofnunin 1:1 000 000

Kortalykill, sem aðildarríki útbýr, sem sýnir þekju og uppsetningu blaðsíðna fyrir heimskort fyrir flug 1:1 000 000. Ef flugkort Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 1:500 000 er gert í stað heimskorts fyrir flug 1:1 000 000 skal nota kortalykil til að gefa upp þekju og uppsetningu blaðsíðna fyrir flugkort Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 1:500 000.

GEN 3.2.7 Staðfræðileg kort

Nánari upplýsingar um hvernig hægt sé að afla staðfræðilegra korta, sem innihalda:

1. heiti þjónustu-/söluumboðsaðila,
2. póstfang,
3. símanúmer,
4. bréfsímanúmer,
5. tölvupóstfang,
6. heimilisfang faststöðvaþjónustu fyrir flug,
7. veffang, liggi það fyrir.

GEN 3.2.8 Leiðréttingar á kortum sem eru ekki í flugmálahandbókinni

Skrá yfir leiðréttingar á flugkortum sem eru ekki í flugmálahandbókinni eða upplýsingar um hvar slíkar upplýsingar er að finna.

GEN 3.3 Flugumferðarþjónusta

GEN 3.3.1 Ábyrg þjónustudeild

Lýsing á flugumferðarþjónustunni og mikilvægum þáttum hennar, þ.m.t.:

1. heiti þjónustu,
2. póstfang,
3. símanúmer,

4. bréfsímanúmer,
5. tölvupóstfang,
6. heimilisfang faststöðvaþjónustu fyrir flug,
7. veffang, liggi það fyrir,
8. yfirlýsing að því er varðar þau ákvæði sem þjónustan byggist á og tilvísun í þann stað í flugmálahandbókinni þar sem frávik frá Alþjóðaflugmálastofnuninni eru tilgreind, ef einhver eru,
9. upplýsingar ef þjónustan er ekki tiltæk 24 klukkustundir á dag og sjö daga vikunnar.

GEN 3.3.2 Ábyrgðarsvæði

Stutt lýsing á ábyrgðarsvæðinu þar sem flugumferðarþjónusta er veitt.

GEN 3.3.3 Tegundir þjónustu

Stutt lýsing á helstu tegundum flugumferðarþjónustu sem veitt er.

GEN 3.3.4 Samræming milli flugrekanda og flugumferðarþjónustu

Almenn skilyrði sem hafa áhrif á samræmingu milli flugrekanda og flugumferðarþjónustu.

GEN 3.3.5 Lágmarksflughæð

Viðmiðanir sem eru notaðar til að ákvarða lágmarksflughæðir.

GEN 3.3.6 Heimilisföng flugumferðarþjónustudeilda

Skrá yfir flugumferðarþjónustudeildir og heimilisföng þeirra í stafrófsröð, sem inniheldur:

1. heiti deildar,
2. pósthfang,
3. símanúmer,
4. bréfsímanúmer,
5. tölvupóstfang,
6. heimilisfang faststöðvaþjónustu fyrir flug,
7. veffang, liggi það fyrir.

GEN 3.4 Fjarskiptaþjónusta

GEN 3.4.1 Ábyrg þjónustudeild

Lýsing á þeirri þjónustudeild sem ber ábyrgð á fjarskipta- og flugleiðsöguvirkjum, þ.m.t.:

1. heiti þjónustu,
2. pósthfang,
3. símanúmer,
4. bréfsímanúmer,
5. tölvupóstfang,

6. heimilisfang faststöðvaþjónustu fyrir flug,
7. veffang, liggi það fyrir,
8. yfirlýsing að því er varðar þau ákvæði sem þjónustan byggist á og tilvísun í þann stað í flugmálahandbókinni þar sem frávik frá Alþjóðaflugmálastofnuninni eru tilgreind, ef einhver eru,
9. upplýsingar ef þjónustan er ekki tiltæk 24 klukkustundir á dag og sjö daga vikunnar.

GEN 3.4.2 Ábyrgðarsvæði

Stutt lýsing á ábyrgðarsvæðinu þar sem fjarskiptaþjónusta er veitt.

GEN 3.4.3 Tegundir þjónustu

Stutt lýsing á helstu tegundum þjónustu og aðstöðu í boði, þ.m.t.:

1. fjarleiðsöguþjónustu,
2. talsambands- og/eða gagnatengingaþjónustu,
3. útvarpsþjónustu,
4. tungumál sem notuð eru og
5. upplýsingar um hvar hægt er að afla ítarlegri upplýsinga.

GEN 3.4.4 Kröfur og skilyrði

Stutt lýsing á kröfunum og skilyrðunum sem stýra tiltækileika fjarskiptaþjónustunnar.

GEN 3.4.5. Ýmislegt

Allar viðbótarupplýsingar (t.d. valdar útvarpsstöðvar, skýringarmyndir fyrir fjarskipti).

GEN 3.5 Veðurþjónusta

GEN 3.5.1 Ábyrg þjónustudeild

Stutt lýsing á veitanda veðurþjónustu sem ber ábyrgð á veitingu veðurupplýsinga, þ.m.t.:

1. heiti þjónustu,
2. póstfang,
3. símanúmer,
4. bréfsímanúmer,
5. tölvupóstfang,
6. heimilisfang faststöðvaþjónustu fyrir flug,
7. veffang, liggi það fyrir,
8. yfirlýsing að því er varðar þau ákvæði sem þjónustan byggist á og tilvísun í þann stað í flugmálahandbókinni þar sem frávik eru tilgreind, ef einhver eru,
9. upplýsingar ef þjónustan er ekki tiltæk 24 klukkustundir á dag og sjö daga vikunnar.

GEN 3.5.2 Ábyrgðarsvæði

Stutt lýsing á svæðinu og/eða flugleiðunum þar sem veðurþjónusta er veitt.

GEN 3.5.3 Veðurathuganir og veðurskeyti

Nákvæm lýsing á veðurathugunum og veðurskeytum sem dreift er fyrir alþjóðaflug, þ.m.t.:

1. heiti stöðvarinnar og staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,
2. tegund og tíðni athugana, þ.m.t. upplýsingar um sjálfvirkan athugunarbúnað,
3. tegundir veðurskeyta og tiltækileiki leitnisþár,
4. sérstök tegund kerfis til athugunar og fjöldi athugunarstaða sem notaðir eru til að athuga og tilkynna um yfirborðsvind, skyggni, flugbrautarskyggni, neðra borð skýja, hitastig og, eftir atvikum, vindhvörf (t.d. vindmælir á brautarmótum, dofnunar-skyggnismælar við snertisvæði, o.s.frv.),
5. rekstrartímar,
6. upplýsingar um tiltækar veðurfarsupplýsingar fyrir flug.

GEN 3.5.4 Tegundir þjónustu

Stutt lýsing á helstu tegundum þjónustu sem veitt er, þ.m.t. nánari upplýsingar um veðurkynningu, ráðfærslu, birtingu veðurupplýsinga, flugskjöl sem eru tiltæk flugrekendum og flugliðum og aðferðum og leiðum sem notaðar eru til að veita veðurupplýsingarnar.

GEN 3.5.5 Nauðsynleg tilkynning frá flugrekendum

Lágmarksfyrirvari sem veitandi veðurþjónustu krefst frá flugrekendum að því er varðar veðurkynningu, ráðfærslu og flugskjöl og aðrar veðurupplýsingar sem þeir þurfa að fá eða breyta.

GEN 3.5.6 Tilkynningar frá loftförum

Kröfur varðandi gerð og sendingu tilkynninga frá loftförum sem gerðar eru af veitanda veðurþjónustu, ef það er nauðsynlegt.

GEN 3.5.7 VOLMET-þjónusta

Lýsing á VOLMET-þjónustu og/eða D-VOLMET-þjónustu, þ.m.t.:

1. heiti sendistöðvarinnar,
2. kallmerki eða auðkenning og skammstöfun fyrir útsendingu gegnum þráðlaus fjarskipti,
3. tíðni eða tíðnir sem notaðar eru fyrir útvörpun,
4. tímabil útvörpunar,
5. þjónustutíma,
6. skrá yfir flugvelli/þyriluvelli sem skeyti og/eða spár ná yfir og
7. skeyti, spár og SIGMET-upplýsingar sem fylgja ásamt athugasemdum.

GEN 3.5.8 SIGMET- og AIRMET-þjónusta

Lýsing á vöktun veðurs innan flugupplýsingasvæða eða flugstjórnarsvæða þar sem flugumferðarþjónusta er veitt, þ.m.t. skrá yfir aðalveðurstofurnar ásamt:

1. heiti aðalveðurstofunnar, staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,
2. þjónustutíma,
3. flugupplýsingasvæði eða flugstjórnarsvæði sem þjónustan nær til,
4. gildistíma SIGMET-skeytis,

5. sértekum verklagsreglum sem notaðar eru í tengslum við SIGMET-upplýsingar (t.d. fyrir gosösku og hitabeltislægðir),
6. verklagsreglum sem notaðar eru í tengslum við AIRMET-upplýsingar (í samræmi við viðeigandi samninga um svæðisbundna flugleiðsögu),
7. flugumferðarþjónustudeildinni eða -deildunum sem taka við SIGMET- og AIRMET-upplýsingum,
8. viðbótarupplýsingum, t.d. allar takmarkanir á þjónustu o.s.frv.

GEN 3.5.9 Önnur sjálfvirk veðurþjónusta

Lýsing á tiltækri sjálfvirkri þjónustu fyrir veitingu veðurupplýsinga (t.d. sjálfvirk fyrirflugsupplýsingaþjónusta sem er aðgengileg um síma og/eða tölvumótald), þ.m.t.:

1. heiti þjónustu,
2. tiltækar upplýsingar,
3. svæði, flugleiðir og flugvellir sem hún nær yfir,
4. síma- og bréfsímanúmer, tölvupóstfang og, ef það er fyrir hendi, veffang.

GEN 3.6 Leit og björgun

GEN 3.6.1 Ábyrg eða ábyrgar þjónustudeildir

Stutt lýsing á þjónustudeildinni eða -deildunum sem bera ábyrgð á leit og björgun, þ.m.t.:

1. heiti þjónustunnar/deildarinnar,
2. póstfang,
3. símanúmer,
4. bréfsímanúmer,
5. tölvupóstfang,
6. heimilisfang faststöðvaþjónustu fyrir flug,
7. veffang, liggi það fyrir, og
8. yfirlýsing að því er varðar þau ákvæði sem þjónustan byggist á og tilvísun í þann stað í flugmálahandbókinni þar sem frávik frá Alþjóðaflugmálastofnuninni eru tilgreind, ef einhver eru.

GEN 3.6.2 Ábyrgðarsvæði

Stutt lýsing á ábyrgðarsvæðinu þar sem leitar- og björgunarþjónusta er veitt.

GEN 3.6.3 Tegundir þjónustu

Stutt lýsing og landfræðileg lýsing, eftir því sem við á, á tegund þjónustu og þeim búnaði sem tiltækur er, þ.m.t. upplýsingar um það hvar þekja leitar- og björgunar úr lofti er háð umtalsverði notkun loftfara.

GEN 3.6.4 Leitar- og björgunarsamningar

Stutt lýsing á leitar- og björgunarsamningum sem eru í gildi, þ.m.t. ákvæði til að greiða fyrir komu og brottför loftfara annarra aðildarríkja fyrir leit, björgun, viðgerð eða endurheimt loftfara sem eru týnd eða skemmd, annaðhvort eingöngu með tilkynningu loftfars á flugi eða eftir að tilkynnt hefur verið um flugáætlun.

GEN 3.6.5 Fyrirvarar á að tæki séu tiltæk

Stutt lýsing á ákvæðum um leit og björgun, þ.m.t. almennum skilyrðum fyrir tiltækileika þjónustunnar og búnaðarins til alþjóðlegra nota, þ.m.t. upplýsingar um hvort búnaður, sem er tiltækur til leitar og björgunar, er sérhæfður fyrir tækni og virkni sem tengist leit og björgun eða hvort hann sé sérstaklega notaður í öðrum tilgangi en sé svo aðlagður með þjálfun og búnaði svo hægt sé að nota hann til leitar og björgunar eða hvort hann sé aðeins tiltækur öðru hverju og ekki sé þörf á neinni sérstakri þjálfun eða undirbúningi fyrir verkefni í tengslum við leit og björgun.

GEN 3.6.6 Starfshættir og merki sem notuð eru

Stutt lýsing á starfsháttunum og merkjunum sem notuð eru af björgunarloftförum og tafla sem sýnir merkin sem þeir sem lifa af slys eiga að nota.

GEN 4. GJÖLD FYRIR FLUGVELLI/ÞYRLUVELLI OG FLUGLEIÐSÖGUBJÓNUSTU

Vísa má til þess hvar upplýsingar um gjöld sem lögð eru á í raun eru að finna, ef þær eru ekki sundurliðaðar í þessum kafla.

GEN 4.1 Flugvalla-/þyrluvallagjöld

Stutt lýsing á þeirri tegund gjalda sem kunna að eiga við á flugvöllum/þyrluvöllum sem eru tiltækir til alþjóðlegrar notkunar, þ.m.t.:

1. landing loftfara,
2. stæði, flugskýlispláss og langtímageymsla loftfara,
3. farþegaþjónusta,
4. flugvernd,
5. þættir sem tengjast hávaða,
6. annað (tolleftirlit, heilbrigðisþjónusta, útlendingaeftirlit, o.s.frv.),
7. undanþágur/lækkunar og
8. greiðslumátar.

GEN 4.2 Gjöld fyrir flugleiðsöguþjónustu

Stutt lýsing á gjöldum sem kunna að eiga við flugleiðsöguþjónustu sem veitt er fyrir alþjóðlega notkun, þ.m.t.:

1. aðflugsstjórnun,
2. flugleiðsöguþjónusta á flugleið,
3. kostnaðargrundvöllur fyrir flugleiðsöguþjónustu og undanþágur/lækkunar,
4. greiðslumátar.

2. HLUTI — LEIÐARFLUG (ENR)

Ef flugmálaláttabók er tekin saman og gerð aðgengileg í fleiri en einu bindi, þar sem breytingar og viðbætur eru gerðar sérstaklega fyrir hvert bindi, skal hvert bindi innihalda sérstakan formála, skrá yfir breytingar á flugmálaláttabókinni, skrá yfir viðbætur við flugmálaláttabókina, gátlista yfir blaðsíður flugmálaláttabókarinnar og skrá yfir núverandi handskráðar breytingar. Ef um að ræða flugmálaláttabók sem er gefin út í einu bindi, skal skrá skýringuna „á ekki við“ við hvern ofangreindan undirkafla.

ENR 0.6 Efnisyfirlit fyrir 2. hluta

Skrá yfir kafla og undirkafla í 2. hluta — leiðarflug.

ENR 1. ALMENNAR REGLUR OG VERKLAG**ENR 1.1 Almennar reglur**

Birta skal almennu reglurnar sem notaðar eru í aðildarríkinu.

ENR 1.2 Sjónflugsreglur

Birta skal sjónflugsreglurnar sem notaðar eru í aðildarríkinu.

ENR 1.3 Blindflugsreglur

Birta skal blindflugsreglurnar sem notaðar eru í aðildarríkinu.

ENR 1.3.1 Reglur sem gilda um allt blindflug

ENR 1.3.2 Reglur um blindflug í flugstjórnarrými

ENR 1.3.3 Reglur um blindflug utan flugstjórnarrýmis

ENR 1.3.4 Almennt verklag fyrir loftrými með fjálsum flugleiðum

Verklag í tengslum við loftrými með fjálsum flugleiðum, þ.m.t. útskýring og skilgreiningar á viðeigandi punktum sem notaðir eru í tengslum við fjálsar flugleiðir. Ef um er að ræða framkvæmd loftrýmis með fjálsum flugleiðum yfir landamæri, skal tilgreina viðkomandi flugupplýsingasvæði/efri flugupplýsingasvæði eða flugstjórnarsvæði/efri flugstjórnarsvæði í ENR 1.3.

ENR 1.4 Flokkun og lýsing á loftrými flugumferðarþjónustu

ENR 1.4.1 Flokkun loftrýmis flugumferðarþjónustu

Lýsingin á flokkum loftrýmis flugumferðarþjónustu í formi töflunnar yfir flokkun loftrýmis flugumferðarþjónustu í 4. viðbæti við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, með viðeigandi skýringum til að tilgreina þá flokka loftrýmis sem aðildarríkið notar ekki.

ENR 1.4.2 Lýsing á loftrými flugumferðarþjónustu

Önnur lýsing á loftrými flugumferðarþjónustu, eftir því sem við á, þ.m.t. almenn textalýsing.

ENR 1.5 Biðflugs-, aðflugs- og brottflugsverklag

ENR 1.5.1 Almennt

Krafa er að veita yfirlýsingu varðandi viðmiðanirnar sem lagðar eru til grundvallar fyrir ákvörðun um biðflugs-, aðflugs- og brottflugsverklag.

ENR 1.5.2 Komuflug

Tilgreina skal verklag (hefðbundið verklag við leiðsögu eða verklag við svæðisleiðsögu eða hvort tveggja) fyrir komuflug sem er sameiginlegt fyrir flug til eða innan sömu tegundar loftrýmis. Ef mismunandi verklag er notað innan tengiloftrýmis skal bæta við athugasemd um það ásamt tilvísun í hvar sérstaka verklagið er að finna.

ENR 1.5.3 Brottflug

Tilgreina skal verklag (hefðbundið verklag við leiðsögu eða verklag við svæðisleiðsögu eða hvort tveggja) fyrir brottflug sem er sameiginlegt fyrir flug sem fer frá öllum flugvöllum/þyrluvöllum.

ENR 1.5.4 Aðrar viðeigandi upplýsingar og verklag

Stutt lýsing á viðbótarupplýsingum, t.d. verklag við komuflug, uppstilling fyrir lokaaðflug, biðflugsverklag og -ferli.

ENR 1.6 Kögunarþjónusta og verklagsreglur flugumferðarþjónustu

ENR 1.6.1 Frumratsjá

Lýsing á þjónustu og verklagi að því er varðar frumratsjá, þ.m.t.:

1. viðbótarþjónusta,
2. veiting ratsjárþjónustu,
3. verklag við bilun ratsjár eða þegar fjarskipti bregðast milli loftfara og jarðstöðva,
4. kröfur um tilkynningar um staðsetningu með talsambandi og fjarskiptum milli flugumferðarstjóra og flugmanna um gagnatengingu og
5. myndræn framsetning á svæðinu fyrir langdrægi ratsjárkerfa.

ENR 1.6.2 Kögunarsvarratsjá

Lýsing á verklagsreglum í tengslum við kögunarsvarratsjá, þ.m.t.:

1. verklagsreglur í neyðartilvikum,
2. verklagsreglur þegar fjarskipti bregðast milli loftfara og jarðstöðva og verklagsreglur varðandi ólögmat afskipti,
3. kerfi fyrir úthlutaðan SSR-kóða,
4. kröfur um tilkynningar um staðsetningu með talsambandi og fjarskiptum milli flugumferðarstjóra og flugmanna um gagnatengingu og
5. myndræn framsetning á svæðinu fyrir langdrægi kögunarsvarratsjár.

ENR 1.6.3 Kögun háð leiðsögubúnaði — útvörpun (ADS-B)

Lýsing á verklagsreglum fyrir ADS-B-kerfi, þ.m.t.:

1. verklagsreglur í neyðartilvikum,
2. verklagsreglur þegar fjarskipti bregðast milli loftfara og jarðstöðva og verklagsreglur varðandi ólögmat afskipti,
3. kröfur varðandi auðkenningu loftfars,
4. kröfur um tilkynningar um staðsetningu með talsambandi og fjarskiptum milli flugumferðarstjóra og flugmanna um gagnatengingu og
5. myndræna framsetningu á svæðinu fyrir langdrægi ADS-B-kerfa.

ENR 1.6.4 Aðrar viðeigandi upplýsingar og verklag

Stutt lýsing á viðbótarupplýsingum og verklagi, t.d. verklagi við bilun ratsjár og ratsjárvara.

ENR 1.7 Verklag varðandi hæðarmælisstillingu

Birta skal yfirlýsingu um notkun verklags varðandi hæðarmælisstillingu, sem inniheldur:

1. stuttan inngang með yfirlýsingu varðandi skjöl Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem verklagið byggist á, ásamt frávikum frá ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ef einhver eru,
2. grundvallarverklag varðandi hæðarmælisstillingu,

3. lýsingu á svæði eða svæðum fyrir hæðarmælisstillingar,
4. verklag fyrir flugrekendur (þ.m.t. flugmenn) og
5. töflu yfir farflugslög.

ENR 1.8 Svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar

Leggja skal fram svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur sem hafa áhrif á allt ábyrgðarsvæðið.

ENR 1.9 Flæðisstjórnun flugumferðar og stjórnun loftrýma

Stutt lýsing á flæðisstjórnunarkerfi flugumferðar og stjórnun loftrýma, þ.m.t.:

1. skipulag flæðisstjórnunar flugumferðar, þjónustusvæði, veitt þjónusta, staðsetning deildar eða deilda og rekstrartímar,
2. tegundir tilkynninga um umferðarflæði og lýsing á sniðmátunum og
3. verklagsreglur fyrir brottflug, sem innihalda:
 - a) þjónustudeildina sem ber ábyrgð á miðlun upplýsinga varðandi ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar sem beitt er,
 - b) kröfur í tengslum við flugáætlanir og
 - c) úthlutun afgreiðslutíma.
4. Upplýsingar um heildarábyrgð að því er varðar stjórnun loftrýmis innan flugupplýsingasvæðis eða -svæða, nánari upplýsingar um úthlutun loftrýmis til almennings- eða herflugs (úthlutun og breytingar á úthlutun) og almennar verklagsreglur.

ENR 1.10 Gerð flugáætlana

Tilgreina skal öll höft, takmarkanir eða ráðgefandi upplýsingar í tengslum við gerð flugáætlana, sem geta komið notandanum að gagni við kynningu á fyrirhuguðu flugi, þ.m.t.:

1. verklag við afhendingu flugáætlunar,
2. kerfi endurtækra flugáætlana og
3. breytingar á flugáætlun sem hefur verið lögð fram.

ENR 1.11 Heimilisfang vegna flugáætlunarskilaboða

Upplýsingar á töfluformi um heimilisföngin sem eru úthlutað flugáætlunum skulu koma fram og eftirfarandi gefið upp:

1. flokkur flugs (blindflug, sjónflug eða hvort tveggja),
2. flugleið (til eða með viðkomu á flugupplýsingasvæði og/eða aðflugsstjórnarsvæði) og
3. heimilisfang skeytis.

ENR 1.12 Einelti almenningsloftfara

Gefa skal heildstæða yfirlýsingu í tengslum við verklag að því er varðar einelti og þau sjónmerki sem ber að nota, ásamt skýrum upplýsingum um hvort eigi að beita ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og, ef ekki, að frávik séu fyrir hendi.

ENR 1.13 Ólögmat afskipti

Leggja skal fram viðeigandi verklagsreglur sem á að nota ef um að ræða ólögmat afskipti.

ENR 1.14 Flugumferðaratvik

Lýsing á tilkynningakerfi fyrir flugumferðaratvik, þ.m.t.:

1. skilgreining á flugumferðaratvikum,

2. notkun á „tilkynningaeyðublaði flugumferðaratvika,“
3. verklagsreglur varðandi tilkynningar (þ.m.t. verklagsreglur í flugi) og
4. tilgangurinn með tilkynningu og úrvinnslu eyðublaðsins.

ENR 2. LOFTRÝMI FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU

6. kort yfir lágmarksflughæð fyrir kögun flugumferðarstjórnar — Alþjóðaflugmálastofnunin,
7. blindaðflygskort — Alþjóðaflugmálastofnunin (fyrir hverja tegund verklags),
8. sjónaðflygskort — Alþjóðaflugmálastofnunin og
9. samansöfnun fugla í nágrenni þyrluvallarins.

Ef einhver af þessum flugkortum eru ekki útbúin skal gefa út yfirlýsingu þess efnis í kafla GEN 3.2 „Flugkort“.

2. viðbætur

NOTAM-SNIÐMÁT

Forgangsaúðkenni (e. <i>priority indicator</i>)											→	
Faststöðvakóði												
											≡	
Dagsetning og tími skrásetningar											→	
Auðkenni upphafsaðila (e. <i>originator's indicator</i>)											≡(
Númeraröð, númer og kennimerki skeytis												
NOTAM með nýjum upplýsingumNOTAMN (númeraröð og númer/ár)											
NOTAM sem kemur í stað fyrri NOTAMNOTAMR..... (númeraröð og númer/ár) (númeraröð og númer/ár NOTAM sem skipt er út)											
NOTAM sem fellir úr gildi fyrri NOTAMNOTAMC..... (númeraröð og númer/ár) (númeraröð og númer/ár NOTAM sem á að fella úr gildi) ≡											
Skýringar												
	FIR	NOTAM-kóði	Umferð	Tilgangur	Gildissv ið	Neðri mörk	Efri mörk	Hnit, radíus				
Q)		Q										≡
Staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir þá aðstöðu, loftrými eða ástand sem tilkynningin á við um								A)				→
Gildistími												
Frá (<i>dagsetning og tími</i>)	B)											→
Til (<i>PERM eða dagsetning og tími</i>)	C)											EST* PERM* ≡
Tímaáætlun (<i>ef við á</i>)	D)											→
												≡
Texti NOTAM-tilkynningar, á venjulegu máli (með skammstöfunum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar)												
E)												≡
Neðri mörk	F)											→
Efri mörk	G)) ≡
Undirskrift												

*Strika skal yfir það sem á ekki við

LEIÐBEININGAR UM ÚTFYLLINGU Á NOTAM-SNIÐMÁTINU**1. Almenn**

Senda skal skýringarlínuna (liður Q) og öll kennimerki (liðir A til og með liður G), með sviga sem lokast á eftir hverju atriði, eins og sýnt er í sniðmátinu, nema ef engar upplýsingar eru fyrir tiltekið kennimerki.

2. NOTAM-númeraröð

Úthluta skal hverri NOTAM-tilkynningu númeraröð sem er auðkennd með bókstaf og fjögurra stafa tölu, þar á eftir kemur skástrik og tveggja stafa tala fyrir árið (t.d. A0023/03). Hver númeraröð skal hefjast 1. janúar með númerinu 0001.

3. Skýringar (liður Q)

Lið Q er skipt niður í átta reiti sem eru aðskildir með skástriki. Hver reitur skal fylltur út. Dæmi um það hvernig fylla eigi út reitina eru sýnd í handbókinni um upplýsingaþjónustu flugmála (skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8126). Skilgreining reitanna er sem hér segir:

1. FIR

- a) Ef viðfangsefni upplýsinganna er landfræðilega staðsett innan flugupplýsingasvæðis (FIR) skal staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar vera það sama fyrir viðkomandi flugupplýsingasvæði; ef flugvöllur er staðsettur innan yfirliggjandi flugupplýsingasvæðis annars aðildarríkis, skal fyrsti reiturinn í lið Q innihalda kóðann fyrir það yfirliggjandi flugupplýsingasvæði (t.d. Q) LFRR/...A) EGJJ),

eða

ef viðfangsefni upplýsinganna er landfræðilega staðsett innan fleiri en eins flugupplýsingasvæðis skal FIR-reiturinn samanstanda af ICAO-einkennisstöfum ríkis fyrir aðildarríkið sem stofnaði til NOTAM-tilkynningarinnar ásamt „XX“. Ekki skal nota staðarauðkenni yfirliggjandi efra flugupplýsingasvæðis. Staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir viðkomandi flugupplýsingasvæði skal því næst skrá í lið A eða auðkenni aðildarríkisins eða tilnefnda aðilans sem ber ábyrgð á veitingu leiðsöguþjónustu í fleiri en einu aðildarríki.

- b) Ef aðildarríki gefur út NOTAM-tilkynningu, sem hefur áhrif á flugupplýsingasvæði í nokkrum aðildarríkjum, skal gefa upp tvo fyrstu stafina í staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir útgáfuáðildarríkið auk „XX“. Staðarauðkenni fyrir viðkomandi flugupplýsingasvæði skal því næst skrá í lið A eða auðkenni aðildarríkisins eða tilnefnda aðilans sem ber ábyrgð á veitingu leiðsöguþjónustu í fleiri en einu aðildarríki.

2. NOTAM-KÓÐI

Allir NOTAM-kóðaflokkar innihalda samtals fimm bókstafi, þar af er fyrsti bókstafurinn alltaf „Q“. Annar og þriðji bókstafurinn segja til um viðfangsefnið og fjórði og fimmti bókstafurinn standa fyrir stöðu eða ástand viðfangsefnisins sem tilkynnt er um. Tveggja stafa kóðarnir fyrir viðfangsefni og ástand eru þeir sem eru í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8400 „Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Skammstafanir og kóðar (PANS-ABC)“. Vísu skal til „NOTAM-valviðmiðana“ fyrir samsetningu á öðrum og þriðja bókstaf annars vegar og fjórða og fimmta bókstaf hins vegar, sem eru í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8126, eða setja inn eina af eftirfarandi samsetningum, eins og við á:

- a) ef viðfangsefnið er ekki tilgreint í NOTAM-kóðanum (skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8400) eða í NOTAM-valviðmiðununum (skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8126), skal setja inn „XX“ sem annan og þriðja bókstaf (t.d. QXXAK) og ef viðfangsefnið er „XX“ skal nota „XX“ einnig fyrir ástand (t.d. QXXXX),
- b) ef ástand viðfangsefnisins er ekki tilgreint í NOTAM-kóðanum (skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8400) eða í NOTAM-valviðmiðununum (skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8126), skal setja inn „XX“ sem fjórða og fimmta bókstaf (t.d. QFAXX),
- c) ef NOTAM-tilkynning, sem inniheldur upplýsingar sem eru mikilvægar starfrækslu, er gefin út og ef hún er notuð til að tilkynna um AIRAC-AIP-breytingar eða -viðbætur, skal setja inn „TT“ sem fjórða og fimmta bókstafinn í NOTAM-kóðanum,

- d) ef NOTAM-tilkynning er gefin út sem inniheldur gátlista yfir gildar NOTAM-tilkynningar, skal setja inn „KKKK“ sem annan, þriðja, fjórða og fimmta bókstaf og
- e) nota skal eftirfarandi bókstafi fyrir fjórða og fimmta bókstaf NOTAM-kóðans í afturköllunum á NOTAM-tilkynningum:

AK = VENJULEGRI STARFRÆKSLU HALDIÐ ÁFRAM

AL = STARFHÆFUR (EÐA STARFHÆFUR Á NÝ) MEÐ FYRIRVARA UM ÁÐUR BIRTAR TAKMARKANIR/SKILYRÐI

AO = Í STARFRÆKSLU

CC = LOKIÐ

CN = AFTURKALLAÐ

HV = VERKI LOKIÐ

XX = VENJULEGT MÁLFAR

Nota skal Q - - AO = Í STARFRÆKSLU fyrir afturköllun á NOTAM-tilkynningu og nota skal eftirfarandi bókstafi í stað fjórða og fimmta bókstafs fyrir NOTAM-tilkynningu sem greinir frá nýjum búnaði eða nýrri þjónustu, Q - - CS = HEFUR VERIÐ SETT UPP.

Nota skal Q - - CN = AFTURKALLAÐ til að afturkalla fyrirhugaða starfsemi, t.d. flugleiðsöguviðvaranir, og nota skal Q - - HV = VERKI LOKIÐ til að afturkalla yfirstandandi vinnu.

3. UMFERÐ

I = IFR

V = VFR

K = NOTAM-tilkynning er gátlisti

Með hliðsjón af viðfangsefni og innihaldi NOTAM-tilkynningarinnar getur skýringarreiturn UMFERÐ innihaldið sameinaðar skýringar.

4. TILGANGUR

N = NOTAM-tilkynning valin til að vekja tafarlausa athygli flugliða

B = NOTAM-tilkynning sem er mikilvæg starfrækslunni og sem er valin fyrir skráningu fyrirflugsupplýsingablaða (PIB)

O = NOTAM-tilkynning varðandi flugið

M = Ýmis konar NOTAM-tilkynningar; ekki efni fyrir kynningarfundum en tiltækar sé þess óskað

K = NOTAM-tilkynning er gátlisti

Með hliðsjón af viðfangsefni og innihaldi NOTAM-tilkynningarinnar gæti skýringarreiturn TILGANGUR innihaldið sameinuðu skýringarnar BO eða NBO.

5. GILDISSVIÐ

A = Flugvöllur

E = Leiðarflug

W = Flugleiðsöguviðvörðun

K = NOTAM-tilkynning er gátlisti

Með hliðsjón af viðfangsefni og innihaldi NOTAM-tilkynningarinnar gæti skýringarreiturn GILDISSVIÐ innihaldið sameinaðar skýringar.

6. og 7. NEDRI/EFRI MÖRK

Aðeins má gefa upp NEDRI og EFRI mörk í fluglögum (FL) og skulu þau segja til um raunveruleg hæðarmörk áhrifasvæðisins án þess að bæta við jöðrum. Ef um er að ræða flugleiðsöguviðvaranir og höft í loftrými, skulu uppgæfin gildi vera í samræmi við þau sem tilgreind eru undir lið F og G.

Ef viðfangsefnið inniheldur ekki sérstakar hæðarupplýsingar skal setja „000“ fyrir NEDRI og „999“ fyrir EFRI sem sjálfgefni gildi.

8. HNIT, RADÍUS

Breiddar- og lengdargráða með einnar mínútu nákvæmni, auk þriggja tölustafa fjarlægðartölu þar sem radius áhrifasvæðisins í sjómílum kemur fram (t.d. 4700N01140E043). Hnit segja til um ætlaða miðju hringis með radius sem nær yfir allt áhrifasvæðið og ef NOTAM-tilkynningin hefur áhrif á allt flugupplýsingasvæðið/efra flugupplýsingasvæðið eða fleira en eitt flugupplýsingasvæði/efra flugupplýsingasvæði skal gefa upp sjálfgefna gildið „999“ fyrir radius.

4. Liður A

Tilgreina skal staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, skv. skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7910, fyrir flugvöllinn eða flugupplýsingasvæðið þar sem aðstaðan, loftrýmið eða ástandið, sem tilkynnt er um, er staðsett. Hægt er að tilgreina fleiri en eitt flugupplýsingasvæði/efra flugupplýsingasvæði, ef við á. Ef staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er ekki fyrir hendi skal nota ICAO-einkennisstafi ríkis, eins og gefið er upp í 2. hluta í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7910, auk „XX“ og þar á eftir heitið á venjulegu máli í lið E.

Ef upplýsingar varða GNSS-kerfi skal setja inn viðeigandi staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem tilteknu GNSS-kerfi hefur verið úthlutað, eða sameiginlegt staðarauðkenni, sem úthlutað hefur verið öllum GNSS-kerfum (að GBAS-kerfinu undanskildu).

Ef um er að ræða GNSS-kerfi má nota staðarauðkenni til að auðkenna sambandleysi í tilteknu GNSS-kerfi, s.s. KNMH fyrir sambandsleysi í GPS-gervihnetti.

5. Liður B

Fyrir dagsetningu og tíma skal nota tíu tölustafa runu sem sýnir ár, mánuð, dag, klukkutíma og mínútur á alheimstíma. Þessi reitur tilgreinir dagsetninguna og tímamann sem NOTAMN-tilkynningin öðlast gildi. Ef um er að ræða NOTAMR- og NOTAMC-tilkynningar er dagsetningin og tíminn raunverulega dagsetningin og tíminn þegar stofnað er til NOTAM-tilkynningarinnar. Tilgreina skal upphaf dags með „0000“.

6. Liður C

Að undanskildum NOTAMC-tilkynningum skal nota dagsetningu og tíma (tíu tölustafa runa sem sýnir ár, mánuð, dag, klukkustundir og mínútur á alheimstíma), til að gefa gildistíma upplýsinganna til kynna, nema upplýsingarnar séu varanlegar og þá skal færa inn skammstöfunina „PERM“ í staðinn. Tilgreina skal lok dags með „2359“, ekki skal nota „2400“. Ef upplýsingar um tímasetningu eru óljósar skal tilgreina ætlaðan gildistíma með því að nota dagsetningu og tíma ásamt skammstöfuninni „EST“. Afturkalla skal allar NOTAM-tilkynningar sem innihalda „EST“ eða skipta þeim út fyrir þann dag og tíma sem tilgreindur er í lið C.

7. Liður D

Ef hættan, staða starfrækslu eða ástand aðstöðu, sem tilkynnt er um, verða í gildi á ákveðnum tíma- og dagsetningum milli dagsetningarinnar og tímans, sem tilgreind eru í lið B og C, skal skrá slíkar upplýsingar undir lið D. Ef liður D fer yfir 200 rittákn skal íhuga að veita slíkar upplýsingar í aðskilinni NOTAM-tilkynningu sem fylgir undangenginni tilkynningu.

8. Liður E

Nota skal afkóðaðan NOTAM-kóða að viðbættum, ef nauðsyn krefur, skammstöfunum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem og auðkennum, kennimerkjum, kóðum, kallmerkjum, tíðnum, tölum og upplýsingum á venjulegu máli. Þegar NOTAM-tilkynning er valin til alþjóðlegrar dreifingar skal rita textann á ensku í þeim hlutum sem eru á venjuleg máli. Þessi færsla skal vera skýr og gagnorð til að vera hæf sem fyrirflugsupplýsingablað. NOTAMC-tilkynning skal innihalda tilvísun í viðfangsefni og stöðuboð til að gera nákvæmar sennileikaathuganir mögulegar.

9. Liður F og G

Þessir liðir gilda venjulega um flugleiðsöguviðvaranir eða höft í loftrými og eru að jafnaði hluti af fyrirflugsupplýsingablaðinu. Setja skal bæði inn lægri og efri hæðarmörk fyrir starfsemi eða höft þar sem greinilega kemur fram aðeins ein viðmiðunarhæð og mælieining. Nota skal skammstafanirnar „GND“ fyrir jörð og skammstöfunina „SFC“ fyrir „yfirborð“ í lið F. Nota skal skammstöfunina „UNL“ fyrir „ótakmörkuð“ (e. *unlimited*) í lið G.

3. viðbætur

SNOWTAM-SNIÐMÁT

(COM-yfirskrift)	(FORGANGS-AUÐKENNI (e. priority indicator))	(FASTSTÖÐVAKÓÐAR)			≤
	(DAGSETNING OG TÍMI SKRÁSETNINGAR)	(AUÐKENNI UPPHAFSAÐILA)			≤
(Skammstöfuð yfirskrift)	(SWAA* RAÐNÚMER)	(STAÐARAUÐKENNI)	DAGSETNING OG TÍMI MATS	(VALFRJÁLS REITUR)	≤ (
	S W * *)
SNOWTAM →	(Raðnúmer)				≤
Útreikningur á afkastagetu flugvélar (e. aeroplane performance calculation)					
(STAÐARAUÐKENNI FLUGVALLAR)	M	A)	≤		
(DAGSETNING OG TÍMI MATS (tími þegar mati var lokið á alheimstíma (UTC))	M	B)	→		
(LÆGRA FLUGBRAUTARNÚMER)	M	C)	→		
(ÁSTANDSKÓÐI FLUGBRAUTAR (RWYCC) FYRIR HVERN BRAUTARÞRIÐJUNG)	M	D)	//	→	
(úr kóðunartöflu fyrir ástandsmat flugbrautar (RCAM) 0, 1, 2, 3, 4, 5 eða 6)					
(HULA Á HVERJUM BRAUTARÞRIÐJUNGI Í PRÓSENTUM)	C	E)	//	→	
(DÝPT (mm) LAUSRAR ÞEKJU Á HVERJUM BRAUTARÞRIÐJUNGI)	C	F)	//	→	
(LÝSING Á ÁSTANDI FLUGBRAUTARINNAR Í HEILD)	M	G)	//		
(athugað á hverjum brautarþriðjungi, frá þeim þröskuldi sem er með lægra flugbrautarnúmer)					
ÞJAPPÆÐUR SNJÓR (e. compacted snow)					
ÞURR (e. dry)					
ÞURR SNJÓR (e. dry snow)					
ÞURR SNJÓR OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. dry snow on top of compacted snow)					
ÞURR SNJÓR OFAN Á ÍS (e. dry snow on top of ice)					
HRÍM (e. frost)					
ÍS (e. ice)					
HÁL VEGNA BLEYTU (e. slippery wet)					→
KRAP (e. slush)					
SÉRSTAKLEGA UNDIRBÚIN VETRARFLUGBRAUT (e. specially prepared winter runway)					
VATNSSÖFNUN (e. standing water)					
VATN OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. water on top of compacted snow)					
BLAUT (e. wet)					
BLAUTUR ÍS (e. wet ice)					
BLAUTUR SNJÓR (e. wet snow)					
BLAUTUR SNJÓR OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. wet snow on top of compacted snow)					
BLAUTUR SNJÓR OFAN Á ÍS (e. wet snow on top of ice)					

(BREIDD ÞEIRRAR FLUGBRAUTAR SEM ÁSTANDSKÓÐAR FLUGBRAUTAR GILDA UM, EF HÚN ER MINNI EN ÚTGEFIN BREIDD)	O	H)	<<≡
Næmi á aðstæður (e. <i>situational awareness</i>)			
(STYTT LENGÐ FLUGBRAUTAR, EF HÚN ER MINNI EN ÚTGEFIN LENGÐ (m))	O	I)	→
(SKAFRENNINGUR Á FLUGBRAUT (e. <i>drifting snow on the runway</i>))	O	J)	→
(LAUS SANDUR Á FLUGBRAUT (e. <i>loose sand on the runway</i>))	O	K)	→
(EFNAFRÆÐILEG MEÐHÖNDLUN Á FLUGBRAUT (e. <i>chemical treatment on runway</i>))	O	L)	→
(SNJÓSKAFLAR Á FLUGBRAUT (e. <i>snowbanks on the runway</i>)) (ef þeir eru til staðar, einnig fjarlægðin frá miðlinu flugbrautar (m) ásamt „L“, „R“ eða „LR“, eftir því sem við á)	O	M)	→
(SNJÓSKAFLAR Á AKBRAUT (e. <i>snowbanks on a taxiway</i>))	O	N)	→
(SNJÓSKAFLAR NÁLÆGT FLUGBRAUTINNI (e. <i>snowbanks adjacent to the runway</i>))	O	O)	→
(ÁSTAND AKBRAUTA (e. <i>taxiway conditions</i>))	O	P)	→
(ÁSTAND HLAÐA (e. <i>apron conditions</i>))	O	R)	→
(MÆLDUR NÚNINGSSTUÐULL (e. <i>measured friction coefficient</i>))	O	S)	→
(ATHUGASEMDIR Á VENJULEGU MÁLI)	O	T)) <<≡
<p>ATHUGASEMDIR:</p> <ol style="list-style-type: none"> *Færa skal inn ICAO-einkennisstafi ríkis, eins og gefið er upp í 2. hluta í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7910, eða viðeigandi auðkenni flugvallar (e. <i>aerodrome identifier</i>). Endurtaka skal liði B til H til að veita upplýsingar um aðrar flugbrautir. Upplýsingar í liðnum um næmi á aðstæður eru endurteknaðar fyrir hverja flugbraut, akbraut og hlað. Endurtaka skal, eftir því sem við á, þegar upplýsingar eru tilkynntar. Orð innan sviga () skulu ekki send. Að því er varðar liði A til T skal fylgja „Leiðbeiningum um útfyllingu á SNOWTAM-sniðmáttinu“ (e. <i>Instructions for the completion of the SNOWTAM format</i>) í b-lið 1. liðar. 			

UNDIRSKRIFT UPPHAFSADILA (á ekki að senda)

LEIÐBEININGAR UM ÚTFYLLINGU Á SNOWTAM-SNIÐMÁTINU**1. Almenn**

- a) Endurtaka skal liði B til H ef um er að ræða tilkynningar fyrir fleiri en eina flugbraut (útreikningur á afkastagetu flugvélar).
- b) Bókstafirnir, sem notaðir eru við að tilgreina liði, eru aðeins notaðar til tilvísunar og skulu ekki koma fram í skeytunum. Bókstafirnir M (skyldubundinn), C (skilyrðisbundinn) og O (valfrjáls) standa fyrir notkun og upplýsingar og skulu koma fram eins og útskýrt er hér á eftir.
- c) Nota skal einingar metrakerfisins og ekki skal tilgreina mælieininguna.
- d) Hámarksgildistími SNOWTAM-tilkynningar er átta klukkustundir. Gefa skal út nýja SNOWTAM-tilkynningu í hvert skipti sem ný skýrsla um ástand flugbrautar berst.
- e) SNOWTAM-tilkynning ógildir fyrri SNOWTAM-tilkynningu.
- f) Skammstafaða yfirskrifin „TTAAiiii CCCC MMYGGgg (BBB)“ er höfð með til að greiða fyrir sjálfvirkri gagnavinnslu SNOWTAM-skeyta í tölvugagnagrunnum. Útskýringin á þessum táknum er eftirfarandi:

TT =	kennimerki gagna fyrir SNOWTAM = SW,
AA =	landfræðilegt kennimerki fyrir aðildarríki, t.d. LF = FRAKKLAND, EG = BRETLAND,
iiii =	raðnúmer SNOWTAM-tilkynningar sem samanstendur af fjórum tölustöfum,
CCCC =	staðarauðkenni flugvallarins með fjórum bókstöfum sem SNOWTAM-tilkynning vísar til,
MMYYGGgg =	dagsetning/athugunartími/mæling, þar sem:
MM =	mánuður, t.d. janúar = 01, desember = 12,
YY =	mánaðardagur,
GGgg =	tími í klukkustundum (GG) og mínútum (gg) á alheimstíma,
(BBB) =	valfrjáls reitur fyrir:

leiðréttingu, ef um er að ræða villu, á SNOWTAM-skeyti sem áður hefur verið dreift með sama raðnúmeri = COR.

Nota skal svigana í (BBB) til að gefa til kynna að þessi reitur sé valfrjáls.

Ef um er að ræða tilkynningar fyrir fleiri en eina flugbraut og mismunandi dagsetningar/athugunartímar/mat er gefið til kynna með endurtekningu á lið B skal setja nýjustu dagsetninguna/athugunartímann/matið í skammstöfuðu yfirskriftina (MMYYGGgg).

- g) Aðskilja skal textann „SNOWTAM“ í SNOWTAM-sniðmátinu og fjögurra tölustafa SNOWTAM-raðnúmerinu með stafbili, t.d. SNOWTAM 0124.
- h) Til að gera SNOWTAM-skeytið læsilegra skal hafa línuskipti á eftir SNOWTAM-raðnúmerinu, á eftir lið A og á eftir kaflanum „Útreikningur á afkastagetu flugvélar“.
- i) Ef um er að ræða tilkynningar fyrir fleiri en eina flugbraut skal endurtaka upplýsingarnar í kaflanum „Útreikningur á afkastagetu flugvélar“ varðandi dagsetningu og tíma mats á hverri flugbraut á undan upplýsingunum í kaflanum „Næmi á aðstæður“.
- j) Eftirfarandi upplýsingar eru skyldubundnar:
 - 1) STAÐARAUÐKENNI FLUGVALLAR
 - 2) DAGSETNING OG TÍMI MATS
 - 3) LÆGRA FLUGBRAUTARNÚMER
 - 4) ÁSTANDSKÓÐI FLUGBRAUTAR FYRIR HVERN BRAUTARÞRÍÐJUNG og
 - 5) LÝSING Á ÁSTANDI HVERS BRAUTARÞRÍÐJUNGS (þegar greint er frá ástandskóða flugbrautar (RWYCC) 1–5).

2. Útreikningur á afkastagetu flugvélar

Liður A — Staðarauðkenni flugvallar (fjögurra bókstafa staðarauðkenni).

Liður B — Dagsetning og tími mats (kóði sem samanstendur af átta tölustöfum þar sem athugunartíminn er gefinn upp sem mánuður, dagur, klukkustund og mínúta á alheimstíma).

Liður C — Lægra flugbrautarnúmer (nn[L] eða nn[C] eða nn[R]).

Aðeins skal setja inn eitt flugbrautarnúmer fyrir hverja flugbraut og alltaf lægra númerið.

Liður D — Ástandskóði flugbrautar fyrir hvern brautarþriðjung. Aðeins er settur inn einn tölustafur (0, 1, 2, 3, 4, 5 eða 6) fyrir hvern brautarþriðjung sem er aðskilinn með skástriki (n/n/n).

Liður E — Hula á hverjum brautarþriðjungi í prósentum. Ef þessar upplýsingar eru fyrir hendi skal setja inn 25, 50, 75 eða 100 fyrir hvern brautarþriðjung og aðskilja með skástriki ([n]nn/[n]nn/[n]nn).

Aðeins skal leggja fram þessar upplýsingar þegar ástand flugbrautar fyrir hvern brautarþriðjung (liður D) hefur verið tilkynnt sem annað en 6 og til staðar er lýsing á ástandi hvers brautarþriðjungs (liður G) sem er önnur en „DRY“.

Þegar skilyrðin eru ekki tilkynnt skal setja inn „NR“ fyrir viðkomandi brautarþriðjung eða brautarþriðjunga.

Liður F — Dýpt lausrar þekju á hverjum brautarþriðjungi. Ef þessar upplýsingar eru fyrir hendi skal setja þær inn í millimetrum fyrir hvern brautarþriðjung og aðskilja með skástriki (nn/nn/nn eða nnn/nnn/nnn).

Aðeins skal veita þessar upplýsingar fyrir eftirfarandi tegundir af þekju:

— *Vatnssöfnun, gildið 04 er gefið og síðan metið gildi. Þýðingarmiklar breytingar frá 3 mm til 15 mm.*

— *Krap, gildið 03 er gefið og síðan metið gildi. Þýðingarmiklar breytingar frá 3 mm til 15 mm.*

— *Blautur snjór, gildið 03 er gefið og síðan metið gildi. Þýðingarmiklar breytingar 5 mm.*

— *Þurr snjór, gildið 03 er gefið og síðan metið gildi. Þýðingarmiklar breytingar 20 mm.*

Þegar skilyrðin eru ekki tilkynnt skal setja inn „NR“ fyrir viðkomandi brautarþriðjung eða brautarþriðjunga.

Liður G — Lýsing á ástandi hvers brautarþriðjungs. Setja skal inn eftirfarandi lýsingar á ástandi hvers brautarþriðjungs og aðskilja með skástriki.

ÞJAPPAÐUR SNJÓR (e. *compacted snow*)

ÞURR SNJÓR (e. *dry snow*)

ÞURR SNJÓR OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. *dry snow on top of compacted snow*)

ÞURR SNJÓR OFAN Á ÍS (e. *dry snow on top of ice*)

HRÍM (e. *frost*)

ÍS (e. *ice*)

KRAP (e. *slush*)

VATNSSÖFNUN (e. *standing water*)

VATN OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. *water on top of compacted snow*)

BLAUT (e. *wet*)

BLAUTUR ÍS (e. *wet ice*)

BLAUTUR SNJÓR (e. *wet snow*)

BLAUTUR SNJÓR OFAN Á ÞJÖPPUÐUM SNJÓ (e. *wet snow on top of compacted snow*)

BLAUTUR SNJÓR OFAN Á ÍS (e. *wet snow on top of ice*)

ÞURR (e. *dry*) (tilkynnist aðeins ef það er engin þekja).

Þegar skilyrðin eru ekki tilkynnt skal setja inn „NR“ fyrir viðkomandi brautarþriðjung eða brautarþriðjunga.

Liður H — Breidd þeirrar flugbrautar sem ástandskóðar flugbrautar gilda um. Setja skal inn breidd í metrum ef hún er minni en birt breidd flugbrautarinnar.

3. Næmi á aðstæður

Liðirnir í kaflanum „Næmi á aðstæður“ skulu enda á punkti.

Sleppa skal alveg liðunum í kaflanum „Næmi á aðstæður“ þar sem engar upplýsingar liggja fyrir eða ef aðstæðurnar, sem skapa skilyrði fyrir útgáfu, eru ekki uppfylltar.

Liður I — Stytt lengd flugbrautar. Setja skal inn viðeigandi kenninúmer flugbrautar og tiltæka lengd í metrum (t.d. RWY nn [L] eða nn [C] eða nn [R] REDUCED TO [n]nnn).

Þessar upplýsingar eru háðar því að NOTAM-tilkynning hafi verið birt með nýjum tilgreindum viðmiðunarvegalegdum.

Liður J — Skafrenningur á flugbraut. Þegar tilkynnt er um skafrenning (e. *drifting snow*) skal bæta við „DRIFTING SNOW“.

Liður K — Laus sandur á flugbrautinni. Ef tilkynnt er um lausan sand (e. *loose sand*) á flugbrautinni skal færa inn lægra flugbrautarnúmerið ásamt stafabili og „LOOSE SAND“ (RWY nn eða RWY nn[L] eða nn[C] eða nn[R] LOOSE SAND).

Liður L — Efnafræðileg meðhöndlun á flugbraut. Ef tilkynnt hefur verið um efnafræðilega meðhöndlun (e. *chemical treatment*) á flugbraut skal færa inn lægra flugbrautarnúmerið ásamt stafabili og „CHEMICALLY TREATED“ (RWY nn eða RWY nn[L] eða nn[C] eða nn[R] CHEMICALLY TREATED).

Liður M — Snjóskaflar á flugbrautinni. Ef tilkynnt er um að snjóskaflar (e. *snow banks*) séu á flugbrautinni skal færa inn lægra flugbrautarnúmerið ásamt stafbili og „SNOWBANK“, því næst stafbil og „L“ fyrir vinstri eða „R“ fyrir hægri eða „LR“ fyrir báðar hliðar ásamt vegalegd í metrum frá miðlínu og þar á eftir stafbil og „FM CL“ (RWY nn eða RWY nn[L] eða nn[C] eða nn[R] SNOWBANK Lnn eða Rnn eða LRnn FM CL).

Liður N — Snjóskaflar á akbraut. Ef snjóskaflar eru á akbraut skal færa inn kennimerki akbrautar ásamt stafbili og „SNOWBANKS“ því næst stafbil og „L“ fyrir vinstri eða „R“ fyrir hægri eða „LR“ fyrir báðar hliðar ásamt vegalegd í metrum frá miðlínu og þar á eftir stafbil og „FM CL“ (TWY [nn]n SNOWBANK Lnn eða Rnn eða LRnn FM CL).

Liður O — Snjóskaflar nálægt flugbrautinni. Ef tilkynnt er um að snjóskaflar séu til staðar, sem fara yfir hæðarsniðið í áætluninni um vetrarviðhald flugbrautar, skal færa inn lægra flugbrautarnúmerið og „ADJ SNOWBANKS“ (RWY nn eða RWY nn[L] eða nn[C] eða nn[R] ADJ SNOWBANKS).

Liður P — Ástand akbrauta. Ef tilkynnt er um hálfu á akbraut eða að skilyrðin þar séu slæm (e. *poor*) skal færa inn kennimerki akbrautar ásamt stafbili og „POOR“ (TWY [n eða nn] POOR eða ALL TWYS POOR).

Liður R — Ástand hlaða. Ef tilkynnt er um hálfu á hlaði eða að skilyrðin þar séu slæm skal færa inn kennimerki hlaðs ásamt stafbili og „POOR“ (APRON [nnnn] POOR eða ALL APRONS POOR).

Liður S — (NR) ekki tilkynnt.

Eingöngu skal tilkynna þetta aðildarríkjum sem hafa komið á fót áætlun fyrir mælingar á núning sviðnámi flugbrautar og nota bremsumælingatæki sem er samþykkt af aðildarríkinu.

Liður T — Athugasemdir á venjulegu máli.

4. viðbætur

ASHTAM-SNIÐMÁT

(COM-yfirskrift)	(FORGANGS-AUÐKENNI (e. priority indicator))	(AUÐKENNI VIÐTAKANDA/VIÐTAKENDA (e. addressee indicator)) ¹														
	(DAGSETNING OG TÍMI SKRÁSETNINGAR)	(AUÐKENNI UPPHAFSADILA)														
(Skammstöfuð yfirskrift)	(VA*2-RADNÚMER)				(STAÐARAUÐKENNI)			DAGSETNING/TÍMI ÚTGÁFU					(VALFRJÁLS REITUR)			
	V	A	*2	*2												

ASHTAM	(RADNÚMER)
FLUGUPPLÝSINGASVÆÐI SEM VERÐUR FYRIR ÁHRIFUM	A)
(DAGSETNING/TÍMI (Á ALHEIMSTÍMA) ELDGOS)	B)
(NAFN OG NÚMER ELDSTÖÐVAR)	C)
(BREIDDAR-/LENGDARGRÁÐA ELDSTÖÐVAR EÐA RADIAL ELDSTÖÐVAR OG FJARLÆGÐ FRÁ LEIÐSÖGUVIRKI)	D)
(LITAKÓÐI VIÐVÖRUNARSTIGS FYRIR ELDSTÖÐVAR, Þ.M.T. FYRRI LITAKÓÐAR VIÐVÖRUNARSTIGS) ³	E)
(TILVIST OG LÁRÉTT/LÓÐRÉTT ÚTBREIÐSLA GOSÖSKUSKÝS) ⁴	F)
(HREYFINGARÁTT GOSÖSKUSKÝS) ⁴	G)
(FLUGLEIÐIR EÐA HLUTAR FLUGLEIÐA OG FLUGLÖG SEM VERÐA FYRIR ÁHRIFUM)	H)
(LOKUN LOFTRÝMIS OG/EÐA FLUGLEIÐA EÐA HLUTA FLUGLEIÐA OG TILTÆKILEIKI ANNARRA FLUGLEIÐA)	I)
(HEIMILDIR)	J)
(ATHUGASEMDIR Á VENJULEGU MÁLI)	K)
ATHUGASEMDIR: 1. Sjá einnig AIS.TR.400 að því er varðar auðkenni viðtakenda, sem notuð eru í fyrirframákveðnum dreifikerfum. 2. *Færa skal inn ICAO-einkennisstafi ríkis, eins og gefið er upp í 2. hluta í skjali Alþjóðflugmálastofnunarinnar nr. 7910. 3. Sjá lið 3.5 hér á eftir. 4. Hægt er að fá ráðgjöf um tilvist, útbreiðslu og hreyfingar gosöskuskýs (liður G og H) frá þeirri eða þeim ráðgjafarmiðstöðvum um gjóskudreifingu sem ber(a) ábyrgð á viðkomandi flugupplýsingasvæði. 5. Heiti liða innan sviga () skulu ekki senda.	

UNDIRSKRIFT UPPHAFSADILA (á ekki að senda)

LEIÐBEININGAR UM ÚTFYLLINGU Á ASHTAM-SNIÐMÁTINU**1. Almenn**

- 1.1 ASHTAM-tilkynningin veitir upplýsingar um stöðu á virkni eldstöðvar ef breyting á virkni hennar skiptir máli eða ef búist er við því að hún skipti máli fyrir starfrækslu. Þessar upplýsingar eru veittar með því að nota litakóða viðvörunarstigs fyrir eldstöðvar, sem lýst er í lið 3.5 hér á eftir.
- 1.2 Komi til eldgoss sem veldur gosöskuskýi sem skiptir máli fyrir starfrækslu skal ASHTAM-tilkynningin einnig innihalda upplýsingar um staðsetningu, útbreiðslu og hreyfingar gosöskuskýsins og flugleiðirnar og fluglögin sem verða fyrir áhrifum.
- 1.3 **Ekki** skal fresta útgáfu ASHTAM-tilkynninga þar sem fram koma upplýsingar um eldgos í samræmi við 3. þátt hér á eftir þar til allar upplýsingar sbr. lið A–K liggja fyrir, heldur skal gefa þær tafarlaust út eftir að tilkynnt hefur verið um að gos hafi átt sér stað, eða að búast megi við því, eða ef breyting hefur orðið á virkni eldstöðvar sem skiptir máli fyrir starfrækslu, eða ef búist er við breytingu á virkni hennar, eða ef tilkynnt er um öskuský. Ef um er að ræða yfirvofandi eldgos, og þar af leiðandi er ekkert gosöskuský til staðar á þeim tímapunkti, skal ljúka við liði A–E og skrá „á ekki við“ í liði F–I. Á sama hátt, ef tilkynnt er um gosöskuský, t.d. með sérstakri tilkynningu frá loftfari, en ekki er vitað um eldstöðina þar sem það á upptök sín á þeim tímapunkti, skal skrá „ekki vitað“ undir liði A til E og fylla út liði F til K, eins og nauðsynlegt er, með hliðsjón af sérstöku tilkynningunni frá loftfari, meðan beðið er frekari upplýsinga. Í öðrum tilfellum, ef upplýsingar fyrir tiltekinn reit A–K liggja ekki fyrir, skal skrá „NIL“.
- 1.4 Hámarksgildistími ASHTAM-tilkynningar er 24 klukkustundir á dag. Gefa skal út nýja ASHTAM-tilkynningu í hvert skipti sem viðvörunarstiginu er breytt.

2. Skammstöfuð yfirskrift

- 2.1 Á eftir hefðbundnu yfirskriftinni „fastastöðvanet flugfjarskipta (AFTN)“ skal hafa skammstöfuðu yfirskriftina „TT AAiiii CCCC MMYGGgg (BBB)“ til að greiða fyrir sjálfvirkri gagnavinnslu ASHTAM-skeyta í tölvugagnagrunnum. Útskýringin á þessum táknum er eftirfarandi:

TT =	kennimerki gagna fyrir ASHTAM = VA,
AA =	landfræðilegt kennimerki fyrir ríki, t.d. NZ = Nýja-Sjáland,
iiii =	raðnúmer ASHTAM-tilkynningarinnar sem samanstendur af fjórum tölustöfum,
CCCC =	fjögurra bókstafa staðarauðkenni viðkomandi flugupplýsingasvæðis,
MMYYGGgg =	dagsetning/tími tilkynningar, þar sem:
MM =	mánuður, t.d. janúar = 01, desember = 12,
YY =	mánaðardagur,
GGgg =	tími í klukkustundum (GG) og mínútum (gg) á alheimstíma,
(BBB) =	valfrjáls reitur fyrir leiðréttingu á ASHTAM-skeyti sem áður hefur verið dreift með sama raðnúmeri = COR.

Nota skal svigana í (BBB) til að gefa til kynna að þessi reitur sé valfrjáls.

3. Innihald ASHTAM-tilkynningar

- 3.1 *Liður A* — Flugupplýsingasvæðið sem verður fyrir áhrifum á skýru máli, jafngildi staðarauðkennisins sem gefið er upp í skammstafaðri yfirskrift, í þessu dæmi: „Auckland Oceanic FIR“.
- 3.2 *Liður B* — Dagsetning og tími (alheimstími) fyrsta eldgossins.
- 3.3 *Liður C* — Heiti eldstöðvar og fjöldi eldstöðva eins og það er skráð í viðbæti H við skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9691, *Handbók um gosösku, geislavirk efni og eitrefnaský* (e. *Manual on Volcanic Ash, Radioactive Material and Toxic Chemical Clouds*), og á heimskortinu yfir eldstöðvar og helstu flugtengdu fitjurnar (e. *World Map of Volcanoes and Principal Aeronautical Features*).

3.4 *Liður D* — Breiddar-/lengdargráða eldstöðvarinnar í heilum gráðum eða radíal og fjarlægð eldstöðvarinnar frá leiðsöguvirki, eins og það er skráð í viðbæti H við skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9691, *Handbók um gosösku, geislavirk efni og eiturefnaský*, og á heimskortinu yfir eldstöðvar og helstu flugtengdu fitjurnar.

3.5 *Liður E* — Litakóði viðvörunarstigs sem segir til um eldvirkni, þ.m.t. allir fyrri litakóðar viðvörunarstigs sem hér segir:

Litakóði viðvörunarstigs	Staða á virkni eldstöðvar
GRÆN VIÐVÖRUN	Virk eldstöð án eldsumbrota. <i>Eða, eftir að viðvörunarstig hefur verið lækkað:</i> Talið er að gosvirkni sé lokið og eldstöð aftur virk án eldsumbrota.
GUL VIÐVÖRUN	Eldstöðin sýnir merki um aukna virkni umfram venjulegt ástand. <i>Eða, eftir að viðvörunarstig hefur verið lækkað:</i> Gosvirkni hefur minnkað markvert en vel er fylgst með, ef vera kynni að hún aukist á ný.
APPELSÍNUGUL VIÐVÖRUN	Eldstöðin sýnir aukna virkni og vaxandi líkur á eldgosi. <i>Eða</i> Eldgos er í gangi með engri eða lítilli öskuframleiðslu [<i>tilgreina skal hæð gosmökks ef hægt er</i>].
RAUÐ VIÐVÖRUN	Því er spáð að eldgos sé yfirvofandi og að líklegt sé að veruleg aska berist upp í andrúmsloftið. <i>Eða</i> Eldgos stendur yfir og veruleg aska berst upp í andrúmsloftið [<i>tilgreina skal hæð gosmökks ef hægt er</i>].

Ábyrg eldfjallafræðileg stofnun hlutadeigandi aðildarríkis skal veita flugstjórnarmiðstöðinni litakóða viðvörunarstigs sem segir til um virkni eldstöðvarinnar og allar breytingar frá fyrri virkni, t.d. „RAUÐ VIÐVÖRUN Í KJÓLFAR GULRAR VIÐVÖRUNAR“ EÐA „GRÆN VIÐVÖRUN Í KJÓLFAR APPELSÍNUGULRAR VIÐVÖRUNAR“.

3.6 *Liður F* — Ef tilkynnt er um markvert gosöskuský, skal gefa upp lárétt umfang og neðri/efri hlið gosöskuskýsins með því að nota breiddar-/lengdargráðu (í heilum gráðum) og flughæð í þúsundum metra (fetum) og/eða radíal og fjarlægð frá upptökum eldstöðvarinnar. Upplýsingar geta upphaflega verið byggðar eingöngu á sérstakri tilkynningu frá loftfari en síðari upplýsingar geta verið ítarlegri, byggðar á ráðleggingum frá ábyrgu aðalveðurstofunni og/eða ráðgjafarmiðstöð um gjóskudreifingu.

3.7 *Liður G* — Gefa skal upp væntanlega hreyfingarátt gosöskuskýsins á völdum stigum á grundvelli ráðlegginga frá ábyrgu aðalveðurstofunni og/eða ráðgjafarmiðstöð um gjóskudreifingu.

3.8 *Liður H* — Gefa skal upp þær flugleiðir og þá hluta flugleiða og fluglaga sem verða fyrir áhrifum, eða sem búist er við að verði fyrir áhrifum.

3.9 *Liður I* — Gefa skal upp lokun loftrýma, flugleiða eða hluta flugleiða og tiltækileika annarra flugleiða.

- 3.10 *Liður J* — Uppruni upplýsinganna, t.d. „sérstök tilkynning frá loftfari“ eða „eldfjallafræðileg stofnun“, o.s.frv. Ávallt skal gefa upp uppruna upplýsinganna, hvort sem eldgos hafi raunverulega átt sér stað eða tilkynnt hafi verið um gosöskuský eða ekki.
- 3.11 *Liður K* — Allar upplýsingar, sem eru mikilvægar starfrækslunni og eru viðbót við framangreindar upplýsingar, skulu gefnar upp hér á venjulegu máli.“
- 7) Í stað XI. viðauka kemur eftirfarandi:

„XI. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI HÖNNUNAR VERKLAGS Í FLUGI

(FPD-hluti)

A-KAFLI — VIÐBÓTARKRÖFUR UM STJÓRNSKIPULAG FYRIR VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI HÖNNUNAR VERKLAGS Í FLUGI (FPD.OR)

1. KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR

FPD.OR.100 Þjónusta á sviði hönnunar verklags í flugi

- a) Veitandi þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi skal sjá um hönnun, skráningu og fullgildingu á einu verklagi í flugi eða fleirum með fyrirvara, ef þörf krefur, um samþykki lögbærs yfirvalds á þeim áður en verklag er lagt fram og tekið í notkun.

Í þessu samhengi skulu flugmálagögn og flugmálaupplýsingar, sem veitandi þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi notar, uppfylla kröfur um nákvæmni, upplausn og heilleika eins og tilgreint er í flugmálagagnaskránni, í samræmi við 1. viðbæti við III. viðauka (ATM/ANS.OR-hluti).

- b) Ef flugmálagögn vegna hönnunar verklags í flugi eru ekki lögð fram af áreiðanlegum heimildum eða ef þau uppfylla ekki viðeigandi kröfur um gæði gagna er veitendum þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi heimilt að afla slíkra flugmálagagna frá öðrum heimildum. Í þessu samhengi skal veitandi þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi, sem hyggst nota gögnin, fullgilda slík flugmálagögn.

FPD.OR.105 Stjórnunarkerfi

Til viðbótar við ATM/ANS.OR.B.005 í III. viðauka skal veitandi þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi koma á og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér verklagsreglur við eftirlit varðandi:

- gagnasöfnun,
- hönnun verklags í flugi í samræmi við viðmiðanirnar fyrir hönnun, eins og sett er fram í FPD.TR.100,
- skjöl fyrir hönnun verklags í flugi,
- samráð við hagsmunaaðila,
- fullgildingu á jörðu niðri og, ef við á, flugprófun á verklagi í flugi,
- auðkenningu tækja, þ.m.t. stjórnun samskipunar tækja og gagnsemi þeirra, eftir því sem við á og
- viðhald og reglubundna rýni á verklagi í flugi, eftir því sem við á.

FPD.OR.110 Skráahald

Til viðbótar við ATM/ANS.OR.B.030 í III. viðauka skal veitandi þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi geyma atriðin, sem eru tilgreind í FPD.OR.105 í þessum viðauka, í skráningarkerfi sínu.

FPD.OR.115 Tæknileg og rekstrarleg hæfni og geta

- a) Til viðbótar við 6. lið a-liðar í ATM/ANS.OR.B.005 í III. viðauka skal veitandi þjónustu á sviði hönnunar á verklagi í flugi sjá til þess að hönnuðir verklags í flugi:

- hafi lokið, með fullnægjandi árangri, þjálfunarnámskeiði sem veitir hæfi í hönnun verklags í flugi,

- 2) hafi viðeigandi reynslu til að beita bóklegu þekkingunni með fullnægjandi hætti og
 - 3) ljúki síþjálfun með fullnægjandi árangri.
- b) Ef það er talið nauðsynlegt að framkvæma flugprófun skal veitandi þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi sjá til þess að hún sé framkvæmd af hæfum flugmanni.
- c) Til viðbótar við ATM/ANS.OR.B.030 í III. viðauka skal veitandi þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi halda skrár yfir alla þjálfun og hönnunarstarfsemi sem lokið er af ráðnum hönnuðum verklags í flugi og sjá til þess að slíkar skrár séu tiltækar sé þess óskað:
- 1) fyrir hlutaðeigandi hönnuði verklags í flugi og
 - 2) í samráði við hönnuði verklags í flugi, fyrir nýjan starfsmann þegar hönnuður verklags í flugi er ráðinn til nýs aðila.

FPD.OR.120 Nauðsynleg tengsl

- a) Þegar veitandi þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi aflar flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, í samræmi við FPD.OR.100, skal hann sjá til þess að nauðsynlegu, formlegu samkomulagi sé komið á, eftir því sem við á, við:
- 1) flugmálagagnagjafa,
 - 2) aðra þjónustuveitendur,
 - 3) rekstraraðila flugvallar og
 - 4) flugrekendur.
- b) Til að tryggja að beiðnir um hönnun verklags í flugi séu skýrt skilgreindar og háðar endurskoðun skal veitandi þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi koma á nauðsynlegu, formlegu samkomulagi við næsta ætlaða notanda.

B-KAFLI — TÆKNILEGAR KRÖFUR FYRIR VEITENDUR ÞJÓNUSTU Á SVIÐI HÖNNUNAR VERKLAGS Í FLUGI
(FPD.TR)

1. KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR

FPD.TR.100 Kröfur varðandi hönnun verklags í flugi

Veitandi þjónustu á sviði hönnunar verklags í flugi skal hanna verklag í flugi, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti, og viðmiðanirnar fyrir hönnun, eins og þær eru ákvarðaðar af lögbæru yfirvaldi, til að tryggja örugga starfrækslu loftfars. Viðmiðanirnar fyrir hönnunina skulu gera það kleift að koma á viðeigandi hindranabili fyrir verklag í flugi, þegar þess er krafist.

FPD.TR.105 Hnit og flugmálagögn

- a) Til viðbótar við ATM/ANS.OR.A.090 í III. viðauka skal ákvarða og tilkynna veitanda eða veitendum upplýsinga-þjónustu flugmála um landhnit sem gefa upp breiddar- og lengdargráður með tilliti til landmælingaviðmiðunargagna Alþjóðalandmælingakerfisins frá 1984 (e. *World Geodetic System*, WGS-84) eða jafngildra gagna.
- b) Nákvæmni vettvangsrannsóknanna og niðurstaðnanna og útreikninganna, sem fengin eru út frá þeim, skal vera slík að niðurstöður leiðsögugagna varðandi starfrækslu fyrir stig flugs séu innan hámarksfrábrigða að því er varðar viðeigandi viðmiðunarramma, eins og tilgreint er í 1. viðbæti við III. viðauka (ATM/ANS.OR-hluti).“

*I. viðbætur***KRÖFUR VARÐANDI LOFTRÝMISSKIPULAG OG TILHEYRANDI VERKLAG***I. ÞÁTTUR***Forskriftir fyrir flugupplýsingasvæði, flugstjórnarsvæði, flugstjórnarsvið og flugupplýsingasvið**

a) FLUGUPPLÝSINGASVÆÐI

Flugupplýsingasvæði, eins og þau eru skilgreind í 23. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, skulu:

- 1) ná yfir allt skipulag flugleiðarinnar sem slík svæði eiga að þjónusta og
- 2) ná yfir allt loftrýmið innan láréttra marka þess, nema þegar það er takmarkað af efra flugupplýsingasvæði.

Aðildarríkin skulu bera áfram ábyrgð gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni innan landfræðilegra marka þeirra flugupplýsingasvæða sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur úthlutað þeim á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

b) FLUGSTJÓRNARSVÆÐI

- 1) Flugstjórnarsvæði skulu afmörkuð þannig að loftrýmið sé nægilega stórt til að rúma flugslóðir blindfluga eða hluta þeirra, sem viðeigandi hluti flugumferðarstjórnarþjónustunnar er veittur fyrir, að teknu tilliti til getu leiðsöguvirkjanna sem venjulega eru notuð á því svæði.
- 2) Ákvarða skal lægri mörk fyrir flugstjórnarsvæði, sem er ekki undir 200 m (700 feta) hæð frá yfirborði jarðar eða frá vatnsyfirborði, nema lögbært yfirvald kveði á um annað.
- 3) Ákvarða skal efri mörk flugstjórnarsvæðis þegar annaðhvort:
 - i. flugumferðarstjórnarþjónusta verður ekki veitt fyrir ofan slík efri mörk eða
 - ii. flugstjórnarsvæðið er staðsett undir efra flugstjórnarsvæði, en í því tilviki skulu efri mörk neðra flugstjórnarsvæðisins falla saman við neðri mörk efra flugstjórnarsvæðisins.

c) FLUGSTJÓRNARSVIÐ

- 1) Lárétt mörk flugstjórnarsviðs skulu ná a.m.k. yfir þá hluta loftrýmisins, sem eru ekki innan flugstjórnarsviða sem innihalda flugslóðir blindflugs í að- og brottflugi frá flugvöllum sem eru notaðir við blindflugsskilyrði.
- 2) Ef svæðið liggur innan láréttra marka flugstjórnarsvæðis, skal flugstjórnarsviðið ná upp á við frá yfirborði jarðar að a.m.k. neðri mörkum flugstjórnarsvæðisins.

d) FLUGUPPLÝSINGASVIÐ

- 1) Lárétt mörk flugupplýsingasviðs skulu a.m.k. ná yfir þá hluta loftrýmisins, sem eru hvorki innan flugstjórnarsvæða eða flugstjórnarsviðs og sem rúma flugslóðir blindflugs og/eða sjónflugs í að- og brottflugi frá flugvöllum.
- 2) Ef svæðið liggur innan láréttra marka flugstjórnarsvæðis, skal flugupplýsingasviðið ná upp á við frá yfirborði jarðar að a.m.k. neðri mörkum flugstjórnarsvæðisins.

*II. ÞÁTTUR***Auðkenning annarra flugþjónustuleiða en staðlaðra brottflugs- og aðflugsleiða**

- a) Ef flugþjónustuleiðum er komið á, skal vera til staðar verndað loftrými meðfram hverri flugþjónustuleið og öruggt bil á milli aðliggjandi flugþjónustuleiða.
- b) Auðkenna skal flugþjónustuleiðir með kennimerkjum.
- c) Þegar verið er að auðkenna aðrar flugþjónustuleiðir en staðlaðar brottflugs- og aðflugsleiðir skal kerfið sem notað er til auðkenningar:
 - 1) heimila auðkenningu allra flugþjónustuleiða á einfaldan og einkvæman hátt,
 - 2) forðast umfremd,
 - 3) vera nothæft fyrir sjálfvirknikerfi bæði á jörðu niðri og í flugi,

- 4) gera mikla skilvirkni í flugrekstri mögulega og
 - 5) bjóða upp á nægilega möguleika til stækkunar til að fullnægja öllum framtíðarkröfum án þess að þörf sé á grundvallarbreytingum,
- d) Úthluta skal grundvallarkennimerkjum fyrir flugþjónustuleiðir í samræmi við eftirfarandi meginreglur:
- 1) úthluta skal aðalstofnleið sama grundvallarkennimerkinu fyrir alla leið hennar, án tillits til aðflugsstjórarsvæða, ríkja eða svæða sem farið er yfir,
 - 2) ef tvær eða fleiri stofnleiðir hafa sameiginlegan leiðarlegg skal úthluta viðkomandi leiðarlegg kennimerkjum viðkomandi flugleiða, nema ef þetta myndi leiða til erfiðleika í tengslum við veitingu flugumferðarþjónustu og í því tilfalli skal úthluta aðeins einu kennimerki samkvæmt sameiginlegu samkomulagi og
 - 3) ekki skal úthluta grundvallarkennimerki, sem úthlutað er til einnar flugleiðar, til annarrar flugleiðar.

III. ÞÁTTUR

Auðkenning staðlaðra brottflugs- og aðflugsleiða og tilheyrandi verklags

- a) Við auðkenningu á stöðluðum brottflugs- og aðflugsleiðum og tilheyrandi verklagi skal sjá til þess að:
- 1) kennimerkjakerfið heimili auðkenningu hvernar flugleiðar á einfaldan og ótvíræðan hátt,
 - 2) hver flugleið sé auðkennd með kennimerkjum á skýru máli og samsvarandi kóðuðu kennimerki og
 - 3) í talfjarskiptum séu kennimerkin auðþekkjanleg að því er varðar staðlaðar brottflugs- og aðflugsleiðir og skapi ekki neina erfiðleika í framburði fyrir flugmenn og starfsfólk flugumferðarþjónustu.
- b) Við samsetningu kennimerkja fyrir staðlaðar brottflugs- og aðflugsleiðir og tengdar verklagsreglur skal nota eftirfarandi:
- 1) kennimerki á venjulegu máli,
 - 2) grunnauðkenni,
 - 3) gildisauðkenni sem skal vera tala frá 1 til 9,
 - 4) auðkenni flugleiðar sem skal vera einn bókstafur í stafrófinu; ekki skal nota bókstafina „I“ og „O“ og
 - 5) kóðað kennimerki fyrir staðlaðar brottflugs- eða aðflugsleiðir, blind- eða sjónflug.
- c) Úthlutun kennimerkja
- 1) Úthluta skal hverri flugleið sérstöku kennimerki.
 - 2) Til að greina á milli tveggja eða fleiri flugleiða sem tengjast sama leiðarmiði (og er þar af leiðandi úthlutað sama grunnauðkenninu), skal úthluta hverri flugleið aðskildu auðkenni flugleiðar, eins og lýst er í 4. lið b-liðar.
- d) Úthlutun gildisauðkenna
- 1) Úthluta skal hverri flugleið gildisauðkenni til að auðkenna flugleiðina sem er í gildi.
 - 2) Fyrsta gildisauðkennið sem er úthlutað skal vera talan „1“.
 - 3) Ef flugleið er breytt skal úthluta nýju gildisauðkenni, sem samanstendur af næstu tölu á eftir. Á eftir tölunni „9“ skal koma talan „1“.

IV. ÞÁTTUR

Stofnun og auðkenning leiðarmiða

- a) Koma skal á leiðarmiðum í þeim tilgangi að ákvarða flugþjónustuleið eða verklag í flugi og/eða í tengslum við kröfur flugumferðarþjónustunnar varðandi upplýsingar um framgang loftfars á flugi.
- b) Auðkenna skal leiðarmið með kennimerkjum.

*V. ÞÁTTUR***Lágmarksflughæðir**

Ákvarða skal lágmarksflughæðir fyrir hverja flugþjónustuleið og hvert flugstjórnaarsvæði og skulu þær veittar með tilliti til dreifingar. Þessar lágmarksflughæðir skulu tryggja lágmarkshindranabil innan viðkomandi svæða.

*VI. ÞÁTTUR***Auðkenning og afmörkun á bann-, hafta-, og hættusvæðum**

Þegar komið er á bann-, hafta- og hættusvæðum skal gefa þeim auðkenningu og veita skal allar upplýsingar með tilliti til dreifingar.
